

Systur hittust fyrst um sextugt **viðtal 40**



Fæturnir í vandræðalegum stellingum **rökstólar 36**



**spottið 22**





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

1. maí 2010 — 101. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000




## Myndrænir Íslendingar

*Blaða- og tímaritaljósmyndarar velja myndrænustu viðfangsefni ferils síns*

**ljósmyndun 46**



## Steinunn Valdís

*Fólk dæmi mig af verkum mínum*

**stjórnmál 32**

## Heitt sófatæki

*Fréttablaðið prufukeyrir iPad-tölvu*

**tækni 44**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna






**Í KATTARLÍKI** Dimmisjón var í Kvennaskólanum í gær og brugðu nemendur á lokaári því á leik og skemmtu samnemendum sínum og kennurum. Einn hópurinn klæddi sig upp í gervi kattarins Grettis sem hefur mikið dálæti á lasagna og þolir fátt jafn illa og mánudagsmorgna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rúmur þriðjungur velur Hönnu Birnu

**Hanna Birna Kristjánsdóttir nýtur mests stuðnings kjósenda sem borgarstjóri. Besti flokkur Jóns Gnarr mælist næststærstur, með meira fylgi en Samfylkingin.**

**KÖNNUN** Tæplega 37 prósent þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 á fimmtudag vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir verði áfram borgarstjóri eftir kosningar í lok maí.

Um 31 prósent vill Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar, sem næsta borgarstjóra. Tæplega 26 prósent nefndu Jón Gnarr, fyrsta mann á lista hins yfirlýsta grínframboðs, Besta flokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn í borgarstjórn í dag og fengi fimm borgarfulltrúa ef kosið yrði nú, samkvæmt könnuninni.

Besti flokkurinn mælist með meiri stuðning en Samfylkingin, en báðir flokkar fengju fjóra borgarfulltrúa samkvæmt könnuninni. Vinstri græn fá tvo borgarfulltrúa ef marka má könnunina, en aðrir flokkar ná ekki inn manni.

Mikill munur er á afstöðu kynjanna til flokka og borgarstjóraefna þeirra. Þannig vilja 37 prósent kvenna Dag sem borgarstjóra, en 26 prósent karla. Um 32 prósent karla vilja Jón Gnarr sem næsta borgarstjóra í Reykjavík en 17 prósent kvenna. Hanna Birna nýtur hins vegar svipaðs mikils stuðnings hjá báðum kynjum.

Afstaða kynjanna endurspeglast á sama hátt í stuðningi við Samfylkinguna og Besta flokkinn. Um 28 prósent karla sögðust í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 myndu kjósa Besta flokkinn en 17 prósent kvenna. Þá styðja tæplega 19 prósent karla Samfylkinguna en 28 prósent kvenna. **- bj** **/ sjá síðu 16**

Miðbærinn fær innspýtingu:

## Austurbæjarbíó lifnar aftur við

**MENNING** Athafnamaðurinn Þóroddur Stefánsson hefur keypt Austurbæjarbíó við Snorrabraut. Hann hyggst opna húsnæðið með haustinu en ráðgert er að þetta verði tónleika- og viðburðastaður.

Þá stendur jafnframt til að endurvekja veitingahúsamenningu á annarri hæð húsnæðisins sem áður hýsti hinn sögufræga veitingastað, Silfurtunglið.

Þóroddur vill ekki gefa upp kaupverðið á eigninni. Hann ætlar að gefa sér góðan tíma í að gera upp húsið. „Þetta verður opnað einhvern tímann í haust,“ segir Þóroddur. “

Iðnaðarmenn vinna nú hörðum höndum að því að koma húsinu í rétt horf. **- fgg** **/ sjá síðu 78**










SPURNING DAGSINS



*Sigríður, eru ekki allir við hestaheilsu?*

„Nei, því miður er því ekki að heilsa.“

Hóstapest í hrossum breiðist út um landið. Sigríður Björnsdóttir er dýralæknir hrossasjúkdóma.

Betur fór en á horfðist eftir vinnuslys í stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar:

# Féllu af vinnupalli og brenndust

**SLYS** Sá þremenninganna sem slasaðist mest eftir slys í stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar í fyrrinótt er á góðum batavegi, að sögn vakthafandi læknis á Landspítalanum í Fossvogi. Hann liggur ennþá á gjörgæsludeild en góðar vonir eru til þess að hann losni fljótlega, jafnvel í dag.

Fjölmennt lögreglu- og slökkvilið ásamt sjúkrabílum og læknum voru send að Hellisheiðarvirkjun aðfaranótt föstudags, eftir að þaðan barst beiðni um bráðaaðstoð. Tveir starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur höfðu þá misst meðvitund við vinnu sína vegna gasleka. Þeir urðu fyrir eitrun sem varð þess valdandi að þeir misstu meðvitund og féllu af vinnupalli ofan á heit rör í vélasalnum og brenndust. Sá er enn liggur á gjörgæsludeild brann sýnu verr en hinn. Þriðji maðurinn komst út í tíma og hafði samband við Neyðarlínuna. Honum tókst að bjarga öðrum félaga sinna út. Þeir sem ekki komust út af sjálfsdáðum voru fluttir á sjúkrahús. Snarræði og rétt viðbrögð við slysinu ráða því að betur fór en á horfðist, segir í tilkynningu frá OR.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Ekkert bendir til þess að öryggisreglur hafi verið brotnar og viðbrögð starfsmanna hafi verið til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveitan fer nú yfir öryggismál í vélasalnum. Vinnueftirlitið og lögregla fara með rannsókn slyssins.

- shá

Búist við árvissum átökum:

# Nýnasistar hafa boðað þátttöku

**ÞÝSKALAND Berlínarbúar óttast að átök og ólæti á 1. maí, sem hafa verið árviss viðburður áratugum saman, verði harkalegri í ár vegna þátttöku nýnasista.**

**Búast má við að nýnasistum lendi saman við óháða róttæklingahópa, sem vanir eru því að láta til sín taka með grjótkasti og íkveikjum, auk þess sem hvorir tveggja taka væntanlega afskipti lögreglu óstinnt upp.**

**Alls verða rúmlega sex þúsund lögreglumenn á vaktinni.**

- gb



**MIÐBÆJARSKÓLINN** Tryggja á stöðu Kvennaskólans í miðborginni með því að ríkið kaupi Miðbæjarskólann.

Uppgjör milli ríkis og borgar:

# Borgin vill selja Miðbæjarskóla

**REYKJAVÍK Miðbæjarskólinn í Reykjavík verður brátt seldur ríkinu undir starfsemi Kvennaskólans semjist um verð. Að því er fram kemur í greinargerð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra með tillögu um að borgin selji skólabygginguna hafa verið óformlegar viðræður um málið. Samhliða hafi verið rætt um fjárhagslegt uppgjör milli ríkis og borgar vegna Vesturhlíðarskóla og stöðu samnings um viðhald framhaldsskóla í Reykjavík. Forsenda borgarráðs fyrir sölu Miðbæjarskólans er það að miðað verði að lágmarki við fyrirliggjandi verðmat embættismanna borgarinnar.**

- gar

Þjóðarpúls Gallup:

# Besti flokkurinn fengi fjóra

**KÖNNUN** Besti flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn mælast með svipað fylgi í borginni og fengju fjóra borgarfulltrúa kjörna, hvor flokkur, ef gengið yrði til kosninga nú. Þetta er niðurstaða þjóðarpúls Gallup sem fréttastofa RÚV sagði frá í gær.

Samfylkingin mælist með 28 prósenta fylgi í Reykjavík og Sjálfstæðisflokkurinn 27 prósent. Besti flokkurinn fengi 24 prósent atkvæða, Vinstri grænir 16 prósent og Framsókn 4 prósent. Framboð Ólafs F. Magnússonar mælist með um 1 prósents fylgi.



**VESTMANNAEYJAHÖFN Í GÆR** Hafnsögubáturinn Léttir, undir styrkri stjórn Sveins Valgeirssonar skipstjóra, var nýttur til öskuhreinsunar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Mokuðu gosösku úr höfninni með háfi

**Hafnarstarfsmenn þurftu að hreinsa ösku úr Vestmannaeyjahöfn þar sem hún olli stærri skipum vandræðum. Olíuhreinsunarbúnaður og áratuga gamall síldarháfur var nýttur til verksins. Stórir öskuflákar eru á floti úti fyrir Eyjum.**

**ELDGOS** „Það kom í góðar þarfir að gamall síldarháfur var til hérna við höfnina. Við notuðum hann til að moka öskunni á land,“ segir Kristján Eggertsson, hafnarvörður í Vestmannaeyjum. Unnið var að því í gærdag að hreinsa höfnina af Eyjafjallaösku sem flotið hefur þar inn undanfarna daga.

Eins og alþjóð veit hefur askan úr gosinu í Eyjafjallajökli valdið þeim miklum vandræðum sem næstir eru eldstöðinni. Vestmannaeyjar hafa sloppið tiltölulega vel hingað til, en mikið af ösku hefur fallið í sjóinn við Eyjarnar. Svo létt er askan að hún flýtur ofan á haffletinum og rekur nú inn í höfnina. Þetta veldur stærri skipum vandræðum þar sem askan blandast við kælivatn skipanna.

„Þetta fer inn á vélarnar og stíflar síur. Þær geta þá ofhitnað og má nefna að Þorsteinn ÞH hefur í tvígang lent í því að þurfa að drepa á og ekki komist að bryggju,“ segir hafnarvörðurinn.

Kristján segir að borið hafi á þessum vanda undanfarna daga. Í gær hafi legið fyrir að eitthvað yrði að gera svo að starfsemi hafnarinnar raskaðist ekki. Kristján, ásamt þrem öðrum starfsmönnum hafnarinnar, gerði þá tiltækar flotgirðingar, sem hugsaðar eru til að bregðast við olíumengun, til að þétta öskuna við bryggju.

„Síðan tókum við gamlan síldarháf, sem ekki hefur verið notaður í einhverja áratugi, og háfuðum öskuna upp á vörubíla. Úr þessu urðu þrjú bílhlöss,“ segir Kristján sem bætir því við að enn sé nokkurt magn eftir í höfninni og ekki útséð með að enn meira reki inn í höfnina á næstu dögum. „Við höfum fengið þær fréttir að stórir öskuflákar séu á reki hérna úti fyrir.“

Fyrirhuguð var skipulögð hreinsunarferð frá Vestmannaeyjum í dag. Áttu þeir sem ætluðu að rétta bændum undir Eyjafjöllum hjálparhönd að fá ferðina með Herjólfi að kostnaðarlausu.

Almannavarnir sendu hins vegar frá sér tilkynningu í gær um að vegna fyrirsjáanlegs öskufalls um helgina væri hreinsunarstarfi sjálfboðaliða frestað þar til betur hentaði til slíkra starfa.

Gosið undir jöklinum er annars stöðugt, segir í stöðuskýrslu eftir eftirlitsflug jarðvísindamanna í gær. Hraun rennur í norðurátt að Gígjökli en gosórói er svipaður og síðustu sjö daga. Enginn jarðskjálfti hefur mælst síðan í gær. Ekki sjást nein merki þess að gosi sé að ljúka.

svavar@frettabladid.is

Ný stjórn kjörin hjá Existu:

# Bakkavararbræður víkja

**VIÐSKIPTI** Bakkavararbræður, þeir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, hættu í stjórn Existu á framhaldsaðalfundi félagsins sem haldinn var í gær. Þá hættu forstjórar félagsins, þeir Erlendur Hjaltason og Sigurður Valtýsson, störfum fyrir félagið auk þess sem þeir sögðu sig úr stjórnum dótturfélaga Existu.

Nýja stjórn Existu skipa eftirtaldir aðilar; H. Ágúst Jóhannesson, Halldór Bjarkar Lúðvígsson, Magnús Magnússon, Sesselja Árnadóttir og Þórarinn V. Þórarinsson.

-jhh

Ný rannsókn um lífaldur:

# Íslenskir karlmenn lifa lengst

**KÖNNUN Íslenskir karlmenn lifa lengst allra karla í heiminum og konur frá Kýpur lifa lengst kynsystra sinna, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem birt var í tímaritinu The Lancet.**

**Rannsakendur könnuðu hversu margir létust hlutfallslega á hverju ári áður en þeir ná sextugsaldri. Á meðal karla var talan lægst á Íslandi, en þar látast 65 karlmenn af þúsund fyrir sextugt, 71 í Svíþjóð og 73 á Möltu og í Hollandi.**

**Kýpverskar konur lifa lengst kvenna en þar látast 38 konur af hverjum þúsund áður en þær verða sextugar. Um 40 látast í Suður-Kóreu og 41 í Japan, Ítalíu og á Grikklandi.**

SKÁK

## Jafntefli í fimmtu skákinni

Veselin Topalov og Viswanathan Anand gerðu jafntefli í 5. viðureign heimsmeistaraeinvígisins í skák. Anand beitti Slavneskri vörn, fékk þrönga en trausta stöðu og náði að jafna taflið fljótlega. Hann hefur því enn forystu í einvíginu, 3-2.




Fulltrúar Stoða þvertaka fyrir það að hafa svikið undan skatti:

# Kyrrsett hjá Jóni og Stoðum

**SKATTAMÁL** Skattrannsóknarstjóri hefur farið fram á kyrrsetningu á 650 milljónum í eigu Stoða, áður FL Group. Þá hefur einnig verið farið fram á kyrrsetningu á eigum Jóns Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Stoða.

Í yfirlýsingu frá stjórn Stoða kemur fram að stjórnin telji aðgerðir skattayfirvalda harkalegar. Afstaða skattrannsóknarstjóra sé byggð á röngum forsendum. Það sé skoðun stjórnarinnar að ekki hafi átt að greiða íslenskan virðisaukaskatt af kostnaði vegna þjónustu erlendra dótturfélaga, ólíkt því sem skattrannsóknarstjóri telur.

Jón Sigurðsson sendi einnig frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær. Hann fullyrðir að hann hafi engin lög brotið í starfi sínu hjá Stoðum. Hann hafi aðeins verið stjórnandi félagsins síðustu 27 dagana af þeim þremur árum sem hin meintu brot eiga að hafa átt sér stað. Hann hafi enga beina aðkomu haft af virðisaukaskattskilum félagsins og enga persónulega hagsmuni af því hvernig að þeim var staðið.

Sagt hefur verið frá því í fjölmiðlum að skattrannsóknarstjóri hyggist einnig kyrrsetja eignir Hannesar Smárasonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Skarphéðins Bergs Steinarssonar vegna rannsóknarinnar. Hannes var stjórnarformaður félagsins og síðar forstjóri. Jón Ásgeir og Skarphéðinn sátu í stjórn.

- sh



**RANNSAKAÐIR** Jón Ásgeir Jóhannesson og Jón Sigurðsson fara yfir ársuppgjör FL Group frá 2007. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Mosaeyðing

**Svona gerum við gegn mosa.**

**Notum mosaeyði eða:**

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.




**Handbók** Blómavals **1.490**

**Höfundar bókarinnar árita í Grafarholti á laugardaginn kl.13-15**




**Laufhrífur** frá **999**

**Hrífur** frá **1.299**

**Grasfræ** 1 kg garðablanda tilboð **1.299**

vnr.10205053

**Turbokalk** 12.5 kg tilboð **1.599**

vnr. 10220784
vnr. 10221525

**Garðakalk** 12.5 kg tilboð **1.499**




**Mosaeyðir** 5 kg fata tilboð **3.499**

vnr. 10205047

vnr. 5087660

**Graskorn** 5 kg poki tilboð **1.099**

illgresiseyðir Casoron **2.890**

# SUMARTILBOÐ

## nú er rétti tíminn



100 cm, stórir og flottir Sýpris **999**



Hortensía **1.990**



5stk Liljur **1.990**




Allir **vor**laukar og **m**atlaukar **40%** afsláttur

**OPIÐ** 1. maí **sjá nánar á blomaval.is**



Frostþolnir útipottar

| | |
|---|---|
| Hæð 31cm | 2990 |
| Hæð 24cm | 1999 |
| Hæð 18cm | 1490 |

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

**GENGIÐ 30.04.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,37 | 127,97 |
| Sterlingspund | 195,25 | 196,19 |
| Evra | 169,57 | 170,51 |
| Dönsk króna | 22,779 | 22,913 |
| Norsk króna | 21,587 | 21,715 |
| Sænsk króna | 17,633 | 17,737 |
| Japanskt jen | 1,3464 | 1,3542 |
| SDR | 192,35 | 193,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,3981

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsvirkjun hitti að máli fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

# Aðalskipulag verði tekið upp að nýju

**SKIPULAG** Landsvirkjun mun óska eftir því bréflega að breytingar á aðalskipulagi verði teknar upp að nýju af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þetta var niðurstaða óformlegs vinnufundar sem verkefnisstjóri Landsvirkjunar átti með fulltrúum hreppsins á miðvikudag, að sögn Rögnu Söru Jónsdóttur, fjölmiðlafulltrúi Landsvirkjunar.

Þá verði samningi hreppsnefndar og Landsvirkjunar breytt þannig að fyrirtækið taki ekki þátt í kostnaði við gerð aðalskipulagsins. Hreppsnefndin muni svo taka málið fyrir, þegar þetta fer formlega í ferli.

Þetta er gert vegna úrskurðar umhverfisráðherra, sem synjaði skipulaginu staðfestingar í janúar, með vísan til kostnaðarþátttöku Landsvirkjunar. Ragna Sara vill ekki ræða um hvort krafist verði endurgreiðslu fyrir gamla skipulagið.

Gunnar Örn Marteinsson, oddviti hreppsins, leggur áherslu á að ekkert hafi verið ákveðið á fundinum. Landsvirkjun hafi ekki farið fram á það formlega að aðalskipulagið verði auglýst að nýju né beðið um endurgreiðslu. Þetta hafi „aðeins komið til tals“, en hreppurinn bíði erindis fyrirtækisins. Að hans áliti þurfi hreppurinn ekki að endurgreiða féð. **- kóþ**



**ÞJÓRSÁ** Málið snýst um skipulagsbreytingar vegna hugsanlegra virkjana í neðri hluta Þjórsár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ógnaði tveimur drengjum:

## Lagði hníf að hálsi ungs pilts

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ógna tveimur ungum drengjum á Selfossi í fyrra.

Pilturinn beindi hnífi í átt að hálsi ellefu ára gamals drengs. Skömmu síðar tók hann tólf ára dreng föstu hálstaki og lyfti honum frá jörðinni með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund og hlaut ýmsa áverka. Ungu drengirnir voru að stríða piltinum, sem er greindur með hegðunarröskun, þegar hann ógnaði þeim. **- jss**



**ELDGOSIÐ Í EYJAFJALLAJÖKLI** Öskuspýjan setti strik í líf margra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eldgosið raskar lífi vestan hafs:

## Fjórtán prósent fundu áhrifin

**BANDARÍKIN Fjórtán prósent fullorðinna Bandaríkjamanna hafa orðið fyrir áhrifum af eldgosinu í Eyjafjallajökli með einum eða öðrum hætti. Þetta kemur fram í skoðanakönnun, sem Gallup gerði fyrir dagblaðið USA Today um síðustu helgi.**

**Tíu prósent svarenda sögðu ferðaáætlanir vina sinna eða ættingja hafa raskast af völdum eldgossins. Fimm prósent sögðu starfsemi fyrirtækis sem þau starfa hjá hafa raskast. Eitt prósent sagði eigin ferðaáætlanir hafa raskast, en þrjú prósent sögðu gosið hafa haft önnur áhrif á líf þeirra sjálfra.** **- gb**

**LEIÐRÉTTING**

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, oft kölluð Viðeyjarstjórnin, tók við völdum 30. apríl 1991.

# Segir mannréttindi brotin í héraðsdómi

**Tveir voru handteknir í dómsal í gær eftir átök við lögreglu. Verjandi segir réttarhaldið fordæmislaust og að mannréttindabrot hafi verið að takmarka aðgang að því. Einum hinna ákærðu hafi ekki verið hleypt inn í dómsalinn af lögreglu.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru handteknir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær eftir átök við lögreglu. Þar var tekið fyrir mál níu mótmælenda sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi í Búsáhaldabyltingunni. Þar sem ekki var nægur fjöldi sæta í dómsalnum fyrir áhorfendur var þeim sem ekki höfðu sæti gert að víkja þaðan. Þegar sumir viðstaddra neituðu að hlíða fyrirmælunum voru þeir fjarlægðir með valdi.

Þingverðir óskuðu eftir því að lögregla mætti á staðinn vegna mannfjöldans sem mættur var í Héraðsdóm. Þeim sem mótmæltu því að víkja úr salnum lenti saman við lögreglu og voru í kjölfarið flutt ir á lögreglustöð. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum.



**RAGNAR AÐALSTEINSSON**

Þá kastaði óþekktur aðili reyksprengju inn í anddyri Héraðsdóms í gær á meðan á réttarhöldunum stóð. Engin hætta stafaði af sprengjunni, að sögn lögreglu.

Ragnar Aðalsteinsson, einn verjenda, mótmælir aðförum lögreglunnar harðlega í bréfi sem hann hefur sent dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, með afriti á dómsmálaráðherra, dómarann í málinu, ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins og lögmannafélagið. Hann segir að mannréttindi hafi verið brotin með því að takmarka aðgang að réttarsalnum.



**BORINN ÚT** Mennirnir sem ekki hlýðnuðust fyrirmælum dómarans voru fjarlægðir úr dómshúsinu með valdi. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

„Lögreglumenn voru við dyr dómsalarins og stjórnuðu allri umferð inn í salinn og leiddi það m.a. til þess að einn hinna ákærðu sem var í dómhúsinu komst ekki í réttarhaldið þar sem lögreglan meinaði henni aðgang að salnum,“ segir Ragnar. „Slíkir atburðir sem að framan er lýst hafa ekki orðið fyrr í réttarsal á Íslandi,“ segir Ragnar, sem bendir á að fyrr í mánuðinum hafi 60 manns fylgst með réttarhaldi í sama máli án þess að komið hefði til átaka eða að takmarka hefði þurft aðganginn.

Ragnar bendir á að rétturinn til aðgangs að opnum dómþingum njóti verndar stjórnarskrár Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hann krefst þess að tryggt verði að svona nokkuð endurtaki sig ekki og að lögregluvörður verði framvegis ekki við dómsali. „Að lokum legg ég áherslu á að ekkert hald er í því fyrir dómstólana að bera fyrir sig skort á fjármunum. Peningaleysi getur aldrei réttlætt mannréttindabrot.“ **- jss, sh**

Segir ESB stefna í gjaldþrot:

## Aðild enn lykill að endurreisn

**ALÞINGI Utanríkisráðherra telur að efnahagserfiðleikar Grikklands og fleiri ESB-ríkja breyti því ekki að aðild Íslands að sambandinu sé einn af lyklunum að endurreisn Íslands.**

**Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, spurði Össur Skarphéðinsson á Alþingi í gær hvort hann teldi enn að það hefði verið rétt að sækja um aðild að ESB og sækjast eftir evrunni sem gjaldmiðli. Grikkland er gjaldþrota, sagði Vigdís, fleiri ESB-ríki ramba á barminum og ESB sjálft stefnir í allsherjargjaldþrot. „Það eru fréttir fyrir mig að ESB sé á leið í gjaldþrot,“ sagði Össur.** **-pg**

Evrópudómur snýr að ríkinu:

## Aðgerðir virðast lögmætar

**HEILBRIGÐISMÁL** Vafi leikur á um að ríkið hafi beitt sér í samræmi við meginreglur um jafnræði og meðalhóf í aðgerðum til þess að beina notkun lyfja í átt að ódýrari lyfjum, segir í nýju áliti á vef Félags atvinnurekenda.

Þá hafi skort á að hið opinbera hafi farið eftir formreglum sem tilgreindar eru í nýjum dómi Evrópudómstólsins þar sem tekist var á um aðferðir til að lækka lyfjakostnað hins opinbera.

Félagið telur hins vegar líklegt að bragarbót verði gerð á. **- óká**

**KJARAMÁL**

**Flugumferðarstjórar semja**

Félagsmenn í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra hafa samþykkt kjarasamning félagsins við Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöll ohf. Alls samþykktu 57 prósent samninganna en 43 prósent höfnuðu þeim. Atkvæði greiddu 75 prósent félagsmanna.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNANDI VEÐUR**

Það mun viðra vel til útifundar á Austurvelli í dag en það verður bjart yfir borginni og vindur mjög hægur af vestri. Hitastigið verður á uppleið um helgina og á morgun má búast við að hitinn nái allt að átta til tíu stigum í flestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 7° |
| París | 18° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


Kringlan
Opið 10–18
Kaffi, kleinur
og blöðrur
í tilefni af 1. maí
Á milli 12 og 16 bjóðum við upp á ilmandi kaffi,
Svala, nýbakaðar kleinur og gotterí frá Nóa.
Að auki fá allir hressir krakkar gefins blöðrur!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Er grillvertíðin hafin á þínu heimili?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 43,1% |
| NEI | 56,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að giftingar samkynhneigðra verði leyfðar innan þjóðkirkjunnar?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ragna Árnadóttir telur að umræða leiði til þess að samkynhneigðir fái að gifta sig í kirkju:

# Viðbrögð prestastefnu komu ekki á óvart

**ALÞINGI** „Viðbrögðin koma ekki á óvart,“ sagði Ragna Árnadóttir, dóms- og mannréttindaráðherra, á Alþingi í gær um afgreiðslu Prestastefnu á frumvarpi til hjúskaparlaga. Prestastefna vísaði frumvarpinu til frekari umræðu biskups og kenningarnefndar kirkjunnar eftir harðar deilur.

Ragna sagði að hún hefði „kannski vænst þess að Þjóðkirkjan, sem hefur samfélagslegum skyldum að gegna, hefði tekið jákvæðar í málið“.

Frumvarpið heimilar kirkjunni að vígja samkynhneigð pör í hjónaband. Auður Lilja Erlingsdóttir, varaþingmaður VG, gerði afgreiðslu Prestastefnu að umtalsefni og sagði það misbjóða réttlætiskennd sinni að kirkja studd af ríkinu fái að mismuna þjóðfélagshópum eftir kynhneigð. Hún spurði hvort ráðherrann teldi rétt að svipta þjóðkirkjuna heimild til að vígja hjón? Ragna áréttaði að hún teldi að með því væri of langt gengið.



RAGNA ÁRNADÓTTIR

„Það er ekki tilefni til þess,“ sagði Ragna og sagðist ekki hafa trú á að beita ætti kirkjuna þvingun í þessu máli: „Ég tel að umræða og rökhyggja leiði til þess að það verði almennt þannig að samkynhneigð pör geti farið í kirkju, þjóðkirkju eða aðra kirkju, og fengið þar hjónavígslu,“ sagði hún. - pg

> Ég tel að umræða og rökhyggja leiði til þess að það verði almennt þannig að samkynhneigð pör geti farið í kirkju, þjóðkirkju eða aðra kirkju, og fengið þar hjónavígslu.
>
> RAGNA ÁRNADÓTTIR DÓMSMÁLARÁÐHERRA

GLEÐILEGT SUMAR

Opið 1. maí, 10:00 – 16:00

Kjötkompaní

Dalshrauni 13, Hafnarfirði - sími 578 9700





# Þrátefli aðgerðarleysis varð Íslandi dýrkeypt

**Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, vilja efla rökræðu í kjölfar hrunsins. Páll segir að nauðsynlegt uppgjör þurfi að fara fram fyrir dómstólum og að þá verði að efla.**

**FJÁRMÁLAHRUN** Fjölmenni mætti í gær á málstofu félaga lögfræðinga, lögmanna og dómara um það hvað taki við í íslensku samfélagi eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hefur verið gefin út.

Páll Hreinsson, hæstaréttardómari og formaður rannsóknarnefndarinnar, sagði í framsögu á málstofunni að orsakanna fyrir bankahruninu væri aðallega að leita í áhættu sem bankarnir tóku á árunum 2004 til 2006. „Í þessum hraða vexti sprengdu bankarnir innra eftirlit og gæðakerfi sín,“ sagði Páll sem kvað engan vafa á því að bankarnir hefðu farið alltof geyst í skuldabréfaútgáfu á erlendum mörkuðum.

Páll sagði að þegar ljóst hafi verið hvert stefndi hafi stjórnkerfið ekki brugðist við til að lágmarka tjónið í óumflýjanlegu hruni heldur hafi Seðlabankinn og stjórnarráðið bent hvort á annað. „Þetta endaði því í þrátefli aðgerðarleysis,“ lýsti Páll stöðunni.

Bæði Páll Hreinsson og Helgi I. Jónsson, dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur, sögðust telja að koma þyrfti á sérstöku millidómstigi til að létta sívaxandi álagi af núverandi dómskerfi. Líkti Páll komandi málafjölda við hamfarahlaup. „Ef það á að geta náðst sátt í samfélag okkar verður nauðsynlegt uppgjör að geta farið fram fyrir dómstólum,“ sagði hann.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn höfunda siðakafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sagði þætti lögmanna ekki hafa verið gerð sérstök skil í skýrslunni.




**PALLBORÐ Á MÁLSTOFU LÖGMANNA** Páll Hreinson, Salvör Nordal, Ólafur Þ. Harðarson og Helgi I. Jónsson héldu erindi og sátu fyrir svörum í gær á málstofu um eftirmál hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún minnti hins vegar á að í siðareglum Lögmannafélags Íslands sé tekin fram ótvíræð skylda lögmanna gagnvart réttvísi og réttlæti.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, kallaði eftir opnari og málefnalegri umræðu en hér hefði tíðkast. Reynt hafi verið að þagga niður í fólki, hlaupið hafi verið eftir „pólitískum dillum“ og skort hafi á virðingu fyrir áliti sérfræðinga.

Páll tók undir með Ólafi um að verulega skorti á eðlilega rökræðu hér. Til dæmis hafi lögmenn ekki verið nógu duglegir að taka til máls.

„Það er alveg ljóst að háskólasamfélagið var beitt hótunum um að fá ekki kostun ef óróaseggir þar hættu ekki að tala illa um bankana,“ sagði Páll. „Á endanum held ég að þetta hafi verið eins og í nýju fötunum keisarans – að keisarinn hafi gengið ber allengi þegar loksins var á það bent.“

gar@frettabladid.is



1. maí



Munið árlegt 1. maí kaffi Rafiðnaðarsambandsins og MATVÍS að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin, að lokinni kröfugöngu og útifundi.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

MATVÍS
MATVÆLA- OG VEITINGAFÉLAG ÍSLANDS



Bókhald íslenskra fyrirtækja tekið fyrir í skýrslu rannsóknarnefndar:

# Óefnislegar eignir áttfölduðust

**SKÝRSLAN** Óefnislegar eignir áttfölduðust að verðmæti í bókhaldi íslenskra fyrirtækja frá árunum 2003 til 2007. Þær námu samtals 40 milljörðum árið 2003 en voru orðnar 232 milljarðar árið 2007.

Þetta kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Til óefnislegra eigna teljast helst viðskiptavild og aflaheimildir.

Úr skýrslunni má lesa að aukningin undanfarin ár skýrist að stærstum hluta af verðmæti kvóta í bókum sjávarútvegsfyrirtækja annars vegar en viðskiptavild eignarhaldsfélaga hins vegar.

Óefnislegar eignir í sjávarútvegi voru 92 milljarðar króna árið 2007 og höfðu tvöfaldast úr 46 milljörðum árið 2005. Þar er um að ræða breytingar á verðmati kvótans, segir í skýrslunni. Bókfærðar óefnislegar eignir eignarhaldsfélaga eins og Baugs, Existu, Samsonar og FL Group höfðu tæplega fjórfaldast á sama tímabili, úr 22 milljörðum króna í 85 milljarða.

Bókfærð viðskiptavild kom fyrst fram sem umtalsverð stærð í bókum fjármálafyrirtækja árið 2005 þegar hún var 17 milljarðar og jókst í 25 milljarða árið 2007. Þróunin sést á myndum hér til hliðar. - pg

## Arður af engu

Á árunum 2003 til 2008 greiddu Hagar samtals út 1.732 milljónir króna í arð þótt eigið fé fyrirtækisins væri ávallt neikvætt þessi ár, að frádregnum óefnislegum eignum. Af þessu voru 1.332 milljónir greiddar út 2006.

Hæsta einstaka greiðslan umfram eigið fé í bókum íslensks félags var árið 2004 þegar 2.200 milljóna arður var tekinn út úr Skeljungi þótt eigið fé væri þá neikvætt um 1.799 milljónir, ef litið var fram hjá viðskiptavild.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum greiddi út samtals 1.490 milljóna arð á tímabilinu og Toyota á Íslandi greiddi út 1.417 milljónir í þremur greiðslum á árunum 2005 til 2007 þótt jákvæð eiginfjárstaða hvíldi þá á viðskiptavild.

HB Grandi greidd út meira en 100 milljónir í arð á fjórum af þeim sex árum sem skoðuð eru í skýrslunni. Í öll skiptin var eigið fé neikvætt að frádregnu verðmæti kvóta. Arðgreiðslurnar námu samtals 843 milljónum króna.




# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

100%
FULLMEYRNAÐ
GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
















Ribeye
*úr framhrygg*

Nautaprime
*úr framhrygg*

Entrecote
*úr spjaldhrygg*

Roaststeik úr entrecote
*úr spjaldhrygg*















Wish-Bone

**Ekta amerískt!**
Frábærar salatdressingar, ómissandi með öllum mat! Italian, Ranch, Thousand Island, Blue Cheese og Caesar















**Langlokur**
- New Orleans og Kentucky langlokur

**Coca Cola 1 ltr.**
– sama góða bragðið

**Juicy donuts**
– margar tegundir

**Monster Energy**
– orkudrykkur




Ef keyptir eru 2 pk. af Honey Nut Cheerios færðu Wipeout bol með í kaupbæti!










**BBQ og buffaló vængir**
– fulleldaðir

**Original amerískt**
– morgunkorn

**Morgunverðarkorn**
– yummie..

**Þessar einu sönnu**
– Oreo súkkulaðikökur

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 2. maí á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# 1. maí
## Sumargleði í Iðnó

Samfylkingarfélagið í Reykjavík býður borgarbúum til sumargleði í Iðnó við Tjörnina, laugardaginn 1. maí, á frídegi verkalýðsins.

Eftir kröfugöngur og ræðuhöld á Ingólfstorgi, liggur leiðin í Iðnó þar sem borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, **Dagur B. Eggertsson** og frambjóðendur taka á móti gestum. Blúsarinn **KK** mætir með gítarinn, **Ómar Ragnarsson** tekur lagið og **Felix Bergsson** stýrir fjöldasöng. Ilmandi kaffi, snúðar og kleinur að hætti hússins.

Um kvöldið verður salsakennsla með dönsurum frá **SalsaIceland**.

**Laugardagur 1. maí kl. 15.00**
### Hátíðarræður í tilefni dagsins

- **Dagur B. Eggertsson**
  *borgarstjóraefni Samfylkingarinnar*
- **Oddný Sturludóttir**
  *borgarfulltrúi Samfylkingarinnar*
- **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
  *formaður 60+ í Reykjavík*
- **Pétur Markan**
  *formaður Hallveigar - ungra jafnaðarmanna í Reykjavík*



**Laugardagur 1. maí kl. 15.45**
### Felix, Ómar og KK

**KK** og félagar flytja ljúfa tónlist og mæta nú aftur til leiks eftir að þeir slógu eftirminnilega í gegn á 1. maí-hátíðinni í fyrra. **Felix** og **Ómar** leiða svo jafnaðarmenn og konur í fjöldasöng í tilefni dagsins. Lög eins og *Vertu til er vorið kallar á þig*, *Vorvindar glaðir*, *Maistjarnan* og *Internasjónalinn* munu hljóma.



**Laugardagur 1. maí kl. 20.00**
### Salsakvöld Samfylkingarinnar

Um kvöldið verður skemmtilegt salsakvöld í Iðnó. Danskennarar frá **SalsaIceland** koma í heimsókn og kenna frambjóðendum og gestum og gangandi réttu sporin við suðræna tónlist.

Barinn opinn. Enginn aðgangseyrir.

*Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík*

**Allir velkomnir** www.xs.is


512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

# Urgur í sjóðsfélögum vegna áhrifaleysis

**Gamlar deilur um skipan stjórnarmanna í almennum lífeyrissjóðum hafa skotið upp kollinum á ný eftir áföll sem sjóðirnir urðu fyrir í hruninu. Mörgum sjóðsfélögum svíður að fá ekki að greiða atkvæði á aðalfundum og kjósa stjórn.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers vegna geta sjóðsfélagar í lífeyrissjóðum ekki kosið um stjórnir sjóðanna?

Flestir af stóru almennu lífeyrissjóðunum eiga það sameiginlegt að almennir sjóðsfélagar og fólk sem þiggur greiðslur úr sjóðunum hafa ekkert um það að segja hvernig þeim er stjórnað.

Deilur komu upp vegna þessa á ársfundi lífeyrissjóðsins Gildis í vikunni. Þar lögðu almennir sjóðsfélagar til að stjórnin viki, sem og framkvæmdastjóri flokksins. Mikill hiti var á fundinum, en tillagan var engu að síður felld með öllum greiddum atkvæðum.

Þetta helgast af þeim reglum sem gilda um skipan stjórnar Gildis. Sambærilegar reglur gilda raunar í flestum opnu lífeyrissjóðunum, en Gildi er notaður sem dæmi til skýringar í meðfylgjandi mynd.

Helmingur átta stjórnarmanna Gildis er skipaður af Samtökum atvinnulífsins, en hinir fjórir af verkalýðsfélögum. Almennir sjóðsfélagar fá ekki að velja sér þá stjórnarmenn sem þeir treysta.

Almennir sjóðsfélagar hafa ekki heldur atkvæðisrétt á ársfundum. Þar hafa atkvæðarétt meðlimir í fulltrúaráðinu. Helmingaskiptareglan gildir einnig með skipan fulltrúaráðsins, Samtök atvinnulífsins skipa 80 fulltrúa og verkalýðsfélögin 80. **brjann@frettabladid.is**

## Fundir á næstunni

Lífeyrissjóðir halda almennt ársfundi í apríl eða maí. Fram undan eru fundir í ýmsum lífeyrissjóðum.

**6. maí:** Stapi lífeyrissjóður
**17. maí:** Lífeyrissjóður verzlunarmanna
**20. maí:** Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
**27. maí:** Sameinaði lífeyrissjóðurinn
**27. maí:** Stafir lífeyrissjóður

## Gildi lífeyrissjóður










Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is








**ÞRÍR Á SVIÐI** Engin afgerandi niðurstaða fékkst út úr síðustu sjónvarpskappræðunum, en möguleikar Browns virðast þó minnstir. NORDICPHOTOS/AFP

# Cameron kominn með nauma forystu

**David Cameron og Íhaldsflokkur hans virðast aftur komnir með forystu í bresku kosningabaráttunni. Flest stefnir þó í að enginn flokkur fái meirihluta og þá kemst Nick Clegg í lykilstöðu. Kosið verður á fimmtudaginn.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru dagar Browns taldir?

Þótt kappræður flokksleiðtoganna þriggja í Bretlandi á fimmtudag, þær síðustu af þremur, hafi kannski þótt heldur tilþrifalitlar þá hefur það ekkert dregið úr spennunni fyrir þingkosningarnar, sem haldnar verða næsta fimmtudag.

Rúmlega níu milljónir manna fylgdust með kappræðunum í beinni útsendingu, en skoðanakannanir benda til þess að David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hafi staðið sig best og mælist nú með 34-35 prósenta fylgi.

Nick Clegg, leiðtoga Frjálslyndra demókrata, virðist hins vegar hafa fatast flugið eftir óvænta velgengni síðustu vikna, því flokkur hans mælist nú með 27-28 prósenta fylgi, sem er örlítið minna en 28-29 prósenta fylgi Verkamannaflokks Gordon Browns forsætisráðherra.

Flokkarnir þrír hafa nú einungis fáeina daga til þess að bæta stöðu sína, en samkvæmt skoðanakönnunum er vel mögulegt að enginn þeirra fái hreinan meirihluta á þingi. Slílkt væri óvenjulegt, því 36 ár eru síðan síðast var mynduð minnihlutastjórn í Bretlandi og samsteypustjórnir eru þar svo gott sem óþekktar.

Þá kæmist Nick Clegg í lykilstöðu, en hann hefur ekki viljað taka af skarið um hvort hann kjósi heldur að starfa með íhaldsmönnum eða Verkamannaflokknum. Hann hefur þó gefið í skyn að hann geti vart hugsað sér að starfa með Verkamannaflokknum nema Brown hætti í pólitík.

Í kappræðunum þremur hafa leiðtogarnir helst deilt um efnahagsmál og málefni innflytjenda.

Efnahagsvandi Breta er gríðarlegur, með fjárlagahalla sem nemur 30 þúsund milljörðum króna. Hver sem hreppir forsætisráðherrastólinn að loknum kosningum þarf að efna til niðurskurðar sem á eftir að bitna illa á almenningi.

Allir flokkarnir þrír hafa verið tregir til að útlista niðurskurðaráform sín, enda nokkuð víst að ákveðin svör um þau efni myndu kosta viðkomandi flokk kjósendur.

Innflytjendamálin hafa þó ekki verið síður hitamál í aðdraganda kosninganna. Sex milljónir útlendinga hafa flust til landsins síðan Verkamannaflokkurinn tók við völdum árið 1997. Margir Bretar kenna þeim um aukið atvinnuleysi, lág laun og útgjaldabólgið almannatryggingakerfi.

Flokksleiðtogarnir þrír hafa óspart komið inn á þessi mál í sjónvarpskappræðunum. Cameron vill setja hömlur á innflutning fólks, Brown vill strangara eftirlit með aðfluttu fólki, en Clegg hefur lagt til að ólöglegir innflytjendur fái sakaruppgjöf ef þeir gefa sig fram við yfirvöld.

Einmitt þetta hitamál virðist hafa gert endanlega út af við möguleika Browns í kosningunum þegar alþjóð fékk nú í vikunni að heyra hann úthúða aldraðri konu sem vildi fá svör frá honum.

gudsteinn@frettabladid.is



# BSRB félagar
## Sýnum samstöðu og fjölmennum
# á baráttufundi 1. maí

Virkjum lýðræðið, upprætum spillinguna, verjum velferðina og byggjum upp samfélag jafnréttis, frelsis og bræðralags

Munið 1. maí kaffi BSRB að Grettisgötu 89
að loknum baráttufundi á Austurvelli

Byggjum
**nýtt Ísland!**



VM FÉLAGAR
Sýnum samstöðu og tökum þátt í 1. maí kröfugöngu og útifundi!

Safnast verður saman á Snorrabraut við Hlemm kl. 13.00
Gangan leggur af stað kl. 13.30

Útifundur á Austurvelli hefst kl. 14.10

Kaffiveitingar í boði VM eftir að útifundi lýkur
í Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2, Grafarholti

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Saksóknari ætti að sjá um skattrannsóknir

**Koma ætti skattrannsóknum undir sameinað embætti saksóknara efnahagsbrota. Þetta segir lektor í lögfræði. Hann sér fram á vandamál þegar finna þarf hæfa og sérfróða matsmenn og meðdómendur í málum tengdum hruninu.**

**DÓMSMÁL** Algerlega fráleitt er að hafa saksókn efnahagsbrota á Íslandi á jafnmörgum höndum og raun ber vitni. Þetta sagði Jón Þór Ólason, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, í málstofu um efnahagsbrot á Lagadeginum 2010 sem fram fór í gær.

Jón Þór benti á að hér væru starfandi efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, sérstakur saksóknari, settir ríkissaksóknarar og skattrannsóknarstjóri. „Það vantar bara afar sérstakan saksóknara,“ bætti hann við og uppskar hlátrasköll viðstaddra. Þetta kerfi er of flókið og kallar á tvöfaldar rannsóknir, að mati Jóns Þórs, sem leggur til að sérstakur saksóknari og efnahagsbrotadeildin verði sameinuð, eins og raunar stendur til, og að skattrannsóknir verði einnig á sviði nýrrar stofnunar.

Jón Þór velti jafnframt upp þeirri spurningu hvort nægilegri sérþekkingu á fjármála- og efnahagsbrotum væri fyrir að fara hjá íslenskum dómstólum til að þeir gætu tekið á málum vegna bankahrunsins. Einnig væri fyrirséð að vandamál sköpuðust þegar finna þyrfti sérfróða matsmenn og meðdómendur sem ekki væru vanhæfir vegna tengsla sinna við viðskiptalífið.

Jón Þór nefndi einnig þá tilhneigingu manna sem sæta ásökunum um lögbrot að bera því við að þeir hafi misskilið lögin. „Það er hentimisskilningur,“ segir Jón Þór, og líkir málflutningnum við frægan frasa úr ranni sjónvarpspersónunnar Georgs Bjarnfreðarsonar. „Gráa svæðið er ekki til,“ segir hann, enda hvíli skylda á þeim sem starfa að viðskiptum sem sérfræðingar að kynna sér það hvort gjörningar þeirra standast lög.


**ÚR MÁLSTOFUNNI** Fundarstjórinn Svala Ólafsdóttir sagði að næstu misseri yrðu prófsteinn á það hvort Íslendingum tækist að koma lögum yfir þá stóru og voldugu en ekki aðeins smælingjana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Þór fjallaði einkum um skilasvik í fyrirlestri sínum. Einnig fluttu framsögur Jónatan Þórmundsson, prófessor emerítus, um umboðssvik, og Sigurður Tómas Magnússon prófessor um markaðsmisnotkun. Sagði Sigurður Tómas ýmislegt benda til þess að markaðsmisnotkun hefði átt stóran þátt í efnahagshruninu á Íslandi.

stigur@frettabladid.is

REYKJAVÍK
1. MAÍ 2010

FULLTRÚARÁÐ VERKALÝÐSFÉLAGANNA Í REYKJAVÍK
BSRB · BANDALAG HÁSKÓLAMANNA
KENNARASAMBAND ÍSLANDS
SAMBAND ÍSLENSKRA FRAMHALDSSKÓLANEMA

DAGSKRÁ

- Safnast saman á Snorrabraut við Hlemm kl. 13.00.
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika nokkur lög.
- Gangan leggur af stað kl. 13.30.
- Gengið niður Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og inn á Austurvöll.
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu.
- Ræðumenn flytja örræður meðan gangan stendur yfir.
- Útifundur á Austurvelli hefst kl. 14.10.
- Kakó í boði og leiktæki fyrir börn.
- Útifundi lýkur kl. 15.00.
- Fundarstjóri slítur fundi.
  „Internationalen" sunginn. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika undir.

Ávarp fundarstjóra
Rannveig Sigurðardóttir, verslunarmaður í VR

Ræða
Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar

Tónlist
Hljómsveitin Hjaltalín

Ræða
Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB

Tónlist
Hljómsveitin Hjaltalín

Ávarp
Þorkell Einarsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema



Staðfest að Síminn braut samkeppnislög á fjarskiptafyrirtækinu TSC hf.:

# Brot staðfest en sekt lækkuð

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins (SE) að Síminn hafi brotið samkeppnislög gagnvart fjarskiptafyrirtækinu TSC. Hins vegar lækkar áfrýjunarnefndin sektina sem Samkeppniseftirlitið gerði Símanum upphaflega að greiða úr 150 milljónum í 50 milljónir.

Fyrirtækin starfa bæði á markaði fyrir sölu á internettengingum og internetþjónustu. TSC kvartaði til Samkeppniseftirlitsins í byrjun maí 2007 og taldi að fyrirtækið hefði misst viðskiptavini í kjölfar samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins sem rekur Skjá einn. Taldi TSC að Síminn hefði boðið þeim sem keyptu tengingu hjá fyrirtækinu sjónvarp um internetið án endurgjalds.

Samkeppniseftirlitið komst upphaflega að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði ekki farið eftir skilyrðum sem sett voru við samruna fyrirtækisins og Íslenska sjónvarpsfélagsins árið 2005. Áfrýjunarnefndin tekur undir þá afstöðu og telur það hafa verið neytendum til tjóns.

Rök áfrýjunarnefndarinnar fyrir því að lækka sektina er versnandi fjárhagsafkoma Símans og að hugsanlegir tæknilegir annmarkar hafi átt þátt í hluta brotsins. - shá




**SÍMINN** Forsvarsmenn Símans meta hvort tilefni er til frekari málarekstrar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# STEF, who?

**STEF býður til opins fundar um starfsemi samtakanna, megináherslur og verkefnin framundan.**

**Hvar þá?** Nk. mánudagskvöld 3. maí kl. 21.00 á Kornhlöðuloftinu við Bankastræti (aftan við Lækjarbrekku).

**Hverjir mæta?** Eiríkur Tómasson framkvæmdastjóri, Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri og Jakob Frímann Magnússon formaður ávarpa fundinn og svara spurningum.

**Hvað svo?** Léttar veitingar og lifandi tónlist.

**Hvað kostar inn?** Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

STEF - Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar

STEF




**Í KAMBÓDÍU** María Sigrún ásamt kambódískum stúlkum.

UNIFEM býður í bíó:

## Rætt um mansal í Kambódíu

**FÉLAGSLÍF** Á síðasta umræðufundi UNIFEM í vetur verður sýnd heimildarmyndin Börn til sölu eftir Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur fréttakonu. Myndin fjallar um þær tugþúsundir kambódískra stúlkna sem seldar eru mansali á hverju ári.

Að sýningu lokinni svarar María Sigrún spurningum, en að því búnu segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM, frá starfi UNIFEM í Kambódíu og nýlegri ferð sinni þangað.

Fundurinn hefst klukkan 12 á morgun í húsnæði UNIFEM að Laugavegi 42. - gb

Breytingar hjá Landsbanka:

## Nýr bankastjóri í næsta mánuði

**VIÐSKIPTI Stjórn Landsbanka Íslands væntir þess að nýr bankastjóri Landsbankans verði ráðinn um miðjan næsta mánuð. Þetta kom fram á aðalfundi Landsbankans í gærmorgun. Umsóknarfrestur um stöðu bankastjóra rann út 18. apríl en ekki er búist við því að gefið verði upp hversu margir sóttu um starfið.**

**Ásmundur Stefánsson, núverandi bankastjóri, gerir ráð fyrir að hann láti af störfum í lok maímánaðar. Hann tók við stöðunni eftir að Elín Sigfúsdóttir lét af því starfi í fyrra. - jhh**

Stjórnvöld í Suður-Kóreu:

## Vilja aðgerðir frá öryggisráði

**SUÐUR-KÓREA** Stjórnvöld í Suður-Kóreu munu væntanlega leita til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um refsiaðgerðir gagnvart Norður-Kóreu vegna herskips sem talið er víst að norðanmenn hafi sökkt í síðasta mánuði.

Yfir fjörutíu manns fórust með skipinu Chenonan sem brotnaði í tvennt og sökk eftir að hafa orðið fyrir tundurskeyti. Búið er að ná flakinu af hafsbotni og enginn vafi talinn leika á að tundurskeyti hafi grandað skipinu.

Suður-Kórea hefur ekki formlega sakað Norður-Kóreu um verknaðinn en menn þar í landi eru ekki í nokkrum vafa um að norðanmenn hafi staðið þar að baki. -ót





**Í dag fögnum við 1. maí**

Í dag fögnum við þeim árangri sem samstaða og barátta launþega hefur skilað undanfarna áratugi. Látum 1. maí einnig minna okkur á að standa áfram vörð um réttindi okkar svo komandi kynslóðir fái þeirra einnig notið. **Það er okkar ábyrgð.** Um leið og við óskum landsmönnum til hamingju með daginn, hvetjum við VR félaga til að sýna samstöðu og mæta í kröfugönguna. Safnast verður saman á **Hlemmi kl. 13.00** og gengið niður Laugaveg sem leið liggur á Austurvöll þar sem útifundurinn hefst **kl. 14.10**. Flutt verða ávörp og skemmtiatriði í tilefni dagsins. Að útifundinum loknum verða kaffiveitingar á Broadway. **Hlökkum til að sjá ykkur!**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

# PALLAHÁTÍÐ Í GRAFARHOLTI

## OPIÐ TIL 18 ALLA DAGA Í GRAFARHOLTI



**KYNNTU ÞÉR PALLASMÍÐI Í GRAFARHOLTI UM HELGINA**

### DAGSKRÁ Á LAUGARDAG



**PALLURINN**

- KYNNING Á VIÐHALDI OG HREINSUN PALLA MEÐ HREINSIEFNUM OG PALLAOLÍU FRÁ JOTUN.
- SÉRFRÆÐINGAR Í PALLASMÍÐI VEITA RÁÐGJÖF OG SÝNA RÉTTU HANDTÖKIN.
- SAMSETNING Á BARNAHÚSI, SÝNIKENNSLA.

**GARÐURINN**

- VINNAN Í GARÐINUM
  HÖFUNDAR BÓKARINNAR KYNNA OG ÁRITA Í BLÓMAVALI GRAFARHOLTI KL. 13-15.
- AUÐUR JÓNSDÓTTIR GARÐYRKJUFRÆÐINGUR VERÐUR MEÐ GARÐYRKJURÁÐGJÖF KL. 13-16 LAUGARDAG OG SUNNUDAG.



4.4 m$^2$
**149.000**
~~169.000~~

**10%** afsláttur af öllum garð- og gestahúsum

**Sýnikennsla á samsetningu bjálkahúsa**



# PALLAEFNI

## MEIRI ÞYKKT

**TRYGGIR STYRK!**

verð frá **248 kr/m**

Pallaefni úr gagnvarinni furu frá Húsasmiðjunni er með meiri þykkt, sem tryggir meiri styrk og lengri endingu.

| | |
|---|---|
| Fura fúavarin 21x95 | 248 kr/m |
| Fura fúavarin 28x95 | 305 kr/m |
| Fura fúavarin 48x148 | 610 kr/m |

**Undirstöður fyrir sólpalla og garðhýsi**



**20%** afsláttur um helgina

**Gróðurhús**



7.4 m$^2$
**99.000**
~~109.000~~

**Vermireitur**
L 140 x B 70 x H 28 sm.
Vnr: 604205



tilboð **12.990**

**KAFFI OG KLEINA**



Laugardaginn kl.13-16

**ÍS FYRIR BÖRNIN**

emmessís



**INGÓ TEKUR LAGIÐ Í GRAFARHOLTI kl. 13:00 í dag**

# TAX FREE!

## ÖLL GARÐHÚSGÖGN!

# TAX FREE!



**Afnemum**
**virðisaukaskatt**
**AF ÖLLUM**
**Garðhúsgögnum**
**aðeins um helgina**

## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF GARÐHÚSGÖGNUM



## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU



## OPIÐ 1. MAÍ

| | |
|---|---|
| GRAFARHOLT | 10-18 |
| SKÚTUVOGUR | 10-21 |
| REYKJANESBÆR | 9-17 |
| AKUREYRI | 10-17 |
| EGILSSTAÐIR | 10-16 |
| SELFOSS | 10-16 |

**5.699**
~~6.995~~



**Hjóbörur**
80 ltr.
5080058



**Hekkklippur**
Texas, rafmagn 650W,
60 sm blað, 20 mm klippigeta
5083595

**9.990**
~~12.995~~

**6.995**



**Hekkklippur Ikra**
Rafmagn 520W, 46 sm blað
20 mm klippigeta
5083755

**Látum verkin tala!**

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan
skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**TILBOÐIN GILDA UM LAND ALLT!**
**Aðeins brot af úrvalinu!**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

**SKOÐANAKÖNNUN:** Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík

# Besti flokkurinn stærri en Samfylkingin

**Miklar sviptingar hafa orðið á fylgi flokka í Reykjavík samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn en yfirlýsta grínframboðið Besti flokkurinn mælist með meira fylgi en Samfylkingin, og jafn marga borgarfulltrúa.**

Besti flokkurinn, viðurkennt grínframboð undir forystu skemmtikraftsins Jóns Gnarr, myndi fá atkvæði tæplega fjórðungs kjósenda í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í lok maí og fjóra borgarfulltrúa. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur mests stuðnings meðal borgarbúa samkvæmt könnuninni, og fengi 30 prósent atkvæða og fimm borgarfulltrúa ef marka má niðurstöður könnunarinnar.

Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var 25. mars fékk flokkurinn 39,4 prósent atkvæða og sjö borgarfulltrúa, sama fjölda og hann hefur í dag. Fylgi við flokkinn hefur því dregist saman um 9,4 prósentustig.

Alls sögðust 23,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku að þeir myndu greiða Besta flokknum atkvæði sitt yrði gengið til kosninga nú. Það myndi skila flokknum fjórum borgarfulltrúum.

Í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 mældist flokkurinn með 12,7 prósent og tvo borgarfulltrúa. Á rúmum mánuði hefur fylgið því nær tvöfaldast.

Samfylkingin mælist nú þriðji stærsti flokkurinn í borginni með stuðning 22,8 prósent. Flokkurinn fengi fjóra borgarfulltrúa yrðu það niðurstöður kosninga. Fylgi við flokkinn hefur minnkað um 3,5 prósentustig milli kannana.

Vinstri græn fá stuðning 17 prósenta þeirra sem afstöðu taka í könnuninni, sem myndi skila flokknum tveimur borgarfulltrúum.

## Skipting borgarfulltrúa

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 næðu fyrstu fimm fulltrúarnir á lista Sjálfstæðisflokksins kjöri í komandi kosningum, sem og fjórir fulltrúar frá Samfylkingunni og Besta flokknum og tveir frá Vinstri grænum, eins og sjá má hér til hliðar.

### Fylgi flokka






HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2

Vinstri græn mældust með 14,2 prósenta fylgi í síðustu könnun, og hafa því bætt við sig 2,8 prósentustiga fylgi, þó það skili þeim óbreyttum fjölda borgarfulltrúa.

Aðeins Sjálfstæðisflokkur, Besti flokkurinn, Samfylkingin og Vinstri græn fá nægjanlegan stuðning til að tryggja sér borgarfulltrúa, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með stuðning 3,8 prósenta kjósenda, 1,8 prósentum minna en í síðustu könnun.

Reykjavíkurframboðið, sem nýlega tilkynnti um framboð í kosningunum, nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings 1,7 prósenta borgarbúa.

Óháð framboð um heiðarleika, undir forystu Ólafs F. Magnússonar, fengi stuðning 1,3 prósenta yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Enginn þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni sögðust myndu kjósa Frjálslynda flokkinn í sveitarstjórnarkosningum.

**Karlar styðja frekar Besta flokkinn**

Umtalsverður munur er á afstöðu kynjanna til þriggja flokka sérstaklega. Þannig styðja karlmenn mun frekar Besta flokkinn en konur. Alls sögðust 28 prósent karlmanna myndu kjósa flokkinn en 17 prósent kvenna.

Samfylkingin nýtur meiri stuðnings meðal kvenna en karla. Tæplega 28 prósent kvenna styðja Samfylkinguna en 19 prósent karla.

Svipaða afstöðu má sjá til Vinstri grænna þar sem tæplega 21 prósent kvenna sagðist styðja flokkinn en tæplega 15 prósent karla.

Minni munur var á afstöðu kynjanna til Sjálfstæðisflokksins, 31 prósent karla sögðust myndu kjósa flokkinn, en 29 prósent kvenna.

Ekki var marktækur munur á afstöðu kynjanna til smærri framboða.

**Tæp 59 prósent tóku afstöðu**

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 29. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnakosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 58,8 prósent þeirra sem hringt var í afstöðu til spurningarinnar.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

## Flestir vilja Hönnu Birnu sem borgarstjóra




HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2

Flestir sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, verði áfram borgarstjóri eftir kosningar 29. maí.

Alls sögðust 36,6 prósent vilja Hönnu Birnu sem borgarstjóra að kosningum loknum. Næstflestir nefndu Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar, eða 31 prósent. Þriðji vinsælasti borgarstjórakandídatinn var Jón Gnarr, efsti maður á lista hjá Besta flokknum, en 25,7 prósent sögðust vilja hann sem næsta borgarstjóra.

Aðrir fengu minni stuðning í stólinn. Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, nýtur stuðnings 4,2 prósenta, og 1,8 prósent aðspurðra nefndu Einar Skúlason, oddvita Framsóknarflokksins. Ólafur F. Magnússon, sem býður fram fyrir hönd Framboðs óháðra, fékk stuðning 0,7 prósenta.

Hanna Birna nýtur svipaðs fylgis meðal karla og kvenna, en Dagur virðist sækja sitt fylgi frekar til kvenna. Alls sögðust 37 prósent kvenna styðja Dag í stól borgarstjóra en 26 prósent karla. Hlutföllin voru öfug hjá Jóni Gnarr, 32 prósent karla vilja hann sem næsta borgarstjóra en 17 prósent kvenna.

Af þeim sem ekki vildu einhvern af forystumönnum framboðanna vildu flestir fá ópólitískan borgarstjóra.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 29. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hver vilt þú að verði borgarstjóri að loknum sveitarstjórnarkosningum? Alls tóku 56 prósent þeirra sem hringt var í afstöðu til spurningarinnar.



www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SÓLAR sprettur

## í sólarhring!

Valdar dagsetningar í sumar

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst á hádegi mánudaginn 3. maí. Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

Verðdæmi á mann:

**Portúgal**
Brottfarir: 10., 17. og 24. júní
Verð á mann:
**69.900 kr**
Flug og gisting í 7 daga
m.v. 5 fullorðna og 1 barn *

**Tenerife**
Brottfarir: 6. 13. og 20. júní.
Verð á mann:
**79.900 kr**
Flug og gisting í 7 daga
m.v. 2 fullorðna og 1 barn *

* innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

## TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í 24 KLST FRÁ HÁDEGI MÁN. 3. MAÍ!

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin! Alltaf ódýrasta verðið á netinu.

PLÚSFERÐIR ENN MEIRI PLÚS! www.plusferdir.is

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

# Aðalfundarboð

Aðalfudur Félags Símsmiða
er boðaður 12. maí 2010 kl. 17.00
Að Stórhöfða 31 kjallara (stóri fundarsalurinn)

**Fundarefni:**
Aðalfundardagskrá samkvæmt
lögum Félags Símsmiða

Skýrsla framtíðarfundar kynnt

*Stjórn*
*Félags Símsmiða*


# Traustur lagagrunnur fyrir afskriftum lána

**Ólöf Nordal telur lög um afskriftir bílalána geta kallað háar skaðabætur yfir ríkið. Byggjum ekki endurreisn á fyrirtækjum sem þurfa að mergsjúga viðskiptavini, segir félagsráðherra og segir traustan lagagrunn fyrir afskriftum.**

**ALÞINGI** „Við teljum að það sé traustur lagalegur grundvöllur til að taka á þessu máli," segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og vísar til frumvarps til laga um skyldu lánveitenda til þess að færa niður höfuðstól bílalána.

Ráðherrann greindi frá því í gær að Alþingi hefði heimilað honum að leggja frumvarpið fyrir þingflokka stjórnarflokkanna.

Ólöf Nordal, Sjálfstæðisflokki, spurði Árna Pál hvernig hann ætlaði að bregðast við kröfuhöfum ef til þess kemur að lög verði sett um niðurfærslu lánanna. „Þetta hvílur mjög þungt á mörgum heimilum," sagði Ólöf og spurði um stöðu málsins og sagði að ráðherrann hefði talað „ansi fjálglega" um það.

Árni Páll sagðist hafa verið í sambandi við eignaleigufyrirtækin „um eðlilega umbreytingu lánanna". Fyrirtæki og skuldarar þurfi að skipta með réttlátum hætti milli sín því tjóni sem varð vegna hruns krónunnar. Íslandsbanki hafi tekið vel í hugmyndirnar og Lýsing kanni nú svigrúm sitt til afskrifta hjá Fjármálaeftirliti og Seðlabanka.

Ólöf sagði að aðgerðum stjórnvalda fylgdi hætta á gjaldþroti ákveðinna fjármögnunarfyrirtækja. Best væri að ná samkomulagi, lög gætu leitt til hárra skaðabótakrafna á íslenska ríkið.



**BÍLALÁN** Tæplega 50.000 heimili tóku bílalán í erlendri mynt. Lánin gætu lækkað um þriðjung verði hugmyndir félagsmálaráðherra að veruleika.

Árni Páll sagði það flækja málið að lánafyrirtækin eru veikburða og standa ekki undir afskriftum nema þeirra kröfuhafar taki tillit til þess og slái af sínum kröfum. Hann tók undir að veruleg hætta væri á skaðabótakröfum yrði ekki rétt gengið frá málinu í upphafi. Lánafyrirtækin þyrftu þó að sanna tjón og óvíst væri að þeim tækist það ef þau ætli að halda því til streitu að hafa kröfur sínar upp í topp og gangast ekki við eigin áhættu.

„Það er auðvitað ekki þannig að við getum byggt endurreisnina á fjármálafyrirtækjum og eignaleigufyrirtækjum sem eru með svo veikan eiginfjárgrunn að þau eigi ekki val á nokkurri annarri markaðshegðun en að mergsjúga viðskiptavini sína," sagði ráðherrann. „Þau verða að geta tekið á sig eðlilegan kostnað af umbreytingu skulda."

Gangi hugmyndir félagsmálaráðherra eftir gætu bílalán lækkað um allt að þriðjung.

peturg@frettabladid.is



Fjármálaráðherrar evrulandanna sextán hittast í Brussel á morgun:

# Telja aðstoðina við evruna dýrkeypta

**GRIKKLAND** Danskir hagfræðingar hafa reiknað út að heildarkostnaður evruríkjanna við að koma evrunni til bjargar gæti farið upp í 600 milljarða evra, ef Grikkland tekur Portúgal, Spán og Írland með sér í fallinu.

Frá þessu er meðal annars skýrt í þýska dagblaðinu Die Welt og rætt við Allan von Mehren, sérfræðing hjá Danske bank í Danmörku.

Talið er að aðstoðin við Grikki eina kosti 120 milljarða evra, eða jafnvel enn meira, og þó er ekki víst að það dugi til að bjarga Grikklandi út úr skuldavandanum.

Stutt er talið í að evruríkin komi sér saman um björgunaraðgerðir til handa Grikklandi. Þjóðverjar hafa þar verið einna tregastir í taumi, enda óttast þeir áhrifin á eigin efnahag ef aðgerðirnar duga ekki og Grikkir reynast ekki borgunarmenn þessara nýju lána.

Þýska stjórnin er raunar sökuð um að hafa gert vanda Grikkja enn verri með tregðu sinni til að koma þeim til bjargar. Þar með væru Þjóðverjar jafnframt að grafa undan evrunni.

Fjármálaráðherrar evruríkjanna sextán ætla að hittast í Brussel á morgun, að öllum líkindum til þess að afgreiða málið. Aðstoðinni fylgja ströng skilyrði um niðurskurð og aðhald í fjármálum. - gb



**EVRUMERKIÐ Í FRANKFURT** Ungmenni að leik fyrir utan seðlabanka Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

Einar K. Guðfinnsson:

## Spyr um mat á hæfi eigenda

**ALÞINGI Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, hefur beint til viðskiptaráðherra fyrirspurn um hverjir séu 50 stærstu kröfuhafar og þar með 50 stærstu eigendur Arion banka og Íslandsbanka.**

**Einar spyr ráðherrann jafnframt hvort fyrir liggi mat á hæfi þessara hluthafa til þess að fara með ráðandi hlut í bönkunum tveimur.**

**Samkvæmt þingskaparlögum hefur ráðherra tíu virka daga til þess að svara skriflegri fyrirspurn þingmannsins.** -pg

Össur Skarphéðinsson segist enn andvígur breytingum á málskotsrétti forseta:

# Bíður eftir tilllögu stjórnlagaþings

**ALÞINGI** „Ég hef ekki skipt um skoðun en áskil mér rétt til að gera það að framkomnum tillögum stjórnlagaþings," sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, spurði á Alþingi í gær hvort Össur væri sömu skoðunar og árið 2004 þegar deilt var um fjölmiðlalög. Þá hefði Össur gengið manna lengst í að verja óbreyttan málskotsrétt forseta Íslands samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar.

Tilefni fyrirspurnarinnar var að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur lýst þeirri skoðun að afnema eigi málskotsréttinn.

Sigurður Kári sagði mikilvægt að ríkisstjórnin leysi þennan ágreining ráðherranna og móti stefnu til framtíðar. „Ég er sammála því," sagði Össur. Frumkvæði að stjórnarskrárbreytingum eigi að koma frá stjórnlagaþingi, sem vonandi taki til starfa á þessu ári.

„Ef stjórnlagaþing kemst að niðurstöðu, skal ég íhuga að breyta minni afstöðu," sagði Össur. Hægt sé að skoða aðrar leiðir en málskotsrétt forseta til að bera mál undir þjóðina, til dæmis að minnihluti þingmanna geti skotið málum í þjóðaratkvæði. -pg

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Hann er enn þeirrar skoðunar að málskotsréttur forseta sé nauðsynlegur neyðarhemill til að skjóta málum til þjóðarinnar „þegar ríkisstjórnin keyrir út af".



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Markaðsátak vegna eldgoss:

## 125 milljónir frá Icelandair

**FERÐAÞJÓNUSTA** Icelandair leggur 125 milljónir króna til sérstakrar markaðsherferðar einkaaðila og hins opinbera til að verja þá miklu hagsmuni í ferðaþjónustu sem eru í uppnámi vegna áhrifa eldgossins í Eyjafjallajökli.

Reykjavíkurborg leggur fram 100 milljónir og er unnið að öflun frekara fjár. Ríkið mun tvöfalda þá fjárhæð sem safnast.

Unnið er að hugmyndum og útfærslu herferðarinnar sem fram fer beggja vegna Atlantshafsins.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mun gera grein fyrir átakinu á ferðamálaþingi á þriðjudag. - bþs




Talaðu við okkur fyrir 1. júlí.

Hafðu samband
sími 444 7000 × arionbanki.is

Arion banki vill hvetja viðskiptavini sína til að kynna sér lausnir bankans í lánamálum en þær verða í boði til 1. júlí nk.

Í boði eru fjölbreyttar lausnir sem taka mið af mismunandi aðstæðum viðskiptavina. Við erum reiðubúin til að fara yfir stöðuna með þér. Í sameiningu er hægt að skoða og meta hvort það henti fyrir þig að nýta einhverja af þeim lausnum sem í boð eru.

Ef viðskiptavinir Arion banka, sem eru greiðendur erlendra lána, fá sér dæmdan betri rétt í Hæstarétti, áréttar bankinn að þeir missa ekki þann rétt þótt þeir hafi skuldbreytt lánum sínum yfir í íslenskar krónur.

Yfir tvö þúsund viðskiptavina okkar hafa nú þegar nýtt sér þetta tækifæri.

Arion banki

## 26" REIÐHJÓL




Vnr. 49620201

**Götuhjól**

26" götureiðhjól fyrir konur, 6 gíra með brettum og bögglabera.

**29.900**

## 28" REIÐHJÓL




ÓDÝRT

Vnr. 49620200-1

**Götuhjól**

28" götureiðhjól fyrir karla og konur, 6 gíra með brettum og bögglabera.

**29.900**

Vnr. 55095118-9

**Kartöfluútsæði**

Kartöfluútsæði, gullauga eða rauðar, 5 kg.

**890**






Mikið úrval af fræjum fyrir matjurtagarðinn á frábæru verði

# 20% AFSLÁTTUR

## AF FRÆJUM FYRIR MATJURTAGARÐINN

GILDIR 29. APRÍL - 2. MAÍ

# OPIÐ Í DAG

| 1. maí | | |
|---|---|---|
| | Breidd | 10-16 |
| | Kauptún | 10-16 |
| | Grandi | 10-16 |
| | Akureyri | 10-16 |
| | Selfoss | 10-16 |

LUX

Vnr. 68583100

**Strákústur**

LUX strákústur, 40 cm, með skafti.

**1.290**

ÓDÝRT






**23.490**

OUTBACK

Vnr. 50630100

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgja. 6,2 kW.




Vnr. 50632108

**Gasgrill** **44.900**

DELUX gasgrill með tveimur brennurum. Niðurfellanleg hliðarborð, fitubakki sem auðvelt er að þrífa, hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, efri grind og hitadreifiplata. 4 hjól – mjög meðfærilegt, svart/grátt postulínshúðað lok, 12,3 KW.




Vnr. 85729004

**Garðahreinsir**

UNDRI garðahreinsir, 1 l. Umhverfisvænn og í slensk framleiðsla.

**890**




Vnr. 55095013

**Illgresiseyðir**

CASARON fjölvirkur illgresiseyðir 1 kg

**2.850**

## FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI

| | | Verð |
|---|---|---|
| 0058324 | Fura alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið | 304 kr./lm. |
| 0058504 | Fura alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið | 418 kr./lm. |
| 0058506 | Fura alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið | 609 kr./lm. |
| 0059954 | Fura alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið | 861 kr./lm. |

**248** kr./lm

Vnr. 0058254

**Girðingaefni**

Fura afhefluð 22x95 mm, A-gagnvarið.

# OPIÐ Í TIMBURSÖLU UM HELGINA

| | | |
|---|---|---|
| BYKO Grandi | Lau. 10-16 | Sun. 11-16 |
| BYKO Kauptún | Lau. 10-16 | Sun. 11-16 |
| BYKO Akureyri | Lau. 10-14 | |
| BYKO Selfoss | Lau. 10-16 | |

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

## 16" REIÐHJÓL



Vnr. 49620208-9
**Hjól**
22.990
16" BMX barnahjól með hjálpardekkjum, blátt eða rautt.

Vnr. 55090002
**Kalk**
Kalkkorn 5 kg.
690




Verð frá
1.190

Vnr. 55095007/107-8
**Blákorn**
Blákorn 5, 10
eða 40 kg.






Vnr. 79290094
**Hjólbörur**
Hjólbörur, 80 l.
5.990

# Fjör í Kauptúni!

Laugardaginn 1. maí.






Klukkan 12-15

Pylsa og Pepsi
handa öllum

Hoppukastali
fyrir börnin

# Dagskrá í Kauptúni:

Laugardaginn 1. maí.

35 %
**KYNNINGAR-AFSLÁTTUR**
af Ultra Glozz




Fullt verð: 1.498
Vnr. 90522343
**Bón**
975
Ultra Gloss bón, 250 ml.

**GARÐURINN** Klukkan 12-16

- Björn Jóhanns Landslagsarkitekt verður til skrafs og ráðagerða vegna skipulag pallsins og garðsins.
- Kynningar og ráðgjöf um gosbrunna.

**PALLURINN-BÚSTAÐURINN** Klukkan 11-14

- Sérfræðingur frá Málningu veitir ráðgjöf um viðarvörn og sýnir réttu handtökin.
- Kynning á Lillevilla barnahúsum og iðnaðarmenn setja saman hús á staðnum.

**BÍLABÓN**

- Kynning á Ultra Gloss bílabóni með frábærum kynningarafslætti.



Vnr. 55900023
**Malbikunarskófla**
Malbikunarskófla með
tréhandfangi.
1.990

Vnr. 55900037
**Stunguskófla**
Stunguskófla með
tréhandfangi.
1.990



Vnr. 68315150
**Rósaklippur**
LUX SUPER rósaklippur.
1.290

BYKO

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Saksóknari ríkisins gegn þúsundum þegna:

## Árás á Alþingi

Ákærur á hendur níu nafnkenndum einstaklingum sem tóku sannarlega þátt í andófi almennra borgara við alþingishúsið þegar ríkisstjórn landsins var sett af hafa kallað á viðbrögð fleiri sem þar voru. Hundruð hafa stigið fram og lagt nafn sitt við yfirlýsingu sem stíluð er á Lýðveldið: „Við vorum þar líka en nöfn okkar gleymdust í ákæruskjali saksóknarans. Við viljum vera með.“ Vísast vildu enn fleiri vera á þeim lista gæfist þess kostur. Skjalleg játning þúsunda gæti gert saksóknara ríkisins erfitt fyrir. Nýjar játningar um brot á þeirri grein almennra hegningarlaga sem saksóknari hyggst nota til að koma lögum yfir nímenningana ætti að kalla þegar í stað á viðbrögð hans, nýjar ákærur.

SKOÐUN
Páll Baldvin Baldvinsson
pbb@frettabladid.is



Saksóknarinn hefur reynst býsna vanmáttugur í hrunsmálum. Árásarmenn á þingið voru mun fleiri en skipuðu fjöldann sem stóð utan þinghússins og freistaði þess að komast inn á palla þingsins til að heyra þar umræður. Í sætum þingmanna var stór hópur þegna lýðveldisins sem eiðsvarinn hafði grafið skipulega undan lögum og rétti í landinu, í mörgu með vísvitandi aðgerðum, sinnuleysi og svo sannað hefur verið stefnt almannahag í bráða hættu og nú orðinn stórskaða með ábyrgðarleysi, óvandaðri lagasetningu, gáleysi af ásetningi. Sumt af því fólki hefur hrökklast úr sölum þingsins en situr eftir með ábyrgð sína ævilangt. Ekki kærir saksóknari það, ekki heldur sérskipaður saksóknari sökum vanhæfis og getuleysis hins fyrrnefnda. Það er lítil von til þess að það verði dæmt af Landsdómi, enda umkringt skjaldborg félaga sinna úr stjórnmálaflokkunum. Einn dóm getur Alþingi sem þá sat ekki umflúið: dóm sögunnar.

Sá dómur mun líka varða aðra: umsátursliðið var ekki eitt. Um þingið sat um árabil hópur varða, embættismenn þings og ráðuneyta, stór hópur í almannaþjónustu sem fljótt missti sjónar á hlutverki sínu og tók að þjóna framkvæmdarvaldi sem í nær tvo áratugi var keyrt áfram af einum stjórnmálaflokki fyrst og fremst. Alþingi var umsetið af flugumönnum sem höfðu í vörnum sínum fyrir þingið og lögin annað erindi en verja almannahag. Þegar múgamenn, fræðingar og rannsóknarnefndir kveða einum rómi upp þann dóm að stjórnsýslan hafi brugðist ætti að hrikta í sætaröðum hins opinbera. En það gerist ekki. Engan þeirra ætlar saksóknari að sækja að lögum.

Ákærur saksóknara á hendur nímenningunum og þeim hundruðum sem munu vilja setjast á sama sakamannabekk, sýna með eftirtektarverðum hætti að Valdið lærir ekkert af ríflega tvö hundruð ára sögu borgaralegra mótmæla sem þó megnuðu að skapa það samfélag sem við nú búum við. Hinn helgi réttur almennings til friðsamlegra en ákafra mótmæla gegn misvitru og vanheilu valdi verður ekki frá fjöldanum tekinn hvað sem líður lagagreinum sem beitt er gegn fáum til fróunar þeim sem tapaði slagnum: „kátt þeim bræðin brennur / sem girnist bíta en hefur engar tennur“. Það vinnur enginn sitt dauðastríð.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

**Ársfundur 2010**

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður haldinn þriðjudaginn 18. maí nk., kl. 11:00 í fundarsal BSRB á 1. hæð að Grettisgötu 89, 101 Reykjavík.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.
2. Önnur mál löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar aðildarfélaga BSRB, BHM og KÍ svo og launagreiðendur eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Reykjavík, 1. maí 2010
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.




## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Stjórnlaganefnd?

Njörður P. Njarðvík hefur verið einn skeleggasti og róttækasti talsmaður þess að ráðist verði í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Hann hefur jafnframt verið talsmaður þess að stofna til stjórnlagaþings.

Ríkisstjórnin er með hugmyndir á prjónunum um ráðgefandi stjórnlagaþing. Gild rök hafa verið færð gegn þeirri leið. Fullvíst má því telja að sú aðferð muni valda verulegum deilum á Alþingi.

Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar er brýnt málefni. Þar eru mörg álitamál uppi. Hætt er hins vegar við að verkefnið lendi í útideyfu ef þrefið um hvernig það skuli rætt verður langvinnt.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Í þessu ljósi er ærin ástæða til að virða maklega grein sem Njörður P. Njarðvík skrifaði í vikunni um þetta efni. Þar setti hann fram hugmynd í þeim tilgangi að leysa þá pattstöðu sem málið er komið í.

Hugmyndin tekur mið af velheppnaðri skipan rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsins. Hún gerir einfaldlega ráð fyrir að þingið skipi stjórnlaganefnd sjö til níu utanþingsmanna er fái það verkefni að koma fram með nýja stjórnarskrártillögu að tólf til sextán mánuðum liðnum.

Þegar þar verður komið sögu getur Alþingi tekið tillögurnar til umfjöllunar og afgreiðslu. Réttilega er á það bent að Alþingi getur látið endanleg úrslit málsins ráðast í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þeir sem nú ráða för þessa máls í þingnefnd ættu að hugleiða að hér er greinilega sett fram hugmynd til sátta um málsmeðferð sem hefur það eitt að markmiði að koma í veg fyrir að málið sjálft strandi. Hér búa hyggindi og heilindi að baki. Það væri misráðið að skella skollaeyrum við þegar þannig er talað til Alþingis utan úr þjóðfélaginu.

## Siðfræðin og forsetaembættið

Sérstakur vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis fékk það verkefni að kanna hvort leita mætti siðfræðilegra skýringa á því sem úrskeiðis fór. Sú vinna er afar merkilegt framlag til þeirrar umræðu sem fram þarf að fara um þessi efni, þótt þar megi finna rökfræðilega veikleika.

Framkvæmd á embættisskyldum forseta Íslands þykir hafa verið með þeim hætti að draga verði af því lærdóm. Nefndin leggur því til endurskoðun á þeim kafla stjórnarskrárinnar sem kveður á um hlutverk forseta Íslands. Jafnframt telur hún rétt að settar verði almennar réttarreglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki. Loks telur nefndin æskilegt að forsetaembættinu verði settar siðareglur.

Engum kemur á óvart að þessi mikla rannsókn á stjórnsýslu og siðferði dragi stjórnmálamenn fram í það ljós. Hitt er þyngra en tárum taki að sjá að þeir siðferðilegu þverbrestir sem starfshópurinn greinir skuli hafa náð til þjóðhöfðingjaembættisins, eingingartákns þjóðarinnar.

Nú er það svo að reglur tryggja ekki gott siðferði. Siðareglur breyta ekki öllu ef mönnum eru ekki góðir siðir eiginlegir. Hvað sem því líður er óhjákvæmilegt að taka tillögur siðfræðistarfshópsins alvarlega. Það getur auðveldað mönnum að glöggva sig á stjórnarskránni. Það er vandasamast og hangir saman við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem vinnuhópurinn telur einnig nauðsynlega í sérstöku áliti sínu um stjórnmálamenninguna. Þessu verki þarf að ljúka fyrir næstu forsetakosningar. Það snýr að framtíð en ekki fortíð.

## Hvað á að gera?

Hafa verður í huga að eftir stjórnarskránni eru það ráðherrar sem bera ábyrgð á athöfnum forseta Íslands. Lögformlega beinist gagnrýni siðfræðivinnuhóps rannsóknarnefndarinnar því að ráðherrum núverandi og undangenginna ríkisstjórna hvort sem mönnum þykir það súrt í brotið eða ekki.

Þessi lagalega hlið getur hjálpað mönnum að glöggva sig á því hvar á að byrja. Ekki verður séð að brýnast sé að setja forsetaembættinu siðareglur. Það sem raunverulega fór úrskeiðis lýtur miklu fremur að hinu að mjög lítið er um formlegar reglur sem mæla fyrir um hvernig ráðherrar eiga að fara með vald forseta Íslands og bera ábyrgð á athöfnum hans eins og stjórnarskráin mælir fyrir um; ekki síst eftir að ólögbundin verkefni embættisins margfölduðust.

Í þessu ljósi sýnist því eðlilegast að settar verði lagareglur um þetta efni. Þær myndu eftir eðli máls einnig vera leiðbeinandi um hvernig haga á samskiptum forseta við erlend ríki. Í samræmi við formfasta og opna stjórnsýslu þarf lagareglur um að ágreiningsmál forseta og ráðherra eigi að staðreyna, skrá og útkljá í ríkisráði.

Siðareglur ætti síðan að vera næsta mál á dagskrá. Þær eiga að taka mið af þeim almennu réttarreglum sem settar verða um ábyrgð ráðherra á athöfnum forseta.

Valdsviði forseta og hlutverki verður hins vegar ekki raskað nema með breytingu á stjórnarskrá. Vinnuhópur rannsóknarnefndar bendir réttilega á að í það verk þarf að ráðast. Það er vandasamast og hangir saman við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem vinnuhópurinn telur einnig nauðsynlega í sérstöku áliti sínu um stjórnmálamenningu. Þessu verki þarf að ljúka fyrir næstu forsetakosningar. Það snýr að framtíð en ekki fortíð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Fyrsti útdráttur fer fram 11. maí

www.das.is




Fjórir á árinu

Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!



eða

14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

Milljónavinningar á árinu

10x6 milljónir

38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta
4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar
á árinu á tvöfaldan miða.
Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.




ÍSLENSKA/SIA.IS/DAS 49452 04/10

Aldraðir hafa átt allan okkar
stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði
kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

dregið viku-lega!
52 útdrættir á árinu!

HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

# Kæri Reykvíkingur

Borgarmál
Jón Gnarr
oddviti Besta flokksins

Ég stofnaði Besta flokkinn vegna þess að ég var orðinn leiður á hegðun og framkomu stjórnmálamanna í borginni og langaði að koma með athugasemd sem mark væri tekið á. Mig langaði að stríða þessu fólki, með því að draga upp afskræmda spegilmynd af því sjálfu. Ég var fyrir löngu orðinn þreyttur á að horfa uppá borgina mína drabbast niður. Ég var orðinn þreyttur á innantómum orðum, loforðum, valdabaráttu, yfirborðsmennsku og hroka. Ég fékk til liðs við mig fólk sem ég þekki og treysti. Viðbrögð kjósenda hafa svo sýnt okkur að við erum ekki ein á báti. Fólk er bara búið að fá nóg. Sá mikli stuðningur sem framboðið hefur fengið kom mér töluvert á óvart og mér finnst það því skylda mín að útskýra mál betur fyrir fólki. Ef það er vilji kjósenda þá erum við til í að gera okkar besta.

**Reykjavík er orðin leiðinleg borg**

Ég hef búið í Reykjavík alla mína ævi og í flestum hverfum. Ég þekki borgina. Hún er hluti af því hver ég er. Mér finnst Reykjavík orðin leiðinleg borg og mér finnst það vera stjórnmálamönnum að kenna, viðhorfum þeirra og athöfnum. Mér sýnast þeir líka meira uppteknir af sjálfum sér og hver öðrum en þeim verkefnum sem þeir voru ráðnir til að leysa.

Mig langar að búa í skemmtilegri borg sem er gaman að vera í. Ég vil geta sent börnin mín út án þess að vera hræddur um að það verði keyrt á þau. Ég vil að fjölskyldur hafi aðgang að skemmtilegum útivistarsvæðum þar sem eitthvert líf er. Hljómskálagarðurinn og Miklatún bjóða uppá mikla möguleika sem eru vannýttir. Þessi svæði eru ekki einu sinni girt af þótt í kring séu stórar umferðargötur. Afþreying fyrir börn er í skammarlegu lágmarki. Í Hljómskálagarðinum t.d. er einn forljótur og útkrotaður kofi og kassabíll. Þetta minnir á úthverfi í útlöndum en ekki lystigarð í miðborg. Engin merki um frumkvæði eða sköpun.

**Getum við virkilega ekki gert betur?**

Sama má segja um Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn. Hann hefur lítið sem ekkert breyst frá því hann var opnaður. Þar er mikill metnaður meðal starfsfólks en áhugaleysi ráðamanna lamar hann. Ég vil endurskipuleggja garðinn og tengja hann betur skólakerfinu. Ég vil fá ísbjörn þangað. Hann hefði mikið aðdráttarafl og mundi jafnvel vekja heimsathygli. Ég vil koma lagi á samgöngur í borginni og endurhugsa strætisvagnakerfið. Ég vil skoða möguleika á að rafbílavæða samgöngukerfið. Við eigum raforkuframleiðslufyrirtæki og tilvalið að nota það. Fulltrúi samgöngumála fyrir hönd Besta flokksins er rithöfundurinn Sjón. Hann hefur aldrei tekið bílpróf og þekkir þessi mál því mjög vel.

**Fallegan miðbæ, styttur og fjölmenningu**

Miðbærinn er öllum Reykvíkingum kær. Þar slær hjarta borgarinnar. Hann líður nú fyrir það stjórnleysi sem hér hefur ríkt árum saman. Forljótar aspir spretta eins og illgresi um allt. Hús eru endurbyggð en enginn veit hvað á að vera í þeim. Hér mætti tína endalaust til. Hver er t.d. tilgangurinn með hinu risavaxna graskeri á Lækjartorgi? Ég vil flytja húsin í Árbæjarsafninu aftur í miðbæinn og fylla þau af lífi. Ég vil gera miðborgina skemmtilega. Ég vil láta gera styttur af kynlegum kvistum sem settu svip sinn á bæinn hér á árum áður. Ég vil styttu af Ástu Sigurðardóttur en líka af Báru sem kennd var við bleikt. Ég vil gera minnismerki til heiðurs nunnunum í Landakoti sem reistu hér fyrsta spítalann, björguðu þúsundum mannslífa en hafa aldrei fengið neina þökk fyrir.

Fulltrúi okkar í skipulagsmálum er Páll Hjaltason arkitekt.

Reykjavík getur orðið skemmtilegasta borg í heimi. Hugmyndafræði stjórnmálaflokkanna er stöðnuð. Hér vantar skapandi hugsun. Hana hafa þeir ekki. Kærleikur er ekki bara orð heldur miklu frekar verk. Það skiptir engu máli hvað þú segir ef þú gerir ekki neitt.

Greinin birtist í fullri lengd á heimasíðu okkar bestiflokkurinn.is. Þar er líka hægt að styrkja okkur. Við trúum að það sem við séum að gera sé til góðs. Kær kveðja.





# Opið hús

## í Kórnum, Hörðuvallaskóla og í Boðaþingi

**Opið hús verður í dag, 1. maí, í Kórnum, Hörðuvallaskóla og í Boðaþingi. Kópavogsbúar eru hvattir til að kynna sér ný mannvirki, aðstöðu og þjónustu á þessum stöðum.**

1 **Hörðuvallaskóli** – Baugakór 38
Opið hús frá kl. **13.00** til **15.00** þar sem nýr fullbúinn skóli verður til sýnis. Á þessu skólaári bætast við alls tíu almennar kennslustofur, textílmenntastofa, sérkennslustofa, vinnuherbergi kennara og aðstaða fyrir dægradvölina.

2 **Kórinn** – Vallakór 12
Opið hús frá kl. **13.00** til **16.00** þar sem Kópavogsbúum gefst kostur á að kynna sér hina nýju og glæsilegu íþróttaaðstöðu. Kl. 16.00 hefst svo úrslitaleikur í Kórnum í deildarbikarkeppninni milli Breiðabliks og KR.

3 **Þjónustumiðstöð í Boðaþingi** – Boðaþingi 9
Opið hús frá kl. **13.00** til **16.00**. Í þessari nýju þjónustumiðstöð verður fjölþætt þjónusta og félagsheimili fyrir eldri borgara. Í tilefni dagsins verður boðið upp á kaffi og vöfflur og margvíslegt félagsstarf eldri borgara verður kynnt.

**Allir velkomnir!**


# Ó, borg, mín borg

Borgarmál
Jón Karl Ólafsson
frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Eitt er víst í lífinu, að tíminn líður og nú er enn einu sinni komið að því, að kjósa til sveitarstjórnar í landinu. Kosningar nú fara fram í skugga einnar verstu kreppu sem riðið hefur yfir heiminn, með gríðarlegum áhrifum hér á landi sem annars staðar.

Við höfum í raun þurft að endurmeta alla hluti í okkar efnahags- og viðskiptalífi. Reykjavíkurborg hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum, enda hafa vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikar í rekstri fyrirtækja mikil áhrif á tekjur og afkomu borgarinnar. Núverandi meirihluti hefur gengið til verka af festu og öryggi. Skattar hafa ekki verið hækkaðir í borginni, heldur hefur verið farið í að endurmeta þjónustu með það að leiðarljósi, að ná niður kostnaði, með sem minnstum áhrifum á þjónustu við borgarbúa. Mikill árangur hefur náðst í að hagræða í rekstri og fjárhagsstaða borgarinnar er sterk, þrátt fyrir lækkandi tekjur.

Þetta er nokkuð ólíkt þeim leiðum sem núverandi ríkisstjórn hefur farið, þar sem skattahækkanir hafa skollið á okkur sem aldrei fyrr. Það er einfaldlega staðreynd, að það hefur aldrei gengið að snúa kreppu við með skattahækkunum. Það verður að fá hjólin til að snúast aftur og hvetja fólk til dáða. Slíkt næst ekki með skattahækkunum og vaxandi forsjárhyggju hins opinbera. Við verðum að verjast því að fá vinnubrögð ríkisstjórnarinnar inn í rekstur borgarinnar okkar.

Síðasta kjörtímabil var um margt mjög sérstakt í Reykjavík. Meirihlutaskipti voru tíð í upphafi tímabils, með tilheyrandi óvissu og oft nokkuð sérstökum uppákomum. Sem betur fer náðist stöðugleiki með myndun núverandi meirihluta. Undir stjórn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra, hefur vinnubrögðum í borginni verið gjörbreytt.

Samvinna hefur verið aukin á öllum sviðum, bæði við starfsmenn borgarinnar, sem og fulltrúa minnihlutans í borgarstjórn. Menn hafa náð saman um að vinna að því sem allir geta verið nær sammála um, í stað þess að leggja áherslu á þau málefni sem ósamstaða er um. Það er ljóst að þessi samvinna hefur átt mikinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur í rekstri borgarinnar. Það er einnig ljóst, að kjósendur kunna að meta þessa staðreynd, eins og fram kemur í niðurstöðum skoðanakannana um fylgi Hönnu Birnu til áframhaldandi starfa sem borgarstjóri.

Margir eru orðnir langþreyttir á pólitísku þrasi og það sést greinilega að áhugi á stjórnmálum og trú á stjórnmálamönnum hefur sjaldan verið minni. Við megum ekki láta atburði síðustu mánaða draga úr okkur mátt. Það erum jú við sem veljum þá fulltrúa til forystu, sem fara með mál okkar.

Það er gríðarlega mikilvægt að stöðugleiki ríki áfram við stjórn borgarinnar okkar. Það er enn mikilvægara, að við höfum áfram við stjórn aðila sem framkvæma og koma hlutum áfram.

Við þurfum ekki stjórnendur sem tala mikið en segja lítið. Við verðum að kynna okkur málefnin, taka afstöðu og að sjálfsögðu að mæta síðan á kjörstað og kjósa. Vinnum saman að því að tryggja áfram framfarir í borginni okkar.


sumarferdir.is
SUMARTILBOÐ
5 stjörnu lúxus í Portúgal
Hálft fæði innifalið og drykkir!
CS San Rafael Hotel
Glænýtt sannkallað lúxushótel við São Rafael ströndina nærri Albufeira í Portúgal. Hótelið er hannað fyrir nútímafólk, með einstaklega fallegum herbergjum og svítum, glæsilegum veitingastöðum og framúrskarandi heilsulind.
frá 126.400 kr.*
verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu með HÁLFU FÆÐI OG DRYKKJUM.
Brottfarir 17. og 24. júní.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með hálfu fæði og innlendum drykkjum með mat.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.








# Nýja Þjóðhagsstofnun

Efnahagsmál




Robert Wade
prófessor í hagfræði við London School of Economics


Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um efnahagshrunið leiðir í ljós undarlegt ósamræmi á „vitneskju“ um stöðugleika íslenska fjármálakerfisins árin fram að hruni. Svo virðist sem tveir mjög ólíkir skólar hafi verið uppi á sama tíma; annar öruggur og bjartsýnn, hinn uggandi og svartsýnn.

Stjórnmálamenn og stofnanir, sem áttu mikið undir því að halda bólunni gangandi gáfu hins vegar eingöngu örugga og bjartsýna skólanum gaum, en hunsuðu hinn. Þetta var hægt meðal annars vegna þess að á Íslandi var engin stofnun sem gat séð mönnum fyrir hlutlægum upplýsingum og niðurstöðum um efnahagsstöðugleika (stofnun á borð við Þjóðhagsstofnun í Bretlandi (e. Institute for Fiscal Studies in Britain). Einn af lærdómum hrunsins er að slíka stofnun þarf að setja á laggirnar, stofnun á borð við gömlu Þjóðhagsstofnun. Æðstu ráðamann lögðu hana niður á sínum tíma einmitt vegna þess að þeir kærðu sig ekki um varlegar og hlutlægar ályktanir hennar um stöðu og horfur í efnahagsmálum.

### Pantaðar niðurstöður

Þeir sem höfðu pólitískan eða fjárhagslegan hag af því að halda bólunni gangandi sýndu aðdáunarverða hæfni í að vinna stjórnmálamenn og fjölmiðla á sitt band. Viðskiptaráð Íslands skiptir lykilmáli í þessu sambandi. Það fékk til dæmis bandaríska hagfræðinginn Frederik Mishkin til að styðja rýra skýrslu eftir Tryggva Þór Herbertsson, sem nefnist Fjármálastöðugleiki á Íslandi (2006) (Financial Stability in Iceland). Helstu niðurstöður hennar voru að fjármálakerfið á Íslandi hafi verið stöðugt árið 2006.

Viðskiptaráð greiddi Mishkin 135.000 dollara (9,7 milljónir króna miðað við gengi 2006) fyrir að leggja nafn sitt við skýrsluna (samkvæmt The Wall Street Journal). Það er vel yfir árslaunum margra háskólaprófessora. Enn athyglisverðara er að Mishkin breytti síðar titli skýrslunnar á heimasíðu sinni, að því er fram kemur í rannsóknarskýrslunni; nú heitir hún Fjármálaóstöðugleiki á Íslandi (e. Financial Instability in Iceland).

Árið eftir, 2007, réð Viðskiptaráð breska hagfræðinginn Richard Portes til að vinna ásamt Friðrik Má Baldurssyni aðra ítarlega skýrslu, þar sem niðurstaðan var líka sú að fjármálakerfið á Íslandi væri í raun stöðugt. Portes og Friðrik skrifuðu skýrsluna á sama tíma og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lét vinna skýrslu þar sem niðurstaðan var önnur. Í drögum að henni sagði meðal annars að „ójafnvægið á Íslandi er sláandi“.

### Litið framhjá grundvallaratriðum

Skýrsla Portes og Friðriks kom lítið inn á getu Seðlabankans til að vera lánveitandi til þrautavara fyrir bankana; hagfræðinemi fengi falleinkunn fyrir að gera slíka grundvallaryfirsjón. Ef skýrslan hefði fjallað um getu Seðlabankans til að vera lánveitandi til þrautavara hefði niðurstaðan ekki getað orðið önnur en sú að fjármálakerfið væri mjög óstöðugt og í brýnni þörf fyrir leiðréttingu. Það var hins vegar ekki niðurstaðan sem Viðskiptaráð greiddi skýrsluhöfundum háar upphæðir til að komast að. Portes fékk 58.000 pund (7,2 milljónir króna miðað við gengi 2007) í laun, litlu minna en Mishkin árið áður (samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis). Það er álíka mikið og árslaun aðstoðarprófessors við breskan háskóla.

Framámenn í pólitíkinni hafa sagt mér að þeir hafi gripið skýrslur á borð við þessar á lofti og sagt: „Ég er ekki vel að mér í þessum málum. Þetta eru sérfræðingar. Ef þeir segja að kerfið sé traust er rétt að taka mark á því.“

Þessir sömu stjórnmálamenn vissu varla af hinum skólanum, þeim svartsýna, sem á sama tíma komst að gjörólíkri niðurstöðu. Í þeim flokki var skýrsla Danske Bank árið 2006 og skýrsla AGS 2007, sem og greinar eftir ýmsa íslenska hagfræðinga og viðræður við Robert Aliber, þekktan sérfræðing á sviði fjármálakreppna. Aliber sagði jafnvel á opnum fyrirlestri síðla árs 2007 að hann teldi að Ísland myndi lenda í alvarlegri kreppu innan við árs. Aliber og Gylfi Zoëga hafa tekið margar af þessum greinum saman og verða þær gefnar út í bók sem nefnist Preludes to the Icelandic Financial Collapse (Palgrave, London).

Fyrir þá sem þekkja til voru líka fleiri blikur á lofti, til dæmis aðgengileg gögn á heimasíðum bankanna og Seðlabankans. Snemma árs 2008 leit þekktur erlendur hagfræðingur, sem þekkti lítið til á Íslandi, á heimasíður bankanna og var ekki lengi að komast að þeirri niðurstöðu að íslenska fjármálakerfið væri tifandi tímasprengja.

Breskur vogunarsjóður í London gerði sína eigin úttekt á íslenska fjármálakerfinu. Sjóðurinn hafði samband við Portes snemma árið 2008 og spurði hann hvernig gæti litið framhjá svo mörgum misvísandi upplýsingum. Portes brást við með því að saka sjóðinn um að óhróðursherferð í þeim tilgangi að valda usla og græða á því. Hann fordæmdi sjóðinn við bresk og íslensk yfirvöld.

> Ef skýrslan hefði fjallað um getu Seðlabankans til að vera lánveitandi til þrautavara hefði niðurstaðan ekki getað orðið önnur en sú að fjármálakerfið væri mjög óstöðugt og í brýnni þörf fyrir leiðréttingu.

### Má ekki endurtaka sig

Tilgangurinn með því að rifja þessa atburðarás upp er til að undarstrika þörfina á óháðri stofnun, sem safnar saman og túlkar upplýsingar á hlutlægan hátt, kemur þeim á framfæri og heldur reglulega fundi með ríkisstjórninni. Þetta væri stórt skref í átt að því að tryggja að stjórnmálamenn, seðlabankastjórar og eftirlitsaðilar geti aldrei aftur hreinlega hunsað hættumerki og hlustað eingöngu á „sérfræðinga“ sem komast að þægilegum niðurstöðum; „sérfræðinga“ sem hafa jafnvel þegið fúlgur fjár til að segja það sem þeir segja, án þess að þeir sem þiggja ráð þeirra viti af því.

Það skiptir sköpum fyrir sjálfstæði þessarar stofnunar að hún sé vel mönnuð og fjármögnuð. Þjóðhagsstofnun var lögð niður meðal annars af þeim ástæðum að greiningardeildir bankanna gætu veitt áreiðanlegri upplýsingar, sem og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Eftir á að hyggja kemur ekki á óvart að niðurstöður þessara stofnana voru einatt jákvæðar. Greiningardeildirnar sögðu það sem launagreiðendur þeirra vildu heyra og árum saman var forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands enginn annar en meðhöfundur Frederiks Mishkin.

# Baráttudagur verkafólks

1. maí




Sóley Tómasdóttir
oddviti VG í Reykjavík


Í dag er 1. maí. Dagur sem helgaður er baráttu verkafólks fyrir bættum kjörum og vinnuaðstæðum. Dagur samstöðu.

Öll hljótum við að vilja samfélag þar sem fólk hefur í sig og á, þar sem fjölskyldur geta notið þess að vera saman, þar sem foreldrar geta verið með börnunum sínum eftir fæðingu og þar sem fólk getur hvílt sig og notið lífsins. Öll viljum við samfélag þar sem börn njóta réttarins til samvistar við foreldra sína, innihaldsríks skóladags og sjálfsagðra lífsgæða. Öll hljótum við líka að vilja samfélag þar sem fólki líður vel í vinnunni sinni, nýtur virðingar og fær sanngjörn laun. Öll viljum við eldast með reisn og njóta lífeyris sem dekkar mannsæmandi líf. Þó margt hafi áunnist er enn langt í land.

Óútskýrður launamunur kynjanna stendur í stað. Lágmarkslaun eru allt of lág, vinnuvikan of löng, atvinnuleysi of mikið og allt of margir hafa tekið á sig kjaraskerðingar í kjölfar efnahagshrunsins. Það skýtur skökku við að þetta séu afleiðingar hins gengdarlausa góðæris – að réttindum hafi verið fórnað fyrir forréttindi. Sameiginlegir sjóðir voru tæmdir í nafni frjáls- og einstaklingshyggju, skammtímagróða og áhættufíknar. Allt hefur þetta gríðarleg áhrif á líf og líðan fólksins í landinu og því er brýnt að tekið verði á málum af skörugleik.

Á sama tíma getum við þakkað fyrir margt. Fyrst og fremst eigum við að vera þakklát fyrirrennurum okkar, fólkinu sem barðist fyrir launum og réttindum sem þykja sjálfsögð í dag. Fólkinu sem stofnaði verkalýðsfélögin, sem benti á misréttið, sem barðist og breytti. Þetta er fólkið sem við eigum að taka okkur til fyrirmyndar, fólk með eldheitar hugsjónir og kraft til að fylgja þeim eftir af einurð. Við eigum að verða komandi kynslóðum sambærilegar fyrirmyndir, vera kjörkuð og kraftmikil, benda á það sem má bæta og laga það sem hægt er að laga.

Verkalýðsbaráttan líður aldrei undir lok. Hennar vegna eru núverandi réttindi til staðar og hennar vegna verða framfarir. Ekki bara fyrir einstaklinga eða stéttir – heldur fyrir samfélagið allt. Gangan hefst í dag kl. 13.00 frá Hlemmi. Stöndum saman, göngum saman og vinnum saman að bættu samfélagi.

# Hvers vegna?




Á meðan forráðamenn sumra félaga verja skattfríðindi sinna félagsmanna í dagpeningaformi með kjafti og klóm, ræðst ríkisstjórnin á sjómannaafsláttinn, eftir ábendingar þar um frá þessu góða fólki!

**Þessari aðför að sjómönnum mótmælum við!**

**SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR**

Hafnargötu 9 - 240 Grindavík - Sími: 426 8400 – Fax: 426 8405 – Netfang: svgrindavik@gmail.com - www.svg.is

# Atvinnustefna jafnaðarmanna

Atvinnumál



Óskar Bergsson
formaður borgarráðs

Í Fréttablaðinu á þriðjudag skrifar Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, um kosningastefnuskrá síns flokks fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Þar er tekið fram að hornsteinn jafnaðarstefnunnar sé baráttan fyrir fullri atvinnu. Satt best að segja vissi ég ekki af þessum hornsteini jafnaðarmanna fyrr en núna þar sem hornsteinn jafnaðarstefnunnar fram að þessu hefur verið jöfnun lífskjara. Hins vegar er krafan um atvinnu fyrir alla, einn af hornsteinum framsóknarstefnunnar og hefur sá flokkur stundum fengið á baukinn frá jafnaðarmönnum fyrir of róttæka atvinnustefnu.

Ef stjórnmálasaga síðustu 50 ára er skoðuð með tilliti til atvinnuleysis þá kemur í ljós að íslenska þjóðin hefur aldrei búið við atvinnuleysi nema þegar jafnaðarmenn eru í ríkisstjórn. Fyrst í Viðreisnarstjórninni á sjötta áratugnum, síðan í Viðeyjarstjórninni á tíunda áratugnum og svo núna undir forystu Samfylkingarinnar. Í tveimur af þessum þremur tilvikum hafa jafnaðarmenn hrökklast frá völdum vegna samdráttar og atvinnuleysis og sennilega verður það líka raunin nú. Í ljósi sögunnar og þess sem við er að glíma er holur hljómur í því þegar varaformaður Samfylkingarinnar vill taka ábyrgð atvinnuleysis frá ríkisstjórninni og yfirfæra á borgarstjórn Reykjavíkur þar sem hann er oddviti stærsta minnihlutaflokksins. Ríkisstjórnin sem Dagur B Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, tók þátt í að mynda virðist ekki með nokkru móti ná að móta tillögur sem örva atvinnulífið og því er þetta atvinnulífstal þeirra fyrir borgarstjórnarkosningarnar í hæsta máta ótrúverðugt. Því miður. Úr því að Samfylkingin vill fara í samanburð milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um aðgerðir gegn atvinnuleysi, þá er því fyrst til að svara að Reykjavíkurborg og Orkuveita hafa verið í framkvæmdum fyrir u.þ.b. 30 milljarða á ári á árunum 2009 og 2010. Ríkið hefur framkvæmt á sama tíma fyrir u.þ.b. 10 milljarða á ári, þrátt fyrir að vera margfalt stærra hagkerfi. Það er því nokkuð bratt að hætta sér útá þann ís að kalla atvinnustefnu borgarinnar afskiptaleysisstefnu þegar tölurnar sýna að borgin veitir margfalt meiri fjármunum til framkvæmda, en ríkisstjórnin sem Dagur sjálfur tók þátt í mynda. Samfylkingin verður líka að svara því fyrir sig hvort skattahækkanir ríkisstjórnarinnar glæði atvinnulífið og vinni gegn atvinnuleysi? Reykjavíkurborg hefur ekki hækkað skatta eftir að erfiðleikarnir dundu yfir.

> Ef stjórnmálasaga síðustu 50 ára er skoðuð með tilliti til atvinnuleysis þá kemur í ljós að íslenska þjóðin hefur aldrei búið við atvinnuleysi nema þegar jafnaðarmenn eru í ríkisstjórn.

Atvinnumálin hafa verið rauði þráðurinn í starfi borgarstjórnar á seinni hluta kjörtímabilsins. Við höfum unnið eftir þverpólitískri aðgerðaráætlun sem hefur skilað okkur öllum góðum árangri. Samfylkingin á vissulega sinn þátt í þessari góðu samvinnu og því kemur það á óvart að oddviti þeirra geri lítið úr árangri þverpólitískrar vinnu og boði fagnaðarerindið sjálfum sér og flokki sínum til dýrðar, eins og borgarstjórn hafi ekkert gert í málinu fram að þessu.

Um hugmyndir Dags og félaga um sérstakan hagvöxt í Reykjavík óháð hagvexti í landinu er einhver fífldjarfasta tilraun sem um getur til að yfirfæra eigið aðgerðarleysi yfir á aðra. Ekki síst í ljósi þess að Samfylkingin ber ábyrgð á hagstjórn landsins um þessar mundir.

*4% barna fötluð eða langveik*

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri sem nema vegna 100% örorku tæpum 140 þúsundum króna á mánuði (nóvember 2009). Fyrir það fé er ungu fólki ætlað að koma sér þaki yfir höfuðið og lifa sjálfstæðu lífi það sem eftir er ævinnar. Það gefur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á fótum í fjárhagslegu tilliti eru engir. Við áfall sem leiðir til blasir ávallt við nýr raunverule barn eða ungmenni í hlut, fjölskyldan öll frammi fyrir verkefnum og álagi. Fjármál he eru þar engin undantekning.




# Ekki gott að búa í Kópavogi fyrir blinda

Aðgengi fatlaðra



Kristinn Halldór Einarsson
formaður Blindrafélagsins

Á höfuðborgarsvæðinu er búsettir um 470 einstaklingar sem eru lögblindir (minna en 10% sjón). Fjölmennastir í þessum hópi eru eldri borgarar. Í þessum hópi eru einstaklingar á virkum vinnualdri sem hafa fulla starfsorku og vilja vera virkir í samfélaginu. Algeng orsök þess að blindum og sjónskertum einstaklingum tekst ekki að vera samfélagslega virkir, er einangrun sem hlýst af því að geta ekki keyrt bifreið eða notað strætisvagna og komist þannig leiðar sinnar á sjálfstæðan máta.

Af þeim 470 lögblindu einstaklingum sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu eiga 411 kost á akstursþjónustu með leigubílum, samkvæmt samningum milli Blindrafélagsins, Hreyfils og viðkomandi sveitarfélags, sem sérstaklega eru sniðnir að þörfum blindra og sjónskertra einstaklinga. Af þeim 59 sem ekki eiga kost á þess konar akstursþjónustu, er 51 búsettur í Kópavogi, eða tæp 90%. Þessi akstursþjónusta hefur gefist einstaklega vel og reynst mjög hagkvæm.

Nú er það svo að Ferðaþjónusta fatlaðra, sem er valkostur sem Kópavogsbær býður blindum og sjónskertum, er mjög takmarkandi þjónustuúrræði sem engan veginn svarar þörfum allra einstaklinga sem vilja vera virkir í samfélaginu. Þjónustustig Ferðaþjónustu fatlaðra er einfaldlega ekki ásættanlegt í mörgum tilvikum, þó að í öðrum sé það vissulega fullnægjandi. Þarfir einstaklinganna eru mismunandi og ekki er með neinu móti hægt að alhæfa að allir, sem þurfa á aksturs- og ferðaþjónustu að halda, hafi sömu þjónustuþörf.

Mikilvægast er að þjónustan sé skipulögð og veitt út frá þörfum þeirra sem eiga að nýta sér þjónustuna en ekki þeirra sem veita hana.

Í lögum nr 52 frá 1992 um málefni fatlaðra er fjallað um ferðaþjónustu við fatlaða segir m.a.:

„35. gr. Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra…“

Í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, sem íslenska ríkisstjórnin hefur skrifað undir, er fjallað um ferðaþjónustu við fatlaða. Þar segir:

„20. gr. Ferlimál einstaklinga.

Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðra í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því:

a) að greiða fyrir því að fatlaðir geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, þeim hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi, …“

> Fyrir vikið eru lögblindir Kópavogsbúar mun verr settir á flest allan hátt en lögblindir einstaklingar sem búa í Reykjavík, og svo hefur verið lengi.

Með undirskrift ríkisstjórnar Íslands á Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er komin fram stefnumörkun stjórnvalda í málefnum fatlaðra.

Sé tekið mið af lögblindum einstaklingum í Kópavogi, sem ég þekki persónulega til, þá get ég sagt með fullri vissu, að sú ferðaþjónusta sem stendur þeim til boða, er ekki að mæta þörfum þeirra og gera þeim kleift að stunda atvinnu eða nám og njóta tómstunda, eins og kveðið er á um í 35. grein laga um málefni fatlaðra, svo ekki sé nú minnst á ákvæði 20. greinar í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra. Fyrir vikið eru lögblindir Kópavogsbúar mun verr settir á flest allan hátt en lögblindir einstaklingar sem búa í Reykjavík, og svo hefur verið lengi.

Með þessu opna bréfi, óska ég eftir því við forystumenn stjórnmálaflokkanna í Kópavogi, að þeir svari því hvort þeir séu tilbúnir til að tryggja, að blindum og sjónskertum Kópavogsbúum, verði tryggð þjónusta sem mætir þörfum þeirra og er í samræmi lög, gildandi sáttmála, nútímakröfur og sambærileg þeirri þjónustu sem aðrir blindir og sjónskertir íbúar höfuðborgarsvæðisins njóta.

# Siðfræðikennsla í rúm 20 ár

Siðfræði



Jóhann Björnsson
kennari og stjórnarmaður í Siðmennt

Í kjölfar rannsóknarskýrslu Alþingis hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að efla hlut gagnrýninnar hugsunar og siðfræði í skólum landsins og samfélaginu almennt. Svo sannarlega er kominn tími til og sætir það furðu hversu yfirvöld menntamála hafa sofið á verðinum alla tíð. Ekki eru þetta þó nýjar uppgötvanir fyrir alla. Frá árinu 1989 hefur Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi lagt megináherslu á kennslu siðfræði og gagnrýninnar hugsunar á undirbúningsnámskeiðum sínum fyrir borgaralega fermingu, en alls hafa tæplega 1500 ungmenni sótt námskeið Siðmenntar.

Siðmennt hefur margoft bent yfirvöldum menntamála á mikilvægi gagnrýninnar hugsunar og siðfræði í skólastarfi en því miður iðulega talað fyrir daufum eyrum ráðamanna. Einnig hefur félagið margoft komið með ábendingar um það sem betur má fara og lýtur beinlínis að mannréttindum. Fyrir rúmu ári síðan sendi félagið erindi til menntamálaráðherra þar sem ráðherrann er hvattur til þess að grípa til aðgerða til að rétta hlut þeirra fjölskyldna sem beittar eru ranglæti í skólum landsins vegna trúar- eða lífsskoðana sinna. Skólastjórnendur virðast mega gera nánast hvað sem er í skólum landsins án þess að nokkur gagnrýnin hugsun komi þar nærri og án þess að yfirvöld menntamála hafi á því nokkra skoðun. Eflaust kallast þetta í ráðuneytinu frelsi eða sjálfstæði skóla, en er í raun ekkert annað en skeytingarleysi gagnvart því sem erlendis hefur verið talið til mannréttindamála. Þetta er sambærileg vitleysa og viðgekkst á milli stjórnvalda og fjármálaheimsins þar sem frelsi þýddi í raun ekkert annað en skeytingarleysi.

Staðfesting á slíku skeytingarleysi af hálfu ráðuneytisins um starfsemi skólanna barst síðan félaginu sem svar við erindinu sem áður er greint frá, en þar segir m.a. að dregist hafi að svara erindinu vegna anna.

Mannréttindamálin frestast vegna anna í heilt ár! Og svo er talað um skort á siðferðilegri ábyrgð á Íslandi. Hverjar eru fyrirmyndirnar ef ekki stjórnvöld á hverjum tíma?

Ég lýsi eftir pólitískri ábyrgð, siðferðilegum heilindum gagnvart þeim sem í hlut eiga og ríkari áhuga á mannréttindamálum í ráðuneyti menntamála í stað skeytingarleysis.




# Nýja Fjölnismenn

**Íslenskt mál**

Júlíus Sólnes
prófessor emeritus við Háskóla Íslands



Við lestur skýrslunnar frægu vekur sérstaka athygli nákvæm endurskrift þess sem haft er eftir hinum fjölmörgu, er komu til viðtals eða yfirheyrslu. Ekki eingöngu vegna þess sem þar kemur fram, heldur miklu fremur fyrir þær sakir, að fæstir viðmælenda virðast talandi á íslenzka tungu. Sú ákvörðun rannsóknarnefndarinnar að birta svör þeirra óbreytt er eðlileg og sjálfsögð, en þar með gefst tækifæri til að velta fyrir sér málfari þeirra áhrifamanna í íslenzku þjóðfélagi sem koma við sögu í bankahruninu. Málvillur, ambögur, óþarfar enskuslettur og orðið „hérna“ sem kemur fyrir í öðru hverju orði, segir okkur, að þeir tala vart íslenzku, heldur eitthvert skylt hrognamál.

Því miður er þetta ekkert einsdæmi. Það þarf ekki annað en leggja við hlustir, þegar fólk kemur fram í útvarpi eða sjónvarpi. Það er eins og fáir kunni eða nenni lengur að tala móðurmálið. Málvillur vaða uppi. Nú fara allir erlendis. Það var lamið inn í okkur krakkana í skóla á Akureyri fyrir 60 árum, að erlendis táknaði dvöl. Þú getur hins vegar farið til útlanda. Fólk verzlar hluti í staðinn fyrir að kaupa þá. Og eintöluorðið verð er notað í fleirtölu eins og ekkert sé. Enskuskotið mál sífellt algengara. Allir fókúsera á eitthvað í staðinn fyrir að einbeita sér að einhverju. Ensk þolmynd ryðst fram. Verk er unnið af einhverjum í staðinn fyrir, að einhver vinni verkið. Enskur lýsingarháttur nútíðar læðist hratt inn í málið. Fólk segir: Ég er ekki að skilja þetta (I am not understanding this) í staðinn fyrir, ég skil þetta ekki. Það er meira að segja ekki lengur hægt að treysta fréttastofu útvarpsins. En sú var tíð, að fréttir hennar voru fluttar á næstum lýtalausri íslenzku. Nýlega heyrðist talað um mikið tjón „beggja megin“ landamæranna í umfjöllun um jarðskjálfta í norðurhluta Mexíkó. Og svona mætti lengi telja. Skólabróðir minn, Njörður P. Njarðvík, deilir áhyggjum mínum og óttast, að eftir eina til tvær kynslóðir verði íslenzkan komin í sama far og hin Norðurlandamálin, gamla norræna beygingarkerfið horfið og einhvers konar enskuskotin mállýska komin í staðinn. Þó eru skemmtilegar undantekningar á slæmu málfari landans. Það vermdi hjartarætur að hlusta á ungan dreng sem kom fram í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum vikum. Hann bjó hjá afa sínum og ömmu rétt fyrir utan Selfoss og sagði frá áhugamálum sínum. Þessi níu eða tíu ára drengur talaði fallega íslenzku, eins og hún hljómar bezt.

Hverjum er um að kenna, að málið er á leið til fjandans? Menntamálaráðuneytið hlýtur að bera höfuðábyrgð á þessari þróun, ráðherrarnir og forvígismenn þeirrar menntastefnu sem hér hefur verið við lýði. Verulega hefur verið dregið úr íslenzkukennslu í skólum og vafasamt, að íslenzkukennarar kunni málið nógu vel til að geta miðlað því til barnanna. Að minnsta kosti hljómaði það ekki vel að hlusta á ungan kennara segja í útvarpsþætti, að henni þætti „ógeðslega“ gaman að kenna. Ég veit að meiri hluti þeirra sem lesa þennan pistil, munu hugsa: „er nú einn málvöndunarfasistinn að nöldra yfir málfari manna.“ Sannleikurinn er sá, að öllum virðist standa á sama. Málvísindamenn í Háskóla Íslands tala fjálglega um, að málið sé í stöðugri þróun. Þess vegna geri ekkert til, þótt beygingarkerfið sé á hröðu undanhaldi og alls kyns ambögur haldi innreið sína. Þessari skoðun deila starfsbræður þeirra í spænskumælandi löndum ekki. Þar er staðinn vörður um tungumálið og þess til dæmis gætt, að áhrif ensku verði sem minnst. Alltof margir íslenzkir rithöfundar skrifa bækur sínar á leiðinlegu enskuskotnu máli og leggja sig fram um að nota sem mest ljótt götumál (þeir ættu að taka sig til og lesa barnabækurnar Álfinn álfakonung og Dísu ljósálf til að kynnast fallega rituðu máli). Spænskir rithöfundar virðast hins vegar leggja metnað sinn í að skrifa góða texta. Þannig eru til dæmis bækur Isabel Allende ritaðar á gullaldarspænsku. Í heilli bók hennar er varla hægt að finna eitt einasta erlent slanguryrði.

Undir lok átjándu aldar var íslenzkan orðin mjög lúin og dönskuskotin, þótt fólk í sveitum landsins hafi eflaust ennþá kunnað gamla góða málið. Að frumkvæði danska málfræðingsins Rasmusar Rasks hófu Fjölnismenn, með skáldið Jónas Hallgrímsson í farabroddi, að hreinsa málið og tókst að endurreisa það, svo að næstu hundrað árin eða fram yfir 1950 var hér töluð góð íslenzka. Með afnámi zetunnar upp úr 1970 og breyttri menntastefnu, þar sem réttritunaræfingar eru taldar af hinu illa, er eins og allt hafi farið úr böndum. Ef enginn tekur sig til, munum við glata íslenzkunni á nokkrum áratugum. Hvar eru nýir Fjölnismenn?

# Ég biðst afsökunar

**Hrunið**

Tómas Tómasson
tónlistarmaður



Ég undirritaður, Tómas Magnús Tómasson, bið alla Íslendinga, nær og fjær og annars staðar, afsökunar á mínum þætti í hljóðritun margra af verstu hljómplötum Íslands, sem leiddu síðar til almennrar hnignunar. Má með töluverðu ímyndunarafli og þó nokkrum skynvillum leiða djúp rök að því að þessi þáttur minn hafi beint eða óbeint leitt til ráðningar Davíðs Oddssonar sem seðlabankastjóra og síðar til hruns íslenzka bankakerfisins. Ég bið ykkur afsökunar.

Ég fagna útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, þykir þó furðu gegna að mitt nafn skuli hvergi að finna í skýrslunni svo himinhrópandi og áberandi sem minn þáttur í hruninu er. Ég kaus að tjá mig ekki mikið um gang mála á meðan vinna nefndarinnar stóð yfir en nú þegar henni er lokið tel ég rétt að gera grein fyrir mínum málum.

Ég get sjálfur haldið því fram að ég hafi á hverjum tíma tekið ákvarðanir sem ég taldi skynsamlegar og réttar og ég tel víst að ég hafi enga falska nótu slegið. En þegar ég lít í kringum mig og sé afleiðingar hrunsins þá get ég ekki varist sjálfsásökunum. Ég hefði átt að hafa skarpari dómgreind og ég hefði átt að hafa einbeittari vilja til að axla ríkari ábyrgð á hvert stefndi í íslenskum tónlistariðnaði.

Þegar bókin „100 bestu plötur Íslandssögunnar“ kom út, fyrir ekki svo ýkja löngu, var sem köld hönd gripi um iður mér við lestur hennar, því þar opinberast með skýrum hætti hversu ríkur minn þáttur í bankahruninu er. Ég biðst afsökunar á því að hafa spilað á öllum þessum plötum. Ég lét stjórnast af taumlausri græðgi. Engu öðru. Ég tók þátt í hverju vonlausu verkefninu á fætur öðru eingöngu með stundarhagsmuni mína, en ekki íslenzku þjóðarinnar, að leiðarljósi. Ég spilaði, ég söng, ég útsetti, ég pródúseraði hugsunarlaust, aðeins til að þjóna hinni óseðjandi græðgi sem knúði mig áfram, vakti mig á morgnana (ok, um hádegisbil), svæfði mig á kvöldin.

> Ég undirritaður, Tómas Magnús Tómasson, lofa því að hvorki spila, syngja, útsetja né pródúsera aftur nokkra einustu af þeim plötum sem ég veit að leiddu íslenzku þjóðina út á glötunarbrautarferlið. Þangað hélt þjóðin við undirleik minn. Það var ég sem sló taktinn.

Fyrst af öllu vil ég hér og nú gangast við augljósum mistökum mínum og biðjast afsökunar á þeim. Vissulega get ég gert athugasemdir við margt af því sem í skýrslunni stendur og að mér snýr og mun ég gera það á öðrum vettvangi. Ég er eins og að framan greinir, furðu lostinn að mitt nafn getur hvergi að líta í skýrslunni. Sú staðreynd er rannsóknarnefnd Alþingis til stóbrotins vanza.

Því verður ekki með orðum lýst hvernig mér líður vegna mistaka minna og afleiðinga þeirra. Þær yfirsjónir verða ekki aftur teknar. Við það verð ég að lifa. Fjármuni í felum á aflandseyjum á ég enga, er staurblankur eftir góðærispartíið. En ég heiti íslensku þjóðinni því að gera allt sem í mínu valdi stendur til að bæta fyrir mistök mín og leggja mitt af mörkum til að byggja Ísland upp að nýju.

Kæru landar, það verkefni sem bíður okkar er afgerandi samþætting dómgreindarleysisuppgjörs og axlasigs vegna ábyrgðarleysisskorts nú á þessum ögurstundartímum í sögu hinnar íslenzku þjóðar. Minn hlutur í þeirri samþættingaraðgerðaráætlun er afsökunarbeiðnisumleitan sem sett er fram í hjartasorgarfælni og hugarvílsástandisleysu. Ég undirritaður, Tómas Magnús Tómasson, lofa því að hvorki spila, syngja, útsetja né pródúsera aftur nokkra einustu af þeim plötum sem ég veit að leiddu íslenzku þjóðina út á glötunarbrautarferlið. Þangað hélt þjóðin við undirleik minn. Það var ég sem sló taktinn. Það er mín ábyrgð, það er minn harmur, það ör mun ég bera. Að minnsta kosti fram að 17. júní, eða jafnvel verzlunarmannahelgi.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Gerum kröfur okkar um réttlátara samfélag sýnilegar

Frídagur verkamanna

Árni Stefán Jónsson
formaður SFR - stéttarfélags í almannaþjónustu.



Árið 1923 var fyrst gengin kröfuganga á 1. maí á Íslandi og hefð er fyrir því að launafólk gangi þar undir rauðum fána og syngi alþjóðasöng verkalýðsins, Internasjónalinn. Upprunaleg merking þessara tákna er fyrst og fremst krafa um breytingar og réttlátara þjóðfélag. Rauði liturinn á fána verkalýðshreyfingarinnar táknar uppreisn gegn ranglæti. Hann þýðir að nú sé nóg komið, auk þess sem hann táknar dagrenningu. Merking táknanna og göngunnar sjálfrar er enn í dag sú sama, þó að nú gangi hvert félag undir sínum fána, og ekki séu þeir allir rauðir. Þátttaka launafólks í göngunni í ár er sérlega mikilvæg. Í henni getum við launafólk um land allt gert kröfur okkar um réttlátara þjóðfélag sýnilegar og veitt stjórnvöldum aðhald í uppbyggingu lands og þjóðar – látið rödd okkar heyrast.

**Hrunið og hrunadansinn**

Rannsóknarskýrsla Alþingis er loksins komin út eftir langa bið og er þjóðin líklega enn að melta hana og meðtaka. Almennt álit flestra er að skýrslan sé sérlega vel unnin og eru flestir fegnir því. Það eru ekki margir sem hafa í alvöru reynt að skrumskæla eða afneita efni hennar.

Stjórnmálamenn, viðskiptalífið og í raun þjóðin öll getur dregið mikinn lærdóm af hruninu og því sem við erum nú að ganga í gegnum. Í framhaldi þessa uppgjörs verður að gera stífa kröfu um að fram fari veruleg uppstokkun og breytingar verði gerðar á efnahagskerfinu. Einnig að þeir sem bera ábyrgð viðurkenni það og taki afleiðingunum.

Samtök opinberra starfsmanna hafa eins og aðrir rýnt í skýrsluna og reynt að draga út þá þætti sem höfða sérstaklega til þeirra. Við það hefur skipulag og starf stjórnsýslunnar borið nokkuð á góma, sem og þáttur þeirra lífeyrissjóða sem sérstaklega eru nefndir í skýrslunni. Nokkuð ljóst virðist að stjórnsýslan á Íslandi er veikburða, skipulag og starf ráðuneytanna veikt og þar vantar meiri fagmennsku. Það kallar á meiri mannskap, en það er í algjörri andstöðu við rök þeirra sem hafa viljað skera niður í stjórnsýslunni og opinberri þjónustu. Fagleg og sterk stjórnsýsla, ásamt skýru og nákvæmu regluverki, er sá boðskapur sem lesa má úr skýrslunni. Einnig er ljóst að fara þarf í uppstokkun og breytingar á löggjafar- og framkvæmdarvaldinu, ásamt því að skoða stöðu forsetaembættisins. Þá er afar brýnt að skilja löggjafar- og framkvæmdarvaldið að. Alþingi þarf að vera mun sjálfstæðara til að veita framkvæmdarvaldinu meira aðhald.

> Ljóst er að lífeyrissjóðirnir eins og margir aðrir verða að gera sér grein fyrir því að tími slíkra vinnubragða er liðinn. Stjórnir lífeyrissjóðanna verða að endurskoða vinnubrögð sín og taka mið af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið.

**Lífeyrissjóðirnir**

Í skýrslunni er fjallað um gjaldeyrisvarnir lífeyrissjóðanna. Án efa spyrja margir hvað það sé, en í stuttu máli og án þess að fara í djúpar skilgreiningar, þá eru gjaldeyrisvarnir það þegar gerðir eru framvirkir samningar til að verja eignir erlendis fyrir gengissveiflum. Rannsóknarnefndin gerir athugasemdir við þessa starfsemi og telur hana ekki eðlilega. Vitnað er í erlendan sérfræðing sem efnislega telur ekki rétt að lífeyrissjóðir, sem eru langtímafjárfestar, geri svona samninga og klykkir nefndin út með þeim orðum að „það sé umhugsunarvert að þeir þrír lífeyrissjóðir sem kannaðir voru hafi aukið varnir þegar krónan tók að veikjast sem bendir til þess að sjóðirnir, sem eiga að vera með langtímafjárfestingarmarkmið, hafi verið að vonast eftir skjótfengnum ágóða á gjaldeyrismarkaði“.

Ljóst er að lífeyrissjóðirnir eins og margir aðrir verða að gera sér grein fyrir því að tími slíkra vinnubragða er liðinn. Stjórnir lífeyrissjóðanna verða að endurskoða vinnubrögð sín og taka mið af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið. Þar verður að gera þá kröfu að ákveðnar aðgerðir og tímabil séu skoðuð nánar, en gagnrýni hefur komið fram um að dýpra þurfi að kafa við þá skoðun.

Vissulega er ákveðin vinna við endurskoðun þegar komin í gang, m.a. með skýrslu sem nefnd á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða gaf út í mars undir heitinu „Lærdómur lífeyrissjóða af hruninu 2008-2009“. Þar má sjá góðar ábendingar og tillögur um breytingar, sem vonandi komast í gagnið sem fyrst.

En betur má ef duga skal. Það þarf að vera metnaðarmál verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni að málefni lífeyrissjóðanna verði tekin rækilega til skoðunar því þar má engan skugga á bera. Niðurstöður slíkrar rannsóknar á ekki að hræðast heldur læra af þeim til að byggja betri sjóði til framtíðar.

Málþing um umhverfismál á Akureyri

**MARGT SMÁTT GERIR EITT STÓRT**

Hugsaðu hnattrænt og framkvæmdu heima fyrir
Staðsetning: Hótel KEA · 5. maí · kl. 14:00-16:30

**Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri, í samstarfi við Staðardagskrá 21 á Akureyri, vill með þessu málþingi um umhverfismál vekja athygli á brýnum málaflokki. Haldið verður áfram umræðu um umhverfismál allt frá því smáa til hins stóra og við fræðumst um niðurstöður Loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn og hver verða næstu skref. Hver er hnattræn staða umhverfismála nú, hvernig er norrænu umhverfissamstarfi háttað, hvað er að gerast í umhverfismálum á landsvísu og ekki síst hvað er að gerast í nágrenni okkar?.**

**Dagskrá:**

**Setning**
Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra

Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi að umhverfismálum
***Danfríður Skarphéðinsdóttir - sérfræðingur í umhverfisráðuneyti***

Íslenskur umhverfisveruleiki
***Stefán Gíslason - umhverfisstjórnunarfræðingur UMÍS ehf Environice***

„ ...og framkvæmdu heima fyrir.“
***Sigríður Stefánsdóttir – verkefnastjóri Akureyri***

Hugleiðing um umhverfi Akureyrar
***Pétur Halldórsson - útvarpsmaður***

Líffræðileg fjölbreytni og „Count down 2010.“
***Jón Ingi Cæsarsson - varaformaður umhverfisnefndar Akureyrarbæjar***

Spörum orku, peninga og útblástur
***Sigurður Ingi Friðleifsson – framkvæmdastjóri Orkuseturs***

Vistvæn atvinnusköpun - úrgangur er verðmæti
***George Hollanders - stjórnarformaður Iðngarða***

„Svo vex tréð sem greinin er sveigð." Leikskólinn Kiðagil í átt að Grænfána
***Drífa Þórarinsdóttir - leikskólakennari Kiðagili***

norden
Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri

# Vegatollar, nei takk!

Vegtollar

Runólfur Ólafsson
framkvæmdastjóri FÍB



Steinþór Jónsson
formaður FÍB



Stjórn Félags íslenskra bifreiðaeigenda mótmælir harðlega hugmyndum starfshóps samgönguráðherra um vegatolla á meginvegi út frá höfuðborgarsvæðinu og þar með auknum álögum á notkun fjölskyldubíla. Þessar hugmyndir ganga þvert á jafnræðishugmyndir samfélagsins. Það er óeðlilegt að bíleigendur sem sækja vinnu, nám eða þjónustu út frá og að höfuðborgarsvæðinu séu skattlagðir sérstaklega umfram aðra landsmenn.

Tillögur um tollavegi út frá höfuðborgarsvæðinu koma fram í kjölfar stóraukinna notkunarskatta á bíleigendur í formi hækkunar vörugjalda á bensín og dísilolíu, nýs kolefnisskatts og hækkunar virðisaukaskatts. FÍB telur ranglátt að nauðsynlegum úrbótum í vegamálum á suðvesturhorninu fylgi nýjar skattaálögur á íbúa svæðisins. Íbúar þessa landshluta leggja mest til vegasjóðs í formi notkunarskatta og hafa borgað margfaldlega á liðnum árum fyrir áætlaðar vegbætur og aukið öryggi á fjölförnustu og hættulegustu vegum landsins.

Í desember 2008 tók ríkið um 74 krónur í skatt af hverjum bensínlítra en nú í apríl 2010 borga bíleigendur um 106 krónur á hvern lítra. Hækkun bensínskatta á rúmu ári er því 32 krónur á hvern lítra eða 43,5%. Yfir eitt ár er hækkunin um 60 þúsund krónur vegna reksturs meðal fjölskyldubíls. Þessi hækkun skatta bætist við mun hærra heimsmarkaðsverð á bensíni og hækkun vegna gengisfalls íslensku krónunnar.

Fyrir utan eldsneytisskatta borga bifreiðaeigendur 30 til 45% vörugjald af innfluttum fólksbílum plús 25,5% virðisaukaskatt á innkaupsverð og vörugjöld. Tvisvar á ári innheimtir ríkissjóður svokallað bifreiðagjald af bifreiðum landsmanna sem er eignaskattur lagður á miðað við þyngd ökutækja í kílógrömmum. Bifreiðagjaldið var hækkað um síðustu áramót um 10% og áætlað er að skatturinn skili um 5.660 m.kr. í ríkiskassann yfir árið. Bifreiðaeigendur borga ýmsa aðra skatta og gjöld s.s. eins og umferðaröryggisgjald og förgunargjald. Hugmyndaauðgi skattayfirvalda er mikil þegar kemur að því að leggja auknar álögur á fjölskyldubílinn. Nýir og auknir skattar bitna verst á tekjulægri fjölskyldum og þeim sem þurfa að sækja nauðsynlega þjónustu um langan veg. Bílaskattar eru þegar úr hófi og löngu mál að linni.

Áætla má að heildarskatttekjur ríkisins af eldsneytissköttum á bíla verði um 36 milljarðar króna í ár sem er 10 milljarða króna hækkun samanborið við skatttekjurnar á árinu 2008. Samkvæmt fjárlögum er áætlað að verja um 9 milljörðum króna til nýframkvæmda og tæpum 4,7 milljörðum til viðhalds vega á yfirstandandi ári. Árið 2009 runnu ríflega 17 milljarðar til nýframkvæmda og 5,2 til viðhalds vega. Samdráttur vegna nýframkvæmda og viðhalds vega er því um 8,5 milljarðar króna á milli ára. Á sama tíma og bílaskattar hækka verulega á milli ára eru fjárframlög til vegamála um leið skorin verulega niður.

FÍB hafnar alfarið nýjum sköttum í formi vegtolla enda ganga þeir þvert á jafnræðis- og sanngirnissjónarmið auk þess sem nóg er komið af nýjum álögum á heimilin í landinu sem hafa þurft að taka á sig miklar umfram álögur í kjölfar efnahagshrunsins. Þau þola einfaldlega ekki meir.

# Dellukenningar ritstjóra

Efnahagshrunið

Ragnar Halldórsson
ráðgjafi



Þann 26. apríl sl. skrifaði Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, leiðara undir fyrirsögninni „Dellukenningar“, sem að hans mati eru eftirfarandi:

1. „… að íslenzka bankakerfið hafi ekki verið í neitt sérstaklega vondum málum haustið 2008, það hafi bara ekki staðizt hina alþjóðlegu fjármálakreppu.“
2. „… að stjórnvöld í nágrannaríkjunum hafi ekki viljað koma Íslandi til bjargar þegar mest á reið og þannig átt sinn þátt í að keyra hagkerfið í kaf.“
3. „… að vegna regluverks Evrópska efnahagssvæðisins hafi stjórnvöld ekki getað gripið í taumana og stöðvað bankana af.“

Ólafur hefur margt til síns máls þegar hann nefnir þekkta punkta um brestina innan bankanna og íslenska stjórnkerfisins. Auðvitað gátu stjórnvöld gert margt til að hemja stærð banka, fækka óheppilegum hagsmunatengslum og víkka þröngt eignarhald þrátt fyrir EES. Auðvitað bera þau alla ábyrgð ásamt bönkunum. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis snerist jú um að varpa ljósi á þessa innlendu meinbugi og hún gerir það á djarfari og vandaðri hátt en áður hefur sést.

En Ólafur stingur staðreyndum undir stól. Og tekur allt, allt of djúpt í árinni. Raunar svo djúpt að í heild verður skoðun leiðarans röng. Hann segir um alþjóðlegu fjármagnskreppuna að: „Torveldara aðgengi að lánsfé á alþjóðavettvangi gerði íslenzku bönkunum lífið vissulega erfiðara.“ Í stað þess að segja eins og hann veit að er rétt, að þegar alþjóðafjármagnskreppan skall á fyrir alvöru eftir gjaldþrot Lehman Brothers í New York, stöðvaði hún fjármagnsstreymið á augabragði.

Skýrslu rannsóknarnefndarinnar var ætlað að draga fram okkar ábyrgð. Okkar misbresti. Svo við lærðum af þeim. Svo þjóðin gæti hreinsað borðið og haldið áfram inn í framtíðina með hreina samvisku. En það þýðir ekki að ritstjóri Fréttablaðsins skuli loka augunum fyrir geigvænlegum utanaðkomandi þáttum sem skiptu sköpum um fjárhagslegt fall Íslands.

Því þótt annarlegar hvatir og viðvaningsháttur hafi einkennt stórf einstaklinga í stjórnkerfinu, sem brugðust skyldum sínum gagnvart þjóðinni – og þótt krosseignatengsl og áhættusækni ásamt mörgu öðru misgóðu hafi einkennt íslensku bankana – er það einfaldlega ekki boðlegt af ritstjóra stærsta dagblaðs á Íslandi að láta eins og algjör stöðvun á fjármagnsstreymi til banka um heim allan, sem gerði marga þeirra gjaldþrota, sé eitthvert aukaatriði í samhengi frásagnarinnar um fall íslensku bankanna.

Ólafur strokar út alheimsbankakrísuna. Gerir hana að neðanmálsgrein. Og hann minnist ekkert á aðra utanaðkomandi þætti eins og árás breskra stjórnvalda á Ísland með hryðjuverkalögum. Finnst Ólafi sá glæpur réttlætanlegur? Í staðinn segir hann: „Vandi bankanna var með öðrum orðum heimatilbúinn vandi.“ Allur vandi sem olli falli íslensku bankanna var semsagt innlendur að mati Ólafs, sem afneitar alþjóðlegu fjármálakreppunni! Var hún heimatilbúinn vandi? Hverslags málflutningur er þetta eiginlega?

# 100% niðurskurður á stórum framkvæmdum

Samgöngur



Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður

Vondar eru tillögur Samgönguráðherra og ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á framkvæmdum til vegabóta á Vestfjörðum og málflutningur hans gæti verið betri.

Átakshópurinn ÁFRAM VESTUR hefur unnið að því undanfarna mánuði að auka samstöðu Vestfirðinga í samgöngumálum og stilla saman áherslur fólks á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Það hefur tekist framar öllum vonum. Vestfirðingar eru nær einhuga um nauðsyn þess að Vestfjarðavegur 60 frá Bjarkarlundi að Þingeyri verði góður heilsár uppbyggður vegur með bundnu slitlagi. Hvergi annars staðar á landinu býr fólk við jafn slæmar aðstæður. Það eru hagsmunir Vestfirðinga að allur þessi vegarkafli verði sem fyrst endurbættur. Góðan veg þarf milli byggðarlaga til þess að efla byggðina á Vestfjörðum og ekki síður þarf góðan veg áfram suður eftir Barðastrandarsýslunni. Það er ekki annaðhvort eða og það er ekki fyrst einn kafli á leiðinni og annað ekki á meðan. Það er eins og gildandi samgönguáætlun mælir fyrir um í raun, leiðin Bjarkalundur – Þingeyri, og fé veitt til vegagerðar vestan Bjarkalundar og til Dýrafjarðarganga.

Hvergi á landinu er meiri niðurskurður á fyrirhuguðum framkvæmdum en einmitt á þessum versta vegarkafla Íslands. Ekkert nýtt fjármagn er til framkvæmda í veginn um Barðastrandarsýsluna. Það fé sem Alþingi hefur á fyrri árum veitt til verkefnisins hefur aðeins að litlum hluta verið varið til framkvæmda. Skorið er af því sem eftir stendur og engir viðbótarpeningar. Árin 2011 og 2012 á að framkvæma fyrir sömu peninga og árin 2007-2010. Það myndi ganga hægt að vinna Héðinsfjarðargöngin ef fjármögnunin væri svona. En þetta er Vestfirðingum boðið upp á, illa dulbúinn 100% niðurskurð.

Hvergi á landinu hafa íbúarnir mátt þola jafnmikið sleifarlag, ráðaleysi og viljaleysi stjórnvalda eins og birst hefur í Barðastrandasýslunni. Á átta árum hefur aðeins tekist að leggja um 55 km af nýjum veg. Enn stefnir í frekari tafir á hverjum nýjum vegarkafla sem taka á fyrir. Engin trygging er því miður fyrir því að unnið verði nokkuð á næstu tveimur árum. Þetta er meira og minna sjónhverfing til þess að kasta ryki í augu Vestfirðinga. Ríkisstjórnin sýnir Vestfirðingum algert skeytingarleysi og virðingarleysi en hún gefst upp fyrir sérvisku, eintrjáningshætti og öfgasinnuðum umhverfisverndarsjónarmiðum. Það mun taka 3-4 áratugi að ljúka vegagerðinni frá Bjarkalundi að Þingeyri með þessi áframhaldi.

Ofan í ráðaleysi sitt í Barðastrandarsýslu bætir ráðherrann því við að slá Dýrafjarðargöngin algerlega út af borðinu. Lagt er til að þurrka út gildandi fjárveitingar til Dýrafjarðarganga og eftir það verður framkvæmdin hvergi til í nokkurri samþykktri samgönguáætlun. Þetta er líka 100% niðurskurður.

Í vandræðum sínum grípur samgönguráðherra til þess að kenna Vestfirðingum sjálfum um þetta. Hann segir að þeir hafi sjálfir valið að henda Dýrafjarðargöngum út. Því hefur þegar verið mótmælt af talsmanni Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Þeir ætla ekki að láta bjóða sér svona málflutning. Hvers vegna ætti að skipta upp óloknu verkefni á Vestfjörðum eins og Bjarkalundur – Þingeyri í ótal aðskilin verkefni þegar önnur stór og mikilvæg verkefni eru tekin sem heild svo sem Hófaskarðsleið í Þingeyjarsýslu og Suðurstrandarvegur, en engu að síður boðin út í mörgum áföngum? Meðan verkið sækist seint á Vestfjörðum verður meira til skiptanna fyrir verkefni annars staðar á landinu. Mál er að Vestfirðingar hætti að láta fara svona með sig.

Ráðherrann segir að Dýrafjarðargöngum sé aðeins frestað. Það væri betra ef satt væri. En þetta eru útúrsnúningar. Ráðherrann veit jafnvel og ég að hann getur engu um það svarað hvort Dýrafjarðargöngin verða inn á næstu samgöngutillögu sem lögð verður fram á Alþingi einhvern tímann í framtíðinni. Hann veit hvað ríkisstjórnin ætlar sér og ætti að upplýsa það. Hann veit líka eins vel og ég að Dýrafjarðargöngin eru tekin út núna vegna þess að það er ekki nægilegur pólitískur vilji innan ríkisstjórnarflokkanna fyrir framkvæmdinni. Það eru of margir draugar á ferli jafnvel um hábjartan dag sem Vestfirðingar þurfa að kveða niður.

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng eiga að hefjast á þessu ári og þeim á að ljúka 2012. Svo vill til að framkvæmdir við Norðfjarðargöng eiga líka að hefjast á þessu ári og þeim á líka að ljúka 2012. Svo vill til að bæði verkefnin eru til þess að stækka atvinnusvæði og bæta samgöngur. Svo vill til að Norðfjarðargöng á áfram að fara í þótt þeim seinki líklega um eitt ár. En Dýrafjarðargöng á að slá út af borðinu. Vestfirðingar skilja fyrr en skellur í tönnum. Í þessu máli dugar það eitt að knýja ríkisstjórnina til þess að ryðja úr vegi öllum hindrunum fyrir tafarlausri vegagerð á leiðinni Bjarkalundur – Þingeyri og Dýrafjarðargöngin aftur inn á samgönguáætlunina á sama stað og þau voru.

> Hvergi á landinu hafa íbúarnir mátt þola jafnmikið sleifarlag, ráðaleysi og viljaleysi stjórnvalda eins og birst hefur í Barðastrandarsýslunni. Á átta árum hefur aðeins tekist að leggja um 55 km af nýjum veg.


## Yfirlit um afkomu 2009

**Efnahagsreikningur** (í þús. kr.)

| | 31.12.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 19.112.061 | 15.709.032 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 43.821.329 | 38.183.476 |
| Veðlán | 2.473.021 | 2.343.348 |
| Bankainnistæður | 419.237 | 436.342 |
| Kröfur | 1.524.097 | 1.235.103 |
| Aðrar eignir og rekstrarfjármunir | 18.189 | 19.267 |
| | 67.367.934 | 57.926.568 |
| Skuldir | -138.771 | -134.030 |
| | 67.229.163 | 57.792.538 |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris**

| | | |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.966.326 | 2.785.709 |
| Lífeyrir | -994.887 | -753.462 |
| Fjárfestingartekjur | 7.607.673 | 278.178 |
| Fjárfestingargjöld | -61.904 | -56.648 |
| Rekstrarkostnaður | -80.583 | -78.339 |
| Hækkun á hreinni eign á tímabilinu | 9.436.625 | 2.175.438 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 57.792.538 | 55.617.100 |
| | 67.229.163 | 57.792.538 |

**Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings**

| | | |
|---|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -1.372.000 | 658.000 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -1,9% | 1,1% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -4.391.000 | -1.792.000 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -3,8% | -1,7% |

*Tekið er tillit til falls bankanna og afleiðingum þess m.a. með niðurfærslu eigna.*

**Kennitölur**

| | | |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 12,7% | 0,3% |
| Hrein raunávöxtun | 3,8% | -13,8% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 2,8% | 3,5% |
| Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal | 3,3% | 3,7% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 7.425 | 7.028 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 6.181 | 5.113 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,13% | 0,14% |
| Eignir í íslenskum krónum | 73,8% | 75,5% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 26,2% | 24,5% |

**Ávöxtun séreignardeildar 2009**

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur var 15,7% eða 6,8% raunávöxtun. Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmis verðbréf nam 13,8% eða 4,7% raunávöxtun. Í uppgjöri er færð út sannanleg töp ásamt því að eignir eru færðar niður til að mæta mögulegum töpum framtíðar. Heildareignir séreignardeildar eru 491,1 milljón króna í árslok 2009 og vaxa um 14%.

**Sjóðfélagar**

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Traustur sjóður, trygg framtíð

**Ársfundur 2010**

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 20. maí, kl. 16:30. Verður hann auglýstur nánar síðar.

**Í stjórn sjóðsins eru**
Hrafn Magnússon formaður, Arnar Sigurmundsson, Friðbert Traustason, Gunnar Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir.

**Framkvæmdastjóri er**
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · Fax 510 7401 · sl@sl.is · www.sl.is

# Fólk dæmi mig af verkum mínum

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur verið í kastljósinu síðustu vikur vegna styrkja sem hún þáði vegna þátttöku í tveimur prófkjörum flokksins árið 2006. Nokkuð er um liðið síðan upplýsingar um styrkina voru opinberaðar en þær komust í hámæli á ný eftir útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þess er krafist að Steinunn afsali sér þingmennsku og hefur hópur fólks safnast saman við heimili hennar að kvöldlagi undanfarnar tvær vikur til að leggja áherslu á þá kröfu. *Björn Þór Sigbjörnsson* ræddi við Steinunni um stöðuna.



**Í ANDSTREYMI** Steinunn Valdís Óskarsdóttir ætlar að sitja áfram á Alþingi þrátt fyrir háværar kröfur um afsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Það er býsna þung krafa í samfélaginu um að þú segir af þér þingmennsku vegna þessara styrkja. Allt sem sagt hefur verið um málið hnígur í þá átt en hvergi finnst nokkuð sem túlka má sem eindreginn stuðning við að þú sitjir áfram. Hvers vegna ertu enn þingmaður?*

„Ég hef farið í gegnum það með sjálfri mér hvort ég hafi gert eitthvað rangt siðferðilega. Allir vita að lagalega gerði ég ekkert rangt. Ég skilaði öllu til skattsins og hef, líklega ein frambjóðenda, birt opinberlega öll útgjöld. Síðan hef ég horfst í augu við sjálfa mig og spurt hvort ég geti starfað áfram í stjórnmálum. Í þeim vangaveltum hef ég farið í gegnum störf mín í borgarstjórn Reykjavíkur og á Alþingi og velt fyrir mér hvort eitthvað sé hægt að benda á og segja að ég hafi gert í þágu þeirra aðila sem styrktu mig. Ekkert slíkt er að finna. Ef ég teldi samvisku minnar vegna að hægt væri að efast um heilindi mín þá hefði ég sagt af mér.“

*Finnst þér þú njóta nægilegs trausts, í forystu Samfylkingarinnar, í grasrótinni og úti í samfélaginu til að geta setið áfram á þingi og rækt þar þín störf og skyldur ótrufluð af almenningsálitinu?*

„Traust er náttúrlega grundvallaratriði í störfum stjórnmálamanns og auðvitað hef ég velt þessu fyrir mér. Ég hef fengið gríðarlega mikil viðbröð frá kjósendum úti í bæ vegna þessa máls og fólk hvetur mig til að halda áfram þótt ýmsir vilji afsögn. Ég er búin að vera í stjórnmálum í sextán ár og ég hef aldrei fundið fyrir eins miklum stuðningi úr grasrótinni eins og nú.

Ég tel mig hafa unnið störf mín á heiðarlegan hátt. Ég er hugsjónamanneskja og kvenfrelsisbaráttukona. Ég biðst ekki vægðar en ég bið fólk að dæma mig af verkum mínum. Til dæmis af því að hækka laun lægstlaunuðu kvennastéttanna í borginni og flytja þingsályktunartillögu um að aðdragandinn að þátttöku Íslands í innrásinni í Írak verði rannsakaður. Fyrir þetta og ýmislegt fleira stend ég í pólitík.“

*Finnst þér þú njóta trausts Jóhönnu Sigurðardóttur?*

„Jóhanna gjörþekkir leikreglurnar í kringum prófkjör og fjármál stjórnmálaflokkanna og hefur unnið að því að bæta þær og setja lög til að jafna leikinn. Ég tel að hún skilji aðstæður mínar og annarra sem hafa tekið þátt í prófkjörum, bæði fyrir og eftir hrun. Ég vil líka segja að það er ekki hægt að skoða árin 2004 til 2006 með gleraugum ársins 2010. Á þeim árum réði markaðurinn öllu og stjórnmálaflokkarnir, menningarstofnanirnar, jafnvel háskólasamfélagið, undirgengust þá hugmyndafræði með einum eða öðrum hætti og leituðu eftir peningum til fyrirtækjanna. Ég tók þátt í þessari meðvirkni. Ég viðurkenni það og horfist nú í augu við sjálfa mig.“

*Þú hefur sagt að fjárhæðirnar sem þú þáðir 2006 hafi verið háar og svimandi háar miðað við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu. Hafðir þú engar efasemdir um að rétt væri að óska eftir þessum peningum og þiggja þá á sínum tíma?*

„Ég hef alla tíð haft efasemdir um opin prófkjör en það fyrirkomulag kallar eins og allir vita á há fjárútlát. Ég stóð hins vegar frammi fyrir vanda. Fyrra prófkjörið var mjög dýrt, það var leiðtogaprófkjörið í borginni þar sem ég atti kappi við Stefán Jón Hafstein og Dag B. Eggertsson. Það var galopið og allir Reykvíkingar gátu tekið þátt og einhvern veginn þurfti að ná til fólks.

Stuðningsfólk mitt og sérstaklega konur í mínu baklandi sögðu að nú mætti ekki lúffa fyrir strákunum í auglýsingastríðinu. Við veltum þessu fyrir okkur og ákváðum að taka slaginn. Allir auglýstu mjög mikið.

Og gleymum ekki að á þessum tíma þótti sjálfsagt að fyrirtæki styrktu stjórnmálamenn og -flokka og það þótti meira að segja svo sjálfsagt að þau fengu skattaafslátt út á þessi fjárframlög. Það var litið svo á að þetta væri þeirra hlutur í að styðja við lýðræðið. Svona var umhverfið.“

*Getur þú ímyndað þér hvers vegna Landsbankinn styrkti þig um 3,5 milljónir og Baugur og FL Group hvort sínar tvær milljónirnar?*

„Það má ekki gleyma því að ég fór í tvö prófkjör á meðan aðrir fóru í eitt. Þess vegna verða mínar tölur alltaf tvöfaldar ef svo má segja. Þetta eru fyrirtækin sem á þeim tíma áttu fjármuni, að talið var. Og það voru fleiri fyrirtæki en þau sem þú nefnir sem styrktu mig og aðra. Ég fékk til dæmis ekki krónu frá Kaupþingi en aðrir fengu peninga þar.“

*Leitaðir þú eftir peningum í Kaupþingi?*

„Ég sá ekki sjálf um það þannig að ég veit það ekki. Þaðan kom að minnsta kosti ekkert framlag. Það var leitað til þeirra fyrirtækja sem áttu fjármuni. Mínir stuðningsmenn leituðu eftir framlögum og markmiðið var að safna þeim fjármunum sem til þurfti, enda ég hvorki efnuð né af efnafólki komin.“

*Hvarflaði aldrei að þér þá, eða síðar, að fyrirtækin vildu fá eitthvað fyrir sinn snúð?*

„Ég hefi aldrei rekið pólitík sem hugnast þeim aðilum sérstaklega sem styrktu prófkjör mín. Það ættu menn að geta sannfærst um með því að skoða störf mín í gegnum tíðina. Þegar svona umræða kemur upp fer maður auðvitað í gagnrýna sjálfskoðun. En ég hef komist að þeirri niðurstöðu að mín störf standist skoðun.“

> Ég biðst ekki vægðar varðandi störf mín sem stjórnmálamaður en vissulega hafa þeir mótmælendur sem safnast hafa saman fyrir framan heimili mitt núna í tvær vikur raskað lífi fjölskyldu minnar

*Hvernig meturðu pólitíska stöðu þína í dag?*

„Ég hef kosið að koma hreint fram og svara fjölmiðlum, ég held reyndar að ég sé að gjalda fyrir það í augnablikinu. Þegar frá líður mun ég meta stöðuna og það er ómögulegt að segja til um hvað verður. Ég hef verið í stjórnmálum í næstum sextán ár og það hefur verið góður tími.“

*Er þetta síðasta kjörtímabilið þitt í stjórnmálum?*

„Ég veit það ekki, í pólitíkinni getur margt gerst á einum degi eins og við vitum. Það verður bara að koma í ljós.“

*Fólk hefur mótmælt hér fyrir utan heimili þitt, það hefur margt ljótt verið skrifað um þig. Hvaða áhrif hefur það allt á þig?*

„Ég biðst ekki vægðar varðandi störf mín sem stjórnmálamaður en vissulega hafa þeir mótmælendur sem safnast hafa saman fyrir framan heimili mitt núna í tvær vikur raskað lífi fjölskyldu minnar. Ég tel að við verðum að geta búið í samfélagi þar sem ákveðin grundvallaratriði eru virt. Ég hef áhyggjur af þessu upplausnarástandi sem ríkir, þessu mikla vantrausti og þessari reiði og því að veiðileyfi séu gefin út á fólk. Allir urðu fyrir skakkaföllum og ég skil reiðina og örvæntinguna. En ég held að við verðum að takast á við þetta með öðrum hætti en við höfum séð að undanförnu. Við töpuðum sjálfum okkur á síðustu tíu til fimmtán árum. Ég ólst upp í samfélagi sem ég myndi kalla stéttlaust, allir voru tiltölulega jafnir, en með græðgisvæðingunni og hugmyndafræði frjálshyggjunnar varð til eitt risastórt kapphlaup þar sem allt snerist um að ná fram úr næsta manni. Ég held að við Íslendingar séum ekki svoleiðis manneskjur. Við viljum öðru vísi samfélag og um uppbygginguna þess þurfum við að sameinast í stað þess að festa okkur í reiði og dómhörku.

Alþingi þarf líka að taka sig í gegn. Það er með ólíkindum tungutakið sem viðgengst þar og skiljanlegt að virðing þess sé lítil.“

*Sýnist þér eitthvað benda til þess að þetta lagist á næstunni og menn snúi bökum saman?*

„Ég held að þetta sé svipað og þegar fólk verður fyrir áföllum, það fer í gegnum nokkur stig. Sorg, reiði, vanmáttartilfinningu og uppgjöf. Að þessu öllu loknu verður hægt að horfast í augu við uppbygginguna en ég held að það sé ennþá svolítið í það að við sem þjóð náum að vinna okkur í gegnum þetta.“

*Það er ekkert sérstakt í kortunum um að sálarástand þjóðarinnar fari að lagast.*

„Ég held samt að það gerist. Og þegar það gerist þurfa allir að taka höndum saman um að setja samfélaginu nýjar leikreglur. Við erum á tímamótum og getum, ef við viljum, skrifað nýtt samfélag. Í allsherjarnefnd hef ég verið að vinna að því að koma á laggirnar stjórnlagaþingi sem mikið hefur verið kallað eftir og er að freista þess að ná samstöðu milli allra flokka um það mál. Ég tel gríðarlega mikilvægt að þjóðin hafi aðkomu að því að skrifa nýja stjórnarskrá og fjalla um mikilvæg mál í uppbyggingu samfélagsins. Þetta eru lýðræðisumbætur og tækifærið er núna. Ef við náum að koma okkur upp úr þessum hefðbundnu pólitísku skotgröfum þá hef ég fulla trú á að okkur takist í fyllingu tímans að endurreisa samfélagið.“

*En sumir eru þeirrar skoðunar að mikilvægur liður í endurreisninni sé að tilteknir stjórnmálamenn, og þar á meðal þú, hætti.*

„Jájá, ég átta mig á því að það er krafa um það og það er eitthvað sem hver og einn verður að gera upp við sig. Og eins og ég sagði hef ég gert þau mál upp við mig á grundvelli starfa minna og komist að annarri niðurstöðu.“

## FÉKK 12,7 MILLJÓNIR VEGNA TVEGGJA PRÓFKJARA

Steinunn Valdís tók þátt í tveimur prófkjörum Samfylkingarinnar árið 2006. Hið fyrra, vegna borgarstjórnarkosninganna 2006, fór fram í febrúar. Hið síðara, vegna þingkosninganna 2007, var haldið í nóvember. Samtals aflaði hún 12,7 milljóna króna.

**Framlögin í febrúar:**

| | |
|---|---|
| Landsbanki | 1.500.000 |
| Baugur | 1.000.000 |
| FL Group | 1.000.000 |
| Nýsir | 1.000.000 |
| Hönnun | 500.000 |
| Eykt | 650.000 |
| Atlantsolía | 500.000 |
| Framlög sjö annarra lögaðila | 1.950.000 |
| Samtals | 8.100.000 |

**Framlögin í nóvember:**

| | |
|---|---|
| Landsbankinn | 2.000.000 |
| Baugur | 1.000.000 |
| FL Group | 1.000.000 |
| Framlög þriggja annarra lögaðila | 650.000 |
| Samtals | 4.650.000 |

Auglýsingakostnaður og aðkeypt þjónusta voru kostnaðarsömustu útgjaldaliðirnir og námu samtals rétt tæpum tólf milljónum.

Keyptar voru auglýsingar fyrir tæpar 6,3 milljónir, gerð og vinnsla auglýsinga kostaði tæpar 3 milljónir og tæp milljón fór í burðargjöld. Ráðgjöf var keypt fyrir tæpar sautján hundruð þúsund og tækjaleiga nam tæpum tvö hundruð þúsund krónum.

Steinunn hafnaði í öðru sæti í prófkjörinu vegna borgarstjórnarkosninganna og í áttunda sæti í þingkosninga-prófkjörinu.

Steinunn Valdís sat í borgarstjórn Reykjavíkur 1994-2007 og var borgarstjóri 2004-2006. Hún var kjörin fyrst á þing 2007 og endurkjörin 2009. Hún er formaður allsherjarnefndar Alþingis og situr í forsætisnefnd.



Tinni
snýr aftur!
www.forlagid.is/tinni
Byrjaðu strax að safna
Í nýju broti
IÐUNN
www.forlagid.is
HERGÉ
ÆVINTÝRI TINNA
SKURÐGOÐIÐ
MEÐ SKARÐ Í EYRA
IÐUNN
Æsispennandi
ævintýri
Tinna og félaga
fyrir lesendur
á öllum aldri
HERGÉ
ÆVINTÝRI TINNA
LEYNDARDÓMUR
EINHYRNINGSINS
IÐUNN
Copyright © Hergé / Moulinsart 2009 - All rights reserved – Credits – Terms and Conditions / Privacy

# Lögðu allt undir nema öryggið

Gríðarlegir hagsmunir voru í húfi þegar Icelandair stóð frammi fyrir að hætta að fljúga eða flytja miðstöð flugsins tímabundið til Skotlands. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* lýsir **Birkir Hólm Guðnason** framkvæmdastjóri áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á starfsemi Icelandair og hvernig brugðist var við ástandinu sem gat teflt ímynd Íslands og afkomu flugfélagsins í hættu.



**BIRKIR HÓLM GUÐNASON** Tvö ár eru í dag frá því að Birkir tók við starfi framkvæmdastjóra Icelandair. Áður starfaði hann fyrir félagið í Danmörku, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Í stuttri framkvæmdastjóratíð sinni hefur Birkir þurft að takast á við bankahrun, verkföll og umfangsmestu flugraskanir sögunnar á friðartímum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við hittumst að morgni fimmtudagsins, daginn sem flugið í Evrópu var komið í samt lag á ný eftir tveggja vikna allsherjar óreiðu. Það eru fáir í höfuðstöðvunum, Birkir hvatti sitt fólk til að sofa út eftir tveggja vikna brjálæði.

„Hér fundaði „crisis committee,“ fjórum til sex sinnum á dag,“ segir Birkir og bendir á fundarherbergi á göngu okkar eftir rangölunum. Á þeim fundum helstu stjórnenda og lykilstarfsmanna voru stóru ákvarðanirnar teknar. Byggt var á upplýsingum um öskudreifingu, veðurspám, flugáætlunum, þörfum og öðru því sem máli skipti.

### Sveigjanleiki er helsti styrkurinn

„Fyrst eftir að gosið hófst gátum við flogið frá Keflavík til Bandaríkjanna en Evrópa var að mestu lokuð. Þrándheimur opnaðist um tíma og þangað flugum við fimm flug einn daginn og svo opnaðist fyrir flug til Glasgow og þangað fórum við þrisvar sama dag og náðum að flytja marga sem voru strand á Íslandi og í Evrópu. Viku síðar var svo í kortunum að Keflavík myndi lokast og þá var ákveðið að flytja miðstöð millilandaflugsins til Glasgow. Sú ákvörðun var tekin daginn áður og nýju leiðarkerfi stillt upp í Glasgow á tólf tímum.“

Birkir segir þá aðgerð hafa verið umfangsmikla og kostnaðarsama. Og í raun sé ótrúlegt hve vel tókst til. „Við fluttum 150 starfsmenn til Glasgow og Akureyrar, það þurfti að setja upp innritunarborð, senda áhafnir til fleiri borga, hlaðmenn, afgreiðslufólk, flugvirkja, varahlutalager og fleira. Þetta var unnið hratt en tókst mjög vel.“

Ástæðuna fyrir því hve vel þetta gekk segir Birkir liggja í því sem hann telur helsta styrkleika Icelandair – sveigjanleika. „Við höfum markvisst búið félagið undir að geta brugðist hratt og vel við. Við höfum minnkað yfirbygginguna, treystum á sérfræðiþekkingu starfsfólks og felum því undir ýmsum kringumstæðum að taka ákvarðanir.“

### Áætlunin í stöðugri endurskoðun

Á meðan eldgosið hafði áhrif á flugumferð þurfti Icelandair að gefa út nýja flugáætlun oftar en 80 sinnum. Stundum voru breytingarnar veigalitlar en í öðrum tilvikum þurfti að stokka hana algjörlega upp vegna lokana eða opnana flugsvæða. Heilt yfir tókst að halda uppi um 70 prósentum af farþegaflugmu sem verður að telja býsna góðan árangur við þessar erfiðu aðstæður.

Svo til óþekkt er að flugfélag flytji miðstöð flugs síns í einu vetfangi á milli landa á friðartímum, líkt og Icelandair gerði í síðustu viku. Flugsögufróðir segja eina þekkta dæmið vera þegar Middle East Airlines flutti tengistöð sína frá Beirút í Líbanon til Damaskus á Sýrlandi eftir að Ísraelsmenn höfðu eyðilagt Beirútflugvöll í sprengjuárás sumarið 2006.

### Ímynd landsins í húfi

Birkir segir að gríðarlegir hagsmunir hafi verið í húfi þegar ákveðið var að flytja tímabundið til Glasgow. „Ef við hefðum lokast inni í Keflavík hefðum við ekki bara tapað gríðarlegum fjárhæðum heldur hefðum við í raun spilað okkur út úr samkeppninni í fluginu yfir Atlantshafið. Ímynd landsins í augum útlendinga sem vilja sækja það heim var líka undir. Menn þora ekki að koma ef landið er lokað í viku. Við mátum semsagt nauðsynlegt að halda þessu gangandi þótt það kostaði okkur mikla peninga.“

> ”
>
> Það kom til dæmis aldrei til greina að fljúga inn á svæði sem ekki voru lokuð en þó ekki talin fullkomlega örugg. Slík flug voru á ábyrgð flugrekenda en við fórum alltaf eftir fyrirmælum flugyfirvalda á Íslandi og í Evrópu.

Við hverja veigamikla ákvörðun var öllum hliðum mála velt upp nema einni. Aldrei var gefinn afsláttur af öryggismálum. „Við fórum í einu og öllu eftir því sem Flugstoðir og EUROCONTROL (Evrópska flugstjórnarstofnunin) gáfu út um opin og lokuð svæði. Það kom til dæmis aldrei til greina að fljúga inn á svæði sem ekki voru lokuð en þó ekki talin fullkomlega örugg. Slík flug voru á ábyrgð flugrekenda en við fórum alltaf eftir fyrirmælum flugyfirvalda á Íslandi og í Evrópu.“

### Sótt fram

Röskunin vegna eldgossins hefur þegar kostað Icelandair háar fjárhæðir en enn er óljóst hver heildaráhrifin verða á félagið og efnahag þjóðarinnar. „Við héldum á tímabili að sumarið væri farið en erum bjartsýn í dag,“ segir Birkir. Fyrir gos var bókunarstaðan 20 prósentum betri en á sama tíma í fyrra en það hægði verulega á bókunum eftir að gosið hófst. Birki er ekki aðeins umhugað um afkomu félagsins heldur þjóðarbúsins alls. „Gjaldeyristekjurnar í fyrra námu 155 milljörðum. Miðað við auknar bókanir gerðu menn sér vonir um að þær næðu 180 milljörðum í ár. Nú óttast ferðaþjónustan tíu til tuttugu prósenta samdrátt sem þýðir að gjaldeyristekjurnar kunna að verða 130 milljarðar. Missirinn fyrir þjóðarbúið er því 50 milljarðar þannig að nokkur hundruð milljónir eru bara dropi í hafið,“ segir Birkir og vísar þar til markaðsherferðar þeirrar sem stjórnvöld og ferðaþjónustan hafa ákveðið að ráðast í í Bandaríkjunum og Evrópu til að vekja athygli og áhuga ferðamanna á Íslandi. Hrósar hann Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, ráðherra ferðamála, fyrir framgöngu hennar í málinu.

### Máttur auglýsinganna

Birkir efast ekki um gagnsemi slíkrar herferðar og er fullviss um að hún skili miklu. „Fullt af fólki er hrætt við þetta og vill ekki koma til landsins en það er líka fullt af fólki sem finnst þetta spennandi og vill koma og sjá hvað er að gerast. Sjá nýtt landslag. Svo er auðvitað fullt af fólki líka sem hefur ekki séð neikvæðu fréttirnar og hægt er að ná til með náttúrulífsmyndum og öðru.“

Neikvæðu fréttirnar! Það hefur verið talsvert af þeim. Margir erlendir fjölmiðlar hafa dregið upp dökka mynd af landinu eftir að gosið hófst og látið í veðri vaka að Ísland sé hættulegur staður. „Þá ímynd þarf að leiðrétta og það er gert með öflugri herferð,“ segir Birkir.

Icelandair býr að mikilli þekkingu á markaðsmálum í útlöndum. Fyrirtækið ver milljarði króna árlega í auglýsingar og markaðsstarf í útlöndum og þekkir virkni þeirra á eigin skinni. „Við prófuðum á tveimur tímabilum í fyrra að hætta að auglýsa í nokkrar vikur. Þrátt fyrir veika krónu og að það væri hagstætt að koma til Íslands hægði mjög á bókunum. Það þarf því að keyra öflugar herferðir erlendis til að ná ferðamönnum hingað.“

### Óánægja skiljanleg

Farþegar hafa vitaskuld fundið óþyrmilega fyrir töfum og snarbreyttum flugáætlunum. Eins og gengur hafa viðbrögð þeirra verið misjöfn. Birkir kveðst skilja alla óánægju enda flugraskanir aldrei skemmtilegar. „En viðmótið hefur í raun verið ótrúlega gott. Auðvitað er kvartað en reyndar höfum við fengið fleiri þakkarbréf en kvörtunarbréf. Fólk virðist sýna þessu skilning af því að það er eldgos sem ræður för og að við erum að reyna allt sem við getum til að halda uppi flugsamgöngum og koma fólki á áfangastað. Ýmsir hnökrar hafa komið upp, töskur týnst og annað en það er sem betur fer bara lítill hluti af heildinni.“ Gríðarlegt álag hefur fylgt, símtölum í þjónustuver fjölgaði úr þúsund í þrjú þúsund á dag, heimsóknir á vef Icelandair tvöfölduðust og annað í þeim dúr.

### Aðrir sátu með hendur í skauti

Í flugheiminum, og raunar á ýmsum erlendum fjölmiðlum, hefur framganga Icelandair í eldgosinu vakið athygli. Á meðan félagið greip til sinna ráða settust önnur flugfélög niður og biðu þar til rofaði til. Birkir segist hafa svarað fyrirspurnum margra fagtímarita og almennra fjölmiðla um aðgerðir Icelandair. „Ekkert annað félag reyndi að færa sig til og halda uppi flugi þótt þau vissu að lokanir væru yfirvofandi.“ Hann hrósar starfsfólki félagsins í hástert og segir sitt mat að enginn standi því snúning þegar á reyni.

Þótt Icelandair sé í hópi stærstu fyrirtækja landsins og hafi umtalsverð erlend umsvif er það smátt félag á mælikvarða flugfélaga. Mörg stóru félaganna bera sig aumlega vegna áhrifa eldgossins á starfsemi þeirra og sjá fram á gríðarlegt tap. Hafa þau sum hver óskað eftir ríkisframlögum og boðað fargjaldahækkanir til að mæta tapinu. Birkir segir hvorugt á dagskrá Icelandair, þar á bæ hafi verið ákveðið að blása til sóknar í samstarfi við stjórnvöld og ferðaþjónustuna með áðurnefndri markaðsherferð.

## 500 milljónir tapaðar og framtíðin óljós

Birkir áætlar að eldgosið hafi kostað flugfélagið Icelandair á milli 500 og 700 milljónir króna þegar tillit er tekið til kostnaðar og tekjutaps. „Mér sýnist að þetta séu um 50 milljónir á dag. Flutningurinn til Glasgow kostaði til dæmis 10-15 milljónir á dag. Á móti kemur að við sleppum við ákveðinn kostnað.“

Icelandair er eitt tólf dótturfélaga Icelandair Group. Móðurfélagið reiknar með 100 milljónum töpuðum á dag. Undir það falla Icelandair hótel, Flugfélag Íslands, Icelandair Cargo og fleiri félög í ferða- og flugþjónustu.

„Svo á alveg eftir að koma í ljós hvert heildartekjutapið verður,“ segir Birkir. Algjör óvissa ríki um bókanir sumarsins.

### 125 milljónir í herferð

Icelandair mun leggja 125 milljónir króna í markaðsherferð stjórnvalda og ferðaþjónustunnar í útlöndum. Bætist sú fjárhæð við þann milljarð króna sem fyrirtækið ver til markaðsstarfs erlendis. Birkir kveðst sannfærður um að þeir peningar skili sér til baka, fyrirtækinu og samfélaginu til hagsbóta. Reykjavíkurborg leggur til 100 milljónir. Ríkið leggur svo til krónu á móti krónu, allt upp að 350 milljónum króna.

1. MAÍ 2010

# VIÐ VILJUM VINNA

Atvinna er okkur öllum nauðsynleg. Ekki bara til að sjá okkur sjálfum og fjölskyldum okkar farborða heldur er hún stór hluti af sjálfsmynd okkar sem einstaklinga. Rétturinn til vinnu er hluti af mannréttindum okkar. Í dag eru 15.000 Íslendingar án atvinnu. Það er algerlega óásættanleg staða. Atvinnuleysi er samfélagslegt mein sem við verðum að uppræta með öllum ráðum.

ASÍ krefst tafarlausra aðgerða af hálfu stjórnvalda til að koma hjólum atvinnulífsins í gang að nýju. ASÍ leggur áherslu á náið samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um djarfa aðgerðaáætlun til að reisa við efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar og um leið fjölga störfum og auka tekjur launafólks. Hér duga engar smáskammtalækningar. Tími aðgerða er fyrir löngu runninn upp.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til þátttöku í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

ASÍ

Alþýðusamband Íslands

# Kattliðugur jógi án fótaóróa

**Hauki Magnússyni**, ritstjóra Grapevine, finnst hann hafa þekkt **Helgu Brögu** frá barnæsku og vinkar henni oft ósjálfrátt úti á götu, þótt hann hafi hingað til ekki þekkt hana neitt. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** fékk sér miðbæjarkaffi með málglöðu rökstólapari helgarinnar, sem á það meðal annars sameiginlegt að sitja í undarlegum stellum við borð og trúa á tilvist geimvera.

## Á RÖKSTÓLUM

*Við hittumst á krúttlegu kaffihúsi í miðbænum. Helga sest við borðið, eins og kattliðugur jógi, með báðar lappirnar í fléttu í kjöltunni. Fáir geta setið svona sem hafa náð sex ára aldri. Getur Haukur þetta?*

**Haukur:** Ég er reyndar þekktur fyrir að sitja vandræðalega við borð. Ég er alltaf með lappirnar út um allt. En nei, ég verð að viðurkenna að ég get þetta ekki.

**Helga:** Ég hef ekki misst liðleikann frá því ég var krakki. Ég þarf ekki að gera neitt til að halda þessu við. Ég er fæddur jógi. Þegar ég var lítil var ég eins og Dalaí Lama, píreyg og dökk og sat alltaf svona. Og ég geri það enn!

**Haukur:** Þetta er líka mjög kúl. En ertu með fótaóróa.

**Helga:** Nei! Ert þú með fótaóeirð, eða?

**Haukur:** Ég held það stundum. Afi minn og alnafni er með þannig. Hjá honum liggja bæklingar og útprentanir um fótaóróa og ég er alltaf að lesa það og hugsa „ahhhh ég er með svona“. Lappirnar fara stundum á flug. En ég þarf bara að vera nógu fullur þegar ég fer að sofa. Þá er þetta allt í lagi.

### Kunnuglegir ókunnugir

**Haukur:** Mér finnst ég hafa þekkt þig frá barnæsku! Ég held ég hafi oft vinkað þér þegar ég mæti þér úti á götu.

**Helga:** Vinkaði ég ekki á móti? Ég gæti reyndar sagt það sama um þig. Þú gætir alveg verið í minni fjölskyldu. Hvaðan ertu?

**Haukur:** Ég er frá Ísafirði.

**Helga:** Nú, nú. Ég er frá Snæfellsnesi. Föðurfólkið mitt er úr Breiðafjarðareyjum.

**Haukur:** Vá. Tvöfaldur eyjabúi! Eiga ekki eyjabúar að vera svo argir?

**Helga:** Jaaa, þetta er svolítið sérstakt fólk. Voða gáfað og viðkvæmt. En þú ert frá Ísafirði segirðu. Hvað heitir aftur ættin?

**Haukur:** Ég er örugglega ekki í henni! Ég hef ekkert svona fínt nafn eins og Blöndal.

### Geimverurnar koma

*Urðuð þið smeyk í síðustu viku, þegar Stephen Hawking varaði okkur við að tala við geimverur?*

**Helga:** Ég fylgist vel með Stephen Hawking. Og ég er alveg sammála honum. Það eru hundrað milljarðar sólkerfa – ekki hundrað milljónir – hundrað milljarðar! Það væri náttúrulega mikill hroki í okkur jarðarbúum að halda að við séum einu lifandi verurnar í alheiminum.

**Haukur:** Þegar ég las þessa frétt um Hawking varð ég mjög glaður. Ég vil jafna þessu saman við það þegar rannsóknarskýrslan kom út. Þetta er nefnilega það sem ég hef alltaf haldið sjálfur. Þarna er mín trú staðfest af einhverjum æðislega klárum gæja.

**Helga:** Já! Give me five! Mér finnst þetta líka umhugsunarvert út frá því hvernig við erum búin að fara með jörðina. Hugsanlega eru þarna úti einhverjar geimverur sem eru búnar að fullnýta eða ganga frá auðlindum sinnar plánetu. Og við erum alveg á sömu leið. Tökum dæmi um gosið. Auðvitað hefur maður samúð með bændunum og öllu fólkinu sem ferðirnar röskuðust hjá. En þetta minnkaði samt mengun í heiminum heilmikið.

**Haukur:** Ég segi það fyrir mig að ég hef enga sérstaka samúð með þeim sem töfðust. Ef stærsti harmleikurinn í þínu lífi er að þurfa að bíða á flugvelli þá hefurðu það bara ansi gott.



**ÞAÐ ÞURFA AÐ VERA REGLUR!** Helga Braga leikkona hefur djúpan sannfæringarkraft. Það tók hana ekki því ekki lengri tíma en þann sem það tekur að drekka niður úr tveimur kaffibollum að snúa Hauki Magnússyni, ritstjóra Grapevine, á sveif með þeirri hugmynd að íslenskt samfélag skorti átakanlega fleiri reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Konan með kínverska hreiminn

*Í vikunni bárust fréttir af breskri konu sem fékk mígrenikast og vaknaði með kínverskan hreim. Hvernig hreim mynduð þið velja ykkur, ef þið þyrftuð að taka upp útlenskan?*

**Haukur:** Hvernig getur maður talað með kínverskum hreimi ef maður er ekki kínverskur?

**Helga:** Það er nefnilega það dularfulla. Eru þetta geimverur? Nú er ég ekki heilaskurðlæknir og get ekki útskýrt þetta líffræðilega. En kannski er þetta eitthvað karma! Ég trúi á karmalögmálið.

**Haukur:** Ég líka!

**Helga:** Já, kannski er hún að fá eitthvað til baka, blessuð manneskjan. Kannski hefur hún verið voða fordómafull gagnvart Kínverjum! Hún á eftir að vinna í þessu, læra af þessu og verða betri á eftir.

**Haukur:** Ef ég mætti velja mér framburð myndi ég velja að skrolla og vera flámæltur. Þá myndu allir örugglega halda að ég væri heimskur. Það er mjög gott ef fólk heldur að maður sé heimskur því þá getur maður gert það sem maður vill.

**Helga:** Og ofsalega skýrmæltur frá Akureyri líka? Ég veit ekki hvað ég myndi velja. En sem leikari get ég auðvitað bara búið hreiminn til ef ég stúdera hann nógu mikið. Ég hef mjög gaman af því að stúdera mismunandi hreim.

**Haukur:** Mig þyrstir í að vita hvort þú stúderir fólk. Lendirðu til dæmis í því að vera í matarboði og fylgist af ákafa með fólki sem þú hittir, ferð kannski að taka glósur?

**Helga:** Já, en ekki bókstaflega, með glósubók og öllu. „It‘s all up here“ (bendir á höfuðið á sér). Ég tek eftir andlitum og hvernig fólk tjáir sig og svona, og gleymi þeim aldrei, þó ég hafi síðast séð þau blindfull í partíi fyrir tuttugu árum.

### Forseti lýðveldisins

*Finnst ykkur rétt að setja forsetanum siðareglur til að fara eftir?*

**Helga:** Ég held það veiti ekkert af því að setja þessu embætti, og reyndar ýmsum öðrum, einhverjar siðareglur.

**Haukur:** Finnst þér það? Ekki mér. Mér finnst það ætti ekkert að þurfa siðareglur fyrir forsetann. Segir það sig ekki sjálft að forseti landsins má ekki vera með galgopahátt?

**Helga:** Það er ýmislegt sem manni finnst segja sig sjálft sem virðist samt nauðsynlegt að setja ramma utan um. Forsetinn er diplómat. Mér finnst hann ekki hafa komið fram sem slíkur í viðtölum undanfarið. Hann segir „jú, ég er bara að segja sannleikann“ en verður maður ekki að kunna að segja sannleikann á diplómatískan hátt, svona þegar maður er diplómat?!

**Haukur:** Mér hættir nú til að verja Ólaf Ragnar, af því hann er Ísfirðingur. En forseti Íslands er ekki stjórnmálamaður. Þið sjáið ekki Elísabetu Englandsdrottningu vera að tjá sig eitthvað um utanríkismál Breta. Þetta eiga að vera skrautverur og punt.

## Síðast hjá Helgu

**Síðasta manneskjan sem ég heimsótti:** Josy Zareen vinkona mín og magadansari með meiru.
**Síðustu góðu kaupin sem ég gerði:** Agalega fínir dansskór í „Gula húsinu“ – svakalega fínn afsláttur!
**Síðasta sundlaugin sem ég fór í:** Grafarvogslaugin auðvitað.
**Síðasta loforðið sem ég gaf:** Einn dagur í einu!
**Síðasta bíómyndin sem ég horfði á:** Coco Avant Chanel með Audrey Tautou.

### Í djúpum ess ká

*Rökstólaparið er orðið óstöðvandi í eldheitum umræður um hvernig þurfi að stokka spilin upp á nýtt.*

**Haukur:** „Hér hefur orðið til stjórnmála- og valdamannastétt sem er kannski sérfróð í því að ná og halda völdum, en er ekki umhugað um annað en að skara eld að eigin köku. Þetta fólk hefur alltaf eigin hagsmuni í fyrirrúmi og hefur engar hugsjónir. Þessi hræbillega leitnæntís framsóknarmennska hefur skotið svo djúpum rótum að stundum veltir maður í alvöru fyrir sér hvort blóðug bylting sé það eina sem dugir til að ræsta hana út? Ég vona ekki, en við þurfum í það minnsta að losna við þetta lið hið fyrsta.”

**Helga:** Já, en svo er það smæðin. Það verður alltaf þessi frændsemi hérna. Myndi þetta ekki bara vera nákvæmlega eins ef til dæmis þjóðstjórn kæmi saman? Þetta er bara mjög mikil krísa!

**Haukur:** Skúli Þórðarson, vinur minn, orðaði þetta vandamál ágætlega í lagatexta: „Verst er sem best er, hér ríkir klíka, best er sem verst er, þú ert í henni líka.“ Um leið og á að fara að hrófla við hlutunum þarf að fara að skoða sinn eigin rann. Og það er ekkert endilega allt fallegt sem þar leynist.

**Helga:** Þess vegna held ég að við þurfum að setja mörk, eins boring og það er. Við þurfum bara að skilgreina þetta allt saman upp á nýtt. Vegna þess að við erum í djúpum ess ká. Það er eina leiðin.

**Haukur:** Þurfum við bara að búa til reglur um allt?

**Helga:** Já, sorrí, því við erum svo mikil börn í okkur. Annaðhvort það eða bara fullkominn anarkismi.

**Haukur:** Og akkúrat núna hækkar verð á sígarettum og áfengi, þegar menn þurfa hvað mest að drekka sig og reykja frá þessari eymd!

**Helga:** Ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin til að vinna sig út úr vandamálunum.

### Lífið í miðbænum

*Svo gæti víst farið að Björgólfur Thor missi húsið hans langafa síns að Fríkirkjuvegi 11. Margir vilja sjá þar barnamenningarsetur. Hvernig líst ykkur á það?*

**Helga:** Hundrað prósent sammála! Þetta hús er nefnilega svolítil ævintýrahöll.

**Haukur:** Ég líka. Við eigum ekki að loka fínustu húsin okkar af, þannig að fáir getu notið þeirra og kannski leyft okkur hinum að koma inn af og til, af góðsemi sinni og gæsku hjartans. Þessu húsi á að halda við, garðurinn á að vera opinn, þarna má setja upp barnaleiksýningar og barnabókasafn. Já, og auðvitað kaffisölu, þar sem maður getur fengið kakó og pönnsur. En í þessu samhengi – hvað finnst þér þá um Heilsuverndarstöðina á Barónsstíg, sem á nú að verða hótel?

**Helga:** Hótel?! Átti það ekki að verða barnaskóli?

**Haukur:** Jú, en það gleymdist víst að fá leyfi fyrir skólanum. En mér finnst alls ekki það versta sem getur komið fyrir þetta hús að verða hótel. Laugavegurinn neðan Frakkastígs er eiginlega bara dauður. En ef af þessu verður þá mun maður sjá menn þarna á vappi, á leiðinni í sund og á kaffihús og svona.

**Helga:** Já kannski. En það þurfa samt að vera reglur! Það má ekki breyta húsinu of mikið. Er þetta ekki verndað?

**Haukur:** Heyrðu, ég held þú sért alveg alveg búin að selja mér þetta með reglurnar!

## Síðast hjá Hauki

**Síðasta manneskjan sem ég heimsótti:** Það voru þau amma mín og afi á Kleifarveginum, en þangað (líkt og til ömmu minnar og afa á Ísafirði) þykir mér óbærilega gott að koma.
**Síðustu góðu kaupin sem ég gerði:** Ég er ekki frá því að ég hafi aldrei nokkurn tímann gert góð kaup. En 12” G4 Powerbook-lappinn minn átti fjögurra ára afmæli um daginn og virkar enn eins og draumur (reyndar mjög hikstandi, beyglaður, rykugur draumur, en draumur samt). Það hljóta að teljast góð kaup, af fartölvu að vera.
**Síðasta sundlaugin sem ég fór í:** Ég fór í laugina úti á Seltjarnarnesi. Ætlaði að tékka hvort Ólafur Haukur Símonarson væri þar, svo ég gæti snapað eiginhandaráritun á Meiri gauragangur-bókina mína (sem ég var að endurlesa á klóinu um daginn og er enn þá frábær) og líka gert upp gamlar sunderjur milli hans og vinar míns.
**Síðasta loforðið sem ég gaf:** „Ég ætla aldrei – aldrei – aldrei – aldrei – aldrei að verða eins og þeir.“
**Síðasta bíómyndin sem ég horfði á:** MOON, eftir Zowie Bowie. Hún er frábær og ég mæli með henni. Svo eiga allir að vera góðir við ketti, fólk sem er leiðinlegt við ketti er glatað lið.



# Í dag eru 15 þúsund einstaklingar án atvinnu. Getum við sætt okkur við það?

Í dag þurfa 24 þúsund heimili á aðstoð að halda. Þessi heimili ná ekki endum saman eða eru á mörkum þess að standa undir greiðslum og framfærslu.

***Þessu ástandi verður að linna.***

Menn verða að axla ábyrgð vegna efnahagshrunsins og vanrækslu í aðdraganda þess. Endurreisn efnahagskerfisins á nýjum siðferðisgrunni er þó forgangsmál núna.

Ljúka þarf Icesave–málinu og setja hagsmuni þjóðarinnar á oddinn. Þar vega atvinnumál þyngst.

Í stöðugleikasáttmálanum eru nefnd fjárfestingaverkefni fyrir milljarða sem gætu skilað 26 þúsund ársverkum á næstu árum. Þau áttu að vera komin af stað fyrir löngu. Hvert og eitt þessara verkefna hefði veruleg áhrif á efnagasframvindu og atvinnustig næstu ára.

Ekki láta það tefjast lengur. Látið hendur standa fram úr ermum.

***Það er ekki eftir neinu að bíða.***

Starfsgreinasamband Íslands



**HÓPKNÚS Í KVENNÓ** Ragnar sögukennari er hér tekinn í hópknús af fráfarandi nemendum Kvennaskólans í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**MH STELPUR** Sóveig Birna og Vala Bjargey, verðandi stúdínur frá Menntaskólanum í Hamrahlíð, spókuðu sig í miðbænum eftir hádegi í gær.

# Æskuárin kvödd

**Dimmisjónir** framhaldsskólanema eru meðal árlegra vorboða. Þá kveðja framhaldsskólanemar menntastofnunina sem hefur fóstrað þá árin á undan. Við taka lokaprófin og svo líf sem fullveðja einstaklingur, annaðhvort í starfi eða háskólanámi. Á sjálfan dimmisjóndaginn er þó gleðin fyrst og fremst við völd og prófkvíða og valkvíða vegna framtíðarverkefna slegið á frest.



**MIÐAUSTURLANDASTEMNING Í MIÐBORGINNI** Dansandi Kleópötrur úr MH á Lækjartorgi.

# Hvolsskóli fyrstur til að nýta sér nýja þjónustu




**Blindrafélagið hefur sett á fót hjálpartækjaleigu.**

Tilgangurinn er m.a. að bjóða skólum landsins upp á þann valkost að leigja hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta nemendur, í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar fjárfestingar við kaup á slíkum tækjum. Hjálpartækjaleigunni er ætlað að auðvelda skólum landsins að uppfylla lagalegar skyldur sínar gagnvart blindum og sjónskertum nemendum og tryggja jafnt aðgengi þeirra að menntun.
Unnur Pöll er nemandi við Hvolsskóla og nýja stækkunartækið mun koma henni að góðum notum í náminu.
Tækið stækkar texta og myndir og getur einnig stækkað það sem skrifað er á töfluna með notkun myndavélar.

Hugtök Markaðsráðgjöf Apríl 2010

# Miði í vorhappdrætti Blindrafélagsins birtist í heimabankanum þínum í dag!

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að langmestu leyti með sjálfsaflafé. Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki. Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

**Miði í vorhappdrætti Blindrafélagsins er kominn í heimabankann þinn.**




Í rafrænum skjölum í heimabankanum þínum getur þú séð happdrættismiðann. Dregið verður í happdrættinu þann 11. júní nk. en það er sami dagur og eindagi kröfunnar. Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls um 200 talsins. Þar á meðal eru 2 bílar, 125 ferðavinningar og 70 gistivinningar. Heildarverðmæti vinninga er um 50 m. kr.

# Þinn stuðningur er mikilvægur

Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.

**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Frekari upplýsingar á www.blind.is og í síma 525 0000.
Vinningaskrá birt á síðu 290 í textavarpi sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

# Hittust í fyrsta sinn um sextugt

„Á Íslandi heilsast ættingjar með knúsi!“ Þannig tók **Ebba Unnur Jakobsdóttir** á móti systur sinni, Medoru, með opnum faðmi þegar þær hittust fyrst í Leifsstöð sumarið 2008. Þá voru þær 60 og 63 ára. Nokkrum mánuðum áður hafði hvorug hugmynd um tilvist hinnar. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** tók hús á Ebbu sem sagði henni söguna af ástarsambandi hermannsins J.T. Roricks og hinnar íslensku Dídíar og ákvörðuninni um að leita róta sinna á fullorðinsaldri, með hvatningu frá handanheimum.

Nokkrum mánuðum áður en systurnar Ebba og Medora hittust í fyrsta sinn höfðu þær komist að tilvist hvor annarrar. Faðir þeirra, J.T. Rorick, var bandarískur hermaður sem bjó á Íslandi í tvö til þrjú ár undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Hann átti í ástarsambandi við unga íslenska konu, Fríðu Jónsdóttur, sem alla tíð var kölluð Dídí. Ávöxtur þess sambands var Ebba, sem fæddist í febrúar árið 1945, nokkrum mánuðum eftir að J.T. fór frá Íslandi.



**NAUÐALÍK FEÐGIN** Ebba Unnur Jakobsdóttir ber sterkan svip af föður sínum, sem hún hitti aldrei í lifandi lífi. Það gerir sonur hennar einnig, sem er lifandi eftirmynd afa síns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Yndisleg fósturfjölskylda

Alla ævi hafði Ebba Unnur vitað að hún ætti bandarískan föður. Hún vissi líka að hann hafði verið giftur í Bandaríkjunum og að hún ætti þar tveimur árum eldri hálfbróður, sem faðir hennar hafði ekki enn hitt, þegar hann var búsettur á Íslandi. Hún vissi ekki mikið meira um föður sinn, enda barst hann örsjaldan í tal á uppvaxtarárum hennar. Ebba, sem ólst ekki upp hjá móður sinni vegna erfiðra aðstæðna hjá henni, minnist þess ekki að hafa saknað þess að vera í sambandi við blóðföður sinn. „Ég lenti hjá alveg yndislegum fósturforeldrum, fullorðnum hjónum sem voru óskaplega góð við mig. Ég hef stundum furðað mig á því sjálf af hverju ég var ekki forvitnari um blóðföður minn. Kannski var það bara vegna þess að ég var svo ánægð. Ég hafði einskis að sakna.“

Þegar Ebba var tólf ára gömul kom mamma hennar í heimsókn og hafði meðferðis þrjú bréf sem J.T. hafði skrifað henni, eftir að hann fór frá Íslandi, og tvær myndir af honum. Þær töluðu aldrei aftur um hann sín á milli eftir það.

### Ekki hrifinn af Ameríkubarni

Ebba er Jakobsdóttir en fósturfaðir hennar hét Ingibergur. Þetta fannst krökkunum í kringum hana skrýtið og þau voru forvitin um hver væri þá eiginlega pabbi hennar. Þegar hún sagði þeim að hann hefði verið amerískur hermaður höfðu þau mestan áhuga á því að vita hvort hann væri ríkur. Að öðru leyti fann hún ekki fyrir fordómum vegna þess. Hins vegar vissi hún að það truflaði nýjan eiginmann blóðmóður hennar að faðir hennar væri frá Ameríku. „Hann var ekkert hrifinn af því að búa með Ameríkubarni. Það hefði verið alveg í lagi ef faðir minn hefði verið Norðmaður eða Rússi. En hann var samt alla tíð góður við mig. Og sjálf hafði ég það svo gott hjá fósturforeldrum mínum að ég vildi hvergi annars staðar vera.“

### Leit hafin að fjölskyldunni

Það var ekki fyrr en Ebba var komin hátt á sextugsaldur að hún fór að hugsa um að reyna að hafa uppi á fjölskyldu föður síns í Bandaríkjunum. „Bréfin og myndirnar af honum voru alltaf einhvern veginn að detta upp í hendurnar á mér. En ég var alls ekki viss um hvort mig langaði til að gera eitthvað í þessu, mér fannst það satt best að segja of mikil fyrirhöfn. En þegar þarna var komið sögu var þetta orðið þannig að það var alltaf einhver að pota í mig. Svo dóttir mín fer á stúfana. Og hún var ekki lengi að finna heimasíðu um Rorick-ættina.“

Þær mæðgur fóru þó ekki lengra með leitina í það skiptið. En svo var það nokkrum mánuðum seinna að Ebba var stödd í eldhúsinu á Bifröst þar sem hún og eiginmaður hennar störfuðu í langan tíma. Þar var fræðimaðurinn Ian Watson að störfum. Hann varð vitni að því þegar Ebba var að tala við útlending og hafði orð á því að hún talaði nokkuð góða ensku. „Það liggur kannski bara í blóðinu,“ svaraði Ebba þá. Þá var forvitni Ians vakin og Ebba komst að því að hans aðaláhugamál er ættfræði. Hann óskaði eftir því að fá að grafast frekar fyrir um fjölskylduna. Ebba ýtti því á undan sér í nokkra mánuði en lét loks til leiðast. Hann var fljótur að finna upplýsingar um fjölskylduna. Þá fyrst fékk Ebba að vita að hún ætti ekki bara bróðurinn Jay í Annapolis heldur líka yngri systur í Oregon sem héti Medora. Eftir nokkurra mánaða umhugsun gaf Ebba Ian heimild til að hafa samband við þau símleiðis. Bæði systkini hennar tóku símtölum Ians vel, voru steinhissa en fyrst og fremst forvitin um þessa týndu systur. Og í því símtali kom líka í ljós að hún átti líka yngri bróður, Mark.

### Leyfðu mér að kynna mig

Fyrsta bréfið sem Ebba fékk frá þeim systkinum í Bandaríkjunum var frá eldri bróður hennar. Það hófst með þessum orðum: „Allow me to introduce myself.“ Í bréfinu rakti hann hversu undrandi þau systkinin hefðu verið þegar þeim barst símtalið, en þau væru bæði jafnframt forvitin og áhugasöm um að hitta hana. Hann lýsti föður þeirra, sem hann sagði hafa verið hlýjan mann sem elskaði að tala, hlæja og rökræða. Hann sagði henni frá því að faðir hennar hefði látist úr hjartaáfalli 63 ára gamall, þegar hann var úti að skokka.

Ebba telur að áfallið hafi verið meira fyrir Medoru, sem hafði verið einkadóttir föður síns og alla tíð dreymt um að eignast dóttur. Engu að síður tók hún Ebbu líka hlýlega. Í ljós kom að Medora hafði verið búin að skipuleggja ferð til Norðurlandanna með eldri dóttur sinni þetta sama sumar. Því var fyrstu fundur þeirra strax skipulagður í sambandi við það.



**MEÐ MYNDINA AF PABBA** Medora, yngri systir Ebbu, kom til Íslands sumarið 2008 ásamt dóttur sinni. Þá hittust þær systur í fyrsta sinn. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Margt er líkt með skyldum

Þegar Medora svo kom hingað til lands um sumarið biðu hennar margar óvæntar uppákomur. Sú fyrsta var að hitta fyrir þessa hlýju systur sína á flugvellinum. Önnur var þegar hún hitti son Ebbu, Ingiberg. Sá er svo nauðalíkur afa sínum að það eitt að sjá hann sló hana alveg út af laginu. Fleiri líkindi eru með fjölskyldunum, bæði útlitsleg og karaktereinkenni. „Yngri dóttir Medoru er á kafi í þessum andlegu málum, eins og ég. Svo er dóttir mín svo nauðalík Medoru á margan hátt, bæði í sér og í útliti,“ segir Ebba, sem hefur einu sinni hitt Medoru aftur, þegar hún var í heimsókn hjá dóttur sinni í Kaliforníu. Yngri bróðurinn á hún ekki von á að hitta, enda er hann sjúklingur og hafi lítil samskipti við fjölskylduna. Hún vonast eftir að hitta eldri bróður sinn einn daginn.

Ebba er ánægð með og þakklát yfir að viðbrögð systkina hennar hafi verið svo jákvæð. Annars segist hún hafa verið við öllu búin. „Ég fer í gegnum lífið með það hugarfar að ég hefði ekki látið það á mig fá hefðu þau ekki viljað kynnast mér. Ég hefði bara skilið það og ekki látið það trufla mig. Ég hefði frekar hugsað: æ hvað þetta er leiðinlegt fyrir þau að missa af því að kynnast svona æðislegu fólki á Íslandi,“ segir hún og hlær.

### Lifði í ólíkum heimum

J.T. Rorick dvaldi á Íslandi í tvö til þrjú ár. Samkvæmt bréfunum sem hann sendi móður Ebbu fór hann frá Íslandi til Englands og þaðan til Belgíu, Frakklands og Þýskalands. „Á bréfunum er greinilegt að það var mjög skemmtilegt hjá honum. Hann var að skrifa til móður minnar hvernig lífið væri þarna og hvernig stúlkurnar væru og þar fram eftir götunum. Medora systir mín fékk líka hálfgert áfall þegar hún sá bréfin, enda sá hún þarna glænýja hlið á ástkærum föður sínum.“

Þegar J.T. kom aftur til Bandaríkjanna, þegar stríðinu var lokið, hafði hann aldrei framar samband við Dídí ástkonu sína og dótturina á Íslandi. Ebba vissi því, sem fyrr segir, lítið um hann. Því voru næstu mánuðir áhugaverðir þegar Ebbu bárust frá systur sinni ítarlegar upplýsingar um föður þeirra og ættina. Hún komst að því að þegar hann kom aftur heim til Bandaríkjanna hafi hann upphaflega ætlað að læra óperusöng, en hann hafi hins vegar orðið sögukennari og starfað sem slíkur allt sitt líf.

### Alltaf í langlínusambandi

Það yfirnáttúrulega hefur haft sitt að segja með að leiða Ebbu og fjölskyldu hennar í Bandaríkjunum saman. Sjálf lýsir hún því þannig að hún sé í meira langlínusambandi en margur. „Það stóð meðal annars alltaf maður í svefnherberginu mínu, hár og grannur í svörtum frakka. Svo var ég í nuddi í Borgarnesi hjá konu sem heitir Ebba og hún segir: „Heyrðu, það stendur hérna hár og grannur maður í svörtum frakka.“ Þá var mér allri lokið. Fyrst hann er farinn að elta mig í nudd hlýtur hann að eiga eitthvað brýnt erindi við mig, hugsaði ég. Þegar ég svo sá myndirnar frá fjölskyldunni sá ég að þetta var afabróðir minn í föðurætt. Þau hafa bara verið alveg ákveðin í því að koma þessum tengslum á!“

Ebba segist alla tíð hafa haft það á tilfinningunni að hún hafi verið getin í ást. Hún hafi nú fengið sannfæringu fyrir því. „Mér fannst það bara bráðfyndið þegar ég sá þau saman í eldhúsinu á Bifröst. Þau eru mjög ánægð saman í dag. Ég held að aðstæður hans hafi bara verið þannig á þessum tíma hann gat ekki verið með móður minni.“

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

maí 2010

## Sushi við árbakkann

Gunnlaugur Blöndal gefur uppskrift að sushi og smjörsteiktum makríl.

SÍÐA 4





## Hreinasta lostæti

Ásgeiri Erlendssyni finnst reyktur lundi tilvalinn í ferðalagið. SÍÐA 6



# Ekki gleyma íslenska fánanum!

Fátt er þjóðlegra en íslensk sumarsveit þar sem sameinast fuglasöngur, vinafjöld og girnileg nestiskarfa í indælum lautartúr undir heiðbláum himni, með sess í nýsprottnu grasi, blómaskrúð og ilmandi lyng.

Ég fer minnst tvisvar á sumri í lautarferð, annaðhvort í almenningsgarða borgarinnar eða út fyrir bæinn, og alltaf með dúkinn minn, nestistöskuna og gleymi aldrei íslenska fánanum. Það skortir á að Íslendingar noti fánann sinn meira og við megum ekki vera feimin að flagga honum. Ekki veitir af að rækta þjóðerniskenndina og kynda undir stolti á uppruna okkar,“ segir Jakob Jakobsson, smurbrauðsjómfrú og veitingamaður í Jómfrúnni við Lækjargötu, en hann bauð til vorveislu á Austurvelli til að hleypa vorhug í lesendur og kveikja í þeim að gera vel við sig með unaðslegu nesti í íslenskri náttúru nær og fjær. Í lautarferðinni með Jakobi var sonur hans, tengdadóttir og systurdóttir.

„Sonur minn var að rifja upp ferðalög um landið í gamla daga þegar alltaf var keyrt fram hjá þjóðvegasjoppum, en þess í stað stoppað til að gæða sér á nesti á fögrum stað. Þá þótti honum súrt í broti að fá ekki pulsu og kók yfir búðarborðið, en kann nú mun betur að meta lautartúrana og heimagerða nestið í minningunni,“ segir Jakob sem hvetur landsmenn til að hleypa hugmyndafluginu lausu í samloku- og smurbrauðsgerð.

„Danir eru þekktir fyrir huggulegar lautarferðir, þar sem fólk tekur með sér hefðbundið smurbrauð, drykkjarföng, borðbúnað, dúka og fánann sinn í almenningsgarða borgarinnar, á meðan Hljómskálagarðurinn okkar er tómur.

FRAMHALD Á SÍÐU 4



## BÍLALÚGUÁST

**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

Þar sem ég hef alist upp í úthverfi og svo kynnst börnunum sem ólust upp í 101 og nágrenni síðar á ævinni tel ég mig nokkurn veginn vita að stuðið var meira í úthverfinu þar sem var hægt að kveikja í rusli. Annað sem ég þykist fullviss um að 101-börnin hafi farið á mis við er það stórkostlega fyrirbæri að kaupa sælgæti og mat í gegnum bílalúgu. Tíðar ökuferðir tilheyra því að búa í útnára borgarinnar og maður þekkti nokkurra ára gamall leiðakerfi borgarinnar. Ég tel það hollt og nauðsynlegt að vita sitthvað um ökutæki og finnst bíllaus lífsstíll hljóma dauflega. Ekki síst þegar ég hugsa til Aktu taktu, Nestis og Bláa turnsins. Nesti, Ártúnshöfða, var ein fyrsta bílalúgan á Íslandi og þaðan eru fyrstu lúguminningar mínar frá árinu 1984. Mér fannst matur vondur framan af en samloku með skinku og osti, úr örbylgjuofni í Ártúnsbrekku, borðaði ég. Verandi grönn og matvönd var því ósjaldan stoppað í lúgunni í brekkunni og mér boðin samloka. Krakkarnir í bekknum mínum í Ísaksskóla áttu foreldra sem stoppuðu aldrei í lúgusjoppum og þegar það spurðist út að mamma mín gæfi mér samlokur úr lúgu vildu bekkjarfélagarnir ólmir koma heim með mér.

Þegar ég fékk bílpróf upplifði ég svipað frelsi og þegar ég mátti í fyrsta skipti fara ein út í búð. Allt í einu gat ég hvenær sem var farið sjálf í bílalúgur og ég söðlaði um á matseðlinum og prófaði alls kyns lúgurétti, nagga, báta, ostborgara og franskar. Enn í dag veit ég fátt betra en að keyra að næstu lúgu og snæða við miðstöðina í friði og þótt það hljómi þunglynt og offitusjúklingalegt er það slökun á við besta jógatíma.

## MATREIÐSLUBÓKIN




Með veislu í farangrinum, matreiðslukver ferðamannsins, er uppskriftakver sem var gefið út fyrir nokkrum árum og er tilvalið fyrir þá sem vilja nýta það sem hendi er næst áður en lagt er af stað í ferðalög, hvort sem til stendur að fara í sumarbústað, útilegu eða styttri ferðir. Bókin er uppfull af uppskriftum, meðal annars fyrir prímusa og inniheldur útbúnaðarlista, sem er tilvalinn til að hjálpa fólki að skipuleggja sig, sögur og skemmtilegan fróðleik, sem þær Ingibjörg G. Guðjónsdóttir og Ragnheiður I. Ágústsdóttir hafa sett saman en þær eru þaulvanir leiðsögumenn. Nánari upplýsingar á www.salka.is.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur
S Smáréttir
Hvunndags/til hátíðabrigða
Hvunndags
Hollt
Annað kjöt en fuglakjöt
Fuglakjöt
Fiskur
Grænmeti







Guðmundur segir það ekkert launungarmál að maturinn bragðast betur undir berum himni og að ekki spilli fyrir að spretta úr spori áður en sest er að snæðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ELDAÐ Í NÁTTÚRUNNI

Því eru lítil takmörk sett hvað matreiðslumaðurinn Guðmundur Finnbogason getur eldað undir berum himni en hann kennir börnum og fullorðnum réttu tökin og töfrar fram dýrindis rétti.

Útieldun er Guðmundi Finnbogasyni eðlislæg enda uppalinn í skátunum. Hann starfar sem matreiðslukennari í Laugarnesskóla og fer stór hluti kennslunnar fram undir berum himni. Þá heldur hann námskeið fyrir kennara og aðra áhugasama á vegum Náttúruskóla Íslands ásamt því að halda úti heimasíðunni utieldhus.is.

Guðmundur segir fólk ekki mega vanmeta gildi matar og matreiðslu á ferðalögum enda sé matur gríðarlega stór hluti af lífi og tilveru allra. „Þess vegna hvet ég fólk til að gefa sér tíma í nestið hvort sem það er eldað heima eða þar sem er áð, en þannig verður ferðalagið eftirminnilegri en ella. Það mætti jafnvel stytta það með hliðsjón af tímanum sem fer í að elda því þó það sé gaman að geta státað af kílómetrafjölda þá er enn skemmtilegra að segja frá því að hafa eldað þrírétta máltíð undir berum himni. “

Að sögn Guðmundar er það mikil upplifun fyrir börn og fullorðna að elda á prímus úti í náttúrunni. Hann segir möguleikana marga og sáraeinfalda ef fólk veit hvernig á að bera sig að. „Ef undirbúningurinn er góður og uppskriftirnar vel valdar er framhaldið leikur einn. Svo er líka hægt að skipuleggja ferðina þannig að fólk hafi betra og örara aðgengi að vistum.“ En hvaða áhöld þarf að hafa við höndina? „Prímus og potta en mér finnst líka gott að nota létta teflonpönnu. Ef farið er vel með hana og passað að hún hitni ekki um of er hægt að gera ótrúlegustu hluti og er ekki langt síðan ég bakaði brownie á slíkri pönnu.“

Guðmundur gefur uppskriftir að lummum og heimsins besta kakói sem nemendur hans í Laugarnesskóla hafa flestir spreytt sig á gera úti á skólalóðinni„Þetta má auðvitað líka útbúa heima og taka með í nesti,“ segir Guðmundur. Næsta útieldunarnámskeið hans fer fram 13. maí en nánari upplýsingar er að finna á utieldun.is - ve

## LUMMUR OG BESTA KAKÓ Í HEIMI

### LUMMUR

*4-6 stykki*

**1 dl heilhveiti**
**1 dl haframjöl**
**½ tsk. lyftiduft**
**1/8 tsk. salt**
**2 tsk. púðursykur**
**1 dl + 1 msk. mjólk**
**1 msk. matarolía**
**1 egg**
**½ dl rúsínur (má sleppa)**

*Blandið þurrefnum saman í skál eða poka. Bætið öðru hráefni út í og blandið vel saman. Steikið á pönnu. Þynnið deigið með mjólk ef þarf. Borið fram með hverju sem hugurinn girnist eins og osti, sultu, reyktum laxi, sykri eða rjóma.*



### KAKÓ

*2 bollar*

**2 msk. sykur**
**1 msk. kakóduft**
**1 dl vatn**
**½ lítri mjólk**
**4-6 sykurpúðar**

*Setjið sykur, kakó og vatn í pott og hitið að suðu. Bætið mjólkinni út í. Það þarf ekki að sjóða mjólkina bara að hita hana vel.*

*Setjið sykurpúðana í bolla og hellið heitu kakó yfir. Púðarnir bráðna og búa til ljúffenga froðu.*






KJÖTHÖLLIN

## *Ferskt og gott hráefni*

Kjöthöllin er rótgróið fjölskyldufyrirtæki stofnað af Christian H. Christensen árið 1944, með það fyrir augum að bjóða upp á úrvalskjöt. Afkomendur hans hafa rekið fyrirtækið frá árinu 1974. Kjöthöllin er með verslanir í Skipholti og við Háaleitisbraut og hafa starfsmennirnir nú í nógu að snúast þar sem grilltíminn er að ganga í garð. „Við höfum ekki undan,“ viðurkennir Sigríður Björnsdóttir og bætir við að einna vinsælastir séu hamborgararnir, gerðir eins og annað úr fersku og góðu hráefni.“ Hún getur þess að Kjöthöllin bjóði upp á nokkrar gerðir matarboxa á tilboði, grillkassa, sparkassa og fleira. Nánari upplýsingar megi finna á www.kjothollin.is.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Sunna Valgerðardóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*


REX
STUÐLAR AÐ
JÁKVÆÐU
ÍSLANDI
GÓMSÆTT SÚKKULAÐIKEX FRÁ FREYJU
REX
REX
BITAR
250 g
REX
REX
REX
JÁKVÆÐNISSKAMMTURINN
Hver er sinnar gæfu smiður?
Þú ert þinn eigin smiður.
Smíðaðu þér nú stórt hús úr gleði.
FREYJA

# Sker sig úr



JONSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Güde er þýskt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir hágæða hnífa samkvæmt aldagamalli hefð. Hver hnífur er handsmíðaður frá grunni og sérstaklega hertur svo bitið haldist sem best. Kokka býður upp á Güde hnífa af ýmsum stærðum og gerðum.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is


FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þá skiptir miklu að nestið sé flott og umgjörðin líka, rétt eins og þegar maður tekur á móti gestum heima og tjaldar til því besta. Allar Norðurlandaþjóðirnar, nema Íslendingar, flagga svo fána sínum til að ítreka að þeir skemmti sér á sinn eigin máta. Almenningsgarðar eru svo tilvaldir til að halda upp á barna- eða fullorðinsafmæli, og upplagt að halda áfram inn í nóttina úr garðinum inn í miðborgina þegar kvöldið tekur við,“ segir Jakob sem fagnar fimmtán ára afmæli Jómfrúarinnar í ár og heldur uppteknum hætti að bjóða upp á djasstónleika í bakgarðinum, þar sem myndast pikknikkstemning í sjálfu sér. - þlg



Jakob Jakobsson tilbúinn í lautartúr.



Allt tilbúið; fáninn, nestið og dúkurinn.

## HRÁ LAXAMÚS OG PASTRAMI Á BRESKAR SAMLOKUR

### HRÁ LAXAMÚS

*Bretar bera fram litlar samlokur í lautarferðum.*

**250 g hrár lax, bein- og roðlaus**
**1½ msk. rjómaostur**
**1½ msk. sýrður rjómi**
**1 msk. sítrónusafi**
**1 msk. HP-sósa**
**1 tsk. Dijon-sinnep**
**1 tsk. Tabasco-sósa**
**Ferskt, saxað kóríander eða estragon**
**Salt og pipar**

*Allt sett í matvinnsluvél og maukað.*



### PASTRAMI

**3 kg saltaður og reyktur nautavöðvi**

**LÖGUR**
**4 l vatn**
**2 l lageredik (4%)**
**1 heill hvítlaukur**
**3 msk. tímían**
**4 heilir, rauðir laukar**
**10 lárviðarlauf**
**10 stk. þurrkaður chilipipar**
**2 msk. sinnepskorn**
**3 msk. salt**
**3 msk. heil piparkorn**
**2 kg sykur**

*Nautavöðvi látinn liggja í að minnsta kosti sólarhring í legi, síðan soðinn í 1½ klukkustund. Geymdur í leginum svo vikum skiptir í kæliskáp.*

*Á samlokunni er niðurskorið pastrami með Dijon-sinnepi og súrkáli, sem fæst í öllum betri verslunum.*



Smjörsteiktur makríll er í miklu uppáhaldi hjá Gunnlaugi.





Gunnlaugur segir leyndarmálið á bak við japanska matargerð vera hve hráefnið er ferskt.

# Veiðiv

# VIÐ ÁR

Gunnlaugur Blöndal, nemi við H
matargerð. Sjálfbær matargerð

Gunnlaugur telur að margir Íslendingar fari á mis við það sem náttúran hefur upp á að bjóða og gleymi sér í stórmörkuðum og innfluttum varningi. „Ísland hefur svo mikið af auðlindum um allt. Það er ekkert skemmtilegra en að framreiða og borða það sem maður hefur veitt sjálfur.“

Gunnlaugur segir veiðina eins konar hugleiðsluferli þar sem gott sé að nýta einveruna og njóta náttúrunnar. „Þó er góður félagsskapur líka ómissandi. Og þá skiptir oft ekki máli þó maður veiði lítið eða ekkert. Þetta er þá bara skemmtilegur tími með vinunum.“

Gunnlaugur segir fátt jafnast á við

## BLEIKJA OG MAKRÍLL

### BLEIKJA Á BAKKANUM

**Bleikja (lax er líka góður), flökuð – úr ánni**
**Soðin sushi-hrísgrjón**
**Noriblöð**
**Niðurskorið grænmeti (svo sem avókadó, graslaukur, klettasalat eða paprika)**

**MEÐLÆTI**
**Sojasósa, wasabi-mauk og súrsað engifer.**
**Athugið að hrogn eru algert lo**
**góð í su**

*Skerið bl*
*sneiðar.*
*um jafnt*
*(um það*
*Setjið fis*
*þvert yfi*
*ið þétt u*
*með bei*
*Njótið.*

*Vaxi sush*
*augum e*



**ÚTILEGUKORTIÐ 2010** er komið út. Það veitir tveimur fullorðnum og allt að fjórum börnum nær ótakmarkaðan aðgang að yfir 39 tjaldsvæðum á landinu. Kortið kostar 13.900 krónur en fjölmörg stéttar- og verkalýðsfélög bjóða það á sérkjörum til félagsmanna. www.utilegukortid.is

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**TIL SÖLU OG AFGREIÐSLU FYRIR SUMARIÐ**



**Mercedes Benz Sprinter 518 CDI**
Nýr bíll, 19 farþega.
Mjög vel útbúinn
**Verð EUR 65,000**
Upplýsingar í síma: 8940278

**MORGNAR Á FJÖLLUM**

**Mánudaginn 3. maí hefjast hinar árlegu morgungöngur Ferðafélags Íslands.**

**Viltu ekki ganga á fjöll með glöðu fólki dag hvern klukkan sex að morgni og mæta svo spilandi frískur til vinnu?**

Brottför er kl. 06.00 frá Ferðafélagi Íslands í Mörkinni 6. Þar getur fólk sameinast í bíla eða komið beint að upphafsstað göngu.

Í ár verður gengið á eftirtalin fjöll:
Mánudag 3. maí: Helgafell við Hafnarfjörð.
Þriðjudag 4. maí: Reykjaborg í Mosfellsveit.
Miðvikudag 5. maí: Mosfell í Mosfellsdal.
Fimmtudag 6, maí: Vífilfell
Föstudag 7. maí: Úlfarsfell

Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir hafa umsjón með morgungöngunum.

Þátttaka er ókeypis og öllum heimil. Göngumenn skulu vera klæddir eftir veðri.

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**

**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

**Nýtt námskeið hefst 7. maí n.k.**



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**






Þráinn og aðstoðarmenn hans æfa sex sinnum í viku til að fullkomna réttina sem þeir munu elda fyrir dómarana í Bocuse d'Or. Hann mun vinna með íslenskt birki, hraun og reyk.

# Hugar að birki og hrauni

**Þráinn Vigfússon, matreiðslumaður á Grillinu, undirbýr sig fyrir Bocuse d'Or-keppnina. Hann byrjaði helgina á því að elda fyrir blaðamenn en ætlar svo að hvíla hugann í sumarbústað í Borgarfirði.**

Líklega er það draumur hvers matreiðslumanns að sigra hina frægu Bocuse d'Or-keppni sem nefnd er eftir frægum frönskum matreiðslumanni, Paul Bocuse.

Þráinn Vigfússon, matreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu, fær tækifæri til að spreyta sig í keppninni en hann mun taka þátt í forkeppni í Sviss hinn 8. júlí.

„Forkeppni er haldin í þremur álfum en í Evrópu keppa tuttugu lönd," segir Þráinn sem fer til Sviss ásamt aðstoðarmanni sínum Bjarna Siguróla Jakobssyni og tveimur hjálparhellum, þeim Atla Þór Erlendssyni og Tómasi Inga Jórunnarsyni.

Keppnin snýst um að búa til tvo rétti, annars vegar kjötfat úr kálfakjöti frá Sviss og hins vegar fiskfat úr lúðu frá Noregi. Fjórtán dómarar skera síðan úr um hverjir taka þátt í aðalkeppninni.

Síðustu vikur í lífi Þráins hafa snúist að miklu leyti um æfingar enda æfir liðið sex sinnum í viku. Hann hóf helgina á því á föstudaginn að elda réttina fyrir blaðamenn. „Þemað í kjötréttinum er birki en merkilegt nokk er þemað í fiskréttinum hraun," segir Þráinn en sú ákvörðun tengist ekki gosinu í Eyjafjallajökli enda var hún tekin í desember. „En þetta er skemmtileg tilviljun," segir Þráinn sem mun nota reyk og gos auk þess sem ætilegt hraun verður á fiskinum.

Í gærkvöldi var haldinn stuttur fundur um framhaldið og í dag er ætlunin að halda stutta undirbúningsæfingu. Í kvöld ætlar Þráinn hins vegar að kúpla sig frá öllu saman og skella sér í Borgarfjörðinn í afmæli ömmu sinnar sem haldið verður í sumarbústað.

En er hann þá ekki látinn elda? „Nei, ég hef sloppið ótrúlega vel við það. Mamma er matreiðslumaður líka þannig að konurnar hafa séð um þetta," segir hann glettinn.

*solveig@frettabladid.is*

**Opið 1. maí frá 10–14**

**Við bjóðum frábært verð**

Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-



**Til eldri borgara:**

Umfelgun á fólksbíl 4900.-
Umfelgun á smájeppa 5900.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



**HEILSUVIKA** verður í Mosfellsbæ í næstu viku. Dagskráin verður fjölbreytt með fellaþrennu, brennókeppni og skemmtidagskrá. www.mos.is

# Demi Moore gaf tóninn

**Heimskokkurinn Ólafur Sólimann hefur staðið marga vaktina í eldhúsi fræga og ríka fólksins en komst óvænt á snoðir um kraftaverkadrykk þegar hann kynnti sér engiferrótina betur eftir námsár í Taílandi.**



Ólafur Sólimann er matreiðslumeistari og frumkvöðull hjá My Secret, sem nú nýtur vaxandi vinsælda sem heilsulausn úr náttúrunnar brunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sannleikurinn er oft lyginni líkastur, en staðreyndin er sú að Aada-engiferdrykkurinn stappar nærri kraftaverkum því hann er allra meina bót eins og hundruð einstaklinga hafa sannreynt á sjálfum sér,“ segir Ólafur Sólimann matreiðslumeistari og frumkvöðull um leyndarmálið My Secret.

„Ég lærði matreiðslu á Lækjarbrekku og var eftir útskrift 1994 staðráðinn í að mennta mig enn frekar og kynnast matarmenningu sem flestra heimshorna. Þannig lærði ég grunn að taílenskri matargerð í Taílandi fyrir áratug, en þar kynntist ég engiferrótinni sem þarlendis er álitin kraftaverkajurt og notuð jafnt í matargerð sem heilsumeðal. Upp frá því fór ég að prófa mig áfram og útbjó drykk sem ég fann fljótt að vann á kvillum sem hrjáðu mig og smátt og smátt var ég farinn að blanda engiferdrykkinn fyrir stóran hóp fólks sem allt sem eitt fann bót meina sinna,“ segir Ólafur sem fékk hvatningu úr óvæntri átt þegar hann starfaði sem einkakokkur leikarahjónanna Demi Moore og Ashton Kutcher.

„Einn daginn var Demi undir miklu álagi og lagðist veik í rúmið, en spurði hvort ég gæti útbúið eitthvað heilsubætandi úr eldhúsinu. Ég færði henni þá engiferdrykkinn sem hreinsaði skjótt burt alla vanlíðan, fyllti hana þrótti og eftir það var hún óþreytandi að hvetja mig til að setja drykkinn á markað, sem varð til þess að ég fór að þróa vöruna úr því að laga tíu lítra heima yfir í 1000 lítra pott þar sem útkoman þurfti að vera nákvæmlega eins,“ segir Ólafur sem einnig gerði sínar eigin prófanir á fimmta tug manna til að fá staðfest hvort hann gæti raunverulega selt drykkinn út af virkni hans.

„Allir sem einn fundu breytingu til batnaðar á fjölbreyttum vandamálum og ljóst að drykkurinn gerði gæfumuninn hvað bætta heilsu og líðan varðaði,“ segir Ólafur og tekur fram að Aada sé 100 prósent náttúruleg vara, laus við aukaefni og íslensk framleiðsla frá grunni.



Ólafur starfaði um tíma sem einkakokkur Demi Morre og Ashton Kutcher.

„Í drykknum er engiferrót, fersk myntulauf, límóna og hrásykur. Umbúðir eru íslenskar og drykkurinn framleiddur í stórum gufupottum sem hitaðir eru með jarðgufum í Hveragerði. Þá stend ég að tilraunaræktun á íslensku engiferi í samvinnu við garðyrkjubónda, en fullur þroski næst á hálfu ári. Þangað til notum við aðeins sérvalið engifer í drykkinn,“ segir Ólafur, sem er með neytendur frá sextán ára upp í nírætt.

„Ég fæ mikil viðbrögð frá neytendum og margir koma með tár á hvarmi til að lýsa því hvernig drykkurinn hefur breytt lífi þeirra til batnaðar. Þá eru læknar farnir að hafa samband eftir að sjá hvað drykkurinn gerir fyrir sjúklinga þeirra, en þar á meðal eru lausnir á gigt, vöðvabólgu, ristilvandamálum og mígreni sem hreinlega hverfur. Það er vísindalega sannað að engifer hefur sótthreinsandi áhrif, kemur jafnvægi á meltingarveg og vinnur vel á sýkingum í maga- og þarmaflóru. Þá má ekki gleyma þeim sem eru í líkamlegu toppformi en nota drykkinn til betra úthalds og andlegrar vellíðunar, auk þess sem hann er einkar vatnslosandi, grennandi og lostavekjandi.“

Ólafur segir margsannað að engifer geymi yfir 100 þekkt efnasambönd sem geri líkamanum gott.

„My secret, eða leyndarmálið mitt, er aðferðin við að ná fram virku efnunum yfir í vökva. Ekki dugar að sjóða engiferrót í bitum og sigta frá, því sýru, sætu og kryddjurtir þarf til að áhrifin verði jafn víðtæk og raun ber vitni,“ segir Ólafur sem í maí hefur sölu á Aada í handhægum 300 ml umbúðum í verslunum.

„Jú, vissulega var frábært að vinna fyrir Demi og Ashton, sem eru eins og dagur og nótt. Hún er mjög þroskuð á meðan hann er grallaraspói, en bæði mjög venjuleg á heimili. Ég vann hjá þeim sex daga vikunnar frá morgni til kvölds, en átti frí á sunnudögum og fór þá oft út að borða með þeim. Demi var fyrirfram sögð erfið og frek í umgengni en annað kom á daginn. Hennar einu kröfur voru að allur matur væri ferskur, óunninn og aukaefnalaus, en svo var auðvitað dásamlegt að sjá hvernig hún var alveg eins og við hin að fá sér gos og Snickers á kvöldin.“

Sjá nánar á www.mysecret.is

*thordis@frettabladid.is*

## Hollt hráefni

ÚRVALIÐ AF HOLLU OG GÓÐU HRÁEFNI ER ENDALAUST. HÉR ERU NOKKUR GÖMUL OG GÓÐ SEM STANDA ÁVALLT FYRIR SÍNU.



Tómatar eru C- og E-vítamínauðugir og er mest af vítamíninu í vökvanum sem umlykur fræin. Karótíninnihaldið er töluvert hátt. Þeir eru hitaeiningasnauðir og í 100 g eru aðeins 15 til 25 hitaeiningar. Þótt tómatar séu ber, litið til grasafræðinnar, og þar af leiðandi undirflokkur ávaxta, eru þeir einnig flokkaðir sem grænmeti samkvæmt næringarfræðinni.



Kíví er auðugt af C-vítamíni og eru aðeins 53 hitaeiningar í 100 grömmum. Kíví er loðber sem er upprunnið í suðurhluta Kína þótt margir tengi ávöxtinn við Nýja-Sjáland. Ástæðan er sú að kívíið var flutt þangað í byrjun tuttugustu aldar og barst þaðan til Vesturlanda.



Paprika er ákaflega rík af C-vítamíni, auk þess sem hún inniheldur ýmis steinefni. Karótíninnihald hennar er einnig mjög hátt. Paprika er til í ýmsum litum en algengastar eru gular, rauðar og appelsínugular. Í rauninni er paprika ávöxtur en hún er þó yfirleitt notuð eins og grænmeti og flestir líta á hana sem grænmeti en ekki ávöxt.



Appelsínur eru ávöxtur sítrustrésins Citrus sinensis. Þær eru C-vítamínauðugar og þrátt fyrir sætleikann eru að meðaltali aðeins um fimmtíu hitaeiningar í hundrað grömmum.


Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU
Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:
I. stig helgarnámskeið 15.–16. maí
II. stig kvöldnámskeið 5.–7. maí

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Pantanir óskast staðfestar
Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga

FRÍTT FYRIR BÖRNIN
Fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum. Hámark 2 börn á 1 fullorðinn. Gildir út maí.
Culiacan MEXICAN GRILL
Faxafeni 9 553 1033


Við eldum fyrir þig
Grænmetisréttir, fisk-og kjúklingaréttir, súpur, fjölbreytt salöt og annað góðgæti.

Opið frá 11-20
KRÚSKA
VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY
Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is
Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00



ALLT TÍSKA Fimmtudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Fiskur dagsins er fastur liður í hádeginu hjá Jóhanni í Ostabúðinni.

# Fiskurinn er í aðalhlutverki

**Þegar hugað er að hollustu matvæla kemur fiskur sterkur inn í myndina, svo auðugur af vítamínum, próteinum, steinefnum og fitusýrum sem hann er. Vel framreiddur fiskur er líka freistandi.**

Þegar litið er í pottana hjá Jóhanni Jónssyni, veitingamanni í Ostabúðinni við Skólavörðustíg, rétt fyrir hádegi er ljóst að fiskur er þar í aðalhlutverki. „Við bjóðum alltaf upp á fisk dagsins í hádeginu og hann nýtur mestra vinsælda þótt margt annað sé í boði. Hingað kemur sama fólkið dag eftir dag til að fá sér fisk og svo er það minn höfuðverkur að matreiða hann á nógu fjölbreytt-an hátt," segir Jóhann brosandi. Hann telur gestina meðvitaða um heilnæmi fisksins og hafa það líka sjálfur í huga við matargerðina. Þó sé ekki um neitt meinlæti að ræða enda geri rjómasletta og smjörklípa bragðlaukunum gott. Langan, sem hann eldar fyrir okkur, inniheldur meiri fitu en ýmsar aðrar fisktegundir og meðlætið vex meðal annars á íslenskum ökrum.

*gun@frettabladid.is*

## STEIKT LANGA

með bankabyggi og mangósalsa **FYRIR 4**

800 g langa
hvítlauksolía
salt og
pipar



*Langan er pensluð með olíunni, steikt á vel heitri pönnu í um 1½ til 2 mínútur á hvorri hlið eða þar til prjónn gengur viðstöðulaust í gegn. Kryddað með salti og pipar.*

1 bolli bankabygg
3 bollar vatn
1 tsk. salt

*Soðið í um 35-40 mínútur.*

½ rauðlaukur
1 stk. fennel
½ stk. gulrætur
½ bolli ólífur

*Skorið í bita og steikt í ólífuolíu, sett saman við byggið. Má bragðbæta með parma- eða fetaosti.*

½ mangó
½-1 stk. chilipipar
1 msk. capers
1 msk. graslaukur
1 bolli ólífuolía
Safi úr ½-1 sítrónu

*Mangó, chili og graslaukur saxað smátt. Afganginum bætt við og allt hrist vel saman.*



Jóhann hristir saman meðlætið sem að undirstöðu til er bráðhollt íslenskt bankabygg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Megrunarlausi dagurinn 2010 verður haldinn 6. maí næstkomandi. Hann er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum vegna holdafars. Á þessum degi eru allir hvattir til þess að láta af viðleitni sinni til þess að grennast, að minnsta kosti þennan eina dag.
Markmiðið er að binda enda á neikvæð viðhorf og félagslega flokkun á grundvelli holdafars og efla virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar svo öllum geti liðið vel í eigin skinni.



www.likamsvirding.is

Á Grænni Grein

ÓDÝRIR GRÆNMETISRÉTTIR
Alla daga og flott tilboð.
Nýjungar á Matseðli Fiskréttur og Kjúklingabringur. Vefjur, Salöt og Grænmetisnúðlur.
2 fyrir 1 alla opnunardaga á Rétti Dagsins frá kl. 15.
Mikill afsláttur fyrir skólafólk og vinnustaðahópa.
Opið virka daga frá kl 11–19.15
Bláu húsunum Faxafeni
agreannigrein.is

30 DAGA
hreinsun á mataræði
DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Gott tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!



Fimmtud. 6. maí
Heilsuhúsinu Lágmúla kl. 20-22
Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf.
Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.
Rúmlega 1000 manns hafa nú lokið 30 daga heinsun!
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Maður lifandi...
líttu þér nær
á næstu grösum
er grænn kostur fyrir þig

Bændur í bænum
Lífrænn ferskvörumarkaður
og netverslun
Grænmeti - Ávextir - Mjólkurvörur



graenihlekkurinn.is - Nethyl 2c
Opið alla virka daga milli 12 - 18



**BARNALEIÐSÖGN** verður í Þjóðminjasafninu á morgun klukkan 14. Leiðsögnin er ætluð börnum á aldrinum 5 til 8 ára og tekur um 45 mínútur. www.natmus.is

# Deyja án formfegurðar

**Umbúðir eru allt í kringum okkur; öllu er pakkað inn. Formfagrar, látlausar eða ágengar, en nánast alltaf forvitnilegar um leynt eða ljóst innihald sitt. Umbúðir Maríu Möndu standa vaktina naktar og sér.**



Umbúðir Maríu Möndu eru margar hverjar listrænar og fagrar.



Ferna séð í nýju ljósi.



Lögð var mikil vinna í hverjar umbúðir.

„Mig langaði til að leika mér frjálst með formið, losa það við alla grafík og sjá hvernig það stæði eitt og nakið með sjálfu sér eins og fagur skúlptúr,“ segir María Manda umbúðahönnuður, sem um þessar mundir sýnir umbúðir með nýju sniði í Handverki og hönnun, Aðalstræti 10, en slík sýning hefur aldrei birst Íslendingum áður en er hvalreki þeim sem hafa áhuga á hönnun.

María Manda lærði upphaflega fata- og búningahönnun í Bandaríkjunum og starfaði áratylft í sínu fagi áður en hún söðlaði um og fór yfir í umbúðahönnun.

„Mýmargar þeirra framleiðsluumbúða sem landsmönnum eru kunnugar úr matvöruverslunum eru mitt verk; ekki síst form þeirra, en aðrir hafa einnig séð um grafíkina. Stundum verður maður pínulítið sár þegar langur tími hefur farið í hönnun umbúðaforms en áhorfandinn sér ekkert nema grafíkina utan á, burtséð frá fegurð formsins. Einmitt þess vegna langaði mig til að leggja áherslu á umbúðahönnun sem form, án þess að vera með sérstaka vöru í huga,“ segir María Manda sem hugsaði lengi um hvaða leið hún ætti að fara á þessari fyrstu sýningu sinni, þar sem umbúðahönnun er í meira lagi víðtæk.



María Manda er umbúðahönnuður sem sýnir nú ægifagrar umbúðir sínar sem strípaðar eru grafík eða öðrum upplýsingum til neytandans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hugsaði lengi um réttu nálgunina, því ég hefði auðveldlega getað sýnt umbúðir með áprentaðri grafík og farið ótal aðrar leiðir, en er fyrir vikið komin með hugmyndir að fjölmörgum sýningum til viðbótar,“ segir María Manda hláturmild.

„Formhönnun umbúða er verulega sérhæfð, unnin á sérstöku umbúðaforriti þar sem önnur hugsun tíðkast en í grafískri hönnun. Í reikninginn þarf að taka hvernig pakka á vörunni, hvernig vara fer í umbúðirnar, framsetningu í verslunum, flutning, stöflun og fleira. Möguleikarnir eru óþrjótandi og í raun hægt að útfæra hvaða hugmynd sem er, og æ fleiri að vakna til vitundar um hve umbúðir skipta miklu máli, því vara getur dáið ef umbúðirnar eru ekki fallegar en líka selst í gríð og erg ef hún vekur athygli og hrífur.“

Sýning Maríu Möndu er opin virka daga frá klukkan 9 til 18 og um helgar frá 12 til 17.

Sjá nánar á www.mmhonnun.is

*thordis@frettabladid.is*






# Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Actavis hf. og Medis eru dótturfyrirtæki samstæðunnar á Íslandi og eru staðsett í Hafnarfirði. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 600 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Verkefnastjóri – Global Products Master Data Manager

Starfið tilheyrir Portfolio Management innan Actavis Group. Portfolio Management stýrir vali á nýjum lyfjum til þróunar, ásamt vali á þeim lyfjum sem Actavis mun selja viðskiptavinum á hverjum markaði fyrir sig, auk þess að fylgjast með áhugaverðum tækifærum sem myndast á lyfjamarkaði á hverjum tíma.

Starfið felur í sér að skilgreina og innleiða samræmdar nafngiftir fyrir heiti, lyfjaform og styrkleika allra lyfja samstæðunnar í upplýsingakerfum Actavis. Verkefnastjórinn heldur utan um skipulagningu og viðhald á þessum grunngögnum samstæðunnar. Mikið samstarf er við þróunarsvið Actavis, starfsmenn gagnavöruhúss (Data Warehouse) samstæðunnar og upplýsingatæknisvið fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði eða sambærilega menntun. Starfsreynsla af lyfjamarkaðinum og reynsla af notkun ERP tölvukerfa er kostur. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur og útsjónarsamur. Góð enskukunnátta er nauðsynleg, bæði í töluðu og rituðu máli og hæfni í mannlegum samskiptum er einnig mjög mikilvæg.

## Vélamaður í lyfjapökkun

Pökkunardeild er hluti af framleiðslusviði Actavis hf. Í deildinni fer fram pökkun á töflum og hylkjum í þynnur, karton og glös. Framleiðslulínur pökkunardeildar innihalda flókinn vélbúnað og starfsemin kallar á að breytingar og stillingar á vélum taki sem stystan tíma.

Starfið felur í sér stillingar og breytingar á flóknum vélbúnaði og uppsetningu á vélum fyrir mismunandi keyrslur. Starfsfólk í pökkunardeild fer í gegnum mikla þjálfun og við leitum að einstaklingi sem getur tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð ásamt því að geta unnið hratt undir álagi. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Við leitum að einstaklingi með iðnmenntun, svo sem vél- eða bifvélavirkjun, eða sambærilega menntun og viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum á vélum og búnaði. Snyrtimennska og jákvætt viðhorf eru skilyrði.

## Starfsmaður í tæknideild

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði.

Starfið felur í sér fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu og rannsóknarsviðs ásamt skiptingum á milli vörutegunda og uppstart á pökkunarlínum. Einnig felst í starfinu þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi, nýjum tækjabúnaði og þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis. Unnið er eftir skriflegum leiðbeiningum og öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Um er að ræða vaktavinnu á þrískiptum vöktum, auk bakvakta.

Tæknimaður þarf að hafa mikla reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði. Við leitum að einstaklingi með vélfræðimenntun eða sambærilega menntun. Nákvæmni, snyrtimennska og sjálfstæð vinnubrögð eru mikilvæg. Enskukunnátta og góð tölvuþekking nauðsynleg.

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Upplýsingatæknideild Actavis hf. sér um þróun tölvu – og upplýsingatæknimála Actavis á Íslandi, ber ábyrgð á rekstri tölvukerfa og tölvubúnaðar Actavis á Íslandi, sér um notendaþjónustu og tölvukennslu, aðgangsstjórnun og umsjón með afhendingu tölvubúnaðar og fjarskiptabúnaðar til starfsmanna o.fl.

Starfið felur meðal annars í sér þjónustu og viðhald á upplýsingakerfum Actavis á Íslandi, samskipti við ráðgjafa og þjónustufyrirtæki Actavis, ásamt því að aðstoða starfsmenn við daglega vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að kerfis- eða tölvunarfræðingi, en einnig kemur einstaklingur með sambærilega menntun til greina. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af greiningu og þróun upplýsingakerfa (fjármála- og birgðakerfa), kerfisgreiningu og forritun. Þekking á gagnagrunnum eins og SQL og Oracle er kostur. Einnig er mikilvægt að viðkomandi búi yfir ríkri þjónustulund.

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum.

## Sérfræðingur – Customer Service

Customer Service sér um samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu, í því felst móttaka, afgreiðsla og eftirfylgni pantana ásamt samskiptum við viðskiptavini, söluskrifstofur Medis erlendis og framleiðslueiningar Actavis. Deildin ber jafnframt ábyrgð á reikningagerð vegna vörusölu og kostnaðareftirliti.

Starfið felur í sér samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu, þ.e. móttaka og afgreiðsla pantana, ásamt tilheyrandi eftirfylgni og stuðningi við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis.

Við leitum að háskólamenntuðum einstaklingi með góða ensku- og frönskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Góð tölvukunnátta og samskiptahæfni er einnig mikilvæg.

## Actavis býður upp á…

- **snyrtilegan og öruggan vinnustað**
- **fjölskylduvænt starfsumhverfi**
- **góðan starfsanda**
- **gott mötuneyti**
- **fræðslu og þjálfun**
- **iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna**
- **árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks**
- **öflugt starfsmannafélag**

Nánari upplýsingar um störfin veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is og **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **9. maí nk**.

actavis

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

## CONSULAR ASSISTANT PART-TIME

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir framtíðar-hlutastarf í stöðu Consular Assistant lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til **16 maí, 2010**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a long term part time position of Consular Assistant. The closing date for this postion is **May 16, 2010**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :

reykjavikvacancy@state.gov

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## FRAMHALDSSKÓLAKENNARAR

**Kennara vantar í eftirtaldar námsgreinar á haustönn 2010:**

Félagsfræði
Rafiðngreinar
Textílkennsla (fatasaumur)

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi FB og kjarasamningi KÍ. Ekki þarf að sækja um ofangreind störf á sérstökum eyðublöðum, umsóknum skal skilað á skrifstofu Fjölbrautaskólans í Breiðholti fyrir 15. maí.

Upplýsingar um störfin gefur aðstoðarskólameistari í síma 570 5600.

Skólameistari

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

## SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á samgönguskrifstofu. Ráðherra skipar í embættið til 5 ára.

**Skrifstofustjóri ber ábyrgð á:**

- Vinnu við stefnumótun og áætlanagerð í samgöngumálum, þ.e. uppbyggingu og viðhaldi samgöngumannvirkja
- Vinnu við stefnumótun og áætlanagerð er varðar umferðaröryggi, flugöryggi og öryggismál sjófarenda.
- Innleiðingu EES-reglna og annarri laga- og reglugerðarþróun.
- Samskiptum ráðuneytisins við Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands, Umferðarstofu og Vegagerðina.
- Fjármálum og starfsmannamálum sinnar skrifstofu.

**Æskilegar menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Meistarapróf eða sambærileg gráða.
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar.
- Þekking og/eða reynsla af áætlanagerð og verkefnastjórnun.
- Forystu- og samskiptahæfni.
- Reynsla og hæfileiki til að miðla upplýsingum.

Við ráðningu í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í síma 545 8200

Umsóknir berist í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á tölvupóstfang ráðuneytisins postur@sam.stjr.is.

Umsóknarfrestur er til 17. maí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## Deildarstjóri fjármála

Deildarstjóri fjármála hefur umsjón með innheimtu- og bókhaldsdeild Vodafone. Í deildinni starfa 11 starfsmenn. Viðkomandi ber ábyrgð á stjórnun deildarinnar og leysir af forstöðumann fjármála í uppgjörum eftir þörfum. Meðal verkefna eru mánaðarleg uppgjör, greiningar, skýrslugerð og ýmis önnur verkefni. Um er að ræða nýtt starf sem býður upp á bæði krefjandi og spennandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði og mikil reynsla af bókhaldi
- Reynsla af uppgjörum
- Reynsla í greiningu á tölulegum upplýsingum
- Reynsla af vinnu með endurskoðendum
- Skipulags- og greiningarhæfni
- Mikil þjónustulund og samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 9. maí næstkomandi og er óskað eftir umsóknum í gegnum vodafone.is. Nánari upplýsingar veita Sonja M. Scott, starfsmannastjóri sonjas@vodafone.is og Sigríður Þóra Valsdóttir forstöðumaður fjármála, sigridurv@vodafone.is.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

vodafone



Capacent Ráðningar

## LÖGFRÆÐINGUR

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum um starf lögfræðings við stofnunina. Mun hann bera ábyrgð á úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt mun hann greina og fylgjast með samkeppnisstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.**

**Æskileg menntun og reynsla**

- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- Menntun og reynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Menntun og reynsla sem nýtist í stjórnsýslu

**Hæfniskröfur**

- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Færni í rituðu máli
- Mjög góð tungumálakunnátta

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar. Nánari upplýsingar veitir einnig Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Áhugasömum er jafnframt bent á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363,
netf. gudrunm@myv.is

## TÓNLISTARSKÓLI.
## Skólastjóri og kennari.

**Skólastjóra vantar við tónlistarskólann í Mývatnssveit næsta skólaár. Að auki vantar tónlistarkennara í 30% stöðu.**

Ráðið er í stöðurnar til eins árs. Æskilegt er að viðkomandi geti tekið að sér organistastarf við báðar kirkjur sveitarinnar.

Tónlistarskólinn deilir húsnæði með Reykjahlíðarskóla, sem er grunnskóli sveitarfélagsins. Skólinn er vel tækjum búinn og vinnuaðstaða kennara er með ágætum. Skútustaðahreppur hefur yfir að ráða íbúðarhúsnæði sem leigist á góðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri, Guðrún M. Valgeirsdóttir s: 464-4163 og 864-4141, netf. gudrunm@myv.is.




Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Íbúðalánasjóður er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum.

**Starf framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs er laust til umsóknar. Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn og eru starfskjör ákveðin af kjararáði.**

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur sjóðsins í umboði stjórnar
- Stefnumótun og markmiðasetning
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga og ársskýrslna
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við ráðuneyti og opinberar stofnanir

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af fjármálastarfssemi
- Þekking á íbúðalánum æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með ráðningu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI

Kadeco®

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur það hlutverk að leiða þróun á fyrrum varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli til borgaralegra nota. Þróunarsvæði félagsins ber í dag heitið Ásbrú. Á Ásbrú hefur, á þremur árum verið lagður grunnur að miklum fjölda starfa á svæðinu.

**Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar óskar eftir að ráða ábyrgan, öflugan og hugmyndaríkan verkefnastjóra til starfa.**

**Starfssvið**
- Umsjón og samþætting á frumkvöðlasetrum Ásbrúar og Hugmyndahúsinu Ásbrú
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Samskipti við ráðgjafa og frumkvöðla
- Samskipti og samstarf við Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og samningagerð
- Reynsla og/eða þekking á frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum
- Leiðtogahæfileikar
- Mjög góðir skipulagshæfileikar
- Frumkvöðlaeiginleikar

Ásbrú hefur lagt grunn að störfum við rannsóknir og menntun, störfum er tengjast margskonar frumkvöðlauppbyggingu, hátæknistörf, t.d. við rekstur gagnavers, margs konar iðnaðarstörf auk ýmissa starfa í þjónustu. Í heildina hafa nú um 40 ný fyrirtæki og stofnanir aðsetur á Ásbrú og hafa 450 störf skapast á sl. þremur árum. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar starfrækir á Ásbrú m.a. frumkvöðlasetur, fyrirtækjahótel og hugmyndahús í samstarfi við fleiri aðila.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

*Akvator AS er ráðgjafafyrirtæki með höfuðstöðvar á eyjunni Stord við Vesturströnd Noregs. Í dag vinna 16 manns hjá okkur sem sérhæfa sig meðal annars á sviðum umhverfis og skipulags, orku- og veitusviði og fiskeldisfræðum ásamt almennri byggingarverkfræði. Þess má einnig geta að hjá fyrirtækingu starfa tveir Íslendingar. Við vinnum að verkefnum bæði innan einka- og opinberageirans - innanlands sem utan. Ítarlegri uppýsingar um fyrirtækið er hægt að finna á heimasíðu okkar: www.akvator.no*

*Við óskum eftir því að styrkja fyrirtækið og leitum eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:*

- **Verk- og tæknifræðing – Veghönnuður**
- **Verk- og tæknifræðing – Fráveitur og skólp**

Fyrir báðar stöðurnar óskum við eftir hæfileikaríku og sjálfstæðu fólki sem hefur áhuga á að starfa hjá traustu fyrirtæki í lifandi og áhugaverðu umhverfi. Við óskum sérstaklega eftir fólki með reynslu, en hvetjum einnig nýútskrifað fólk að sækja um. Kunnátta í einhverju af Norðurlanda tungumálunum er kostur en ekki nauðsyn.

Nánari upplýsingar veitir Kjell Arne Møklebust í síma +47 53 40 41 80 / +47 971 20 738.

Akvator AS leggur ríka áherslu á að hjá fyrirtækinu starfi hæft og áhugasamt starfsfólk með viðtæka reynslu og þekkingu. Umsóknir sendist á ensku eða norsku/dönsku/sænsku fyrir 14.05.2010 til:

Akvator AS, postboks 743, 5404 Stord Norge, eða til post@akvator.no.

akvator

## Sundfélag Hafnarfjarðar- Sumarstarf.

Sundfélag Hafnarfjarðar vill ráða sundkennara til starfa í 6 vikur í sumar.

Umskóknir á að senda á sh@sh.is

TÓNMENNTASKÓLI – REYKJAVÍKUR –

**Tónmenntaskóli Reykjavíkur**

## Tónlistarkennarar

Tónmenntaskóli Reykjavíkur óskar eftir að ráða **tónmenntakennara** (tónlistarkennara) **frá 1. september nk. fyrir skólaárið 2010–2011.**

**Um er að ræða eina hlutastöðu.** Kennslusvið nær til **hópkennslu** nemenda á aldrinum 8–15 ára, **en þar er um að ræða samþætta kennslu í tónfræði, tónheyrn, hlustun, sköpun ofl.**

**Einnig er auglýst eftir 1 fiðlukennara í hlutastöðu.** Fiðlunemendur eru á aldrinum 6–12 ára.

Tónmenntaskóli Reykjavíkur er einn af elstu tónlistarskólum landsins, stofnaður 1952, og er til húsa við Lindargötu. Kennsluaðstaða er góð og tækjakostur mjög góður.

Þeir sem hafa áhuga á þessu starfi sendi umsókn, þar sem fram koma persónulegar upplýsingar um menntun og kennsluferil. Meðmæli óskast.

Umsóknir sendist á box@frett.is fyrir 10 maí merktar: **„Tónlistarkennsla-22310"**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Bráðasvið Landspítala

**Opnuð hefur verið sameinuð bráðamóttaka í Fossvogi sem skiptist í bráðadeild og bráða- og göngudeild.**

**Bráðadeild á G2 er opin fyrir móttöku bráðveikra og slasaðra allan sólarhringinn. Á bráða- og göngudeild á G3 fá einstaklingar þjónustu sem eru með minni háttar áverka eða veikindi. Bráða- og göngudeild á G3 er opin frá kl. 08:00 til 23:00 alla virka daga og 12:00 til 23:00 um helgar. Á bráðasviði starfar öflugt fagfólk sem hefur metnað til að veita skjólstæðingum góða og örugga bráðaþjónustu**

### Sérfræðilæknir

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi og veitist starfið frá 1. júní 2010. Starfssvið bráðamóttöku spannar almennar bráðalækningar, endurkomu- og göngudeildarþjónustu, utanspítalaþjónustu og eiturefnafræði. Skammvistunareining er starfrækt á deildinni.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

» Móttaka og meðferð sjúklinga
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

#### Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í einni eða fleirum af hinum almennu greinum læknisfræðinnar: bráða-, lyf-, skurð- eða heimilislækningum
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu
» Samskiptahæfni og lipurð í samskiptum

### Læknir í starfsnámi í bráðalækningum

Starfshlutfall er 100%. Starfið veitist frá 1. júní 2010. Um er að ræða námsstöðu í bráðalækningum til allt að 2ja ára, ætluð þeim sem hyggja á frekara sérfræðinám í bráðlækningum eða skyldum greinum. Deildin hefur viðurkenningu til að veita framhaldsmenntun í bráðalæknisfræði sem metin er til allt að tveggja ára af sérfræðinámi

#### Helstu verkefni og ábyrgð

» Þjálfun í bráðalækningum með þátttöku í klínísku starfi
» Þátttaka í framhaldsmenntun og vísindastarfi
» Kennsla læknanema

#### Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi
» Íslenskukunnátta
» Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfestur er til og með 15.05.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is þar sem fram koma nánari upplýsingar um störfin.
» Upplýsingar um starf sérfræðilæknis og læknis í starfsnámi veitir yfirlæknir bráðalækninga, Elísabet Benedikz, E2-skrifstofu bráðadeildar, Fossvogi, sími 543 1000, netfang ebenedik@landspitali.is
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til þess sem veitir upplýsingar um starfið.
» Starf sérfræðilæknis (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu Landspítala vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
» Umsóknum skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af stjórnunarstörfum, kennslu og vísindavinnu eftir því sem við á.
» Umsóknir sérfræðilækna eru sendar til stöðunefndar læknaráðs Landspítala.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Landspítala við ráðningar í störf á Landspítala.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður

## Útibússtjóri hjá Verkís

Við hjá Verkís óskum eftir að ráða verkfræðing eða tæknifræðing í stöðu útibússtjóra fyrir starfsstöðvar fyrirtækisins á Vesturlandi (Akranes og Borgarnes). Skilyrði er að útibússtjórinn verði búsettur á Vesturlandi.

### Helstu starfsþættir

- Verkefnaöflun
- Almenn stjórnun starfsmanna og útibús
- Skipulagning og úrvinnsla verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í verkfræði eða tæknifræði
- Próf í byggingarverkfræði/-tæknifræði æskilegt
- Starfsreynsla í a.m.k 5 ár í faginu
- Reynsla af stjórnun og verkefnaöflun

### Almennar hæfniskröfur

- Frumkvæði og sjálfstæði
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta

### Umsóknarferli

Einungis er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Verkís, www.verkis.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí. Trúnaði er heitið við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

### Nánari upplýsingar

Elín Greta Stefánsdóttir, starfsmannastjóri, sími: 422-8509, netfang: egs@verkis.is
Einar B. Jónsson, sviðsstjóri starfsstöðva, sími: 422-8213, netfang: ebj@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræðiráðgjafar og skyldum greinum. Hjá Verkís starfa um 300 manns að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi sem og erlendis.

**Gildin okkar eru:**

- Virðing fyrir fólki
- Traust og heiðarleiki
- Þekking og fagmennska
- Þjóðfélagsleg ábyrgð
- Virðing fyrir umhverfinu

VERKÍS Verkfræðistofa
Ármúla 4 | 108 Reykjavík | 422 8000 | verkis.is

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Lykilstörf í upplýsingatækni

# Leitum að öflugum einstaklingum fyrir úrvals vinnuveitendur

## Netsérfræðingur

Óskum eftir að komast í samband við öflugan netsérfræðing. Í boði er topp staða hjá einu af stærri fyrirtækjum landsins og einstakt tækifæri fyrir réttan aðila. Þú þarft að hafa víðtæka reynslu af hönnun, uppsetningu og rekstri netkerfa. Cisco gráður æskilegar.

## Prófanastjóri

Leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki leitar að yfirmanni prófanasviðs. Viðkomandi mun leiða vinnu þriggja manna teymis samhliða því að starfa að prófunum. Leitað er að tölvunarfræðingi, verkfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Reynsla af prófunum og mótun prófanaferla nauðsynleg.

## Hugbúnaðarprófanir

Spennandi hátæknifyrirtæki leitar að sérfræðing í hugbúnaðarprófanir. Um nýtt starf er að ræða. Viðkomandi fær tækifæri á að móta starfið. Reynsla af forritun nauðsynleg. Reynsla af prófunum æskileg.

## Hönnuður - grafískar lausnir/flash hönnun (Flash Designer/Graphics Designer)

CCP leitar að reyndum hönnuði til að vinna við grafískar lausnir/flash hönnun með markaðsteymi fyrirtækisins í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa mikla þekkingu á hönnun efnis fyrir internetið og geta lagað sig að grafískri heildarnálgun CCP. Hönnuðurinn þarf sömuleiðis að hafa góðan skilning á tækifærum og takmörkunum vefmiðla, flæði upplýsinga, læsileika texta, notendaviðmótum og skyldum þáttum. *Nánar um þetta starf:* ***www.intellecta.is***

## Lykilforritari – myndræn forritun
**(Senior Graphics Programmer)**

Leitað er að forritara sem verður hluti af grafísku hönnunarteymi CCP. Þetta teymi er ábyrgt fyrir þróun grafískrar tækni sem leggur grunninn að sjónrænni uppbyggingu alls efnis frá CCP. Miklar kröfur eru gerðar til umsækjenda um menntun og reynslu. Þar á meðal er reynsla af almennri hugbúnaðarþróun, myndrænni forritun (graphics programming), C++, GPU forritun, DirextX (eða OpenGL) sem og þekking á stærðfræði sem nýtist við tölvumyndvinnslu (computher graphics). *Nánar um þetta starf:* ***www.intellecta.is***

## Tæknistjóri – grunnþjónar CCP
**(Technical Director – Core)**

CCP leitar að tæknistjóra til að leiða teymi sem sinnir netþjónum (server clusters) og kjarnatækni sem keyra leiki fyrirtækisins. Tæknistjórinn mun meðal annars taka lykilákvarðanir sem snúa að þróun tækni á bakvið “massive multiplayer” leiki fyrirtækisins til framtíðar. Miklar kröfur eru gerðar til menntunar, þekkingar og reynslu umsækjenda. Meistaragráða í tölvunarfræði eða sambærilegt nám er æskilegt sem og mikil þekking og reynsla af þeirri tækni sem notuð er til að innleiða og þróa stækkanlega klasa sem ná hámarksárangri. *Nánar um þetta starf:* ***www.intellecta.is***

## Tæknistjóri – hugbúnaðarþróun Incarna í CCP
**(Technical Director – Incarna)**

CCP leitar að tæknistjóra til að leiða vinnu í hugbúnaðarþróun v/ stækkunar á Incarna viðbót í EVE Online. Tæknistjóri tekur lykilákvarðanir varðandi stækkun á leiknum, stjórnar hugbúnaðarhópi og samræmir vinnu annarra hópa. Tæknistjóri Incarna mun vinna náið með tæknistjóra EVE Online og einnig með öðrum tæknistjórum CCP. Þetta starf krefst m.a. góðrar þekkingar á forritun og arkitektúr í hugbúnaðarþróun. Meistaragráða í tölvunarfræði eða sambærilegt nám er æskilegt. *Nánar um þetta starf:* ***www.intellecta.is***

## Hugbúnaðarþróun

Leiðandi og traust hugbúnaðarfyrirtæki fyrirtæki með eigin vörur óskar eftir að komast í samband við einn af þeim bestu í faginu. Viðkomandi fær tækifæri til að vinna að vöruþróun með góðum og samhentum hópi starfsmanna. Ef þú ert tölvunarfræðingur, verkfræðingur eða með sambærilega menntun og telur þig vera í hópi bestu forritara í faginu þá hvetjum við þig til að hafa samband.

## Axapta forritun

Eitt af stærri fyrirtækjum landsins leitar að reyndum Axapta forritara. Í boði er fjölbreytt starf við þarfagreiningu, hönnun og forritun á upplýsingakerfum samstæðunnar. Tilvalið fyrir einhvern sem vill breyta til frá hugbúnaðarhúsi. Topp starf í boði hjá öflugu fyrirtæki.

## Hugbúnaðarsérfræðingar – nú er rétti tíminn

Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem vilja leita nýrra tækifæra á sviði hugbúnaðargerðar. Í boði eru fjölbreytt störf og margvísleg tækifæri fyrir rétta aðila. Þú getur ekki tapað á því að kanna málið….

*Nánari upplýsingar um störfin veitir Torfi Markússon hjá Intellecta,* ***torfi@intellecta.is*** *, sími: 578 1145.*

***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

*Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á* ***torfi@intellecta.is*** *fyrir 12. maí 2010. Tilgreinið sérstaklega í umsókn um hvaða starf er sótt.*

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Grafika 10

» **Ráðningarþjónusta**

# Bifvélavirki/Vélvirki

**Fyrirtæki í sölu og þjónustu við vélar og tæki óskar eftir að ráða bifvélavirkja/vélvirkja til starfa.**

**Leitað er einstaklingi sem hefur gott frumkvæði, er drífandi og hefur metnað fyrir starfi sínu. Um er að ræða fjölbreytt starf við viðhald, innkaup og sölu.**

## » Hæfniskröfur

- Menntun á sviði bifvélavirkjunar/vélvirkjunar
- Góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

» **Ráðningarþjónusta**

# Framleiðslustjóri

**Matvælavinnslan á Breiðdalsvík óskar eftir að ráða framleiðslustjóra. Framleiðslustjóri vinnur mjög sjálfstætt og er því leitað að einstaklingi með ríka stjórnunarhæfileika og haldbæra reynslu er nýtist í starfi.**

## » Starfssvið

- Yfirumsjón með skipulagningu vinnslu
- Áætlanagerð og skráningar
- Starfsmannamál
- Samskipti og samráð við aðra stjórnendur

## » Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnunarstörfum kostur
- Menntun og/eða reynsla á sviði fiskvinnslu eða matvælaiðnaðar kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta og/eða Norðurlandamál kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Húsnæði er í boði á staðnum.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

**The Pier leitar að** dugmiklum sjálfstæðum einstaklingum með reynslu af verslunarstörfum og auga fyrir útstillingu á vörum. Æskilegur aldur 25 -55 ára.

Einnig vantar okkur vanan lagerstarfsmann í 65% starf.

**Áhugasamir sendi tölvupóst á Katrínu, katrin@pier.is fyrir 5. maí.**

the PIER

About Fish

## OKKUR VANTAR LIÐSMANN

About Fish Íslandi ehf flytur út Sjávarafurðir. Markaðir okkar eru víða í Evrópu, Ameríku og Asíu.
Við erum staðsett á Seltjarnarnesi og okkur vantar einn í liðið. Viðkomandi starfsmaður sæi um ýmislegt er tengist starfseminni en þó aðallega skjalagerð og eftirsölu þjónustu.
Góð málakunnátta þarf að vera til staðar. Enska er nauðsynleg en önnur tungumál kostur.
Tölvukunnátta þarf að vera góð. Þekking á Navision væri góður kostur. Um er að ræða c.a. 60% starfshlutfall, a.m.k. til að byrja með. Möguleiki er á ákveðnum sveigjanleika í vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til 10 maí. Umsóknum má skila í tölvupósti á aboutfish@aboutfish.is eða í pósti:

About Fish Íslandi ehf
Austurströnd 3
170 Seltjarnarnes

**Nánari upplýsingar veitir Jóhannes M Jóhannesson sími 520-7202 / 894-7202.**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Fræðslusvið Hafnarfjarðar

## Skólastjóri

Staða skólastjóra nýs sameinaðs grunnskóla, Engidals- og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði er laus til umsóknar.

Með samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 21. apríl sl. verða skólarnir sameinaðir undir einni yfirstjórn frá og með 1. ágúst 2010.

Í Engidalsskóla er nú 1. – 7. bekkur og í Víðistaðaskóla 1.- 10. bekkur. Nemendur úr Engidalsskóla hafa flust í Víðistaðaskóla eftir 7. bekk.
Nýr skóli með tæplega 700 nemendur, mun starfa í húsnæði beggja skólanna.
Í Engidalsskóla verður 1. – 4. bekkur og 1. – 10. bekkur í Víðistaðaskóla.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og taki þátt í vandasamri sameiningarvinnu þar sem lögð verður áhersla á að ná fram því besta úr báðum skólum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennarapróf, kennslureynsla og reynsla af stjórnun heildstæðs grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga á skólaþróun og sé tilbúinn til að leiða slíkt starf.

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslusviðs, netfang magnusb@hafnarfjordur.is eða í í síma 585 5500.

Með umsókn fylgi gögn um náms- og starfsferil og hver þau verkefni sem umsækjandi hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi. Umsókn berist Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 7. maí 2010
Sviðsstjóri fræðslusviðs

VALITOR

Valitor er eftirlitsskylt fjármálafyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og kortastarfsemi. Valitor kappkostar að veita söluaðilum, bönkum, sparisjóðum og korthöfum á ferð um heiminn örugga, skjóta og þægilega þjónustu. Nýtt skipulag skerpir á ábyrgð og verkaskiptingu innan fyrirtækisins, einfaldar boðleiðir og leggur grunn að snerpu í ákvarðanatöku og þjónustu.

Starfsemi Valitor er skipt í þrjú afkomusvið: Alþjóðalausnir, Fyrirtækjalausnir og Kortalausnir.

Stoðsvið eru fjögur: Áhættustýring, Fjármálasvið, Upplýsingatæknisvið og Þróunar- og kynningarsvið.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

# Forstjóri

## Stjórn Valitor – Visa Ísland óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga til að veita fyrirtækinu forystu.

**Ábyrgðar- og starfssvið:**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Mótun stefnu og framfylgni hennar
- Stjórnun og samhæfing á starfsemi fyrirtækisins í samræmi við markmið
- Innlend og erlend samskipti

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun og framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Framúrskarandi stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Framkvæmdavilji og metnaður

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Störf í boði hjá Creditinfo



Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga. Fyrirtækið starfrækir stærsta gagnabanka landsins í opinni þjónustu og leggur áherslu á ráðgjöf sem hámarkar nýtingu upplýsinga við ákvörðun og eftirlit viðskipta. Creditinfo byggir á grunni tveggja fyrirtækja, Lánstrausts sem stofnað var árið 1997 og Fjölmiðlavaktarinnar sem stofnað var árið 1980.

## Söluráðgjafi

**Stutt lýsing á starfi:**
Starfið felst í sölu og ráðgjöf til nýrra viðskiptavina ásamt utanumhaldi og ábyrgð á markhópalistum Creditinfo.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á íslenskum fyrirtækjamarkaði
- Eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt og í hópi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

**Menntunarkröfur:**
- Reynsla af sölu, ráðgjöf og samningagerð
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. markaðs- eða viðskiptafræðum, er kostur

## Vefstjóri

**Stutt lýsing á starfi:**
Starfið felst í rekstri innri og ytri vefja félagsins og því fylgir ábyrgð á hönnun, innihaldi og öryggi þeirra.

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni í vefsíðuhönnun
- Hæfni til að leita uppi nýjungar og innleiða þær
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á markaðssetningu og sölu á vef
- Æskilegt að viðkomandi skilji og þekki félagsmiðla (social media)

**Menntunarkröfur:**
- Reynsla af grafískri framsetningu æskileg
- Menntun sem styður við ofangreint, t.d. margmiðlunarfræði, kerfisfræði eða grafísk hönnun

Virkilega falleg 4ra herbergja, 119 fm íbúð á þriðju og efstu hæð í litlu 5 íbúða fjölbýli ofan Elliðavatns í Kópavoginum. Í íbúðinni eru rúmgóð stofa, sjónvarpsrými, þrjú svefnherbergi með fataskápum, eldhús með vönduðum tækjum, flísalagt baðherbergi með sturtuklefa og þvottahús. Glæsilegt útsýni er af svölum yfir Elliðavatnið og fallegt umhverfi. Göngufæri í skóla og leikskóla. Fallegar gönguleiðir í hverfinu.



Sigurður Samúelsson
Sölufulltrúi
**8962312**
sigsam@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## Klukkuholt 6
225 Álftanes
Fallegt nýlegt parhús á einni hæð

**Stærð: 152,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 31.870.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús sunnud. frá kl. 14. - 14.30** **Verð: 0**

***TILBOÐ ÓSKAST Í EIGNINA***

Mjög fallegt nýlegt 153 fm, 4ra herbergja parhús á einni hæð. Svefnherbergin þrjú eru öll með fataskápum. Flisalagt baðherbergi með sturtu og baðkari. Stofa, borðstofa og eldhús eru samliggjandi. Falleg innrétting úr hnotu er í eldhúsinu og eldunareyja. Húsinu fylgir bílskúr.



Sigurður Samúelsson
Sölufulltrúi
**8962312**
sigsam@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**



**Ódýr góður station!!**
Lancer árg 98' sk. út 11' v. 165þ. uppl. 821 9887.

Toyota Yaris 10/2000. 3 dyra. Ekin 145þ. Ný tímakeðja,nýjar bremsur að framan og nýskoðaður. Verð 550þ S: 696-4248

Renault Clio 3 11/2001' 1.2 bensin bsk. ek.110 þús. Ný skoðun 2011 verð 400 þús s. 661 3086.

**Verktakar-vinnukallar**
VW pallbíll, árg. 2000 með 2Xhúsi, bensín og Metan. Bíllinn er frá Vélamiðstöð R. Verð 480.000, sími eig. 897 4589.

Til sölu Lexus RX300, árg ,05. ,ek. 40þ. Skipt á Land Cruiser diesel. V. 4,5m. Uppl. í S. 864 3331 & 893 8424.

## 0-250 þús.



Peugot 406, árg.2000, ek.167þ. skoðaður 2011, verð 250þ stgr. 8617080

Renault Megane scenic 1998 ekinn 172000km selst á 140000 uppl í síma:8242263

## 250-499 þús.



Til sölu Volkswagen 1,6 comfortline árg 1999 sjálfskiptur ekin ca 128þús km. fallegur bíll. Nýjar framhjólalegur nýsmurður, nýskoðaður. Verð: 395 þús kr. Sími 6992988



**Tilboð 320 þús**
Ford Escort árg.' 98, ek. 160þús nýsk. ,11 sumar og vetrardekk. Verð 320þús. Uppl. s. 659 3459.



1998 ekinn 150þús nýtt í bremsum,ný tímareim. 270 þús engin skipti 8971388

Bíll í mjög góðu standi, MMC Lancer, árg'96, ekinn 160.000 vinsamlega hafið samband í s: 847-0264

Nissan Almera-1999 árg.-ekin 107þ-3dyra-Dökkgræn-NÝ SKOÐAÐUR 2011-eyðir litlu. Bergur-s:8470407

Corolla St 9/99 ek. 179 þ 1600 5g. Nýskoð. 11 margt endurnýjað. BGS verð 470, þessi 430 þ. 892 5157.

## 500-999 þús.



Til sölu Toyota Hiace 2 WD Stuttur 5 dyra, 5gíra bensín árg. 2001 e.km. 158 þ V.900 þ uppl. 861-3036



Subaru Legacy árg. 2000. Sjálfsk. m/ leðurákl. Ekinn 93 þ. V. 910 þ. Uppl. 8983415



Honda CRV 98 ek. 195þús ss. krókur, varad.hlíf ofl. V. 690þús ath skipti. S 8566247

## 1-2 milljónir



**Ath öll skipti**
Til sölu Grand Caravan 2001 ekinn 84 þúsund mílur Nýskoðaður 2011, álfelgur og filmur ásett verð 1390.- TILBOÐ 1.190 þúsund ath skipti á mótorhjól, vélsleða, bíl. Uppl. í síma 897 3537



Volvo S80 3L, 2004 til sölu, ekinn aðeins 64 þús km, einn með öllu í góðu standi. Ásett verð 2.590 þús, tilboð 1.999 þús kr. Uppl. í 6934274



**Góður bíll til sölu**
Subaru Forester árg. ,03 ekinn 93þ. km. Sjálfskiptur. Góður bíll. Verð 1.390þ. S. 863 7075.



Skoda Oct Ele Combi 03. 110þkm. 1781 cc(Turbo). Sskipt. Bensín. 1mill. Stgr. S: 8971790.



CHEVROLETLACETTI SPORTnyskoðapur ekin 28000 sjalfsk. stw.1.8 arg.11/2004 1.150þus.. fs.6637068

## 2 milljónir +



Ford Freestyle árg ,05, ek. 18 þús, 4x4, . V. 2,5m. Rexton árg ,03, 37" dekk, verð 2,2 m. S. 693 2991.



Mini Cooper S 2004, ekinn aðeins 48þús km. Einn með öllu !! s. 690 9400.



**Toyota Rav4 WD árg ,07**
166 hestöfl, sjálfsk., Ek. 54 þús. km loftk., Cr.control, 18" álf., vetrar-/sumardekk, dr.beisli, Verð 3,8 millj. uppl. í 899 1677

## Bílar óskast

Rúmgóður dísel jeppi óskast á 35" dekkjum eða stærri. Verðbil 500-700 þús. Gsm: 8492914

Mercedes Benz jeppi óskast árg 1998-2002 Sjálfskiptur, helst með dráttarkúlu Uppl í síma 856-5764 eða senda póst á eliv@simnet.is

**Kaupum allar gerðir af vinnuvélum og byggingakrönum!**
**Sendu myndir og upplýsingar um þitt tæki og við gerum þér staðgreiðslutilboð.**
**german.cranes@gmail.com**
**S: 821 9980**

## Jeppar



Patrol 96, 39,5" læs. F/A, low gear, auka T, interc., 3" púst, loftdælur o.fl. 8617080



Til sölu Toyota LandCruiser 100 VX diesel 04/06 ekinn 63 þús. 35" breyttur. Gjörsamlega einn með öllu. Verð 9.200 þús. Uppl í síma 899-2124



Land Cruiser GX 2001 vel með farinn, ek 166þús. 33"(16")breyttur. Listaverð 2,4 millj. Uppl 898-1395



Pajero 3,2 DID GLS skr. ágúst 2003, ekinn 124 þ km Mjög vel með farinn bíll í sérflokki. Einn með öllu. Leður, raf. í rúðum og sætum + hiti í sætum, 7 sæta, skoðaður, hraðastillir, 6 diska magasín fyrir cd og fl.fl. Ekkert áhvílandi. Verð 3,2 mil. bein sala. Uppl í síma 6922970



Glæsilegur, vel útbúinn tæplega ársgamall pylsuvagn til sölu. Tilbúinn til notkunar með öllu sem til þarf. Áhvílandi er mjög hagstætt lán sem getur fylgt með. á sama stað: Toyota Landcruser 100 99 árgerð ekinn 240 þ. km bein sala engin skipti. Upplýsingar í síma 899 4458 og sveinngp@internet.is



**LC120 2003**
Til sölu LC 120 LX 2003 model, disel, sjálfskiptur, álfelgur, beisli ofl. ekinn ca 200þ.km. Verð 2,8 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 618 4444.



Econline 150 infinity 4,6L árgerð 95' ek. 90.000 km bíll í mjög góðu standi verð 890.000 s:6922347

—-Lækkað verð—- Cherokee laredo 6 cyl ,04 ek.60 þ.ml Dráttarkr,þakbogar,smurbók,1 eigandi Verð 1250þ.stg. S:8999275

Toyota Land Cruiser 98, ekinn 245 þús. Mikið yfirfarinn, ekkert áhvíl. Verð 1280 þús. S. 842 5588.

## Sendibílar

Óska eftir sendibíl, með eða án sæta. T.D. Hyundai Starex, Skoða allt.s. 694 5987

## Vörubílar



**www.vagnasmidjan.is**
Ruslapallar á krókheysisgrindur í ýmsum stæðum. Tilvalið fyrir sveitafélög, garðyrkjumenn, verktaka og fl. Verð frá kr. 680þús. + VSK. Einnig stakar krókheysisgrindur Verð frá kr. 230þús. + VSK. Uppl. hjá vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R. S. 587 2200 & 898 4500.



Man 19414 árg. ,00 4x4+2. Ek. 260þús. Pallur, krani og stóll. Snjómokstursbún. + undirtönn. Uppl: 892 1755

Volvo FH12, árg. 1995. Með föstum palli og glussadælu, krani getur fylgt. Á sama stað óskast 4x4 dráttarvél. Upplýsingar í síma 894 7667, Sigurður.

## Húsbílar



Til sölu Fiat Dugato árg. 2002. Ek. aðeins 36þús. Útlit og ástand mjög gott. Valur: 860-6227

## Mótorhjól



2008 Honda Shadow VT750C. Ekið 1100km. Tilboð: 1290þús. Ekkert áhv. Uppl: 696 7023.



Til sölu Yamaha R6 árg 2008, hjól í topp standi,ek 2þ km,nýtt kraft púst á hjólinu.V. 1.250.000.Uppl í S. 899 5992



Til sölu Kawasaki ZX6R árg. 2008. ekið 13000 km. ca 140 ha. Plasthlífar þarfnast viðgerðar, spegla vantar, rispaður bensíntankur o.fl Er á númerum. Ásett verð 1.1millj. Selst á aðeins 690 þús. Sími: 6992988



Harley Davidson V-Rod 100 ára afmælisútgáfa.Eins og nýtt,of mikið af aukahlutum til að telja upp. V.2.1 millj. S. 898 6766



KTM 250F ,06 ek. 90 klst . Verð:490 þús Uppl. í s. 6902142.



**Honda VTX 1800 N - Spec III,**
árg. 2004, ekið 13 þús. míl., svart. sjá; bilauppbod.is um helgina. Uppl. í síma 845 0882.



Til sölu Yamaha V-Star 650 árg. ,03. Ekið 8þús km. Verð 690þús. Uppl. í S. 840 5625.

Óska eftir 4g. endúru hjóli á hvítum númerinum. Uppl. í s. 695 9543.

Til sölu Yamaha IZ 250. Árg. ,08. Ek. aðeins 30 klst. V. 700 þ. S. 894 3110.

KTM EXC 400 árg, 2006 til sölu ekið aðeins 12 tima verð 750 þús. uppl. sima 8959369

Til sölu X-Moto 250 cc. lítið notað (kína hjól) ágætt byrjenda hjól uppl: 8674940.

## Fjórhjól



Til sölu polaris sportsmanX2 800 ,07 eins og nýtt verður að seljast strax er að flýja úr landi verð 650þús Upplýsingar í s:8986018



**Til sölu Polaris sportsman 800**
Polaris sportsman 800 X2 Nýskráð 19.06 2008 Ekið 4500 km. Götuskráð. Eigandi Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Aukabúnaður sem fylgir: Tanktaska, handahlífar, rúða, grind framan, hiti í handföngum og bensíngjöf, raftengi f. Gps og Ram kúla. Aukadekkjagangur negldur, stærri, á felgum. Tilboðsverð 1.750.000- Engin skipti. Einnig snjóbelti fyrir sama fjórhjól. Selst allt saman á 2.100.000- Til sýnis hjá Stormi Kletthálsi 15 Upplýsingar í síma 8413050

Óska eftir can am 800 eða 650 outlander max gegn yfirtöku á láni s8953895

## Kerrur



Álkerra heildarþyngd 750 kg. Burðargeta 602 kg. Verð 222.184 kr. www.topplausnir.is s:898-7126

**Íslensk smíði**
Kerrur br.1,25m. L. 1,50-3,0m. 13" dekk. Verð frá 182.000 7% afsl. til 1.maí Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos 894-5111

Til sölu 2 öxla kerra 2500kg skráð með hemlum.Verð 280þ s6184150

## Hjólhýsi



Hjólhýsistrailer. Fleetwood Prowler lynx árgerð 2004 (fifthwheeler)sem nýtt að innan. Þarfnast smáviðgerðar að utan. Tilvalin sem sumarbústaður og í ferðalög um landið. Svefnaðstaða fyrir 8 manns. Rafdrifin útdraganleg hlið. Solar-rafhlöður. 12/220 volt Gashitun, heitt og kalt vatn, gaseldavél, örbylgja, ísskápur, sjónvarpstengi, markisa, útigrill Verð 3.9 milj. Gott staðgr.tilboð mögulegt. Upplýsingar í síma 6992988 Almar






Hobby 720 ukfe. Með 5m markisu, sólarsellu, auka lúga, 4 arma loftpúðafjöðrun. Frábært hús fyrir þá sem gera kröfur um gott pláss. Verð 3890 þús. stgr. Uppl. í s 8201122

Til sölu Tec 565 kojuhús. Mikið af aukahlutum. Uppl. í s. 699 3045.

## Fellihýsi



Flaggstaff (Rokwood) fellihýsi 10 fet. 2 ft geymslukassa árg.2008. 15" álfelgur og vökvaþrýstibremsur Heitt og kalt vatn,trumamiðstöð, 220 volta hleðsla, 40metra rafmsnúra, upphitaðar dínur,wc,rafmagns opnun, markísa, fortjald frá Seglagerðinni. Eins og nýtt. V. 2,2m Tilboð 1,9m S.698-1100



Esterell Caramatic fellihýsi með fortjaldi til sölu. árg.97. verð:790.000. upplýsingar í síma: 8645288

Óska eftir ca. 300-650 þ. kr. fellihýsi. Allt kemur til greina. Uppl. í síma 695 9543.

Til sölu Fleetwood Cheyenne fellihýsi árg. 2008. Nánari uppl. í síma 8960188.



„Náttúran er að lifna af vetrardvalanum og markaðurinn tekur mið af því," segir Bergþóra á Elliðavatni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vori fagnað á Elliðavatni

**Á Elliðavatni efnir Skógræktarfélag Reykjavíkur til markaðar nú tvær fyrstu helgarnar í maí. Margt áhugavert er þar til fróðleiks, eignar og hressingar, renndir trémunir til sölu og te úr grösum jarðar.**

„Þetta er fyrsta árið sem vormarkaður er haldinn hér," segir Bergþóra Einarsdóttir, starfsmaður hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, um markaðinn á Elliðavatni. „Náttúran er að lifna af vetrardvalanum við vatnið og markaðurinn tekur mið af því," segir hún. „Hér eru landnámshænur vappandi um eins og sýningardömur og egg úr þeim til sölu. Trérennismiðir eru með sölusýningu og Jón Guðmundsson garðyrkjumaður, sem er frumkvöðull í ræktun ávaxtatrjáa, er með fyrirlestur um þau. Svo verður fræðsla um fuglana sem eru nýkomnir og fiskifræðingar upplýsa fólk um lífríkið í vatninu."

Eins og að líkum lætur er eldiviður úr skóginum og trjáplöntur í úrvali til sölu á Elliðavatni og tilboð er á veiðivörum. Einnig fæst þar lífrænt ræktað grænmeti frá Sólheimum. „Við erum líka með nýbakað kerfilsbrauð," segir Bergþóra og verður að útskýra það nánar. „Kerfillinn er bæði bragðgóður og bætir meltinguna. Við notum hann líka í jurtateið sem við bjóðum upp á úti á hlaði og úr náttúrulegum kryddum."

Bergþóra á von á leikflokki frá Sólheimum og ef hestaflensan setur ekki því meira strik í reikninginn gefst ungum gestum kostur á að skreppa þar á hestbak. „Þetta er það helsta sem við stöndum fyrir hér á Elliðavatni í tilefni af komu vorsins," segir hún og getur þess að markaðurinn er opinn frá tíu til fimm. *gun@frettabladid.is*




Geðveikt kaffihús verður í Hinu húsinu í dag frá 13 til 17.

# *Geðveikt kaffihús*

**List án landamæra stendur yfir þessa dagana. Um helgina er tvennt á dagskrá.**

Hugarafl stendur fyrir svokölluðu Geðveiku kaffihúsi í dag í Hinu húsinu frá 13 til 17. Boðið verður upp á valdeflandi bakkelsi, söng og klikkað kaffi. Á handverksmarkaðnum má sjá og kaupa handverk, meðal annars frá Ásgarði, Bjarkarási, Gylfaflöt og Iðjubergi.

Á morgun klukkan 16 verður opnuð hönnunarsýning í Norræna húsinu. Sýnd eru verkefni eftir nemendur á Myndlista- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík í samstarfi við Lyngás.

Nemendur heimsóttu Lyngás, kynntust starfinu þar og aðstæðum. Áhugaverðir fletir voru kannaðir meðal annars út frá hönnun á húsgögnum, stoðtækjum, leikföngum, fatnaði og myndverkum. Á sýningunni gefur að líta verk eftir fjóra nemendur, en þeir eru Eva Arnfríður Aradóttir, Hjörtur M. Skúlason, Sigríður Þóra Óðinsdóttir og Ragna S. Bjarnason.

Jóna Þorvaldsdóttir gefur gestum innsýn í töfraheim sígildra ljósmyndunaraðferða í síðasta sinn í dag frá 14 til 16. Sýningu hennar, Skynjanir, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur lýkur 9. maí.



www.ljosmyndasafnreykjavikur.is





Smurbrauð á þremur hæðum: kjúklingasalat, lambakjöt og roastbeef. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sneið með rækjum, smurð með smjöri og þúsundeyjasósu.



Breskar smásamlokur með pastrami og hrárri laxamús.



Kjúklingasalat með beikoni og sveppum.

# eisla
# RBAKKANN



Háskólann á Akureyri, er mikill áhugamaður um veiði og er hans sérgrein.

ferskan fisk beint úr sjónum eða ánni. Hann flakar fiskinn á staðnum með beittum hníf og hefur ýmsar aðferðir við matreiðsluna. „Ég veiði mest af ýsu, þorski og ufsa þegar ég veiði í sjónum, en makríll er uppáhaldið mitt. Makríllinn er feitur fiskur og mjög bragðgóður. Ég skil ekki af hverju Íslendingar borða ekki meira af honum."

Gunnlaugur veiðir mest á sumrin og tínir auk þess sveppi, egg, jurtir og stundar skotveiði. „Það er eitthvað alveg sérstakt við skotveiðina og adrenalínið sem fylgir henni. Engu er líkara en steinaldarmaðurinn innra með manni vakni til lífsins og njóti svo bráðarinnar heima með rauðvínsglasi." - SVS



MYND/STEINGRÍMUR JÓN VALGARÐSSON

Jakob gefur hér uppskriftir að gómsætum réttum beint úr náttúrunni.

## AÐ HÆTTI GUNNLAUGS

**ostæti og mjög shi.**

*leikju í þunnar Dreifið hrísgrjón- yfir noriblöðin bil 1 sentimetri). k og grænmeti r hrísgrjónin. Rúll- pp. Skerið rúlluna ttum hníf í bita.*

*ni-gerð manni í r líka gómsætt að borða bleikjuna eina og sér með sojasósu, sítrónu og salti, eða skella henni í smá stund á ferðagrillið.*

### SMJÖRSTEIKTUR MAKRÍLL VIÐ FJÖRUBORÐIÐ

*Muna að taka með sér litla gashellu, pönnu og beittan hníf.*

**Makríll (koli virkar líka vel)**
**50 g smjör**
**Salt og pipar**
**Lárviðarlauf**

*Flakið fisk með beittum hnífi. Hitið steikarpönnu vel. Setjið smjör á pönnu. Fiskur fer því næst á pönnu með roðið niður. Smá salt og pipar. Setjið lárviðarlauf ofan á. Ausið smjöri yfir í um fjórar mínútur. Berið fram með kartöflusalati og brauði.*




## Í ELDHÚSKRÓKNUM



**DÓSAOPNARI** frá Normann Copenhagen sem er tilvalinn í ferðalagið. Epal, Skeifunni 6. Verð: 2.550 krónur.



**BAMBOO** kertalugt í körfu sem auðvelt er að taka með sér út á svalir í rauðvínsglas eða kvöldveislu í Heiðmörk. ILVA, Korputorg. Verð: 5.900 krónur.



**DÓSIR** með loki fyrir fallega smurðar samlokur eða berin síðar í sumar. IKEA, Kauptúni 4. Verð: 1.390 krónur.



**STÁLHITABRÚSI** frá IKEA, Kauptúni 4. Hella má úr flöskunni án þess að opna lokið alveg sem heldur innihaldinu lengur heitu. Verð: 1.190 krónur.



Ásgeir með lunda eins og hann smakkaði hjá Adda frænda sínum í Vestmannaeyjum, þangað sem hann á ættir að rekja.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með lundanum er tilvalið að bera fram salat og smjör. Þeir sem vilja ganga skrefi lengra geta útbúið hvítan jafning eða brúna sósu eins og hér er gert.

# *Sælkeramatur* VIÐ ÝMIS TÆKIFÆRI

Ásgeiri Erlendssyni fréttamanni finnst fátt eins gaman og að ferðast ef frá er talin ástríðan sem hann hefur fyrir matseld. Hann deilir með lesendum uppskrift að lunda sem hann segir ljúffengan og henta vel jafnt í veislur sem ferðalög.

Þetta er bara ofboðslega einfaldur og góður réttur sem er alveg tilvalinn að hafa með sér í ferðalagið," segir Ásgeir um lunda sem hann hefur útbúið og leyfir blaðamanni að bragða á. Kveðst hafa smakkað á réttinum hjá Adda frænda sínum, eða Adda frænda í London eins og hann er kallaður, í síðasta ferðalagi til Eyja um verslunarmannahelgi og því fundist kjörið að útbúa slíkan rétt.

„Lundinn hentar auðvitað við fleiri tækifæri en um verslunarmannahelgina. Hann er til dæmis góður í veislur og þá með hvítum jafningi eða brúnni sósu," segir Ásgeir, sem fer þá leið hér en getur þess að í ferðalagið sé lundinn hins vegar góður kaldur og þá með íslensku smjöri og kartöflusalati. „Því fylgir auðvitað minni fyrirhöfn."

Ferðalög eru á meðal helstu áhugamála Ásgeirs en hann segist því miður geta ferðast alltof sjaldan af alvöru vegna anna. Hann hafi frekar tíma í matseld og finnst þá gaman að slá upp veislu fyrir vinina. „Mér finnst það rosalega gaman og geri það helst ekki öðruvísi en með stæl," segir Ásgeir, sem býst þó við að ferðast eitthvað innanlands í sumar. „Ætli ég elti þá bara ekki góða veðrið eins og sannur Íslendingur." - rve

A

## REYKTUR LUNDI OG MEÐLÆTI

*Ásgeir segir ekki sama hvernig lundinn er soðinn. Samkvæmt uppskrift Söndru frænku hans í Vestmannaeyjum er það gert með neðangreindum hætti.*

### LUNDI OG FLEIRA

**1 msk. sykur**
**1 dós malt**
**Vatn**
**8 lundar**

*Setjið malt og sykur með vatni í pott þannig að vökvinn fljóti yfir fuglinn. Þrátt fyrir smæð þarf að sjóða lundann í þrjá tíma. Eftir það er hann settur í plastpoka svo hann þorni ekki.*

*Kaldan lunda má taka með í ferðalagið og borða með smjöri og kartöflum. Í því felst lítil fyrirhöfn. Eins má útbúa hann með flóknari aðferð og bera þá fram kaldan með waldorfsalati, sveppasósu (sem má útbúa áður en haldið er af stað) og rifsberjasultu.*



### SVEPPASÓSA

**2 laukar saxaðir**
**1 gulrót, skorin í bita**
**1 stilkur sellerí, skorinn í bita**
**1 tsk. tímían**
**200 g sveppir**
**1 peli af rjóma**
**Súpukraftur og sósujafnari eftir smekk**

*Setjið olíu á pönnu og brúnið lauk og grænmeti lítillega. Bætið því síðan í pottinn og hellið vatni yfir. Sjóðið og setjið sveppi loks út í.*

### WALDORFSALAT

**1 dós sýrður rjómi og jafnmikið á móti af þeyttum rjóma**
**2 græn epli**
**300 g græn vínber**

*Skerið vínberin í tvennt og fjarlægið steinana. Skerið epli í litla teninga. Blandið þessu saman við sýrða rjómann í þeirri röð sem það er talið upp.*









VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**... PYLSUM** af ýmsum stærðum og gerðum. Þær eru góðar bæði soðnar í brauði, steiktar á pönnu með tómatsósu eða grillaðar einar sér. Þær eru einfaldar og sívinsælar hjá börnum jafnt sem fullorðnum.



**... ÁVÖXTUM** á borð við vatnsmelónur, gular melónur, epli, perur og annað góðgæti. Gott er að skera ávextina niður og geyma í boxi. Draga síðan upp á miðri göngu og hressa mannskapinn við.



**... NESTISKÖRFUM** sem minna á gamla og góða tíma. Fátt er jafn girnilegt og vel innpakkaðar samlokur og bakkelsi sem dregið er upp úr fagurri körfu þegar hungrið sverfur að úti í náttúrunni.




**... HIN FIMM FRÆKNU** eftir Enid Blyton voru snillingar í nestisgerð. Fallegar lýsingar af samlokum og öðru góðgæti fær munnvatnið til að renna auk þess sem dósir virðast vanmetnar umbúðir í dag, en hin fimm fræknu gátu fundið hvað sem var í dósum, allt frá kexi upp í ávexti.

BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG LÍÐA BETUR STRAX Í DAG



4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

Hjá okkur færðu alltaf þjálfara í æfingunum

Vikulegar mælingar mikið aðhald



Lúxusnámskeið Nordicaspa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 10. maí**
Fyrirlestur 8. maí
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

512 54 01 Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...




Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar.
Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

**Innifalið:**

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

**HEFST 10. MAÍ**

Mánudaga og miðvikudaga kl. 20.15
og laugardaga kl. 11.00
Verð 22.900 kr.

Leiðbeinendur:
Guðbjörg Finnsdóttir og Ágústa Johnson



## Árangur / 20+

**Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið**

Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+. Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku og aðgangur að lokuðu heimasvæði á www.hreyfing.is með uppskriftum frá Ágústu Johnson. Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar. Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Hefst 10. maí.
Verð 29.900 kr.

Mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30 og laugardaga kl. 9.15.
Umsjón: Ásrún Ólafsdóttir




**Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.**

4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
**Fyrir konur og karla.**

## Árangur / HRAÐFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma.
Hámark 16 manns í hóp – mikið aðhald og eftirfylgni.
Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000

Hefst 10. maí
Verð 14.900 kr.

Tímar: 07.25 mán .og mið.
17.30 mán. og mið.

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Færeysku dyrnar enn opnar

Erlendar fjárfestingar eru að mestu bannaðar á Íslandi, nema í færeyskum fyrirtækjum. Daginn sem rannsóknarskýrslan kom út fór *Klemens Ólafur Þrastarson* í útrásarferð til **Þórshafnar**. Þar kynntist hann nokkrum fyrirtækjum og fékk fyrirlestur um færeyskan efnahag. Færeyingarnir nudduðu salti í sárin og kynntu fyrirtæki sín með áherslu á ráðdeild, ábyrgð og varkárni.

Einum sex vikum eftir að Færeyingar buðust til að veita Íslendingum 300 milljóna kreppulán í dönskum krónum, féllst Seðlabankinn á beiðni Kauphallar Íslands um að veita undanþágu frá gjaldeyrishöftunum, þannig að versla mætti með erlend bréf í Kauphöllinni.

Þetta þýddi að enn mátti kaupa hluti í fjórum færeyskum fyrirtækjum, Færeyjabanka, Eikbanka, Atlantic Airways og Atlantic Petroleum.

„Þessi fyrirtæki eru gríðarlega mikilvæg fyrir markaðinn og það hefði verið mikið áfall ef þetta hefði ekki orðið,“ segir Kristín Jóhannsdóttir í Kauphöllinni. Fyrirtækin mynda nú nærri þriðjung af íslenska markaðnum.



**ÞÓRSHÖFN Á GÓÐUM DEGI** Hvergi líður Íslendingi minna sem útlendingi en í Færeyjum, sagði skáldið. Í færeyskum dagblöðum má enn sjá daglegt bandstrik þar sem gengi íslensku krónunnar var áður skráð. Dálknum er ekki breytt sisona. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐA

### Kreppan mikla

Færeyska hagkerfið er eitt smæsta „sjálfstæða“ hagkerfi í heimi. Þjóðarframleiðsla þar hefur rokkað meira í gegnum tíðina heldur en á Íslandi og í Danmörku, að minnsta kosti síðustu þrjátíu árin.

Árið 1988 var þjóðarframleiðsla Færeyinga á svipuðum slóðum og hjá fyrrnefndum þjóðum, en þá kom hrunið. Botninum var náð fimm til sex árum síðar, en landið hefur þó aldrei náð framleiðslu Danmerkur og Íslands aftur.

Þetta má að hluta skýra með því að í færeyska hruninu og fylgjandi atvinnuleysi fór stór hluti unga fólksins af landi brott og sú kynslóð hefur í litlum mæli skilað sér aftur. Þannig má einnig skýra viðbrögð landsstjórnarinnar við núverandi kreppu. Pólitísk ákvörðun var tekin um að breyta rekstri landssjóðsins í hallarekstur til að verjast samdrætti eins og hægt var.

### Lax, lax, lax og aftur lax

Rúmlega einn af hverjum tíu Færeyingum starfar við frumvinnslu, svo sem við fiskveiðar, miðað við 4,3 prósent á Íslandi og 1,4 prósent í Danmörku. Nær allur útflutningur Færeyja er fiskur.

Veiðarnar eru svo stór hluti efnahagslífsins að dágóður hluti kynningarefnis Landsbanka Færeyja um efnahagsástand og -horfur þjóðarinnar fjallar að miklu leyti um þær og hvaða áhrif endurskipulagning flotans (les: fækkun skipa og vinnslustöðva) getur haft á framtíðarhorfur.

„Áður var rekin hér samfélagsleg fiskveiðistefna sem hafði það að markmiði að veita sem flestum vinnu og sem víðast um eyjarnar. Núna erum við komnir yfir í fiskveiðistefnu sem miðast við arðsemi. Við bíðum bara eftir því að pólitíkusarnir stígi skrefið til fulls,“ segir Sigurd Poulsen, forstjóri Landsbankans. Samfélagslega stefnan hafi komið landsstjórninni í koll á tíunda áratugnum og orsakað kreppuna.

En í stuttu máli telur Landsbankinn að efnahagshorfur séu góðar í Færeyjum, um tveggja prósenta árlegur raunvöxtur á milli 2011 til 2015. Skuldir landsstjórnarinnar eru ekki miklar og alræmd matsfyrirtæki fara mildari höndum um hana en um Ísland; Moody's gaf Færeyjum einkunnina Aa2 í fyrra.

Eftir kreppu hefur raunvöxtur þjóðarframleiðslu verið um eitt prósent árlega síðustu 25 ár, eða frá botni kreppunnar. Eitthvað er vöxturinn minni þessi misserin, enda hefur lítið fiskast og heimilin spara frekar en að spenna, í ljósi kreppunnar. Fram til 2015 er búist við verðbólga verði tvö prósent.

### Framtíð sjávarútvegs

Sjávarútvegsráðuneytisstjóri Færeyja, Rógvi Reinert, telur að Færeyingar, Íslendingar, og Norðmenn eigi að vinna saman að útflutningi fisks. Koma á fót einskonar sameiginlegum fiskmarkaði í Evrópu. Honum er ljúft að benda á að „þótt Íslendingar séu með helstu fiskveiðiþjóðum, veiða Færeyingar tvöfalt á við þá, miðað við höfðatölu“.



**SKÁLAFJARÐARGÖNG** Jarðgöng eru víða í Færeyjum, en metnaðarfyllstu göngin eru væntanlega þessi, sem verið er að undirbúa. Ellefu kílómetrar, þrjú op og hringtorg.

Þá má búast má við að efnahagslífið hressist eitthvað við þegar og ef farið verður í Skálafjarðargöngin. Þetta eru rúmlega ellefu kílómetra löng jarðgöng með þremur opum. Hringtorg er í miðju þeirra.

Skilyrði til laxeldis eru góð í Færeyjum þar sem hitastig sjávar er nokkuð stöðugt. Í einu sláturhúsi Bakkafrosts, stærsta laxeldisfyrirtæki Færeyja, fara um áttatíu tonn af laxi í gegn á degi hverjum. Afar blóðugt og skilvirkt.

## HLUTABRÉF TIL SÖLU

Þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Fjögur af níu eru færeysk.

*Atlantic Airways (F)*
*Atlantic Petrolium (F)*
*BankNordic/Færeyjabanki (F)*
*Eik Banki (F)*
*Icelandair*
*Marel*
*Nýherji*
*Sláturfélag Suðurlands*
*Össur*

(Century Aluminium, Grandi og Hampiðjan eru skráð á First North-markaðinn). Fyrirtæki í Kauphöllinni voru 75 þegar mest var.

## ÚTRÁSARFERÐ Í SKUGGA SKÝRSLU

Undarlegt að vera boðið í útrásarferð til Færeyja daginn sem skýrsla rannsóknarnefndar kemur út.

Að setjast inn í flugvél á Reykjavíkurflugvelli með hátt í fjörutíu íslenskum fjárfestum, bankastrákum, yfirmönnum lífeyrissjóða og fjölmiðlafólki. Blaðamannafundi rannsóknarnefndar er nýlokið.

Miðað við farþegalista eru einir sex hér í skýrslunni góðu, segir fartölvan. Í sætinu fyrir framan mig er einn af greiningardrengjum gömlu bankanna og blaðar í skýrslunni, kannski að lesa um sjálfan sig. Og þarna er einn sem skuldar milljarð, samkvæmt skýrslunni. Eða fékk hann skuldina fellda niður?

Við snæðum síðar í boði banka. Þríréttað og vel, gott ákavíti, ægilega fínt rauðvín. Þjónar úti um allt. Ómægod, sagði Íslendingurinn við hliðina á mér, það er bara eins og 2007 sé komið aftur!

Hvað eru lífeyrssjóðsmennirnir að gera hér? Standa þeir svo vel að þeir geti ráðist í nýjar fjárfestingar erlendis? Væri ekki nær að leggja jarðgöng heima? spyr ég einn þeirra, en þá höfðum við verið í kynningu á væntanlegum Skálafjarðargöngum. Hann brosti og sagði að sjóðirnir væru nú ekki að fara að senda peninga til Færeyja að svo stöddu. En það væri gott að geta fylgst með frændum sínum, upp á framtíðina að gera.

Það er sífellt talað um skýrsluna í þessari ferð en ekki víst að allir hafi litið í spegil. Bankastrákarnir sýna a.m.k. litla hógværð. Manni finnst að þeir ættu í það minnsta að þegja undir ræðum hinna vingjarnlegu Færeyinga. En þeir voru að segja brandara.

Þeir fá samt senda sneiðina í færeysku fyrirtækjunum og við öll. Á annan tug Færeyinga heldur tölu um ágæti fjárfestingatækifæranna. Í minningunni leggur hver einasti þeirra áherslu á ábyrgð og ráðdeild og varkárni. Sjálfbæran vöxt og hófsemi. Þeir eru að reyna að sannfæra okkur um að fjárfesta í ævintýrum eins og olíuleit eða ellefu kílómetra löngum þriggja akreina neðansjávarjarðgöngum. Með hringtorgi. Samt geta þeir skotið á okkur.

Lesa má meira um Færeyjar, kreppuna þar og fleira í fréttaskýringum Fréttablaðsins, frá 15. til 19. október 2009 á Vísi.is:
*http://vefmidlar.visir.is/VefBlod/*

## STÆRSTI NETBANKI DANA ER FÆREYSKUR

Færeyski bankinn Eik er stærsti netbanki Danmerkur og viðskipti hans innan Færeyja nema um helmingi heildarviðskipta. Norrænir netbankar hafa kannski ekki gott orð á sér þessa dagana í ljósi Icesave og Edge-reikninganna, en Eik hefur á þeim fulla trú. Í netbanka Eikar er níutíu prósentum tölvupósta viðskiptavina svarað innan klukkustundar. Kvörtunum er svo svarað innan sólarhrings og „kvörtunarferli“ tekur aldrei lengri tíma en sjö daga; niðurstaða er fengin í málið innan viku.

Bankinn glímir nú við afleiðingar offjárfestinga og er endurreisnin að vissu leyti háð því að húsnæðisverð hækki í Danmörku. Eik tapaði 297 milljónum danskra króna í fyrra, sem er minna tap en 2008, 403 milljónir. Færeysku bankarnir hafa báðir notið góðs af verndarhönd Dana, því þeir hafa verið hluti af „bankapökkum“ dönsku stjórnarinnar, ríkislánum til fjármálastofnana vegna kreppunnar. Eik veitir 331 vinnu og í stjórn Eikar situr fulltrúi starfsmanna.

## FLUGFÉLAG Í MEIRIHLUTAEIGU RÍKISINS

Atlantic Airways var stofnað 1987 og setti fyrstu vélina á loft ári síðar. Sú flaug milli Færeyja og Kaupmannahafnar. Þriðjungur félagsins er í eigu einkafjárfesta en afgangurinn í eigu færeysku landstjórnarinnar. Það skilaði fyrst hagnaði 1995.

Atlantic Airways rekur fjórar þotur og þrjár þyrlur, ein Airbus 319 bætist í flotann 2012. Heimskreppan hefur farið illa með félagið og hefur það síðan reynt að fækka þyrlunum. Fyrir utan farþegaflug til og frá Færeyjum er það einnig í leiguflugi í Evrópu. Þetta er þáttur í útrás félagsins, til að brjótast út úr takmörkunum færeyska markaðarins. Einnig sinnir flugfélagið þyrluflugi í Færeyjum og í Norðursjó.

Farþegar voru 317.000 talsins 2009, sem var slæmt ár í sögu félagsins. Þá tapaði það um 6,6 milljónum danskra. Nú hefur verið samþykkt að stækka völlinn í Vogum þannig að félagið getur verið þar með stærri og hagkvæmari vélar. Forsvarsmenn félagsins búast við betri tíð í ár.

## BANKI BREYTIR UM NAFN FYRIR ÚTRÁSINA

Að morgni tók Janus Petersen, bankastjóri Færeyjabanka, á móti hópnum. Hann fór yfir áherslur á síðasta ári og sagði að dregið hefði verið úr áhættu bankans. Janus leynir því ekki að Færeyjar bjóða upp á takmarkaða möguleika fyrir banka sem vill stækka. Í október í fyrra keypti bankinn íslenska félagið Vörð og í febrúar á þessu ári keypti hann tólf útibú danska Sparbank í Danmörku og á Grænlandi. Við þetta fjölgaði starfsmönnum um fjörutíu prósent. Nú er bankinn með um 81.000 viðskiptavini í fjórum löndum og virði bréfa í bankanum hefur hækkað um 35 prósent á tólf mánuðum. Í ljósi aukinna umsvifa erlendis, þar sem margir geta ekki borið fram „Føroya banki“ hefur nafni bankans erlendis verið breytt í BankNordic. Hann gengst þó við gamla nafninu enn um sinn í Færeyjum. Slagorð BankNordic er „Solid as a Rock“.

## ATLANTIC PETROLIUM

Atlantic Petroleum var fyrsta erlenda fyrirtækið skráð á íslenskan markað árið 2005. Það var stofnað 1998 og er með tólf leyfi til olíuleitar. Átta starfsmenn eru hjá fyrirtækinu og virði þess er um 430 milljónir danskra króna.

Atlantic Petroleum er meðal annars með fimmtán prósenta hlutdeild í Chestnut-svæðinu, sem framleiðir 1.275 tunnur af olíu á dag og með um 8,3 prósenta hlut í Ettrick-svæðinu, en þar verða til 1.650 tunnur daglega. Bæði svæðin eru á bresku hafsvæði.

Atlantic Petroleum miðar við þrjú stig olíuvinnslu. Fyrsta er leitarstigið, annað er mats- og þróunarstigið, en það þriðja er framleiðslustigið. Svæðin sem minnst er á hér að ofan eru á því þriðja, en færeysku svæðin þrjú, sem fyrirtækið bindur vonir við, eru enn á fyrsta stiginu.

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**30% afsláttur**

## SVÍNALUND
FROSIN

**1.399 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

# *1. maí - Opið í dag!*
*12:00 - 18:00*

### NAUTAMÍNÚTUSTEIK
FERSK



**40% afsláttur**

**1.979 kr/kg**
áður 3.299 kr/kg

### NAUTA RIB-EYE
STEIK, FERSK



**25% afsláttur**

**2.849 kr/kg**
áður 3.798 kr/kg

### KRYDDUÐ KJÚKLINGALÆRI
MAGNPOKI



**39% afsláttur**

**499 kr/kg**
áður 820 kr/kg

### SVÍNABÓGSNEIÐAR
GRILL



**30% afsláttur**

**769 kr/kg**
áður 1.098 kr/kg

KJÖTSEL

### UNGNAUTAHAKK
NETTÓ



**28% afsláttur**

**899 kr/kg**
áður 1.249 kr/kg

nettó

### HAMBORGARAR
NAUTA, FERSKIR
4 x 90 g



**29% afsláttur**

**397 kr/pk**
áður 559 kr/pk

### SVÍNALÆRISSNEIÐAR
GRILL



**30% afsláttur**

**979 kr/kg**
áður 1.398 kr/kg

KJÖTSEL

### LAMBALÆRISSNEIÐAR
Í RASPI



**30% afsláttur**

**1.499 kr/kg**
áður 2.141 kr/kg

KJÖTSEL

### SUÐRÆNN
ANANAS



**50% afsláttur**

**149 kr/kg**
áður 298 kr/kg

Tilboðin gilda 29. apríl - 2. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

www.markhonnun.is



**GÓÐUR GRIPUR** Ipad er ein þægilegasta afþreyingagræja sem hægt er að hugsa sér að mati Jóns Aðalsteins en lyklaborðið býður ekki upp á mikla möguleika og þung vinnsla gengur illa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Heitasta sófatæki í heimi*

Fáar ef nokkrar tölvur hafa fengið jafn mikla athygli og **iPad-tölvan** frá Apple sem kom á markað í byrjun mánaðar. Tölvuframleiðendur eru á fullu þessa dagana og búa sig undir harða samkeppni um handhægar og léttar tölvur sem fara vel í hendi. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* naut þess að liggja uppi í sófa heila helgi með gripinn.

Eins og flestir tæknifíklar ættu nú orðið að vita kom iPad-spjaldtölvan frá Apple á markað í Bandaríkjunum á laugardag fyrir páska. Gríðarleg eftirvænting hafði skapast í kringum tölvuna, eða allt frá því Steve Jobs, gúrúskipstjórinn hjá Apple, svipti hulunni af henni í lok janúar. Spennan er skiljanleg. Þarna er örugglega á ferðinni einhver þægilegasta afþreyingargræja sem hægt er að hugsa sér.

### Stóri bróðir iPod Touch

Það er ekki að ófyrirsynju að líkja má iPadinum við stóra bróður iPod Touch. Báðar tölvurnar keyra á iPhone-stýrikerfinu, eru með sambærilegt magn af óútskiptanlegu skyndiminni og hafa yfir næsta sama hugbúnaði að ráða.

Stærðin er nánast það eina sem iPad-tölvan hefur fram yfir litla bróðurinn. Og í henni er nú líka galdurinn fólginn. Skjástærðin – tölvan er fátt annað en hann – gerir það að verkum að hún fer vel í kjöltu. Í ofanálag skilar hraði Apple-örgjörvans og fín hljómgæði því að bæði netráp, myndræn upplifun og lestur bæði bóka og tímarita er þægilegri með stóra bróður en þeim litla.

Gallalaus er tölvan hins vegar ekki enda hægt að keyra mörg forrit í einu (e. multitask) að því undanskildu að hægt sé að hlusta á tónlist með bóklestrinum. Þá vantar nauðsynlega myndavél á græjuna svo hægt verði að ræða við ættingja og vini líkt og á fartölvum. Reikna má með því að flestir vankantar verði sniðnir af í framtíðinni auk þess sem uppfærsla á iPhones-stýrikerfinu býður upp á keyrslu margra forrita.

### Tölva fyrir fimm ára

Tölvan sem hér er prófuð er með 16 GB skyndiminni með nokkur uppsett forrit og leiki auk nokkurra bóka og tímarita sem höfðu verið keypt.

Lítið mál var að tengja tölvuna við staðarnet heimilisins (WiFi), aðeins þurfti að fara í stillingar og velja hvaða neti skyldi tengjast. Mesta málið var í raun að stimpla inn kóða beinisins (e. routers) enda lyklaborð iPadsins ekkert til að hrópa húrra fyrir. Þetta tók engu að síður innan við mínútu.

iPad-tölvan á það sammerkt með litla bróðurnum iPod Touch að vera með snertiskjá. Skjárinn er góður og undantekningartilfelli að hann virkaði ekki sem skyldi. Þá sjaldan að slíkt gerðist var hann orðinn fitugur og var einfalt má að strjúka yfir hann með hreinni og þurri tusku (eða góðri peysuermi líkt og stundum kom fyrir).

Þessi einfalda notkun gerir það að verkum að börn eru fljót að tileinka sér tæknina. Sonur minn fimm ára áttaði sig fljótt á því að hann þurfti að fletta örsjaldan yfir skjáinn til að opna teiknimyndablað frá Marvel. Nokkrar flettingar til viðbótar dugðu til að finna bílaleikinn Real Racing HD, alveg hreint brilljant leik í frábærum gæðum sem litlir guttar geta skemmt sér yfir með feðrum sínum. Þegar sá tveggja ára uppgötvaði Latabæ á YouTube með hjálp föðurins varð fyrst fjandinn laus.

### Bíó í kjöltunni

Tölvan sem hér var prófuð var með aðgang að iTunes-netversluninni. Með iPad-tölvunni opnast möguleikarnir í raun og sann enda fátt skemmtilegra en sitja uppi í sófa og vafra um tónlistardeildina. Þá er sömuleiðis nauðsynlegt að kíkja við í gríðarstórri sjónvarps- og kvikmyndadeildinni. Þetta er beinlínis ævintýraheimur þeirra sem áður hafa staðið við dyrnar en ekki haft aðgangskort. Hér skal ekki farið yfir þann mýgrút af tónlist og myndum sem bæði er hægt að kaupa og leigja. Sýnishorn þeirra mynda sem í boði eru skila sér í frábærum gæðum á sama tíma og horft er og fullu niðurhali náð áður en myndin er á enda. Þvílíkur er kraftur nettengingarinnar, sem tölvur heimilisins hafa aldrei náð að fanga. Eini teljandi hikstinn var í netútgáfum íslensku dagblaðanna á PDF-formi. Sem dæmi tók það lengstan tíma að ná í helgarútgáfu Fréttablaðsins. Það tók innan við mínútu, sem telst til eilífðar miðað við aðra vinnslu á iPad-tölvunni.

### Ekkert ríkissjónvarp

Netráp var einkennilegt í fyrstu með iPad-tölvunni. Það skrifaðist öðru fremur á skort á flash-tækni, sem Apple styður ekki. Það kom þó ekki að sök. Þeir sem hyggjast horfa á sjónvarpsfréttir RÚV og Stöðvar 2 verða sömuleiðis að bíta í það súra epli að miðlarnir styðjast við margmiðlunarspilarann frá Microsoft (Windows Media Player) og því hvorki hægt að horfa né hlusta á fréttir RÚV og Stöðvar 2 því iPad-inn styður ekki við tæknina. Erlendir fjölmiðlar hafa nýtt aðra möguleika til netútsendinga, svo sem frá Vimeo, og kemur hún vel út í góðu og hraðvirku umhverfi iPad-sins.

### Rándýrar bækur

Frá því lestölvan Kindle kom úr smiðju Amazon-netverslunarinnar fyrir þremur árum hafa dómsdagsspámenn lýst nokkrum sinnum yfir dauða bókarinnar í hefðbundnu formi. Þeir hafa heldur gefið í með tilkomu iPad-tölvunnar. Ekki er útilokað að dómsdagsspámenn muni hafa rétt fyrir sér. Þrátt fyrir mýgrút af lesefni á Netinu hef ég aldrei enst heilan kafla í tölvu – ef frá er talið sýnishorn síðustu bókar rithöfundarins Dan Brown á rafrænu formi, sem birtur var á erlendri netsíðu í tilefni af útgáfu bókarinnar fyrir síðustu jól. Frekar var rennt í lesturinn af forvitni en áhuga. Þreytan yfir leiðitömu efni og þungi fartölvunnar í kjöltunni sagði fljótt til sín.

Öðru máli gegnir um lestur á iPad-tölvuna. Einn af áföstum hnöppum hennar sendir mann beint inn í bókasafn tölvunnar og þaðan er einfalt að skreppa í bókaverslunina iBooks.

Verslunin sem slík er ágæt en mjög amerískanseruð enn um sinn með tilvísanir á metsölulista The New York Times. Væntanlega batnar úrvalið í hlutfalli við landnám tölvunnar á komandi árum. Þetta kom þó ekki að sök enda mögulegt að leita eftir bókum í leitarvél iBooks og þar fyrst kom raunverulegt úrval í ljós. Bókakaupin sjálf er sáraeinföld.

Þrátt fyrir að tölvan hafi verið með nokkrum bókum leiddist mér valið og var ég ólmur í lestur bóka á mínu áhugasviði. Verð rafrænu bókanna voru eintóm vonbrigði. Nýlegar bækur eru í kringum þrettán dollara stykkið, kringum sautján hundruð krónur, sem er litlu ódýrara en kilja út úr búð. Þá virðast þær í fyrstu dýrari en hljóðbækur, sem verður að teljast einkennilegt.

Kosturinn við iBooks er engu að síður sá að netverjum gefst kostur á að ná í sýnishorn af bókum sem þar er að finna, alla jafna allt frá kápu fram að öðrum, stundum þriðja kafla.

Lestur bóka á iPad-tölvuna var undarlegur í fyrstu fyrir óvanan. Hann venst fljótt og þegar birtuskilyrði höfðu verið stillt var tilfinningin fyrir því að lesa brot úr þrekvirkinu Ulysses eftir James Joyce af tölvuskjá fremur en í kilju út í veður og vind. Gott ef söknuður gerir ekki vart við sig í hvert sinn sem ég fletti tímariti þessa dagana. Það er svo miklu þægilegra með iPad-inum.

## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

**Örgjörvi:** 1-GHz Apple 4-örgjörvi
**Stýrikerfi:** iPhone OS 3.2
**Skjár:** LED-baklýsing.
**Upplausn:** 1024 x 768. Mest 720p.
**Minni:** Harður diskur er ekki í iPad-tölvunni. Í stað þess er innbyggt skyndiminni frá 16 GB til 64 GB.
**Nettenging:** Wi-Fi / 3G kemur síðar
**Grafíkkort:** PowerVR SGX
**Aukatengi:** Hljóðtengi
**Verð:** 499 til 599 dalir
**Stærð:** 24,3 x 19,0 cm
**Þykkt:** 1,3 cm
**Þyngd:** 0,68 kg
**Endingartími rafhlöðu:** 10 tímar hið minnsta. Dugar lengur.

## APPLE FRESTAR LANDNÁMI

Heimsbyggðin fær að kynnast iPad-tölvunni í enda maí. Til stóð að markaðssókn hæfist nú um mánaðamótin en mikil eftirspurn eftir græjunni á heimamarkaði olli því að skarð var sett í áætlanir. Fyrstu löndin sem fyrirhugað er að iPad-inn nemi eru Ástralía, Kanada, Japan og stærstu lönd Evrópusambandsins.

Mikil eftirspurn eftir iPad-tölvunni í Bandaríkjunum kann að fresta áætlunum um sölu tölvunnar hér á landi en líkt og áður hefur komið fram má í fyrsta lagi búast við að hún komi hingað fyrir jólin. Málið strandar á skorti á íslenskum stöfum á lyklaborðinu. Sá skortur skiptir litlu máli, miðað við fyrstu prófun enda býður innbyggða lyklaborðið ekki upp á mikla ritvinnslu yfirhöfuð.

## IPAD Í HNOTSKURN

Frábær tölva til lesturs bóka og tímarita af skjá og fyrir minni verk, svo sem netráp, tölvupóstaskrif, uppfærslu á Facebook-stöðu og annað lítilræði. Þá dugar rafhlaðan lengur en í tíu tíma. Aðeins um klukkustund tekur að hlaða tölvuna að nýju. Mikil vinnsla gengur illa. Innbyggt lyklaborðið býður heldur ekki upp á mikla möguleika og því nauðsynlegt að hafa utanáliggjandi lyklaborð við hendina. Þá skortir samkeyrslu nokkurra forrita í einu auk myndavélar líkt og er í flestum fartölvum. Reikna má með að næsta kynslóð tölvunnar búi yfir mörgu af því sem nú vantar.







BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




ÓSKUM VERKAFÓLKI TIL
HAMINGJU MEÐ DAGINN

ALLAR VERSLANIR BÓNUS
**ERU LOKAÐAR Í DAG**
**LAUGARDAG**
Á HÁTÍÐISDEGI VERKALÝÐSINS

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# Myndrænasti Íslendingurinn

Blaða- og tímaritaljósmyndarar vita gerst hvaða þjóðþekktu Íslendingar myndast best. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fékk tuttugu íslenska ljósmyndara til að velja myndrænustu viðfangsefnin.

Blaða- og tímaritaljósmyndarar landsins eiga að baki margra ára reynslu í því að mynda þjóðþekkta Íslendinga og þekkja það manna og kvenna best að menn geta komið misjafnlega vel út á ljósmynd, og skiptir þá ekki máli hvort eða hversu fallegt viðfangsefnið þykir. Þessi könnun er því ekki miðuð út frá því hvernig fyrirsæturnar líta út, heldur hversu auðvelt er að ná góðum myndum af viðkomandi og þar hefur útlitið ekki alltaf allt að segja. Viðkomandi getur einhverra hluta vegna myndast betur en aðrir og gefið mikinn karakter í myndina. Margir voru nefndir til sögunnar þegar ljósmyndarar voru beðnir að nefna þau viðfangsefni sem kæmu best út á mynd. Þrír fengu langflestar tilnefningar.

**1. Daníel Ágúst Haraldsson**

„Það er alveg sama hvað maður fær langan tíma með honum, manni nægir stundum bara ein mynd og hún er flott," segir einn ljósmyndaranna um Daníel Ágúst Haraldsson tónlistarmann. Daníel hefur lengi verið í fremstu röð tónlistarmanna og er í sérstöku uppáhaldi hjá ljósmyndurum sem finnst hreinlega eins og mynd með söngvaranum geti ekki mistekist. Ekki sakar það að Daníel er að þeirra sögn vanur myndatökum og þægilegur í umgengni, aldrei með vesen, heldur mætir á tökustað og setur sig í réttu stellingarnar. „Hann er töff náungi og veit hvað hann er að gera," sagði annar um listamanninn sem fékk flest atkvæði ljósmyndara yfir Íslendinga sem festast hvað best á filmu.

**2. Vigdís Finnbogadóttir**

„Leikhúskonan Vigdís er meðvituð um nærveru ljósmyndara sem er til mikilla þæginda. Vinna ljósmyndarans er að höndla stemningu í ljósmyndinni og þá þarf maður oft að sæta lagi og viðfangsefnið skynja hvar það passar inn. Þar mættist heimur ljósmyndarans og leikhúsreynsla Vigdísar," segir Gunnar V. Andrésson ljósmyndari sem oft hefur myndað Vigdísi um árin. Ljósmyndararnir voru flestir sammála um að hafa aldrei séð vonda mynd af Vigdísi.

**3. Thor Vilhjálmsson**

„Thor hefur þetta sérstaka yfirbragð sem gefur ljósmyndum alltaf mikinn karakter. Það er svo sterkur svipur í andlitsfallinu og myndirnar verða oft mjög áhrifaríkar," segir einn ljósmyndarinn um Thor Vilhjálmsson rithöfund. Thor var eftirlætisviðfangsefni margra ljósmyndara sem sögðu að hægt væri að vera eins og fluga á vegg nærri honum. „Stórmennskan og viskan skilar sér í myndirnar án mikillar fyrirhafnar."



**MYNDRÆNN FAGMAÐUR** Daníel Ágúst Haraldsson er myndrænasti Íslendingurinn að mati íslenskra ljósmyndara. Menn þurfa fáar tökur og lítinn tíma til að ná góðum myndum af söngvaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



**HLÝJAN SKÍN Í GEGN** Þessa mynd tók Gunnar V. Andrésson af Vigdísi en hlýjan og sjálfsöryggið geislar af fyrrverandi forseta íslenska lýðveldisins. Vigdís er í hópi myndrænustu Íslendinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VISKAN SKILAR SÉR** Stefán Karlsson tók þessa mynd af Thor Vilhjálmssyni. Ljósmyndarar voru sammála um að viskan og stórmennskan skilaði sér alltaf þegar Thor væri festur á mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þessir voru líka nefndir:

Baltasar Kormákur: „Alveg sama hvar maður kemur að honum, formlega eða óformlega, hann myndast alltaf vel."

Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC: „Kemur alltaf vel út á myndum; eins og að mynda súpermódel."

Dóra María Lárusdóttir knattspyrnukona: „Einn fárra íþróttamanna sem myndast vel úti á velli."

Friðrik Þór Friðriksson: „Það er enginn sem er eins geggjaður karakter og Friðrik, auk þess sem hann er svo skemmtilegur að maður þarf að passa sig á að gleyma ekki að mynda hann."

Gyrðir Elíasson: „Ég get verið í kjörstöðu ljósmyndarans nærri þeim manni, fluga á vegg."

Ómar Ragnarsson: „Ómar er hlýr og tekur sig ekki hátíðlega. Því myndast hann vel."

Páll Óskar Hjálmtýsson: „Hefur svo skemmtilega mörg andlit, hægt að ná mörgum ólíkum myndum af honum."

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir: „Myndast vel á hvaða tíma dags sem er, hvar sem er, í hvernig fötum sem er."

Sverrir Guðjónsson kontratenór: „Myndirnar af Sverri eru kyngimagnaðar."

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: „Alltaf hægt að ná góðri mynd af Þorbjörgu, og hún er eini stjórnmálamaðurinn sem fer ekki í stellingar þegar ljósmyndari nálgast."

Þráinn Bertelsson: „Auðvelt að ná góðri mynd af Þráni, þá sérstaklega þegar hann var með skeggið."



## Ljósmyndarar er greiddu atkvæði voru:

| | |
|---|---|
| Anton Brink | Jónatan Grétarsson |
| Arnþór Birkisson | Kjartan Þorbjörnsson, Golli |
| Áslaug Snorradóttir | Kristinn Ingvarsson |
| Björn Blöndal | Pjetur Sigurðsson |
| Einar Falur Ingólfsson | Sigtryggur Ari Jóhannsson |
| Emilía Björg Björnsdóttir | Sigurþór Hallbjörnsson, Spessi |
| Gunnar V. Andrésson | Teitur Jónasson |
| Gunnar Þór Nilsen | Valgarður Gíslason |
| Haraldur Jónasson | Vera Pálsdóttir |
| Hreinn Hreinsson | Vilhelm Gunnarsson |

# VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

OPNUM KL. 10:00 Í DAG

RALEIGH

250.000.000 REIÐHJÓL SELD!

Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

**Pro Thunder 12"**
17.999kr
v.á. 19.999.-

**So Sweet 12"**
17.999kr
v.á. 19.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



RALEIGH
**Tibet Man / Tibet Lady**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

39.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

RALEIGH
**Spectro**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano TZ50/ RS35-6
- Bremsur: Promax TX115C/BL-81AP
- Gafall: HL CH-327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari

34.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



RALEIGH
**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26"
- Fislétt hjól úr léttmálmi
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedölum, standari

49.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



RALEIGH
**Paradox**
- Stærð: 26"
- Gírar: 321 gíra Shimano TX51/RS35-7
- Bremsur: Promax diskabremsur að framan, V-brake að aftan
- Gafall: HL CH580AMS gaffall með 60mm dempara
- Álstell, Twinwall léttmálmsfelgur, standari, svartir teinar með brass festingum.

49.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



www.crosscycle.com
CROSS

## gæða merki í hjólum

Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit



CROSS
**Arina / Arrow**
- Stærð: 28"
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

49.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

ULTRA
**Fiona/Ferdy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18/MRX18 Grip Shift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, bretti að aftan og framan, böglaberi, standari

34.999kr

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36.
Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Framsæknir tónar

**MYNDBROT ÚR DEGI** **Fimmtudagurinn 29 apríl** | myndir úr Canon 40d

**Dagur í vinnu hjá litlu útgáfufyrirtæki er fjölbreyttur, skapandi og skemmtilegur. Valdís Thor er ljósmyndari og starfar sem dreifingarstjóri hjá útgáfufyrirtækinu Kimi Records. Kimi gefur út fjöldann allan af frábæru tónlistarfólki og eins og hjá litlum fyrirtækjum er Valdís með puttana í flestu sem viðkemur skipulagi tónleika, dreifingu á plötum og samskiptum við tónlistarmenn. Fréttablaðið fékk að fylgjast með hefðbundnum degi í útgáfubransanum.**



**1** Morgunstund gefur gull í mund. Hér er fallegi maðurinn minn Gylfi að geispa golunni ( eða þannig). Sama hversu snemma ég vakna finnst mér ég alltaf vera á seinasta snúningi út. Þá eru kaffi og sígó velkomnir ferðafélagar á göngu minni niður Bankastræti á morgnana. Og þetta er ekki slæm sjón að sjá áður en ég tekst á við daginn.



**2** Hér er Kristján Freyr, vinnufélaginn minn, að tala við Baldvin Esra á okkar reglulegu Skype-morgunfundum. Það er nóg að gerast hjá okkur núna þar sem við erum að leggja lokahönd á næstu útgáfur Kima sem verða með hljómsveitunum Miri og Swords of Chaos. Hér er Kristján að sýna Balla plakat með dúettnum Quadruplos, en hann var að gefa út plötu hjá undirútgáfu Kimi Records, Brakinu.




**3** Hér er ég á leiðinni út úr plötubúðinni Havarí með hendurnar fullar af bestu og framsæknustu tónlist sem Ísland hefur upp á að bjóða, brakandi ferska, blíðlega og blóðgandi tóna.



**4** Ég skaust í hádeginu til þess að kaupa mér „nýja“ gamla myndavél í Fotoval. Ég er að fara til St. Pétursborgar að heimsækja vinkonu mína á mánudaginn og ef það er ekki tilefni í nýja vél þá veit ekki hvað það er.



**5** Í gleðivímunni hélt ég áfram vinnudeginum. Nú var ferðinni heitið á vinnustofuna Ás í Brautarholti. Þar var ég að sækja Hjaltalín diska úr plöstun. Á myndinni eru dugnaðarforkarnir sem plöstuðu herlegheitin. Það er alltaf voða gaman að koma þangað, allir eru svo hjálplegir og góðir. Ég labba ávallt út með bros á vör.



**6** Eftir vinnudaginn var ég samferða Degi og Loja í Sudden Weather Change út af Kima skrifstofunni sem er staðsett í plötubúðinni Havarí í Austurstræti. Þeir voru að skila okkur masternum af nýrri 7” sem kemur út á næstunni! Ég hlakka mikið til enda skemmtilegir strákar og frábært band.

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

Tveir fyrir einn

Sushi kvöldseðill

Takk fyrir frábærar viðtökur á hádegis sushi seðlinum okkar s.l. vetur. Það er ljóst að við getum ekki haldið aftur af okkur lengur og ætlum því að bjóða upp á úrval sushi á kvöldin í sumar.

Það verður fjöldi samsetninga, 6-16 bita nigiri, maki og sashimi bland, nigiri koddapar ásamt öðru góðgæti. Við erum svo spennt að leyfa ykkur að smakka að við ætlum að bjóða **tveir fyrir einn** af sushi seðlinum fram til 13. maí og **við byrjum í kvöld**.

Verið velkomin, Hrefna Rósa Sætran og gengið



AÐALSTRÆTI 12 | 578 8877 | FISHMARKET.IS
HÁDEGI MÁN-FÖ 11:30 - 14:00 | Á KVÖLDIN 18:00 - 23:30

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Nýtt í Hagkaup

"Ef þú elskar fótbolta ...þá er þetta leikurinn fyrir þig"
**100 af 100**
Eurogamer Italy

"Betri en Fifa 10.."
**87 af 100**
IGN.com

"Nánast gallalaus.."
**90 af 100**
Official PlayStation Magazine








PS3
Wii
PSP
XBOX 360

## NÝ TÓNLIST



**Pottþétt 52**
Vinsælustu lögin í dag á tveimur geislplötum

2CD
KR. 2.699




**Vísur úr Vísnabókinni**
Einu sinni var og
Út um græna grundu

2CD
KR. 3.199

## DVD TILBOÐ




DVD
KR. 2.799

Blu-ray
KR. 3.799

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Marheiður Viggósdóttir**

frá Siglufirði, Hverfisgötu 47, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, sunnudaginn 25. apríl.
Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu, þriðjudaginn 4. maí kl. 15.00.

**Ásdís Guðmundsdóttir — Birgir Sigmundsson**
**Bjarney Guðmundsdóttir — Bjarni Guðjónsson**
**Guðlaug Guðmundsdóttir — Jón Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar*

**Jón Árnason**

Sléttuvegi 13

sem lést laugardaginn 17. apríl, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 3. maí kl. 13.

**Margrét Arndís Jónsdóttir**
**Fanný Erla Jónsdóttir**
**Trausti Már Kristjánsson**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásdís Andrésdóttir Arnalds,**

Kleppsvegi 4, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 25. apríl. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju mánudaginn 3. maí kl. 15.00.

**Sigurður St. Arnalds — Sigríður María Sigurðardóttir**
**Andrés Arnalds — Guðrún Pálmadóttir**
**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Ólafur Arnalds — Ása Lovísa Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Einarsson,**

Grenigrund 18, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 23. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 3. maí kl. 14.

**Ásta Kristjánsdóttir**
**Ragnar Bergþór Sigurðsson**
**Guðný Sjöfn Sigurðardóttir — Ingólfur Valdimarsson**
**Einar Bragi Sigurðsson**
**og afabörn.**



*Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sólveigar Bjarnadóttur**

frá Flateyri,

Sendum starfsfólki H-1 Hrafnistu Reykjavík sérstakar þakkir fyrir einstaka umhyggju.

**Sigurður Ásgeirsson — Hjördís Björnsdóttir**
**Dagur Ásgeirsson — Sunneva Traustadóttir**
**Bergþóra Ásgeirsdóttir — Guðmundur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU (1885-1968) VAR FÆDDUR ÞENN-AN DAG.**

*„Sönn menning er hrífandi og björt yfirlitum.“*

***Jónas frá Hriflu var formaður Framsóknarflokksins og þingmaður. Var dómsmálaráðherra á tímabili en var umdeildur stjórnmálamaður. Hann var skólastjóri Samvinnuskólans í níu ár. Eftir hann liggja bækur, rit og greinar um þjóðfélagsmál.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. MAÍ 1970

## *Rauðsokkahreyfingin*



**RAUÐSOKKUR AÐ ÞRAMMA Á 1. MAÍ 1970 MEÐ STYTTU Á MILLI SÍN.**

Manneskja, ekki markaðsvara, stóð á stórri gifsstyttu sem konur í rauðum sokkum báru í 1. maí göngunni árið 1970. Þetta var upphafið að Rauðsokkahreyfingunni sem róttækar kvenréttindakonur stofnuðu. Síðan eru liðin fjörutíu ár.

Rauðsokkahreyfingin var grasrótarhreyfing sem barðist fyrir bættum kjörum og auknum réttindum kvenna. Það gerði hún með því að þrýsta á Alþingi og aðrar stofnanir í þeim málum sem voru konum mikilvæg. Eitt af baráttumálum hennar var að fóstureyðingar yrðu gerðar frjálsar.

Rauðsokkurnar gengu út frá þeirri hugmynd að karlar og konur væru í grundvallaratriðum eins, fyrir utan hinn augljósa, líffræðilega mun. Því ættu kynin að vera jafnt metin að verðleikum og njóta sömu virðingar.



**FORINGINN** „Almannaþjónustan er mikilvægari nú en nokkru sinni áður,“ segir Elín Björg Jónsdóttir. MYND/EGGERT JÓHANNESSON

**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR:** FLYTUR SITT FYRSTA ÁVARP Í DAG SEM FORMAÐUR

# Allir félagsmenn í BSRB vinna störf sem enginn má án vera

Dagarnir eru þéttskipulagðir hjá Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni Bandalags ríkis og bæja, en á milli funda sinnir hún beiðni blaðamanns um smáviðtal. Tilefnið er að hún heldur sitt fyrsta ávarp í dag á Austurvelli sem formaður BSRB. Hún tók við embættinu síðastliðið haust, og er fyrst allra kvenna og jafnframt fyrsti bæjarstarfsmaðurinn sem gegnir því. Fram að því höfðu formennirnir komið úr ríkisgeiranum.

Að sjálfsögðu liggur verkalýðsforingja mikið á hjarta á þessum tímum enda kveðst Elín Björg glöð yfir því að vera ein þeirra sem fá að taka til máls á útifundinum í dag. „Inntak ræðunnar í dag verður um þá forgangsröðun sem við þurfum að viðhafa í þessu þjóðfélagi því við verðum að vernda það sem skiptir mestu máli, fjölskylduna, heimilin og velferðarkerfið. Ef við varðveitum ekki almannaþjónustuna á svona tímum þá eru miklar líkur á að verr fari en nauðsynlegt er,“ segir hún ákveðin.

„Fólkið innan BSRB tilheyrir mikilvægum stéttum í okkar þjóðfélagi,“ bendir Elín Björg á. Konur eru 70 prósent félagsmanna, flestar í láglaunastörfum við umönnun og aðra þjónustu. Einnig eru þar stórir hópar karla sem sinna löggæslu, slökkvistörfum, sjúkraflutningum og öryggisgæslu. „Við getum ekki haldið hér uppi samfélagi eins og við viljum hafa það nema þessi þjónusta sé til staðar,“ segir hún, greinilega í fúlustu alvöru. „Allir félagsmenn í BSRB vinna störf sem enginn má án vera.“

Elín Björg hefur búið í Þorlákshöfn í þrjátíu ár og ekur daglega á milli hennar og höfuðborgarinnar. Hún hefur lengi staðið í stéttabaráttu því hún var formaður Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi í hátt í tuttugu ár og tók einnig þátt í samningum við ríki og sveitarfélög fyrir hönd allra bæjarfélaga á landinu. Þá var hún ritari BSRB um árabil og varaformaður um tíma. Það var því ekki margt sem kom á óvart í nýja starfinu, að hennar sögn. „Ég þekki vinnubrögðin talsvert vel en ábyrgðin hefur aukist,“ segir hún. Þótt engir tveir dagar séu eins í vinnunni kveðst hún yfirleitt vita að morgni hvaða verkefni sé búið að bóka þann daginn. „En svo fær maður alls konar mál í fangið sem þarf að bregðast við og reynt er að leysa eftir bestu getu,“ segir hún.

Starfið felst meðal annars í samskiptum við viðsemjendur BSRB, ríkisstjórn og sveitarfélög og Elín Björg viðurkennir að samningar séu snúnir á svona peningaleysistímum. „Auðvitað reynum við öll að leggja okkar af mörkum við að lágmarka þann skaða sem orðinn er í þjóðfélaginu og er fyrirsjáanlegur en almannaþjónustan er mikilvægari nú en nokkru sinni áður.“

gun@frettabladid.is



## Knútur Björnsson

læknir er

**80 ára** í dag 1. maí.

Hann er fyrsti sérfræðingurinn í lýtalækningum á Íslandi. Hans starfsvettvangur var á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem lýtalæknir og almennur skurðlæknir. Ásamt aðalstarfi var Knútur ætíð með sjálfstæða starfsemi í lýtalækningum í Domus Medica.
Hann verður að heiman á afmælisdaginn.



## 80 ára afmæli

Í dag 1. maí er 80 ára

**Heimir Brynjúlfur Jóhannsson,**

prentsmiðjustjóri og útgefandi,
Gullsmára 11, Kópavogi.

Hann tekur á móti gestum í Félagsheimilinu Gullsmára 13, Kópavogi, kl. 15-18 á afmælisdaginn.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjörtur Hafliðason**

húsasmíðameistari,
Dalbraut 27, áður Barmahlíð 38,
Reykjavík,

andaðist á heimili sínu, miðvikudaginn 28. apríl sl.
Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 5. maí kl. 13.00.

**Hafliði Hjartarson** | **Jónína B. Sigurðardóttir**
**Ingólfur Hjartarson** | **Lára Björnsdóttir**
**Hjörtur Hjartarson** | **Steinunn Káradóttir**
**Gunnar Ingi Hjartarson** | **Ragnheiður Torfadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Eyþórsdóttir**

Lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn30.apríl

Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 5.maí kl. 13:00

**Eyþór Leifsson,** | **Arna Björk Birgisdóttir,**
**Jón Leifsson,** | **Pia Aman,**
**Guðlaug Leifsdóttir,** | **Reynir Sveinsson,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Helgi Indriðason**

rafvirkjameistari, Smáravegi 6, Dalvík

Lést á heimili sínu þann 25. Apríl.
Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju fimmtudaginn 6. Maí kl 13:30.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Karlakór Dalvíkur
Nr: 1177-05-403333 Kt: 461196-2419

**Gunnhildur Jónsdóttir**
**Þorsteinn Kormákur Helgason**
**Laufey Helgadóttir** | **Bernard Ropa**
**Jóhanna Helgadóttir**
**Indriði Helgason**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Elskulegur sambýlismaður , faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Ármann Þór Ásmundsson**

Andaðist á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 25.apríl.

Útförin verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 4. Maí kl. 13:00.

**Sigrún Karlsdóttir**
**Karl Stefán Hannesson** | **Guðmundur Þór Ármansson**
**Ásta Hannesdóttir** | **Gunnar Þór Ármansson**
**Lilja Hannesdóttir** | **Hafdís Ármansdóttir**
**María Sigrún Hannesdóttir** | **Berglind Ármansdóttir**
**Gunnar Þór Hannesson**
**Hannes A. Hannesson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Áróru Bryndísar Oddsdóttur**

frá Flateyri

sem lést að Hrafnistu Víðinesi, 18. mars.

Okkar bestu þakkir til starfsfólks Foldabæjar, starfsfólks hjartadeildar Landspítala, starfsfólks deildar L-1 Landakoti og starfsfólks Hrafnistu Víðinesi fyrir einstaka umönnun í veikindum hennar.

**Sveinfríður Ragnarsdóttir**
**Ásgeir Guðmundur Ragnarsson**
**Borghildur Ragnarsdóttir**
**Vilhjálmur Ragnarssson**
**tengdabörn, ömmu- og langömmubörn**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, stjúpföður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa*

**Jóns Guðnasonar**

múrara, Árskógum 8, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 12. apríl sl.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar 14G á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun.

**Guðni Jónsson** | **Guðbjörg Gylfadóttir**
**Kristín Jónsdóttir** | **Gísli Vilhjálmsson**
**Gunnar Jónsson**
**Kolbrún Eiríksdóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Benedikts Þorvaldssonar**

húsasmiðis, frá Hólmavík, Hrafnistu, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík.

**Guðbrandur Benediktsson** | **Guðlaug Þorkelsdóttir**
**Þorvaldur Helgi Benediktsson** | **Sigurlaug Gísladóttir**
**Birgir Benediktsson** | **Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigrún Benediktsdóttir**
**Steinþór Benediktsson** | **Hildur Guðbjörnsdóttir**
**og afabörn**

---



*Hjartans þakkir fyrir umhyggju ykkar hlýhug og styrk við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, stjúpsonar, föður, tengdaföður, afa, langafa og bróðirs*

**Jóhanns Gunnars Gíslasonar**

Vélstjóra , Borgarholtsbraut 61, Kópavogi

Sérstakar þakkir til sjúkraflutningmanna og lögreglu, prests, yndislegs tónlistarfólks og allra sem lögðu hönd á plóg.

**Guðlaug Ingibergsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir**
**Þorbjörg Jóhannsdóttir,** | **Bjarni Þór Ólafsson**
**Emil Jóhannsson,** | **Bunman Truatmakkha**
**Jóhanna Jóhannsdóttir,**
**Jón Gnarr Jóhann G. Jóhannsson,** | **Guðrún Kaldal**
**Barnabörn, barnabarnabörn og systkin.**

---



*Okkar ástkæra dóttir, systir, mágkona og barnabarn,*

**Unnur Lilja Stefánsdóttir,**

sem lést af slysförum þann 25. apríl 2010 verður jarðsett í Útskálakirkju þriðjudaginn 4. maí nk. kl. 14.00.

**Súsanna Poulsen** | **Stefán Snæbjörnsson**
**Ingibjörg Þorvaldsdóttir** | **Einir Heiðarsson**
**Heiðrún Tara Stefánsdóttir** | **Ástþór Sigurðsson**
**Absalon Poulsen**
**Álfheiður Jónasdóttir** | **Absalon Poulsen**
**Unnur Stefánsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, ömmu, dóttir, systir og frænku*

**Rósu Hansen**

Baugatúni 6, Akureyri

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll

**Birgir Óli Sveinsson**
**Birgir Snær**
**Óttar Sindri**
**Sveinn Óli**
**Hrannar Marel**
**Ásta Hansen,** | **Jóhann Sverrisson**
**Símon Þorsteinsson**
**Rúnar,** | **Helen**
**Helga Ösp,** | **Oddsteinn**
**Sandra Björk**
**og fjölskyldur**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurjóns Árnasonar**

Patreksfirði,

og heiðruðu minningu hans.

**Svanhvít Bjarnadóttir, börn, tengdabörn, barnabörn, og barnabarnabörn**

---



*Elskuleg móðir mín, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Sigríður Kristín Jakobsdóttir,**

Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 28. apríl sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlega láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir** | **Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir** | **Stefán Gylfi Valdimarsson**
**Gunnlaug Jakobsdóttir** | **Gunnlaugur Sigurðsson**







# Kjarklaus eins og klerkur

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**

Stjórnmálaskoðanir mínar eru ekkert leyndarmál og hafa aldrei verið. En ef ég léti það út úr mér að það eyðilegði samband mitt við konuna mína að margir Sjallar væru líka vel kvæntir yrði ég vonandi álitinn eitthvað skrýtinn. Enda væru skoðanir mínar þá hættar að vera skoðanir og orðnar að svo inngróinni gremju að stappaði nærri geðrænu vandamáli – fóbíu. En hvernig er brugðist við þegar því er lýst yfir að hjónavígsla samkynhneigðra vegi að hjónabandi gagnkynhneigðra? Þá er það af einhverjum ástæðum meðhöndlað eins og gilt innlegg í vitræna umræðu, en ekki það sem það augljóslega er – fóbía.



Í vikunni varð sá sorglegi atburður að prestur sagði hjónavígslu samkynhneigðra eyðileggja hjónabandið í viðtali. Þetta studdi hann þó ekki öðrum rökum en þeim að aðrar kirkjur hafi ekki stigið þetta skref. Það er rangt. Kenninganefnd sænsku þjóðkirkjunnar hefur komist að þeirri niðurstöðu að viðurkenna beri að fullu hjónaband einstaklinga af sama kyni.

**HJÓNABAND** er borgaraleg stofnun sem að kristnum skilningi er helguð við kirkjulega athöfn. Það er því veraldlegra yfirvalda að skilgreina hjónaband, ekki kirkjulegra. Kirkjan getur aftur á móti kosið að vígja það samkvæmt sínum skilningi – ekki Hagstofunnar. En kirkjan verður þá að geta rökstutt skilning sinn.

**KRISTINN** hjónabandsskilningur byggir ekki á frjósemi. Gagnkvæmni kynjanna, sem tákn óþarfrar frjósemi, getur því ekki heldur verið grunnur hennar. Það er m.ö.o. ekki kynlíf eða kynferði hjónanna sem helgar hjónabandið heldur heitorð þeirra og ásetningur. Kristið hjónaband er, svo vitnað sé í biskup, sáttmáli um „ævarandi tryggð, ást og virðingu“. Hjónin heita hvort öðru „ævitryggðum, að eiga saman gleði lífsins og sorg, önn og yndi daganna“. „Ást þeirra tveggja sem leggja líf sitt í hvors annars [sic] hendur í skilyrðislausri tryggð og kærleika, er ætlað að endurspegla kærleika Krists.“ Ást hjóna er því eins og neisti af kærleika Guðs. Ekkert af þessu útilokar samkynhneigða frá hjónabandi. Það er því eitthvað annað.

**NIÐURSTAÐA** prestastefnu í fyrradag var, að mínu mati, stéttinni til lítils sóma. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Aðeins þarf að skoða kennitölur fylkinganna til að sjá hvorri Guð mun gefa sigur – með tímanum.

**STOFNUN,** sem vill vera kirkja Krists á jörð, mismunar nefnilega engum. Engum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Glænýjar vörur beint frá London



ódýrt

Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali

Herrahlýrabolir 799 kr.

Arabaklútar 799 kr.

Dömuhlýrabolir 799 kr.

Leggings frá 999 kr.

Strákabolir 1299 kr.

Barnasokkabuxur 799 kr.

Stelpukjólar 1999 kr.

Dömugallabuxur frá 3999 kr.

Strákagallabuxur 1499 kr.

Herragallabuxur frá 3999 kr.

Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.

Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.

# Opið alla helgina

Birt með fyrirvara um prentvillur

## FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI

## OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

## ALLA DAGA VIKUNNAR

**! ath á morgun kl. 16.**

*Vortónleikar Kammerkórs Mosfellsbæjar með titlinum „Ástaróður“ verða á torginu í Kjarnanum í Mosfellsbæ á morgun kl. 16. Á efnisskránni verður lögð áhersla á ástarsöngva frá ýmsum löndum og tímabilum með fjölbreyttri tónlist allt frá endurreisn fram til dagsins í dag. Flutt verða meðal annars verk eftir Bítlana, Leonard Cohen, Gunnar Reyni Sveinsson, F. Pilkington og A. Vivaldi. Stjórnandi kórsins er Símon H. Ívarsson og meðleikari er Arnhildur Valgarðsdóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Góð aðsókn að nemendasýningu

Líkt og mörg fyrri ár hefur vorsýning listnema við Listaháskólann og forvera hans vakið mikinn áhuga almennings. Þúsundir gesta hafa lagt leið sína á sýninguna í aðalstöðvum Listasafns Reykjavíkur frá því að hún var opnuð fyrir viku. Gefst ekki annað tækifæri betra en að finna hjartsláttinn í ungu listafólki sem á þessu vori er að feta sig út á listbrautina. Þar má sjá verk útskriftarnemenda í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Í ár sýna 79 nemendur verk sín – 47 í hönnunar-og arkitekúrdeild og 32 í myndlistardeild.

Um helgina verður opið í Hafnarhúsi og á sunnudag kl. 15 ætla sýningarstjórar, Daníel Karl Björnsson og Jóhann Sigurðsson, að leiða gesti um sýninguna og spjalla um það sem fyrir augu ber.



**MYNDLIST** Eitt verka á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### > Ekki missa af …

Tveir færeyskir kórar sækja Ísland heim þessa dagana. Þetta eru kórarnir Glymur og Dropinn. Glymur verður með ókeypis tónleika í dag í Norræna húsinu kl. 18. Á dagskránni eru bæði gamlir og nýir færeyskir söngvar. Dropinn verður með tónleika í Norræna húsinu á morgun kl. 15 og verður dagskráin með rokkívafi.

## Fégræðgin knýr þá…

Í ár eru 125 ár liðin frá fæðingu Jónasar Jónssonar frá Hriflu, en hann fæddist 1. maí 1885. Jónas er líklega þekktastur fyrir stjórnmálastörf sín en hann var einn af stofnendum Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins og einn helsti leiðtogi Samvinnuhreyfingarinnar. Hann var einnig ritstjóri Skinfaxa, en í grein í því 1913 segir Jónas: „Við megum ekki gleyma því að í landinu hefur myndast hópur fjárglæframanna, sem aðallega gera sér að atvinnu að stofna til félaga, sprengja þau og hirða molana. Þeir menn eru lausir við flestar siðlegar hömlur. Fjárgræðgin knýr þá áfram; hegningarhúsið er hið eina sem þeir forðast. Þessvegna beita þeir kænsku sinni til að svíkja lögum samkvæmt; þvílíkir ræningjar eru mestu skaðræðismenn samtíðarinnar.“

Jónas frá Hriflu skrifaði einhverja langlífustu kennslubók Íslands, Íslandssaga handa börnum, sem kennd var í barnaskólum landsins í sjö áratugi, en hún kom fyrst út 1915. Bókina má líta á sem minnisvarða þeirrar kynslóðar sem bar uppi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og hún er kjörgripur Þjóðarbókhlöðunnar í maímánuði.



**MENNING** Í dag eru 125 ár liðin frá fæðingu Jónasar Jónssonar frá Hriflu. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

# HEKLA DÖGG OPNAR SIG

**Í hartnær þrjár vikur hefur myndlistarkonan Hekla Dögg Jónsdóttir haldið til í galleríi Kling og Bang á Hverfisgötu og opnað nýja kima reglulega í sýningarrýminu.**

Í dag heldur hún uppteknum hætti og opnar fjórða og fimmta þátt sýningar sinnar, „Opnanir“, og öll verk sýningarinnar verða til sölu þessa síðustu sýningarhelgi.

Í dag kl. 17 gefst áhorfendum kostur á að sjá sýninguna „Opnanir“ fullkláraða. Sýningin hefur þróast og vaxið yfir sýningartímabilið með nýjum verkum í hverri viku. Haldin hefur verið opnun um hverja helgi frá 10. apríl. Í fyrsta þætti sýningarinnar var skúlptúr settur upp, eins konar milliveggir, innsetning sem skipti galleríinu upp í fjögur sjálfstæð rými. Síðan þá hefur Hekla Dögg haft opnun á sýningu í sérhverju rými fyrir sig.

Í einu rýminu hafa Hekla Dögg og Kolbeinn Hugi Höskuldsson unnið saman innsetningu með vídeóverki og ljósaskúlptúrum sem bregðast við tónlist. Í öðru rými, sem opnað var um síðustu helgi, er skúlptúr, stór origamiköngull, en í honum þenur Hekla mörk stærðfræðiformúlu origami og þunga pappírsins togast á við verkfræði brotanna í pappírnum.

Kling & Bang gallerí er opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl.14 til 18. **- pbb**



**MYNDLIST** Innsetning á sýningu Heklu Daggar í Kling og Bang. MYND: HEKLA DÖGG/KLING OG BANG




# Þrjú ný tónverk frumflutt

Á miðvikudagskvöld verða stórtónleikar í vegum tónlistarhópsins Caput í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg þar sem frumflutt verða þrjú ný íslensk verk, þeirra á meðal tveir nýir einleikskonsertar, annar saminn fyrir bassa en hinn fyrir píanó.

Einleikarar eru Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari og Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari. Verkin eru píanókonsertinn „Allt hefur breyst. Ekkert hefur breyst“ eftir Hauk Tómasson, Konsert fyrir kontrabassa og kammersveit eftir Snorra Sigfús Birgisson. Þá verður frumflutt verkið Hrím eftir eitt af okkar helstu tónskáldum af yngri kynslóðinni, Önnu Þorvaldsdóttur. Stjórnandi á tónleikunum er Snorri Sigfús Birgisson.



**TÓNLIST** Anna Þorvaldsdóttir á verkið Hrím á konsertskrá Caput á miðvikudag en tveimur dögum síðar verður það flutt öðru sinni vestur í Bandaríkjunum.

Haukur Tómasson er eitt af okkar virtustu tónskáldum. Hann hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004. Hann samdi verkið að beiðni Víkings Heiðars og er það tileinkað honum. Það varð til á árunum 2007 til 2009 og vísar titillinn til óvissu þess tíma, segir Haukur. Það er þó ekki fyrsta tónverkið sem beinlínis tekst á við þá hræringarmiklu tíma í lífi þjóðarinnar því Hafdís Bjarnadóttir samdi verk eftir hrun sem kallaðist Krónan þar sem sveiflur hennar og fall voru sett í tónmál. En spennandi verður að heyra kenndirnar „Allt hefur breyst. Ekkert hefur breyst“ færða í tónmál í túlkun hins snjalla píanóleikara.

Þungir tónar munu heyrast í öðrum frumflutningi tónleikanna en bassakonsert sinn samdi Snorri Sigfús Birgisson fyrir Hávarð Tryggvason kontrabassaleikara og Caput-hópinn. Verkið tileinkar Snorri Hávarði en hann er fyrsti bassaleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur leikið með Caput-hópnum frá upphafi. Konsertinn er í 12 köflum. Fyrstu kaflarnir standa einir og sér en þegar líður á verkið dregur úr sjálfstæðinu og seinni hluti verksins er leikinn án hlés.

Þriðji frumflutningur tónleikanna er verkið Hrím eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem er ein af okkar fáu konum í tónskáldastétt þótt þeim fari æ fjölgandi.

Anna segir um verkið: „Hrím var skrifað í lok árs 2009 og byrjun árs 2010 sem pöntun fyrir UCSD New Music Ensemble sem áður var þekkt sem Sonor Ensemble.“ Það átti að vera hliðarverk við flutning á Kammerkonsert Ligetis í flutningi og dró dám af hljóðfæraskipan hans.

„Verkið byggir á tvístrun og endurómun,“ segir Anna, „þar sem atriði í tónlistinni eru leyst upp í öreindir sínar og látin blómstra í gegnum grunnþætti sína innan samspilsins. Verkið er í einum stuttum þætti þar sem heildarferli þess þjónar frá byrjun til enda hugmyndinni um tvístrun og enduróm.“

Anna naut styrks úr Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins við samningu verksins. Þess má geta að Hrím verður flutt aftur í San Diego aðeins á föstudag, tveimur dögum eftir frumflutninginn hér á Íslandi.

Tónleikarnir verða hljóðritaðir á vegum Ríkisútvarpsins til síðari flutnings á ljósvakanum. Miðasala á tónleikana á miðvikudagskvöld er á midi.is en þeir hefjast kl. 20.

pbb@frettabladid.is

# Lýst eftir tillögu

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur velur ár hvert borgarlistamann og er tilkynnt um hver verður fyrir valinu á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Nú hefur menningar- og ferðamálaráð brugðið á það ráð að óska eftir tillögum borgarbúa í fyrsta sinn hver eigi að fá þessa viðurkenningu, en í fyrra var það Steinunn Sigurðardóttir hönnuður, þar á undan þau Ragnar Bjarnason, Þórarinn Eldjárn og Edda Heiðrún Backman.



**MENNING** Borgarlistamaður síðasta árs var Steinunn Sigurðardóttir hönnuður.

Viðurkenningin Borgarlistamaður Reykjavíkur er til handa reykvískum listamanni sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. Þeir einir listamenn koma til greina við útnefningu borgarlistamanns sem búsettir eru í Reykjavík.

Ábendingarnar verða hafðar til hliðsjónar við val ráðsins en verða ekki gerðar opinberar. Hægt verður að senda inn ábendingarnar á sérstöku eyðublaði á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is fram til kl. 12 á hádegi föstudaginn 7. maí og skal rökstuðningur fylgja. - pbb






# Íslensk skáldverk í útlöndum

Útrás íslenskra skálda er staðreynd. Forlög þeirra hér á landi eru iðin við að láta vita af framgangi sinna manna á erlendum markaði. Þannig kom barnabókin Dvergasteinn eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson út á finnsku fyrr í mánuðinum hjá Bokförlaget Idun í þýðingu Päivi Kumpulainen með nýjum myndskreytingum eftir finnska teiknarann Timo Koljonen.

Dvergasteinn er þriðja bók Aðalsteins sem kemur út í Finnlandi, en áður hefur forlagið Idun gefið út bækur hans Brúin yfir Dimmu og Ljósin í Dimmuborg. Á finnsku hefur Dvergasteinn hlotið aðeins lengra nafn en á íslensku eða Haltia joka kadotti hohtokivensä sem þýðir Dvergurinn sem glataði gljásteini. Bókaforlagið Idun gefur út þýddar barnabækur á finnsku og sænsku.

Aðalsteinn Ásberg kom fram á norrænum dögum í bænum Kuopio í síðustu viku og kynnti þá meðal annars Dvergastein, auk þess að heimsækja skóla og leikskóla þar sem hann flutti ljóð og söngva, en þar var þýðandinn Marjakaisa Matthíasson honum til fulltingis, en hún hefur auk Dimmu-bókanna þýtt bæði ljóð og söngtexta eftir hann.

Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, er nýkomin út í Þýskalandi og hefur fengið góðar viðtökur. Þarlendir gagnrýnendur keppast við að lofa hana í hástert og fékk bókin til að mynda fimm stjörnur í tímaritinu Stern og í stórblaðinu Frankfurter Allgemeine er hún sögð „fyndnasta og þéttasta bók Hallgríms Helgasonar til þessa“. Fyrsta upplag bókarinnar seldist upp á tveimur vikum og annað upplag er senn á þrotum, en salan tók mikinn kipp eftir að Christine Westermann, áhrifamikill þýskur gagnrýnandi, mælti með bókinni í þætti sínum á WDR 2, og sagði: „Mann langar til að hringja í vin sinn á þriðju hverri blaðsíðu til að lesa upp fyrir hann kafla svo hann geti hlegið með manni.“

Tvö leikhús á þýska málsvæðinu hafa þegar falast eftir því að sviðssetja söguna og er staðfest að leiksýning byggð á bókinni verði frumsýnd í Borgarleikhúsinu í Salzburg haustið 2011.



**BÓKMENNTIR** Verk eftir Hallgrím Helgason, Aðalstein Ásberg og Stefán Mána eru að koma út í þýðingum á meginlandi Evrópu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bókin hefur einnig komið út í Danmörku og Hollandi og í vikunni kom hún út í Rússlandi. Þá er hún væntanleg í Póllandi í maí og í Noregi, Tékklandi og á Ítalíu síðar á árinu.

Þá voru fregnir nýlega af velgengni Stefáns Mána á erlendri grund en skáldsaga hans, Svartur á leik, kemur út í Frakklandi innan tíðar hjá forleggjaranum Gallimard sem einnig hefur gefið út Skipið eftir sama höfund. Skipið hefur fengið frábærar viðtökur og glæsilega dóma en til stendur að prenta annað upplag af henni innan skamms.

Stefán Máni er afar kátur með viðbrögðin en hann er nýkominn heim af bókmenntahátíð í Frakklandi og hefur þegar fengið óskir um að mæta á fleiri slíkar í næsta mánuði. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 01. maí 2010

#### Tónleikar

**16.00** **Kvennakór Léttsveitar Reykjavíkur** flytur bjartsýnis- og baráttusöngva í Menningarhúsinu á Dalvík við Goðabraut 2.

**17.00** Ísafoldarkvartettinn heldur tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða strengjakvartettar eftir J. Haydn, M. Ravel og J. Brahms.



**17.00 og 20.00** **Söngdeild Tónlistarskóla FÍH** flytur verkið Lifun eftir Trúbrot á tvennum tónleikum í Hátíðarsal FÍH við Rauðagerði 27.

**18.00** Færeyski kórinn **Glymur** heldur tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu. Á efnisskránni verða bæði gamlir og nýir færeyskir söngvar. Enginn aðgangseyrir.

**22.00** Jeff Who?, Biggi Bix, OJBA RASTA og Kakali koma fram á tónleikum á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

#### Sýningar



Ferðasýningin Íslandsperlur í Perlunni stendur yfir nú um helgina. Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli. Opið laugardag og sunnudag kl. 10-17.

#### Opið hús

Opið hús verður að Korpúlfsstöðum kl. 13-17 þar listamenn taka á móti gestum og gangandi. Þar verður einnig opnuð vorsýning Myndlistaskólans í Reykjavík þar sem verk nemenda 6-12 ára verða sýnd. Allir velkomnir.



#### Leikrit

**19.00** Leikhópurinn **Börn Loka** sýnir verkið Glerlaufin eftir Philip Ridley í Norðurpólnum við Sefgarða á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**20.00** **Nemendaleikhúsið** sýnir leikritið Stræti eftir Jim Cartwright. Sýningar fara fram í Smiðjunni við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is og www.midi.is.

#### Kvikmyndahátíð

Ítölsk kvikmyndahátíð undir yfirskriftinni „Sögur af innflytjendum“ stendur yfir í Norræna húsinu við Sturlugötu til 3. maí. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**20.00** Sýnd verður kvikmynd Giorgio Diritti **Il vento fa il suo giro** (2005).

### Sunnudagur 02. maí 2010

#### Tónleikar

**13.15** **Gissur Páll Gissurarson** tenór og **Nathalía Druzin Halldórsdóttir** messósópran halda tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðuberg 3-5) ásamt píanóleikaranum Nínu Margréti Grímsdóttur. Á efnisskránni verða aríur, ljóð og rússnesk sönglög eftir meðal annars Tsjaíkovskí, Rachmaninoff og Verdi. Enginn aðgangseyrir.

**14.00** **Söngfélag Skaftfellinga** heldur tónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Flutt verða íslensk og erlend sönglög undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar.

**15.00** Færeyski kórinn **Dropinn** verður með tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu. Dagskráin verður með rokkívafi.

**17.00** Vortónleikar **Kórs Átthagafélags Strandamanna** verða haldnir í Seljakirkju við Hagasel. Einnig koma fram á tónleikunum Samkór Mýramanna.

#### Kvikmyndahátíð

Ítölsk kvikmyndahátíð í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**20.00** Sýnd verður kvikmynd Gianni Amelio, **Lamerica** (1994).

#### Leiðsögn

**14.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Ástríðulist sem nú stendur yfir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðuberg 3-5). Sýningin samanstendur af verkum tæplega 30 lærðra og leikinna listamanna og koma víða að.

**14.00** **Jóna Þorvaldsdóttir** verður með leiðsögn um ljósmyndasýninguna Skynjanir sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu (6. hæð). Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.



**14.00** Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu verður boðið upp á leiðsögn um safnið sem ætluð er börnum á aldrinum 5-8 ára.

**15.00** **Daníel Karl Björnsson** og **Jóhann Sigurðsson** verða með leiðsögn um sýningu nemenda Listaháskóla Íslands sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.


Norræna húsið
Nordens Hus – Pohjolan Talo – Nordic House



**Dagana 1. og 2. maí**
**Færeyskur kórsöngur**
Tveir færeyskir kórar verða með tónleika í Norræna húsinu um helgina. Þann 1. maí kl. 18:00 verður kórinn Glymur með tónleika, á dagskránni eru gamlir og nýir færeyskir söngvar. Þann 2. maí kl. 15:00 verður kórinn Dropinn með tónleika og er þeirra dagskrá með rokkívafi. Frítt er inn á báða tónleikana.



**Dagana 29. apríl – 3. maí kl. 20:00**
**Ítölsk kvikmyndahátíð 2010**
Myndirnar sem sýndar verða fjalla um átök á milli menningarheima og hvað gerist þegar sögupersónur komast í kynni við annað fólk og aðra menningu sem er ólík þeirra eigin. Allar myndirnar eru sýndar með enskum texta. Frítt er inn á allar myndirnar.




**Opið virka daga frá 12-16:30, helgar frá 10– 16:30**
**Tilraunalandið**
Meðal tilrauna og tækja sem gestir kynnast eru Sápukúluborðið, Kúlubekkurinn, Brunnurinn skjálfandi, Ölduvaggan, risahúsgögn, loftpúðaborð, strimla spegill, hvirfilflöskur og orkuhjól.
Í Tilraunalandinu verða líka magnaðar sýnitilraunir eins og Eldorgelið og Teiknirólan Róló Pendúla.

NORRÆNA HÚSIÐ
Sturlugötu 5 • 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 • Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is • nh@nordice.is



GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

**Klassík í hádeginu**
Sunnudagur 2. maí kl. 13.15





**Aríur, ljóð og rússnesk sönglög**

**Flytjendur:** Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzosópran og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari.

**Á efnisskránni eru verk eftir** Tchaikovsky, Rachmaninoff, Shostakovich, Glinka, Liszt, Verdi, Massenet, Tosti, Meyerbeer og Lehár.

Verið velkomin
Ókeypis aðgangur!



Sunnudagur 2. maí kl. 14
**Ástríðulist – leiðsögn**
Samsýning lærðra og leikinna listamanna sem eiga sköpunargleði, frelsi og frumlega sýn á lífið og listina sameiginlega. Sýningarstjórarnir Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir leiða gesti um sýninguna.



**Um eldhúsáhöld eru áhöld**
Sýning Sigurðar Árnasonar og Þórarins Eldjárns á eldhúsáhöldum í Safnarahorni.



**Brautir** – Alice Olivia Clarke, mósaíkhönnuður sýnir mósaíkverk í kaffihúsi.



Sunnudagur 2. maí kl. 13-16
**Landsýn** – Dagbjörg Matthíasdóttir og Magnús H. Traustason sýna olíumálverk í Boganum. Listamennirnir taka á móti gestum.
**Athugið – síðasti sýningardagur.**

1. maí LOKAÐ!

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is
www.gerduberg.is



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

# VARIÐ LAND

## VARNARLAUS HEIMUR



Varið land 1977 (akríl á léreft, 175 x 280 cm)

## TRYGGVI ÓLAFSSON

Nú stendur yfir sýning á verkum Tryggva Ólafssonar í Listasafninu á Akureyri. Sýningin er unnin er í samstarfi við Málverkasafn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17. Síðasta sýningarvika ...

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Hótel Capitano
Neskaupstað er styrktaraðili verkefnisins

## > ÚTSALA HJÁ MUNDA

Heitasti tískuhönnuður landsins verður með rýmingarsölu í dag sem hefst klukkan tólf í verslun **Munda** sem er staðsett fyrir ofan Kaffibarinn. Um er að ræða línur frá vetrinum 2007 til sumarsins 2009 á frábæru verði en einnig verða prufueintök á útsöluverði. Búðinni verður lokað í sumar um stundarsakir en þess í stað verða flíkur Munda fáanlegar í versluninni GK Reykjavík frá og með 12. maí. Þess má geta að auk útsölunnar verður húllumhæ um kvöldið í versluninni þar sem boðið verður upp á veitingar og skemmtilega tónlist.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Skærbleikur kinnalitur** er nýjasta nýtt hjá Mac og gefur litlausum vetrarandlitum fallegan bjarma.



**Þessi háhæluðu stígvél** frá Martin Margiela eru hreint listaverk auk þess að vera stórkostlega sumarleg.



**Töffaraleg stór og svört sólgleraugu** frá Dior. Fást í Gleraugnasmiðjunni.

**Nýjasta línan frá l'Occitane** er búin til úr möndlumjólk sem nærir og róar húðina. Vörurnar ilma auk þess alveg dásamlega.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Kynþokkafull kisuförðun

Við konur erum eins misjafnar og við erum margar og á meðan að einhverjar af mínum bestu vinkonum kunna varla að halda á maskarabursta eru aðrar sem eru gífurlegar pjattrófur og eiga tonn af förðunarvörum í baðherbergisskápnum. Sjálf er ég frekar íhaldssöm hvað varðar förðun en dáist að stúlkum sem nota andlitið eins og striga og eru óhræddar við að prófa nýja og skemmtilega hluti. Svo er nú líka alltaf spurning um hvað er of mikið og hvað er það ekki. Ég hugsa að trúðamálning á svalri píu sé milljón sinnum flottari en þykkt lag af appelsínugulu meiki og sólarpúðri á ljósabrúnni húð en auðvitað er þetta allt saman smekksatriði. Þar sem ég er persónulega mjög svag fyrir „sixtís“ málningu og þeim skemmtilega kynþokka sem felst í blautum eyeliner þá fannst mér gleðilegt að sjá hversu margir tískuhönnuðir féllu fyrir þessu útliti fyrir vor og sumar. Hér var ekki á ferðinni þessi týpíska förðun sem mér finnst ég sjá á hverju vori. Ekki glansandi ljósbrún húð og glimmer á kinnum við brúnleita augnskugga og varir. Nei – hér höfum við matta og ljósa húð í anda Marilyn Monroe með fallega bogadregnum augabrúnum, ljósum augnskugga, miklum blautum eyeliner og ljósum varalit. Við mikið túberað hár er þetta gífurlega töff og kynþokkafullt og verður skemmtileg tilbreyting líka fyrir stúlkur sem eru orðnar háðar rauðum varalit eða miklum augnskugga þegar þær bregða sér út á lífið. Nú verður líka að hafa í huga að þetta Marilyn-útlit verður að vera pínulítið rokkað og yrði gífurlega væmið á stúlkum með ofurlitað hár og mikla sólbrúnku. Það er snjallráð að leigja sér einhverjar gífurlega svalar gamlar myndir, allt frá klassískum Marilyn-myndum upp í til dæmis Girl with a Motorcycle með Marianne Faithful eða Le Mépris með Bardot til að ná fílingnum.





**HVÍTT** Fuglar voru einnig áberandi hjá MiuMiu eins og sést á þessum stelpulega kjól.



**FUGLAR** Fallegur skyrtukjóll frá Erdem í bláum og appelsínugulum tónum.




**TÖFFARALEGT** Kynþokkafullur, stuttur kjóll með appelsínugulu mynstri frá Manish Arora.




## BLÓMLEGT SUMAR Í VÆNDUM:

# RÓSIR OG LITRÍK MYNSTUR

Það lítur út fyrir að verða blómstrandi tíð í vor og sumar en litríkar flíkur alsettar rósum og blómknúppum voru áberandi hjá mörgum stórum hönnuðum. Stuttir blómakjólar verða sérstaklega mikið í sviðsljósinu en það voru yndislega fagrar útgáfur af þeim hjá MiuMiu og Luellu Bartley. Það sem vert er að hafa í huga varðandi blómamynstur er að passa sig að verða ekki of væminn. Eins og sést hér á myndunum eru fyrirsætur ekki með vott af bleikum lit á vörum og einfaldleikinn í fyrirrúmi hvað varðar förðun og hárgreiðslu. Það er flott að rokka upp blómaflíkur með svörtum stígvélum og miklum svörtum eyeliner til að tóna niður alla rómantíkina.

- amb



**RÓSIR** Sumarlegur stuttur kjóll með blómamynstri frá Luellu Bartley.







**KÓNGABLÁTT** Fallegur kjóll með píffermum frá Erdem.

**GAMALDAGS** Sixtísfílingur í þessum fallega ljósbláa blómakjól frá Luellu Bartley.







## > VILL VINNA MEÐ DEPP

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez hefur mikinn áhuga á að leika á móti hjartaknúsaranum Johnny Depp. „Ég hef unnið með mörgum kynþokkafullum aðalleikurum en mig langar rosalega til að leika á móti Johnny. Að vinna með honum væri frábært,“ sagði Lopez, sem lék síðast í myndinni The Back Up Plan.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Lady Gaga og Gervais áhrifamest

Söngkonan Lady Gaga og grínistinn Ricky Gervais eru á lista tímaritsins Time yfir 25 áhrifamestu stjörnur veraldar.

Hin sérstæða Gaga er sögð veita öðrum listamönnum mikinn innblástur með framkomu sinni og tónlist. „Ég heyrði fyrst nafnið Lady Gaga í gegnum sameiginlegan vin okkar. Hann gat ekki hætt að tala um hana. Síðan heyrði ég tónlistina hennar og hugsaði með mér: Vá, hún er ótrúlega góð,“ sagði söngkonan Cindy Lauper.

Gervais komst á listann eftir að hafa kynnt Golden Globe-hátíðina og fyrir velgengni teiknaðra grínþátta sinna í bandarísku sjónvarpi. Hann mun endurtaka kynni sín af Golden Globe á næsta ári.

Á meðal annarra stjarna á listanum eru leikkonan Sandra Bullock, Idol-dómarinn Simon Cowell, leikstjórinn Katryn Bigelow, leikarinn Robert Pattinson úr Twilight-myndunum og tónlistarmennirnir Prince og Elton John.

Hin tvítuga söngkona Taylor Swift er einn yngsti listamaðurinn á listanum. „Þessi stelpa semur lög sem allur heimurinn getur sungið. Konur eins og hún eiga eftir að bjarga tónlistarbransanum,“ sagði Stevie Nicks úr hljómsveitinni Fleetwood Mac.



**RICKY GERVAIS** Breski grínistinn nýtur mikillar velgengni.



**LADY GAGA** Lady Gaga er á lista Time yfir 25 áhrifamestu stjörnur veraldar.


Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur 2010**

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, fimmtudaginn 20. maí 2010 og hefst kl. 16.30.

**Dagskrá fundarins er**

1. Skýrsla stjórnar
2. Gerð grein fyrir ársreikningi
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Nýjar reiknitöflur
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 04. 2010

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**


# Hefði aldrei spilað gegn Teddy við pókerborðið

**Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal hitti einn af eftirlætis knattspyrnumönnum sínum á pókermóti í Mónakó á dögunum.**

„Teddy var hrikalega ferskur,“ segir sjónvarpsmaðurinn og pókerspilarinn Auðunn Blöndal.

Auðunn tók þátt í lokamóti Evrópumótaraðarinnar í póker á dögunum í Mónakó ásamt Agli Einarssyni. Þeir félagar eru harðir stuðningsmenn Manchester United og héldu því vart vatni þegar þeir sáu að Teddy Sheringham, fyrrverandi leikmaður rauðu djöflanna, var á meðal þátttakenda á mótinu.

„Ég sagði við Teddy Sheringham þegar ég hitti hann að ef ég hefði lent með honum á borði hefði ég aldrei *„reisað hann* og *foldað“* bestu höndunum á móti honum fyrir markið hans ´99 á móti Bayern München,“ segir Auddi á pókermáli og vísar í úrslitaleik Meistaradeildarinnar árið 1999 þegar Teddy Sheringham skoraði jöfnunarmarkið áður en Ole Gunnar Solskjær tryggði liðinu sigur á ögurstundu. „Það var fínt að ég lenti ekki með honum á borði því ég hefði aldrei viljað vinna Teddy.“

Auddi og Egill spiluðu svipað lengi í mótinu, þó að sá síðarnefni hafi komist ögn lengra. Auddi datt út þegar 40 mínútur voru eftir af fyrsta degi, en Egill 40 mínútum eftir að annar dagur hófst. Teddy gekk hins vegar allt í haginn framan af og hafnaði að lokum í 103. sæti. Fyrir það fékk hann 20.000 evrur, eða um 3,4 milljónir króna. „Hann kann alveg að spila karlinn,“ segir Auddi.

atlifannar@frettabladid.is




**RAUÐIR DJÖFLAR** Teddy Sheringham og Auðunn Blöndal, hressir í Mónakó á dögunum. MYND/EGILL EINARSSON


„ÁHRIFAMIKIÐ STÖFF“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON KILJAN

Batuk er indversk stúlka sem ætti að vera að leika sér, læra og feta fyrstu skrefin út í lífið. *Bláa minnisbókin* er áhrifamikil saga götubarna sem neydd eru í vændi, saga sem nístir hjartað en vegsamar jafnframt vonina og máttinn sem býr í orðunum.

FRUMÚTGÁFA Í KILJU




JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is

„Glæsilega skrifuð saga ... Mikilvæg bók sem ekki gleymist.“

NEW BOOKS MAGAZINE


# Christina fer yfir strikið í myndbandi

Christina Aguilera sendi nýlega frá sér myndband við lagið Not Myself Tonight. Lagið markar endurkomu Aguilera og í myndbandinu virðist hún feta í fótspor poppprinsessunnar Lady Gaga.

Christina Aguilera klæðis ögrandi fatnaði, kyssir konu og vísar í alls kyns kynlífsathafnir með dansi sínum. Fjölmiðlar hafa bent á að allt sem hún gerir virðist Lady Gaga hafa verið að gera undanfarin misseri.

Aguilera er þó vön að koma fram á ögrandi hátt þar sem ímynd hennar fyrir nokkrum árum, þegar platan Stripped kom út, var afar ögrandi, einkum myndbandið við lagið Dirrty.



**ÖGRAR** Christina kyssir stelpu í nýjasta myndbandinu sínu.

# Flowers með sólóplötu

Þrátt fyrir eldri yfirlýsingar sínar hefur Brandon Flowers, söngvari The Killers, tilkynnt að hann ætli að gefa út sína fyrstu sólóplötu. Hún nefnist Flamingo og er væntanleg í búðir bráðum. Trommarinn Ronnie Vanucci er eini liðsmaður The Killers sem hefur prófað sig áfram utan sveitarinnar því hann er meðlimur ofurgrúppunnar Mt. Desolation ásamt liðsmönnum Keane, Mumford & Sons og The Long Winters. The Killers er í pásu um þessar mundir og ætti Flowers því að fá nægt svigrúm til að kynna nýju plötuna.



**BRANDON FLOWERS** Söngvari The Killers ætlar að gefa út sólóplötuna Flamingo á næstunni.

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-80% afsláttur

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

## - aðeins í 4 daga!



Golfpeysur, golfbolir, Super Stretch peysur, Soft shell jakkar ásamt mörgu öðru fyrir golfara og útivistarfólk.

| Verðdæmi: | Verð frá |
|---|---|
| Barnaúlpa | 5.900- |
| Barnaflíspeysa | 3.900- |
| Barnaregnjakki | 4.900- |
| Barnaregnbuxur | 2.900- |
| Barnasnjógallar | 5.900- |
| 3 laga útivistarjakki | 12.900- |
| 3 laga útivistarbuxur | 18.900- |
| Golf regnjakkar | 9.900- |
| Golf regnbuxur | 9.900- |
| Regnheldir útivistarjakkar | 6.900- |
| Regnheldar útivistarbuxur | 4.900- |
| Gönguskór | 14.990- |

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| Föstudag | 30. april | kl. 12-19 |
| Laugardag | 1. maí | kl. 10-18 |
| Sunnudag | 2. maí | kl. 11-18 |
| Mánudag | 3. maí | kl. 12-18 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

# Obama er kynæsandi



**PAMELA ANDERSON** Pamelu finnst Barack Obama Bandaríkjaforseti vera ótrúlega kynæsandi.

Baywatch-stjarnan fyrrverandi, Pamela Anderson, segir að Barack Obama Bandaríkjaforseti sé ótrúlega kynæsandi. Hin 42 ára Pamela tekur þessa dagana þátt í raunveruleikaþættinum Dancing With The Stars. Hún segir Obama kjörinn dansfélaga fyrir sig. „Ég hreinlega elska hann. Hann er ótrúlega kynæsandi. Allt sem hann gerir er tær snilld,“ sagði Pamela. „Hann er uppáhaldsstjórnmálamaðurinn minn. Það gengur mikið á í heiminum og mér finnst hann halda mjög vel á spöðunum.“


KRAFT YOGA/FRAMHALDS YOGA

GOTT FYRIR HLAUPARA OG LENGRA KOMNA



Komum sterk inn í sumarið

Áhersla lögð á aukinn kraft, miklar teygjur, rétta öndun og góða slökun.

Byrjar 4. maí þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.15

Kennt í Drafnarhúsinu Hafnarfirði (Sjúkraþjálfarinn)

Sanngjarnt verð

Skráning og upplýsingar í síma 6910381



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Íslensk náttúra
– afl ferðaþjónustunnar og áskorun

Ferðamálaþing haldið á Hilton Reykjavik Nordica þriðjudaginn 4. maí 2010 kl. 13:00-17:00

Dagskrá:

Kl.13:00 Setning - Katrín Júlíusdóttir, ferða- og iðnaðarmálaráðherra

Kl.13:15 Tourism means globalization – natural disasters are global by nature - Norbert Pfefferlein, professor and president of TCME, a marketing and tourism research company.

Kl. 13:35 Að móta umræðuna – þankar um almannatengsl, Valþór Hlöðversson framkvæmdastjóri Athygli ehf.

Kl. 13:55 Mikilvægi markaðsaðgerða í kjölfar óvæntra atburða – Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair og Matthías Imsland forstjóri Iceland Express.

Kl. 14:20 Góðir gestir, hvað má bjóða ykkur? - Gestgjafahlutverkið á umbrotatímum - Þórólfur Árnason, stjórnarformaður Flugstoða.

Kl. 14:40 Kaffi

Kl. 15:00 Hvernig bregðast skal við í neyð og tryggja áframhaldandi rekstur- Leó Sigurðsson öryggis- heilsu- og umhverfisstjóri Actavis á Íslandi.

Kl. 15:20 Eldgos á Suðurlandi – orðspor og öryggi? – Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Kl. 15:30 Má bjóða þér gos? Eldfjöll sem aðdráttarafl í ferðamennsku - Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur

Kl. 15:50 Samantekt – Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Kl. 16:00 Setið fyrir svörum
Katrín Júlíusdóttir ráðherra ferðamála,
Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri,
Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF,
Helgi Már Björgvinsson framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair og
Matthías Imsland forstjóri Iceland Express

Kl. 16:30 Opnun og kynning á endurbættum landkynningarvef Ferðamálastofu

Kl. 16:45 Veitingar í þinglok

Fundarstjóri Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður

Allir velkomnir, skráning er hafin á www.ferdamalastofa.is

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ








## ÖFLUGIR Á LÆKNA-OG TÓNLISTARSVIÐINU

Þeir **Páll Torfi Önundarson, Heimir Sindrason, Lýður Árnason, Haukur Heiðar Ingólfsson** og **Haukur Heiðar Hauksson** eru allir músíkalskir læknar. Í þessum hópi eru líka menn eins og **Helgi Júlíus Óskarsson** og **Stefán Eggertsson** en Helgi gaf nýlega út sína fyrstu plötu. Stefán var hins vegar söngvari blómabarnahljómsveitarinnar Tatarar sem varð heimsfræg á Íslandi með laginu Dimmar rósir. Með Stefáni í Töturum spilaði **Magnús Magnússon** sem er sálfræðingur í dag. **Eva Ásrún Albertsdóttir** sem gerði það gott í poppinu á árum áður er síðan ljósmóðir.



# Læknar rokka og poppa

**Læknastarfið er sveipað virðuleika og löngu námi en þó hafa ekki allir læknar legið yfir námsbókum alla sína hunds- og kattartíð því þeir eru þónokkrir sem hafa getið sér gott orð á tónlistarsviðinu.**

Haukur Heiðar Hauksson, söngvari einnar vinsælustu hljómsveitar Íslands um þessar mundir, Diktu, er læknir og útskrifaðist sem slíkur 2008. Hann á ekki langt að sækja áhugann á lækningum og tónlist því faðir hans, Haukur Heiðar Ingólfsson, er líka læknir og tónlistarmaður, spilaði mikið með Ómari Ragnarssyni á árum áður og inn á fjölda hljómplatna. „Það hefur gerst að ég hafi hitt sjúkling sem kvöldið áður var að horfa á mig á tónleikum. Það er kannski svolítið skrýtið,“ sagði Haukur í viðtali við Læknablaðið fyrir skemmstu.

En þeir feðgar eru ekki einu læknarnir sem hafa lagt stund á tónlistina. Heimir Sindrason hefur samið ófá lög í Eurovision-keppnir, gefið út plötur og var meðal annars liðsmaður dúettsins Heimir og Jónas. Hans þekktasta lag er sennilega hinn sígildi slagari Hótel Jörð sem Heimir samdi við samnefnt ljóð Tómasar Gðmundssonar. Ragnar Danielsen, einn fremsti hjartalæknir þjóðarinnar, var í Frummönnum með þeim Valgeiri Guðjónssyni og Jakobi Frímanni en sú sveit breytti síðar um nafn og varð að Stuðmönnum. Ragnar er enn mikill áhugamaður um tónlist og hefur að sögn vina og vandamanna ekki sungið sitt síðasta á því sviði.

Hljómsveitin Tatarar sló eftirminnilega í gegn á hátindi blómatímabilsins á Íslandi. Tveir liðsmanna sveitarinnar hafa frá því að tónlistarferlinum lauk snúið sér að störfum innan heilbrigðisgeirans en trommari sveitarinnar, Magnús Magnússon, er sálfræðingur. Söngvari Tatara var hins vegar Stefán Eggertsson læknir. Hann er þó eflaust þekktastur í dag meðal handboltakappa fyrir að vera faðir Ólafs Stefánssonar, fyrirliða íslenska landsliðsins í handbolta. Þá er ónefnd Eva Ásrún Albertsdóttir, sem gerði það gott á árum áður í poppinu og margir Íslendingar þekkja úr Eurovision-keppnum, en hún er ljósmóðir.

Lýður Árnason var lengi vel læknir á Flateyri en hann er einnig einn af stofnendum hljómsveitarinnar Grjóthruns ásamt Grími Atlasyni, fráfarandi sveitarstjóra í Dalabyggð. Ekki má heldur gleyma Páli Torfa Önundarsyni lækni, sem hefur spilað á gítar með Diabolus in Musica og Six-pack Latino. Þá er ónefndur í þessari upptalningu nýjasti popp-læknirinn, Helgi Júlíus Óskarsson, sem sendi nýverið frá sér sína fyrstu plötu, Sun for a Lifetime. **freyrgigja@frettabladid.is**


Gallerí Fold – þar sem verkin seljast



Listmunauppboð í Galleríi Fold

LISTMUNASALA fold

Síðustu forvöð að koma verkum inn á næsta listmunauppboð

Síðasta sýningarhelgi

Wolfgang Tiemann
Floating land

Elín G. Jóhannsdóttir
Borið á borð

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Sandra flytur til New Orleans

Talið er að leikkonan Sandra Bullock hafi ákveðið að flytja frá Texas til borgarinnar New Orleans með ættleiddan son sinn.

Bullock, sem er móðir hins þriggja mánaða Louis Bardo Bullocks sem hún ættleiddi í janúar, virðist hafa ákveðið að flytja einum degi eftir að hún tilkynnti að hún ætlaði að skilja við eiginmann sinn Jesse James. Þrír flutningabílar sáust fyrir utan glæsivillu hennar en ekki hefur þó fengist staðfest að hún sé flutt.

James gerðist uppvís að framhjáhaldi með mörgum konum, skömmu eftir að Bullock tók á móti Óskarsverðlaununum sem besta leikkonan. „Já, ég sótti um skilnað. Ég er sorgmædd og ég er hrædd,“ sagði hin 45 ára Bullock. Hún hefur áður lýst yfir aðdáun sinni á New Orleans, fæðingarborg sonarsins Louis Bardo. „Andi fólksins þarna er ótrúlegur og eins hvernig það hefur í heiðri menningu borgarinnar og þykir vænt um tónlistina og lífið sjálft,“ sagði hún.



**SANDRA OG JESSE** Sandra Bullock ásamt Jesse James á Óskarsverðlaununum þegar allt lék í lyndi.


Söngskólinn í Reykjavík

Inntökupróf í allar deildir skólans fara fram 17. maí

- UNGLINGADEILDIR
  Stúlkur og drengir 11-15 ára
- SÖNGLEIKJADEILDIR
  Nemendur á framhaldsskólaaldri
- SÖNGDEILDIR
  Nemendur frá 16 ára aldri
- HÁSKÓLADEILDIR
  Einsöngs- og kennaradeildir

Umsóknir og upplýsingar:
sími 552 7366 / songskolinn.is / rafraen.reykjavik.is




**BENNI HEMM HEMM** Nýtt tónlistarmyndband hljómsveitarinnar við lagið Retaliate var frumsýnt á síðunni Spinner.

# Myndband frumsýnt

**Nýtt tónlistarmyndband við lag Benna Hemm Hemm, Retaliate, var frumsýnt á bandarísku tónlistarsíðunni Spinner á dögunum. Lagið er á nýútkominni stuttskífu Benna og var myndbandið unnið af Skotunum Michael Kirkham og Vivien McDermid. Skífan kom út í Bandaríkjunum á þriðjudaginn og er myndbandinu ætlað að kynna hana.**

**Benni Hemm Hemm lauk nýverið mánaðar tónleikaferðalagi um Evrópu. Hljómsveitin var síbreytileg allan þann tíma og taldi frá þremur meðlimum upp í 40 manna stórsveit. Á tónlistarhátíðinni Motel Mzaique í Hollandi var til að mynda fenginn 25 manna kór úr hópi íslenskra tónlistarnema þar í landi til liðs við sveitina.**

# Bret er á batavegi

**Systir Brets Michaels, söngvara hljómsveitarinnar Poison, segir að hann sé á batavegi eftir að hafa fengið alvarlegt heilablóðfall á dögunum. „Hlutirnir líta betur út núna. Það var gott í honum hljóðið, alla vega miðað við aðstæður,“ sagði hún. „Hann virtist vera í ágætu ásigkomulagi og vissi hvað hann var að segja. Hann hljómaði eins og Bret. Ég held að hann eigi eftir að lifa lengur en við öll.“ Blaðamannafundur verður haldinn í næstu viku þar sem læknar útskýra betur ástand hins 47 ára söngvara og batahorfur.**



**BRET MICHAELS** Söngvari Poison er á batavegi eftir að hafa fengið heilablóðfall.



# Fylgist með Katie

Amy Scobee, rithöfundur og fyrrum meðlimur Vísindakirkjunnar, sagði nýlega að leikarinn Tom Cruise fylgdist grannt með hverju skrefi eiginkonu sinnar, leikkonunnar Katie Holmes. „Tom er umkringdur fólki frá Vísindakirkjunni og það fólk stýrir lífi hans og Katie.

Þessir aðilar fylgjast með öllu sem Katie gerir og láta svo Tom vita. Þannig kemst hann að því hvort hún er að reykja, borði rétt og daðri við mótleikara sína. Hún er mjög reið yfir þessu því hún hefur misst samband við vini sína og er þess í stað umkringd meðlimum Vísindakirkjunnar,“ sagði Amy. Auk þess segir hún dóttur þeirra hjóna fá að leika lausum hala og hlýði engum. „Tom trúir því að Suri sé gömul sál í litlum líkama. Fóstrurnar mega ekki siða hana til því hún á að fá að tjá sig að vild.“



**UNDIR EFTIRLITI** Katie Holmes er undir ströngu eftirliti meðlima í Vísindakirkjunni. NORDICPHOTOS/GETTY


## FRELSI TIL FERÐA
## – námskeið við flughræðslu

Kvíðameðferðarstöðin býður nú upp á námskeið við flughræðslu í samstarfi við Flugfélag Íslands. Á námskeiðinu verða kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að draga úr flughræðslu með það að marki að fólk eigi hægar um vik með að ferðast. Stjórnendur námskeiðsins eru Gunnar Guðjónsson flugstjóri, dr. Eiríkur Örn Arnarson og sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar.

KMS Kvíðameðferðarstöðin

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

**Námskeiðið hefst mánudaginn 10. maí 2010 og stendur yfir í 4 vikur, 1x í viku í 3 klst í senn. Skráning fer fram hjá Kvíðameðferðarstöðinni í síma 534-0110/822-0043 eða á kms@kms.is, nánari upplýsingar á www.kms.is en skráningu lýkur fimmtudaginn 6. maí n.k.**




**SEABEAR** Hljómsveitin Seabear er á tónleikaferðalagi um Evrópu um þessar mundir. Kjartan er lengst til hægri á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Trommarinn varð eftir heima

**Hljómsveitin Seabear er nýlögð af stað í stóra tónleikaferð um Evrópu til að kynna plötu sína We Built A Fire. Trommuleikari sveitarinnar, Kjartan Bragi Bjarnason, er þó ekki með í för því hann var að eignast sitt fyrsta barn.**

„Ég er nýbúinn að eignast barn þannig að ég fer ekki langt, ekki alveg á næstunni,“ segir Kjartan Bragi, sem eignaðist son fyrir mánuði. „Það var bara fenginn annar drengur til að hlaupa í skarðið,“ segir hann og á þar við Arnar Inga Viðarsson, trommara Dynamo Fog og Retron. „Hann rúllar þessu upp þannig að ég þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu.“

Kjartan, sem er líka meðlimur Kimono, hefur áður misst af tónleikaferðum erlendis með Seabear. Síðast var það í fyrra þegar sveitin hitaði upp fyrir múm á fimm vikna tónleikaferðalagi. Þá var það vinnan sem hélt honum heima við en hann er verslunarstjóri hjá Steinari Waage í Smáralind og hefur í nógu að snúast í því starfi.

Seabear hefur verið á tónleikaferð síðan í febrúar. Fyrst fór sveitin til Þýskalands og síðan til Bandaríkjanna í tæpar þrjár vikur. Tónleikaferðin núna stendur einnig yfir í þrjár vikur þar sem ferðast verður meðal annars til Svíþjóðar, Þýskalands, Bretlands og Hollands. „Það kemur túr eftir þennan túr. Ég sé ekkert eftir því að vera ekki að fara í þennan túr. Maður er alveg að fatta það núna,“ segir Kjartan, sem fylgist engu að síður með hvernig gengur með aðstoð Sigurðar Magnúsar Finnssonar, slagverksleikara í Singapore Sling sem skipuleggur tónleikaferðir Seabear.

Til stendur að hljómsveitin fari fleiri tónleikaferðir í haust um Evrópu og Bandaríkin og stefnir Kjartan á að vera með í þeim. „Ég reikna með því en ég á eftir að tala við vinnuveitendurna,“ segir hann og kímir.

Útgáfutónleikar Seabear vegna nýju plötunnar verða síðan haldnir 9. júlí í Iðnó og geta íslenskir aðdáendur sveitarinnar því tekið daginn frá. freyr@frettabladid.is




ECCO HERRASKÓR
fyrir allan aldur



Urban Light
42714 01152
Stærðir: 39 - 47
16.995

Trace
50784 53859
Stærðir: 41 - 46
17.995

Glide
24294 51052
Stærðir: 39 - 46
15.995

Pacer
40984 54997
Stærðir: 39 - 47
15.995

Jersey
51504 01001
Stærðir: 41 - 47
16.995

Neobasic
48664 00101
Stærðir: 39 - 47
17.995

ecco KRINGLAN SÍMI 553 80 50 the most comfortable place on earth ecco


# Dagur hættur við að leikstýra Betlehem

„Þetta er rétt, Dagur er ekki lengur hluti af þessu verkefni,“ segir Jóhann Ævar Grímsson handritshöfundur. Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að Dagur Kári hygðist leikstýra nýrri sjónvarpsþáttaröð undir vinnuheitinu Betlehem.

Jóhann Ævar skrifaði handritið og þetta vakti eðlilega nokkra athygli þar sem Dagur er einn fremsti leikstjóri landsins. En af því verður ekki og segir Jóhann að ekki sé vitað hvort og hvenær farið verði af stað í tökur. „Við sjáum bara til, handritið er allavega tilbúið og þetta getur gerst og getur ekki gerst. Þetta fer allt eftir fjármögnun og tíma,“ segir Jóhann.

Næst á dagskrá hjá Degi Kára er að semja tónlistina við kvikmyndina Brim eftir Árna Ólaf Ásgeirsson en þar fer leikhópurinn Vesturport með aðalhlutverkin. Kvikmyndin er byggð á samnefndu leikriti Jóns Atla Jónassonar en reiknað er með að myndin verði frumsýnd í haust. Eins og Fréttablaðið greindi frá er Dagur fastur í New York og gerði sér vonir um að komast heim í gær. Hins vegar var öllu flugi frestað og því kemst leikstjórinn ekki heim frá stórborginni. - fgg



**EKKI LENGUR MEÐ** Dagur Kári er ekki lengur með í sjónvarpsþáttaröðinni Betlehem. Jóhann Ævar Grímsson segir ekki vitað hvenær þáttaröðin fari af stað.

# Berry á lausu

Leikkonan Halle Berry og hinn kanadíski Gabriel Aubry hafa ákveðið að halda hvort sína leið eftir fimm ára samband. Parið á saman eina dóttur og hafa þau ákveðið að deila forræðinu yfir henni. „Gabriel fannst sambandið ekki vera að ganga. Þegar þau byrjuðu fyrst saman fann hann ekki fyrir aldursmuninum, honum fannst hún fallegasta kona sem hann hafði á ævinni hitt og var ástfanginn. En með tímanum fann hann betur og betur fyrir aldursmun þeirra,“ var haft eftir heimildarmanni. Parið skilur í góðu og á þegar að hafa deilt öllum eignum sínum bróðurlega á milli sín.



NORDICPHOTOS/GETTY

**HÆTT SAMAN** Halle Berry og Gabriel Aubry hafa slitið sambandi sínu.




NÝJAR VORVÖRUR

Opið alla daga frá 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL

# Tekur upp í þrívídd á Mars

Leikstjórinn James Cameron lætur sér ekki nægja að vera konungur heimsins því núna vill hann verða konungur alheimsins.

Þrívíddarmynd hans, Avatar, hefur slegið hvert aðsóknarmetið á fætur öðru en núna vill hann stíga skrefinu lengra. Næsta verkefni hans verður að taka upp þrívíddarmyndir á plánetunni Mars í samstarfi við Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA. Cameron mun aðstoða við gerð þrívíddar-myndavélar sem á að setja um borð í fjarstýrðan jeppa sem verður sendur til mars á næsta ári.

NASA ætlaði að senda þrívíddarvél til mars áður en Cameron kom til sögunnar en hætti við það vegna mikilis kostnaðar. Leikstjórinn steig þá fram og sannfærði NASA-menn um að senda myndavélina út. „Fundur okkar gekk mjög vel. Þetta er mjög spennandi leiðangur. Vísindamennirnir ætla að svara því hvort líf hafi einhvern tímann verið á Mars og hvort líf geti þrifist þar í framtíðinni,“ sagði Cameron. Myndavélin mun taka upp tíu ramma á hverri sekúndu, þ.e. ef hún verður tilbúin í tæka tíð fyrir ferðalagið. „Ég er sannfærður um að myndefnið sem næst verður stórkostlegt,“ sagði leikstjórinn.



**JAMES CAMERON** Cameron er kominn í samstarf við Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA.

# Minnast Zeppelin-tónleika

**Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur Led Zeppelin-tónleika í Reykjavík 22. júní, eða nákvæmlega fjörutíu árum eftir að þessi víðfræga rokksveit spilaði í Laugardalshöll á Listahátíð í Reykjavík. Tveimur dögum síðar eru fyrirhugaðir sams konar tónleikar á Græna hattinum á Akureyri.**



**DÚNDURFRÉTTIR** Hljómsveitin Dúndurfréttir spilar lög Zeppelin 22. júní, nákvæmlega fjörutíu árum eftir að sveitin spilaði í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi hugmynd kom upp á síðasta ári og við ákváðum bara að kýla á það,“ segir söngvarinn Pétur Örn Guðmundsson, söngvari í Dúndurfréttum. Hann tengist upphaflegu Zeppelin-tónleikunum á sérstæðan hátt því pabbi hans sá þá í Höllinni og mamma hans var síðan flugfreyja þegar rokkararnir flugu heim á leið.

Óvíst er hvar tónleikarnir verða haldnir en ólíklegt er að þeir verði í Laugardalshöllinni. „En það verður örugglega aðeins meiri ljósasýning hjá okkur. Það var sumar úti og bjart þetta kvöld. Þetta var eins mikill skolleitur íslenskur raunveruleiki og þú getur hugsað þér,“ segir Pétur Örn.

Dúndurfréttir hafa undanfarin fimmtán ár spilað lög eftir sveitir á borð við Led Zeppelin, Deep Purple og Pink Floyd við góðar undirtektir. Spurður hvort Dúndurfréttir muni spila nákvæmlega sömu lög og Zeppelin gerði í Höllinni efast Pétur um það. „Það væri gaman að taka eitthvað af þeim en þeir tóku 25 mínútna útgáfu af Dazed and Confused sem ég stórefa að við munum taka,“ segir hann. „Þetta verða samt pottþétt lög og við erum með ýmislegt í bígerð. Við ætlum að grípa til dýrari týpunnar ef svo má að orði komast.“

freyr@frettabladid.is




| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 2(600 kr), 5, 7.30 og 10 (POWER) | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| DATE NIGHT | 6 og 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 2(900 kr) og 4 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 2(600 kr) | L |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 3D - 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 1(3D) | L |
| TEMJA DREKANN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:40 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| ARMIDA Ópera í Beini útsendingu | kl. 5 | 12 |
| IRON MAN 2 | 12:50-3:20-5:40D-8:10D-10D-10:45D | 14 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | L |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 | 12 |
| TITANS 3D Sýnd sunndag | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | L |
| TEMJA DREKANN 3D ísl. Tali sunndag | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali sunndag | kl. 6 | L |

SÝNINGARTÍMAR Í KRINGLUNNI GILDA FYRIR LAUGARDAG - KYNNIÐ YKKUR SUNNUDAGSTÍMANA Á WWW.SAMBIO.IS

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ísl. | kl 1:30 - 3:30 | L |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl 2 - 4 - 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10 | 14 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU







**SMÁRABÍÓ** TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 650 kr. SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| DATE NIGHT | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| NANNY MCPHEE | kl. 1 - 3.20 | 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| DEAR JOHN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |

facebook.com/smarabio

**BORGARBÍÓ** TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr. SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 4 -6 | L |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FOOD INC. | kl. 8 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 5.45 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 4 enskt tal | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 5 enskur texti | 16 |
| RUDY Y CURSI | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| MOON | kl. 3 - 8 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 6 íslenskur texti | 10 |
| TRASH HUMPERS | kl. 10 íslenskur texti | 18 |
| THE LAST STATION | kl. 10 enskt tal | L |
| THE LIVING MATRIX | kl. 4 íslenskur texti | L |
| THE MESSENGER | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 4 - 6 íslenskur texti | L |
| SUNNUDAGURINN 2. MAÍ | | |
| MOON | kl. 6 íslenskur texti | 10 |
| THE LAST STATION | kl. 6 íslenskur texti | L |
| RUDO Y CURSI | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| THE MESSENGER | kl. 4 - 10.15 ísl. texti | 12 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 4 íslenskur texti | L |
| NOWHERE BOY | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| UN PROPHÉTE | kl. 3 - 10 enskur texti | 16 |
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| VIDEOCRACY | kl. 10 enskt tal | 12 |
| ONDINE | kl. 8 enskur texti | 12 |
| FOOD INC. | kl. 10 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. PA... | kl. 3.30 - 8 íslenskur texti | 12 |










EKKERT VENJULEGT SUMAR
**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
SKJÁREINN
AÐEINS
2.200 KR. Á MÁN.
INNIHELDUR:
SKJÁREINN & SKJÁRFRELSI
SKJÁRBÍÓ VOD
Fáðu þér áskrift á
www.skjareinn.is
SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.
ENNEMM / SÍA / NM42013

## > Valur lánar uppalda leikmenn

Pepsi-deildarlið Vals lánaði í gær þá Guðmund Stein Hafsteinsson og Einar Marteinsson til 1. deildarliðs HK. Hefur þessi gjörningur vakið furðu margra enda eru þessir tveir á meðal örfárra uppaldra leikmanna félagsins sem hafa náð að brjóta sér leið inn í meistaraflokkshóp félagsins á síðustu árum. Nýliðinn Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, virðist þó ekki hafa mikla trú á leikmönnunum þar sem hann lánar þá frá félaginu.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EMIL HALLFREÐSSON: FER EKKI AFTUR TIL BARNSLEY OG ER MÖGULEGA Á LEIÐ AFTUR TIL REGGINA**

# *Ekki það versta í heimi að fara aftur til Ítalíu*

Emil Hallfreðsson er nú að jafna sig á meiðslum sem hann varð fyrir í leik með Barnsley í ensku B-deildinni í mars síðastliðnum. Emil ristarbrotnaði og er því í gifsi þessar vikurnar. Hann ætti að geta byrjað aftur að æfa í upphafi næsta mánaðar.

Emil var í láni hjá Barnsley frá ítalska B-deildarliðinu Reggina þar sem hann er enn samningsbundinn í tvö ár til viðbótar. Hann er þegar búinn að ganga frá öllum sínum málum í Englandi og er því kominn heim í frí.

„Mér leið mjög vel í Barnsley og þetta var góð reynsla. Hins vegar setti Reggina verðmiða á mig sem var ekki raunhæfur fyrir Barnsley. Þetta varð því niðurstaðan,“ sagði Emil í samtali við Fréttablaðið.

„En ég spilaði meira en 30 leiki í vetur og var allt-af í liðinu þegar ég var heill. Ég náði að skora fjögur mörk og leggja upp einhver til viðbótar. Það gekk því mjög vel.“



Hann neitar því þó ekki að hann hafi verið feginn að hafa losnað frá Reggina um stundarsakir en liðið er nú um miðja deild og á ekki möguleika á að endurheimta sæti sitt í úrvalsdeildinni.

„Þetta virðist vera sama sagan á þessu tímabili. Liðið er búið að skipta þrisvar um þjálfara og ég held að það hafi alls tíu þjálfarar verið hjá félaginu síðan ég kom þangað fyrir þremur árum. Þess vegna vildi ég losna úr þessu umhverfi í bili.“

Hann segir að forráðamenn Reggina vilji halda honum. „Ég bað um að fá að fara í sumar en forseti félagsins var ekki hrifinn af því. Ég held því að þeir yrðu glaðir að fá mig aftur. En ég mun engu að síður skoða hvaða möguleikar verða í boði fyrir mig í sumar. Það myndi þó aldrei gerast neitt fyrr en í sumar.“

Emil segist vera tilbúinn að skoða hvað sem er. „Það er ekki bara spilaður fótbolti á Englandi og Ítalíu og það er smá ævintýraþrá í manni. England er samt mjög góður kostur en ég er opinn fyrir öllu. Það yrði þó alls ekki það versta í heimi að fara aftur til Reggina. Þar er ég með mjög fínan samning og gott að vera þar.“



**SKRAUTLEGIR** Þjálfararnir Aron Kristjánsson og Óskar Bjarni Óskarsson tóku virkan þátt í leiknum af hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ótrúleg endurkoma Hauka

## Björgvin Þór Hólmgeirsson tryggði Haukum 23-22 sigur á Val fimm sekúndum fyrir leikslok í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta.

**HANDBOLTI** Haukar unnu upp þriggja marka forskot Valsmanna á síðustu 7 mínútum leiksins og tryggðu sér 23-22 sigur fimm sekúndum fyrir leikslok í fyrsta leik liðanna í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í N1 deild karla. Valsmenn lokuðu vörninni stóran hluta leiksins og náðu tvisvar fimm marka forskoti en Haukarnir gáfust aldrei upp og eru komnir 1-0 yfir í úrslitaeinvíginu.

Björgvin Þór Hólmgeirsson skoraði markið mikilvæga undir lokin en markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson var ekki síður hetja liðsins þegar hann varði frá Valsmönnum úr algjöru dauðafæri á síðustu sekúndunni. Birkir Ívar hélt Haukum á floti fram eftir leik og lokaði síðan markinu á lokasprettinum.

„Leikurinn er 60 mínútur,“ var það fyrsta sem fékkst upp úr Björgvini í leikslok. „Við spiluðum skelfilega sóknarlega og ég tek fyrri hálfleikinn alveg á mig. Ég var alveg út úr kortinu og ég skuldaði bara strákunum að skora þarna í lokin,“ sagði Björgvin í leikslok.

„Þetta er bara einn leikur og það þarf að vinna þrjá. Miðað við það hvernig Valsmennirnir spiluðu þá ætla þeir ekki að gefa neitt. Þeir voru mjög góðir í dag, skipulagðir og agaðir. Þetta verður hörkueinvígi og allir leikirnir verða svona,“ sagði Björgvin.

Það voru fleiri hetjur í Haukaliðinu en Björgvin og Birkir því ekki má gleyma innkomu línumannsins Péturs Pálssonar sem var lausnin á frábærri vörn Valsmanna í seinni hálfleik þar sem hann skoraði 5 mörk.

Valsmenn spiluðu frábæra vörn fram eftir leik en misstu móðinn í lokin.

„Við vorum miklu sterkari en þeir en svo gáfum við aðeins eftir í lokin. Birkir fór að verja frá okkur og þeir fóru að skora einföld mörk af línu,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, svekktur þjálfari Valsliðins, í leikslok. „Mér fannst við aðeins vera búnir á því í endann en það vantaði aðeins orku og kraft til þess að klára þetta,“ sagði Óskar og það er ljóst að hans menn eru til alls líklegir með spilamennsku sinni fyrstu 50 mínútur leiksins.

„Fólk er búið að gefa það í skyn að við eigum ekki möguleika í þetta einvígi en við áttum að vinna þennan leik og allavega ná í framlengingu. Þetta er bara grátlegt og engan veginn sanngjarnt,“ sagði Óskar Bjarni.

Fannar Þór Friðgeirsson átti frábæran leik hjá Val en var kannski aðeins of æstur á stundum. Hlynur Morthens varði líka mjög vel í markinu allan leikinn.

**ooj@frettabladid.is**



**ÁTÖK** Valsarinn Fannar Friðgeirsson fær hér óblíðar móttökur hjá varnarmönnum Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### *N1-deild karla:*

Haukar-Valur 23-22 (8-11)

Mörk Hauka (Skot): Sigurbergur Sveinsson 7/4 (17/4), Björgvin Þór Hólmgeirsson 6(13), Pétur Pálsson 5 (5), Elías Már Halldórsson 2 (3), Einar Örn Jónsson 2 (3), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (1), Freyr Brynjarsson (1), Guðmundur Árni Ólafsson (1), Gísli Jón Þórisson (1).

Varin skot: Birkir Guðmundsson 18 (40/3) 45%

Mörk Vals (Skot): Fannar Þór Friðgeirsson 7 (17), Arnór Þór Gunnarsson 7 /3 (15/3), Sigurður Eggertsson 3 (9), Jón Björgvin Pétursson 2 (2), Baldvin Þorsteinsson 2(3), Ingvar Árnason 1(1), Orri Freyr Gíslason (1), Sigfús Páll Sigfússon (1).

Varin skot: Hlynur Morthens 16 (38/3) 42%, Ingvar Kristinn Guðmundsson 0 (1/1)


HÍBÝLI
FASTEIGNASALA
Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.




**REYNIGRUND 81 - OPIÐ HÚS**

Skemmtlegt 126 fm tvílyft raðhús á frábærum stað við útivistarsvæðið við Fossvogsdalinn. Á neðri hæð er forstofa, þvottahús, geymsla, baðherbergi og tvö svefnherbergi, gengið út öðru í gróinn garð. Á efri hæð eru stórar stofur með suðursvölum, eldhús og svefnherbergi. Frábær staðsetning, laust fljótlega. **HÚSIÐ ER TIL SÝNIS Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 15 OG 16. ÞYRI SÝNIR HÚSIÐ S. 566-6623.**

**Suðurgata 7, 101 Reykjavík - www.hibyli.is**
**hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800 - Fax: 585 8808**



N1 Deildin
2009 - 2010

KARLAR - UMSPIL - LEIKUR 1
Laugardagur
Seltjarnarnes Grótta - Afturelding 16:00

KARLAR - ÚRSLIT - LEIKUR 2
Sunnudagur
Vodafone höll Valur - Haukar 16:00


Sigurbergur Sveinsson og Árni Þór Sigtryggsson á leið til Dormagen í Þýskalandi:

# Jákvætt og eðlilegt skref hjá mér

**HANDBOLTI** Sigurbergur Sveinsson og Árni Þór Sigtryggsson hafa báðir samið við þýska úrvalsdeildarliðið Dormagen og fara til liðsins í sumar. Sigurbergur er uppalinn Haukamaður en Árni Þór kemur frá Akureyri.

„Ég er búinn að skrifa undir tveggja ára samning og á bara eftir að fara í læknisskoðun,“ sagði Sigurbergur í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann sagði að aðdragandinn hafi ekki verið langur.

„Tilboðið kom fyrir einni og hálfri viku og þetta gekk svo allt mjög fljótt fyrir sig.“

Fyrr í vetur fór hann til reynslu hjá stórliði Flensburg en ekkert meira kom út úr því. „Það gekk vel hjá mér þegar ég æfði með liðinu en svo bara rann það út í sandinn. Mér finnst þó mjög jákvætt að fara til Dormagen og það verður gaman að fá að takast á við nýja áskorun. Þarna fæ ég að spila mikið og mér finnst þetta jákvætt og eðlilegt skref á mínum ferli.“

Hann segist hafa stefnt að því lengi að komast í atvinnumennskuna og fékk tækifæri til þess í fyrra. „Ég ákvað að bíða þá því ég vildi taka eitt ár til viðbótar hér heima. En nú finn ég að ég er tilbúinn.“

Honum líst einnig vel að fá Árna Þór með sér en þeir þekkjast vel frá því að Árni lék með Haukum.

„Við höfum verið í góðu sambandi og leist báðum vel á félagið. Það verður líka frábært að fá annan Íslending með sér á meðan maður er að læra nýtt tungumál og koma sér fyrir á nýjum stað.“

Dormagen er sem stendur í sextánda og þriðja neðsta sæti deildarinnar. Það á enn góða möguleika á að bjarga sér frá falli en mun að óbreyttu þurfa að taka þátt í umspili um sæti í deildinni.

„Ef liðið fellur þá tek ég bara eitt ár í 2. deildinni. Mér þætti það allt í lagi enda hafa margir byrjað sinn feril í Þýskalandi í þeirri deild. Það væri þó óneitanlega skemmtilegt ef þeim tækist að halda sér uppi.“ **- esá**



**Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Sigurbergur Sveinsson í leik með Haukum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÆTLAR ÞÚ Í GOLFFERÐ Í HAUST?
Allt að 26.000 króna afsláttur
ef þú bókar á netinu í maí
Foxhills
Club and Resort
verð frá kr. 99.000-
(kr. 11.000 afsláttur)
Donnington Valley
Hotel and Spa
verð frá kr. 99.000-
(kr. 26.000 afsláttur)
Fyrstu 20*
sem bóka fá:
• Frítt meðlimakort í Icelandair Golfers
• 2.500 Vildarpunkta
• 2.000 króna gjafabréfi Saga Shop
• 100 æfingabolta í Básá
• Merkikort fyrir golfpokann
• Spila frítt á eftirtöldum völlum 2010:**
Holmsvöllur í Leiru, Garðavöllur Akranesi,
Kiðjaberg og Þorláksvöllur.
*gildir ef þú ert ekki skráð/ur í Icelandair Golfers
**sjá skilmála á heimasíðu Icelandair Golfers.
Bókaðu golfferðina þína á www.gbferdir.is eða í síma 534 5000
ICELANDAIR
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
VIÐ ERUM Á FACEBOOK
GB FERÐIR
www.gbferdir.is



**HLYNUR BÆRINGSSON** Frábær í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlynur Bæringsson:

## Í hóp með Val og Brenton

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, átti frábært úrslitaeinvígi með liðinu en hann var með 21,0 stig, 13,2 fráköst og 3,2 stoðsendingar að meðaltali í leikjum fimm á móti Keflavík.

Hlynur komst með þessu í fámennan hóp en hann er aðeins þriðji fyrirliðinn í sögu lokaúrslitanna sem nær að skora yfir 20 stig að meðaltali í leik í úrslitaeinvíginu.

Hinir tveir í hóp með Hlyn eru Valur Ingimundarson (með Njarðvík 1985 og 1986) og Brenton Birmingham (með Njarðvík 2001). Valur skoraði 27 stig að meðaltali þegar Njarðvík vann 2-0 sigur á Haukum 1986 og 26,7 stig að meðaltali árið áður þegar Njarðvík vann 2-1 sigur á Haukum 1985. Brenton Birmingham skoraði 23,3 stig að meðaltali þegar Njarðvík vann 3-1 sigur á Tindastóli fyrir níu árum. -óój



**PÁLMI FREYR SIGURGEIRSSON** Fagnar titlinum með Inga Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pálmi Freyr Sigurgeirsson:

## Jafnaði afrek Axels frá 1990

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingurinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson varð í fyrrakvöld Íslandsmeistari annað árið í röð og í þriðja sinn á fjórum árum. Pálmi varð aðeins annar leikmaðurinn sem nær að vera Íslandsmeistari tvö ár í röð hvor með sínu liði. Pálmi vann titilinn með KR 2007 og 2009.

Pálmi jafnaði þar með afrek Axels Nikulássonar sem varð Íslandsmeistari með Keflavík 1989 og svo með KR árið eftir.

Páll Fannar Helgason hjá Snæfelli var líka í æfingahóp KR í úrslitakeppninni í fyrra en tók ekki þátt í úrslitakeppninni. - óój



NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA

# INGI ÞÓR 2.0

**Það er ótrúlega margt líkt með titlinum hans á fyrsta árinu með KR 2000 og á fyrsta ári hans með Snæfell.**

**KÖRFUBOLTI** Ingi Þór Steinþórsson átti frábært fyrsta ár í Hólminum og undir hans stjórn urðu Snæfellingar tvöfaldir meistarar og náðu Íslandsbikarnum loksins í Hólminn eftir áralanga baráttu liðsins meðal þeirra bestu.

Snæfellsliðið setti með því met með því að vera fyrsta liðið sem verður meistari eftir að hafa endað neðar en fimmta sæti í deildinni. Snæfell endaði í 6. sæti og var því aldrei með heimavallarrétt í allri úrslitakeppninni. Gamla metið var sett fyrir áratug þegar KR-ingar enduðu í 5. sæti en fóru alla leið og unnu titilinn.

Svo skemmtilega vill til að Ingi Þór Steinþórsson var líka á sínu fyrsta ári með KR-liðið þegar liðið setti metið fyrir tíu árum síðan. Þegar betur er gáð er margt líkt með þessum tveimur frumraunum Inga með sín lið nema að það má segja að þetta hafi verið ný og endurbætt útgáfa því að þessu sinni vann hann báða stóru titlana í stað þess að vinna gull og silfur fyrir tíu árum síðan.

„Hefur einhver komið með svona sprengju inn í félag?" spurði fyrirliðinn Hlynur Bæringsson blaðamann eftir leikinn og það verður erfitt að finna aðra eins byrjun og hjá manninum sem KR-ingar vildu ekki fá í brúna fyrir ári.

Hvort sem þetta er tilviljun eða hrein uppskrift að árangri þá hefur Ingi Þór þrætt sömu leiðina að árangri á þessum tveimur árum. Hér fyrir neðan má sjá hversu margt þessi tvö meistaralið Inga Þórs eiga sameiginlegt. ooj@frettabladid.is

### Titill á fyrsta ári með lið
**2000** Íslandsmeistari með KR
**2010** Íslands- og bikarmeistari með Snæfelli

### Tekur við af spilandi þjálfara sem hélt áfram að spila
**2000** Tók við af Keith Vassell
**2010** Tók við af Hlyni Bæringssyni og Sigurði Þorvaldssyni

### Tók við liði sem hafði síðast verið sópað út úr lokaúrslitum
**2000** KR tapaði 0-3 á móti Njarðvík í úrslitunum 1998
**2010** Snæfell tapaði 0-3 á móti Keflavík í úrslitum 2008

### Tók við liði sem var búið að bíða lengi eftir þeim stóra
**2000** KR hafði ekki unnið Íslandsmeistaratitilinn í tíu ár
**2010** Snæfell hafði aldrei unnið Íslandsmeistaratitilinn

### Kemst í bikarúrslitaleik á móti Grindavík
**2000** Tapaði 55-59 á móti Grindavík
**2010** Vann 92-81 sigur á Grindavík

### Var ekki með heimavallarrétt í 8 liða úrslitum
**2000** Endaði í 5. sæti í deildinni
**2010** Endaði í 6. sæti í deildinni

### Vann fyrirtækjameistarana 2-0 í 8 liða úrslitum
**2000** Vann 2-0 sigur á Tindastóli
**2010** Vann 2-0 sigur á Grindavík

### Vann deildarmeistarana í oddaleik í undanúrslitum
**2000** Vann 78-55 sigur á Njarðvík í Ljónagryfjunni
**2010** Vann 93-83 sigur á KR í DHL-höllinni

### Tapaði fyrsta leiknum í lokaúrslitum
**2000** Tapaði 64-67 í Grindavík
**2010** Tapaði 78-97 í Keflavík

### Varð Íslandsmeistari
**2000** Vann titilinn í fjórða leik í DHL-höllinni
**2010** Vann titilinn í fimmta leik í Keflavík


Opið í dag frá kl. 11-16



Dorma sængurverin komin aftur!
Verð aðeins 3.900,-
• Svart
• Hvítt
• Krem
• Brúnt

Chiro 600 heilsurúm

| Stærð cm. | Tilboð kr. |
|---|---|
| 90x200 | 90.900,- |
| 100x200 | 95.900,- |
| 120x200 | 98.000,- |
| 140x200 | 119.900,- |
| 160x200 | 149.900,- |
| 180x200 | 159.900,- |



DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-16
Sunnudag frá kl. 13-17

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur
Kvartmílu klúbburinn
Bifhjólasamtök Lýðveldisins Sniglar

# BURNOUT 2010

30. apríl – 2. maí

## Stærsta mótorsportsýning Íslandssögunnar



**Kauptún, við IKEA:**
Fös. 30. apríl 18–23
Lau. 1. maí 11–23
Sun. 2. maí 11–22
- 8.000 $m^2$ innisýningarsvæði
- Yfir 250 bílar og hjól til sýnis o.m.fl.
- Verðlaunaafhending vegna góðaksturs- og rallýkeppna, lau. kl. 21.00
- Verðlaunafhending vegna sýningartækja, sun. kl. 21.00

**Aðgangseyrir**
Fullorðnir 1.500 kr.
Helgarpassi 2.000 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri
(í fylgd með fullorðnum)

**Samskipasvæðið v. Holtagarða:**
Lau. 1. maí kl. 10.30–18
- 50.000 $m^2$ útisvæði
- Flottasta rallýbraut Íslandssögunnar!
- Áskorendakeppni í brautinni – rallýbílar keppa á móti torfærubílum, mótorkrosshjólum o.fl.
- Opinn pittur – komdu og skoðaðu keppnistækin í návígi milli umferða.
- Stanslaust stuð og uppákomur allan daginn.

**Aðgangseyrir**
Fullorðnir 1.000 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri
(í fylgd með fullorðnum)

Samskip

**Hópakstur Sniglanna 1. maí**
12.00 Hópakstur kemur að Kauptúni
13.00 Mótorhjól látið falla úr krana til að líkja eftir árekstri
14.00 Íslandsmeistarakeppni í hjólafimi – vegleg verðlaun

Ýrr hjá Tattoobike sýnir airbrush.

Mótorhjólasafn Íslands
Suzuki

Mountain Dew · Domino's · Skeljungur · BJB Aukin þjónusta www.bjb.is · Sonax · Doritos · Krónan · Bílabúð Benna · Byko

# Ferguson biður Rafa um aðstoð

**Næstsíðasta umferðin í ensku úrvalsdeildinni fer fram um helgina. Man. Utd sækir Sunderland heim og Liverpool tekur á móti Chelsea. Lundúnaliðið verður meistari á morgun sigri liðið Liverpool og United tapar. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, treystir því að Liverpool fórni ekki sögu félagsins og gefi leikinn.**

**FÓTBOLTI** Leikirnir í enska boltanum á morgun eru afar áhugaverðir enda geta úrslitin í deildinni ráðist. Man. Utd þarf að klára Sunderland um helgina og treysta á aðstoð Liverpool til þess að eygja von um að verja enska meistaratitilinn.

United er stigi á eftir Chelsea og misstígi Chelsea sig ekki á Anfield á liðið titilinn vísan enda mætir það Wigan á heimavelli í lokaumferðinni. Verður að teljast ólíklegt að Chelsea vinni ekki þar og því verður United að treysta á aðstoð frá Liverpool á morgun.

